Gjald fyrir götuljós og ljós til húseigna og bryggna bæjarins ákveður bæjarstjórnin sjálf. Enn fremur er bæjarstjórninni heimilt að semja um sölu rafmagns á öðru verði en ákveðið er í 1. gr., þegar sérstaklega stendur á.

3. gr. 3

Gjaldið greiðist mánaðarlega eftir á. Þar, sem hemill er notaður, greiðist ½₂ af 15. jan.
ársgjaldinu í hvert skipti. Hemils- og mælisleiga greiðist ársfjórðungslega eftir á. Láti rafmagnsnotandi hjá líða að greiða gjöld sín eins og hér segir, skal hann sviptur afnotum raforku innan 14 daga, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri eða rafveitunefnd tekur gilda, fyrir greiðslunni. Sá, sem sviptur er afnotum raforku vegna vanskila, skal ekki hljóta þau aftur, nema hann greiði það, sem vangreitt er af rafmagnsgjöldum hans á því hemilári, þegar hann er sviptur afnotum, eða setji tryggingu, sem rafveitunefnd tekur gilda, fyrir greiðslunni. Taka má gjöldin lögtaki. Húsráðandi eða rafmagnsnotandi sá, sem hefur hemil eða mæli fyrir sig, greiðir gjaldið.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 111 21. nóvember 1931 fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, og síðari breytingar á henni.

Félagsmálaráðuneytið, 15. janúar 1943.

Jóhann Sæmundsson.

Páll Pálmason.

FYRIRMÆLI 4

20. jan.

um aðalbrautir og umferð af öðrum vegum inn á þær.

1. gr.

Eftirgreindir vegakaflar í nágrenni Reykjavíkur skulu teljast aðalbrautir:

1. **Suðurlandsbraut** frá vegamótum Laugarnesvegar að þeim meðtöldum, að Geithálsi, þó að undanskildum vegamótum Mosfellssveitarvegar, sbr. 2. lið, niðurlag.
2. **Mosfellssveitarvegur** frá vegamótum Suðurlandsbrautar innan við Elliðaár að vegamótum Þingvallavegar, að báðum vegamótum meðtöldum. Um hin fyrr töldu vegamót helzt forréttur Mosfellssveitarvegar óskertur, en forréttur Suðurlandsbrautar fellur niður.
3. **Hafnarfjarðarvegur** frá vegamótum Laufásvegar að vegamótum Norðurbrautar ofan við Hafnarfjörð að báðum vegamótum meðtöldum.

2. gr.

Bifreiðar og önnur ökutæki, sem koma frá vegum, er liggja að aðalbrautum þeim, sem taldar eru í 1. gr., og ætla inn á þær, skulu skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar, eða staðnæmast áður en sveigt er inn á aðalbraut, ef þess er þörf.

3. gr.

Sérstök merki skulu sett upp við hver vegamót inn á aðalbraut. Merki skulu vera þannig:

Spjald á um eins metra hárri járnstöng, þannig gert:

Spjaldið er réttur átthyrningur 53 cm á hæð og breidd, málað gult með svartri brún 2 cm breiðri allt í kring. Á spjaldið eru máluð með svörtum lit orðin:

STANZ
STOP

4 20. jan.

4. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessum varða sektum, eða varðhaldi eða fangelsi, ef sérstaklega miklar sakir eru.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Fyrirmæli þessi, sem sett eru samkvæmt heimild í 7. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941, öðlast gildi 1. febrúar 1943, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. janúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

5 26. jan.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Björns Jónssonar, „Móðurmálssjóðinn“ “, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. janúar 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Björns Jónssonar, „Móðurmálssjóðinn“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Björns Jónssonar „Móðurmálssjóðurinn“.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 15211.08 krónur, sem fengið er sumpart með gjöfum ýmsra á árunum 1913 og 1914 og sumpart með gjöfum og tillögum um áramótin 1942—1943.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna mann, sem hefur aðalstarf sitt við blað eða tímarit, og hefur, að dómi sjóðstjórnarinnar undanfarin ár ritað svo góðan stíl og vandað íslenzkt mál, að sérstakrar viðurkenningar sé vert. Eigi má veita sama manni þessi verðlaun oftar en einu sinni á fimm árum. Verðlaununum skal að jafnaði varið til utanfarar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum. Tveir þeirra eru sjálfkjörnir, en hinir skipaðir til 6 ára í senn, þeir fyrstu frá 14. jan. 1943 að telja til 31. des. 1948. Nú fellur einhver þessara manna frá eða forfallast af öðrum orsökum og velja þá hinir sjóðstjórnendurnir mann í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

Stjórnina skipa:

A. **Sjálfkjörnir:**

1. Aðalprófessorinn í íslenzkum bókmenntum við Háskóla Íslands. Er hann formaður stjórnarinnar.
2. Háskólakennari í íslenzku nútímamáli eða sá maður, sem hefur eftirlit með móðurmálskennslu í íslenzkum skólum, eða, ef enginn er slíkur háskólakennari eða eftirlitsmaður, þá aðalíslenzkukennarinn við Menntaskólann í Reykjavík,

B. Kjörnir: 5

3. Einn maður skipaður af menntamálaráðherra. 26. jan.
4. Maður kjörinn af Blaðamannafélagi Íslands eða hliðstæðum félagsskap.
5. Einhver niðja Björns Jónssonar ritstjóra og ráðherra, sem hinir stjórnarmennirnir kjósa.

5. gr.

Fjárgæzla sjóðsins skal falin Landsbanka Íslands eða sjóðstjórnardeild hans, ef slík deild verður sett á stofn. Skal þess jafnan gætt að fé sjóðsins beri vexti og má í því skyni verja fé hans til kaupa á veðdeildarbréfum og öðrum jafntryggum veðbréfum. Hlutabréf má aldrei kaupa fyrir eignir sjóðsins.

Hagur sjóðsins skal gerður upp fyrir lok desembermánaðar ár hvert og reikningar hans birtir á þann hátt, sem sjóðstjórnin ákveður.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól hans svo og gjafir, er honum kynni að hlotnast. Skulu tekjurnar leggjast við höfuðstólinn, sbr. þó ákvæði 7. gr.

7. gr.

Útborgun verðlauna úr sjóðnum skal fara fram á fæðingardegi Björns Jónssonar, 8. október ár hvert, í fyrsta skipti á 100 ára fæðingardegi hans 8. október 1946. Verðlaunin skulu nema ¾ vaxta er safnast hafa en ¼ jafnan lagður við sjóðsupphæðina. Sjóðstjórnin getur ákveðið að úthluta verðlaunum annaðhvort eða jafnvel þriðja hvert ár. Skal þá næsta úthlutun nema ¾ hlutum vaxta tveggja undanfarinna ára.

8. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari og skal skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 14. janúar 1943.

Guðrún Björnsdóttir. Borgh. Björnsson. Sveinn Björnsson.

Ísafoldarprentsmiðja h/f

Jón Hermannsson. Gunnar Einarsson.

AUGLÝSING 6

28. jan.

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. okt. 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

Á tímabilinu frá 29. janúar til 31. maí þ. á., að báðum dögum meðtöldum, geta íslenzk og færeysk skip, sem flytja frystan eða ísvarinn fisk til Bretlands, fengið fyrstu og síðustu afgreiðslu í Hornafirði.

Skipin mega enga farþega flytja.

Þessi undanþága gildir þar til öðruvísi verður ákveðið.

Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

7 28. jan. **Staðfesting ríkissjóra** á skipulagsskrá fyrir „Jarðyrkjusjóð séra Björns Halldórssonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. janúar 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jarðyrkjusjóð séra Björns Halldórssonar, fyrrverandi prests í Sauðlauksdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Jarðyrkjusjóður séra Björns Halldórssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til minningar um séra Björn Halldórsson, sem prestur var í Sauðlauksdal í Rauðasandshreppi frá 1753 til 1782.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.00, sem er gert ráð fyrir að verði aukið síðar með gjöfum einstakra manna og á annan hátt, eftir því sem auðið verður.

4. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til þess að koma á fót og starfrækja gróðrarstöð í Sauðlauksdal í Rauðasandshreppi og til þess að efla jarðrækt (garðrækt, grasrækt og skógrækt) í Barðastrandarsýslu.

Starfrækslu gróðrarstöðvarinnar skal haga þannig, að menn geti fengið þar tilsögn í garðrækt.

Ef barna- eða unglingaskóli verður reistur á staðnum, skal kappkosta að reka gróðrarstöðina á þann hátt, að nemendur skólans geti notið þar fræðslu.

Stjórnin leitar samvinnu við eiganda Sauðlauksdals.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tveimur deildum.

A-deild: Í henni skulu varðveittar allar tekjur, sem sjóðurinn eignast, aðrar en þær, sem um ræðir undir B-deild.

B-deild: Í henni skulu varðveittar gjafir og aðrar tekjur, sem sjóðnum áskotnast, til stofnunar gróðrarstöðvar í Sauðlauksdal.

6. gr.

Allir vextir af A-deild skulu lagðir við höfuðstólinn, unz hann er orðinn kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —.

Eftir það má veita ¾ — þrjá fjórðu hluta — vaxtanna í því skyni, sem um getur í 4. gr., en ¼ — einn fjórði hluti — vaxtanna skal leggjast við sjóðinn.

Stjórn sjóðsins má þó ákveða, að fengnu samþykki sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu, að helmingur þeirra gjafa og tekna, annarra en vaxtatekna, sem deildinni áskotnast, skuli renna til B-deildar, enda hafi sjóðurinn ekki eignazt féð með því skilyrði, að það skuli leggjast óskipt við höfuðstólinn.

Öllu fé B-deildar má verja til stofnunar og starfrækslu gróðrarstöðvarinnar, þegar stjórn sjóðsins ákveður, að fengnu samþykki sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu.

7. gr. 7

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Skulu þeir vera sóknarpresturinn 28. jan.
í Sauðlauksdalsprestakalli, sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu og einn maður kosinn af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til fjögra ára í senn.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skiptir með sér störfum.

9. gr.

Stjórnin annast fjármál sjóðsins, ávaxtar fé hans í banka, sparisjóði eða tryggum, opinberum verðbréfum. Hún leitast við að afla sjóðnum tekna, ákveður störf hans og annast framkvæmd þeirra og úthlutun fjár þess, er sjóðurinn miðlar, er hann er tekinn til starfa samkv. 4. gr.

10. gr.

Reikningur sjóðsins skal árlega fylgja reikningi Vestur-Barðastrandarsýslu og endurskoðast af sama endurskoðanda.

11. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Þannig samþykkt á sýslufundi Vestur-Barðastrandarsýslu, 15. apríl 1942.

Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu
Jóhann Skaptason.

REGLUGERÐ 8

um skemmtanaskatt í Patrekshreppi. 28. jan.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, öðrum en héraðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Patrekshreppi, og aðgangur er seldur að, og ekki eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur: a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
b. Sjónleikir.
c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
d. Fyrirlestrar og upplestrar.
e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

II. flokkur: a. Dansleikir og danssýningar.
b. Loddara- og fjölleikasýningar.
c. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

8 28. jan.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margþætt skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt ef sérstakar ástæður mæla með því, svo sem ef skemmtun er haldin í góðgerðaskyni eða til eflingar fræðslu- og menningarstarfsemi.

5. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins, og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið til þess sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð, alla þá aðgöngumiða, sem nota á við skemmtunina.

Eigi seinna en tveimur dögum eftir að samkomu er lokið skal sá, sem fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum miðum, sem notaðir hafa verið.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, sem hreppsnefnd Patrekshrepps stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til að stofna og starfrækja gamalmennahæli í hreppnum, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 kr. Sé brotinu þannig varið að skattur hafi verið dreginn undan, skal sektin ákveðin sem svarar fjórföldum þeim skatti, sem undan var dreginn, allt að 1000 kr.

Mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 28. janúar 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

9
29. jan.

um nýja lyfsöluskrá II.

Frá og með 1. febrúar gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti í dag, og fellur jafnframt úr gildi lyfsöluskrá II, útgefin 1. nóv. 1941.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 29. janúar 1943.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUR

10
30. jan.

um sölu og verðuppbætur á íslenzku smjöri.

1. gr.

Samkvæmt tilkynningu frá ríkisstjórninni, dags. 31. f. m., hefur ráðuneytið, til þess að lækka útsöluverð á smjöri, ákveðið að greiða skuli smjörframleiðendum úr ríkissjóði mismun þann, sem verður milli heildsöluverðs á samlagssmjöri, kr. 19.35 kílóið, og á fyrsta flokks heimatilbúnu smjöri, kr. 17.00 kílóið, eða lægra heildsöluverðs, sem síðar kynni að verða talið hæfilegt vegna lækkaðs verðs á nýmjólk, og núverandi heildsöluverðs, kr. 11.70, meðan þessu verði er haldið, vegna óska ráðuneytisins.

2. gr.

Skilyrði fyrir þessari greiðslu af hendi ríkissjóðs er, að smjörið sé selt af mjólkursamlögum eða öðrum samvinnufélögum bænda eða verzlunum, sem samþykkt verða til þess af atvinnumálaráðuneytinu. Heimatilbúið smjör verður því aðeins verðbætt, að framleiðandi sjálfur, eða heimilismaður hans, hafi lagt það inn hjá löggiltum smjörsala eftir 1. janúar 1943.

3. gr.

Samlagssmjör telst allt smjör, framleitt í mjólkurbúum, rjómabúum og smjörsamlögum. Fyrsta flokks heimatilbúið smjör telst annað smjör, sem er nýtt, vel verkað, hreint og óskemmt.

4. gr.

Ráðuneytið getur skipað einn eða fleiri menn, til að hafa á hendi eftirlit með gæðum smjörs og með skýrslugerð viðurkenndra smjörsala.

5. gr.

Hverjum þeim, sem ráðuneytið hefur samþykkt til þess að hafa á hendi sölu á smjöri, ber að halda bók um alla þá smjörframleiðendur, sem hann tekur við smjöri af til sölu, og skulu í henni tilgreind nöfn og heimili framleiðenda, hvenær þeir leggja smjörið inn og hversu mikið í hvert sinn. Skal hver framleiðandi hafa ákveðna tölu (númer) í bókinni. Tilgreina skal, ef um heimatilbúið smjör er að ræða, hversu margar kýr hann hefur og hversu margt heimilisfólk, og skal þetta staðfest með vottorði hreppstjóra 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Lögreglustjóri löggildir ofangreinda bók.

Með hverri sendingu af heimatilbúnu smjöri skal fylgja vottorð hreppstjóra um að smjörið sé framleitt á heimili þess, er það leggur inn.

10 30. jan. Smjörsali skal auðkenna umbúðir þess smjörs, sem hann selur, með tölu (númeri) framleiðanda í bókinni og setja nafn sitt undir.

6. gr.

Hverjum smjörsala ber að senda ráðuneytinu afrit af viðeigandi hluta af bók þeirri, sem um ræðir í 5. gr., og skrá yfir hversu mikið hann hefur selt af smjöri fyrir smjörframleiðendur, ásamt móttökukvittunum frá kaupendum, til þess að geta fengið greiddar verðuppbætur.

7. gr.

Verðuppbætur verða greiddar ársfjórðungslega af því smjöri, sem selt hefur verið undanfarinn ársfjórðung, þegar öll gögn hafa borizt ráðuneytinu um söluna á því tímabili og nauðsynleg athugun hefur farið fram á þeim.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. janúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

11 4. febr.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Eyrarbakkahreppi nr. 142 8. ágúst 1939.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar komi kl. 6 síðdegis, í stað kl. 7 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 15. febrúar 1943, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. febrúar 1943.

Jóhann Sæmundsson.

Páll Pálmason.

12 6. febr.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. jan. 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski skal vera 2 kr. af hverjum 100 kg til ársloka 1943. Frá þeim tíma gilda aftur óbreytt ákvæði reglugerðar nr. 73 13. maí 1942, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 70 30. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóvember 1913, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 12 6. febr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. febrúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

REGLUR

um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum.

13 10. febr.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með sett sérstök ákvæði um útbúnað skipa, sem eru í siglingum milli landa um yfirlýst ófriðar- eða hættusvæði.

I. KAFLI

Farþega- og vöruflutningaskip og togarar.

1. gr.

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og enn fremur skulu farþegaskip fullnægja alþjóðasamþykktinni frá 29. maí 1929.

Enn fremur skal skipið fullnægja eftirgreindum fyrirmælum vegna ófriðarhættunnar:

1. Loftskeytastöðvar eða talstöðvar skulu hafðar á tveim stöðum í skipinu. Loftskeytastöðinni skulu fylgja að minnsta kosti tveir góðir móttakarar, svo að samtímis sé hægt að hlusta á 600 og 182 metrum.
2. Varðtunnu skal komið fyrir á framsiglu, eða varðskýli á stýrishúsþaki.
3. Skip, sem sigla til Bretlands, skulu hafa flugdreka með löngum vírstreng, og útbúnaði öllum þar að lútandi, enn fremur skulu þau hafa að minnsta kosti 4 reyksprengjur.
4. Skipið skal hafa morse-ljóstæki með speglum.
5. Flóka-björgunarvesti skulu vera handa allri skipshöfninni.
6. Engu má koma fyrir á bátaþilfari, er hindrað geti greiðan aðgang að bjargbátunum.
7. Stýrishús og loftskeytaklefi skulu varin gegn skotum eins og bezt verður, með tilliti til stærðar skipsins, tölu varðmanna, stöðugleika (stabilitet) skipsins, og annarra atriða, er máli skipta.
8. Koma skal fyrir neyðarlýsingu hjá bjargbátunum og ef unnt er hjá bjargflekunum líka. Aflgjafa neyðarljósanna skal komið fyrir eins ofarlega og verða má í skipinu.

2. gr.

Sérhver bjargbátur skal, auk hins fyrirskipaða útbúnaðar, hafa:

1. Kork- eða kapokpúða, úr lituðum segldúk meðfram báðum hliðum bátsins og skulu þeir ná stafna á milli. Þeir skulu vera 15—20 cm í þvermál um miðjuna og mjókka til endanna, og skulu þeir vel festir við bátinn.
2. Skjólsegl úr léttum og lituðum segldúk. Það skal falla vel við stefni og borðstokk bátsins og ná yfir ½ til ⅔ hluta af lengd hans. Enn fremur skal fyrir

13 aftan skjólseglið, með borðstokk bátsins, vera strengdur segldúkur 30—40 cm
10. febr. á hæð og falla vel að borðstokknum.

3. 6 eldflaugar og 6 stokka af stormeldspýtum, hvort tveggja geymt í vatnsheldum kassa, eða skammbyssu með 6 merkjaskotum. Enn fremur 6 olíufatnaði, 6 peysur, sáraumbúðir og tvö vasaljós, allt í vatnsheldum kassa. Enn fremur málmbárufleyg með þorskalýsi.
4. Farþega- og vöruflutningaskip skulu hafa suðuáhald af viðurkenndri gerð.
5. Einn af bjargbátum skipsins skal vera vélbátur, búinn öllum fleytigögnum og búnaði, sem aðrir bjargbátar skipsins, og auk þess fleytigögnum, sem svara til þunga vélarinnar og annarra áhalda, sem vélbátur þarf að hafa.

   Enginn vélbátur má vera minni en 3,5 m^3.

   Í vélbátum skal vera hæfilega langur og gildur dráttarkaðall, og festartæki á bátnum til að festa hann við.

   Í hverjum vélbát skal vera eldsneytisforði í 48 klst., með fullhraða.

   Sé í vélbátnum benzínvél, skal henni fylgja varakveikja, geymd í vatnsheldu íláti, eða að svo sé um vélina búið, að sjór geti alls ekki að henni komizt, enda þótt báturinn fyllist af sjó.
6. Einn af bjargbátum skipsins skal vera með loftskeytatækjum, er dragi að minnsta kosti 100 sjómílur.
7. Á botni bjargbátanna, að utanverðu, skal vera handlisti til beggja hliða.
8. Í hverjum bjargbát skal vera útbúnaður til að þétta bátinn eftir kúlnagöt og þess háttar.
9. Ef þess er kostur, skulu bátarnir búnir fallkrókum (Sliphager).

3. gr.

Bjargflekar eða bjargbátar með hleypisúð.

Auk bjargbáta þeirra, sem skipið á að hafa, skal það einnig hafa bjargfleka eða bjargbáta með hleypisúð, nægilega stóra til að geta tekið alla á skipinu.

Bátar þessir eða bjargflekar skulu um gerð, útbúnað og fólkstölu, fullnægja alþjóða ákvæðum, en þurfa þó ekki að hafa varaárar eða varahluta.

Tala þeirra, sem flekinn tekur, skal ákveðin samkvæmt alþjóðareglum og mörkuð á hann ásamt nafni skipsins, en útbúnaður flekans skal vera þessi:

1. Sem fleytigagn skal ekki eingöngu nota loftkassa eða tunnur, heldur sé einnig haft hæfilega mikið af korki, vel fyrir komið.
2. Á sérhverjum fleka skal vera vatnskvartil fullt af góðu drykkjarvatni, 1 lítri á mann, og brauðkassi með hörðu brauði, 1 kg á mann, 3 dósir mjólkur á mann og 1 kg af haframjöli á mann. Enn fremur vatnsheldur dúnkur með sárabindum, 2 góðir vasalampar, merkjaskammbyssa (signalpistol) með 6 skotum eða 6 flugeldar, stormeldspýtur, flugeldastengur, 6 olíufatnaðir og 6 peysur eða heitar flíkur í olíupoka og fáni.
3. Á flekanum skal vera skjólsegl, vel fest við hann, er sá 40 cm á hæð, 2 árar, krókstjaki og öxi.
4. Kassarnir á flekanum skulu þannig gerðir, að þeir komi að fullum notum, hvor hlið flekans sem upp snýr. Skipaskoðunarstjóri ákveður í samráði við skipstjóra stað fyrir björgunarfleka á skipinu og hvernig þeim skuli komið fyrir á því. Flekarnir skulu vera á rennibrautum þar sem því verður við komið.
5. Við bjargflekann skal festa sjálfkveikjandi blys, er kvikni á um leið og bjargflekinn kemur í sjó.

4. gr.

Til viðbótar við þann forða, sem á að vera í bátunum, skal enn fremur vera í

bátnum og á flekanum forði af niðursoðnu kjöti í ½ eða 1 kg dósum, er nemi 1 kg á mann. 13 10. febr.

Bjargtækjum þeim, sem nefnd eru í 3. gr., þarf ekki að vera komið fyrir undir bátsuglum, en þau skulu höfð á þeim stað á skipi og þannig komið fyrir, að þau fljóti upp ef skipið sekkur.

II. KAFLI

Fiskiskip, önnur en togarar.

5. gr.

Útbúnaður fiskiskipa, annarra en togara, sem eru í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skal vera sá, er greinir í þessum kafla.

Sérhvert fiskiskip, sem er í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skal fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, en auk þess skal skipið fullnægja fyrirmælum þeim, sem hér greinir:

1. Stýrishúsið skal vera varið gegn skotum, eins og bezt má verða, þegar tillit er tekið til stærðar skipsins, fyrirkomulags á því, haffærni o. fl.
2. Varðskýli skal vera á stýrishúsþaki.
3. Í skipinu skal vera góð talstöð, og skal hún reynd í hvert sinn áður en skipið fer í utanlandsferð af umboðsmanni landssímans.
4. Á skipinu skal vera morse-ljóstæki með speglum.
5. Skipið skal hafa bjargbát eða bjargbáta samkvæmt áðurnefndri tilskipun og reglugerðum og auk þess fullnægja ákvæðum 1., 2., 3., 6., 7. og 8. liðs 2. gr. hér að framan.
6. Skipið skal hafa bjargfleka fyrir alla á skipinu og skal allur útbúnaður hans vera eins og segir í 3. gr. hér að framan. 1. málsgr. 1. gr. gildir einnig fyrir þessi skip.

III. KAFLI

Strandferðaskip og varðskip.

6. gr.

Farþega- og vöruflutningaskip í strandsiglingum og varðskip ríkisins skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, tilskipunum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim, og auk þess fullnægja eftirgreindum fyrirmælum:

1. Skipið skal hafa varðtunnu á framsiglu eða varðskýli ofan á stýrishúsi.
2. Skipið skal hafa morse-ljóstæki með speglum.
3. Utan á bátunum skulu vera korkpúðar, eins og segir í 1. lið 2. gr.
4. Á botni bátanna skulu vera handlistar.
5. Í bjargbátum skal vera útbúnaður til að þétta leka.
6. Skipið skal hafa bjargfleka með öllum útbúnaði, eins og tekið er fram í 3. gr., svo að þeir, ásamt bjargbátum skipsins, geti rúmað alla á skipinu, miðað við hina mestu farþegatölu, sem skipið má flytja. Skip, sem ekki eru farþegaskip, skulu hafa bjargfleka, sem rúmað geti alla skipverja.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

7. gr.

Hægt skal vera að stöðva aðalvélina, bæði frá vélarúmi og efsta þilfari með því að loka fyrir gufuna eða eldsneytið til mótorsins.

13 10. febr.

8. gr.

Auk hins venjulega eftirlits, sem skipstjóra er skylt að hafa með bjargtækjum skipsins, skal hann, áður en hann fer inn á svæði, þar sem ófriðarhætta er, láta eftirlíta öll bjargtæki skipsins, vatnsheldar hurðir og hlera, spjaldloka o. fl., og sjá um að allt sé í lagi. Skipaeftirlit ríkisins skal hafa stöðugt eftirlit með því, að fyrirmælum þessara reglna sé framfylgt til hins ýtrasta og má ekkert skip láta úr höfn til útlanda, nema vottorð skipaskoðunar ríkisins sé fyrir hendi um að öll björgunartæki séu í lagi.

Skipstjóra ber, eftir því sem frekast verður við komið, að æfa skipshöfnina í að nota bátana og bjargtækin. Allir gallar, sem koma í ljós við æfingarnar, skulu lagfærðir og árangurinn skráður í eftirlitsbókina.

9. gr.

Þegar venjuleg skoðun á skipi fer fram, hvort heldur er aðal- eða aukaskoðun, skulu skoðunarmenn gæta þess, að ákvæðum þessara reglna sé fullnægt.

10. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur veitt tilslakanir frá ákvæðum þessara reglna, þegar ástæða þykir til, og það, vegna framkominna upplýsinga, virðist rétt og sanngjarnt.

Skipaskoðunarstjóra er heimilt að veita frest til fullnægingar á ákvæðum þessarra reglna, þegar hann telur gildar ástæður fyrir hendi.

11. gr.

Þegar skip fer um ófriðarsvæði, eða þar sem tundurduflahætta er, skulu sérstakar ráðstafanir gerðar til öryggis skipshöfn og farþegum.

Af slíkum öryggisráðstöfunum má nefna:

1. Lokað sé öllum vatnsheldum hurðum og ljórum.
2. Bátahlífarnar skulu teknar af og bátarnir skulu, hvenær sem er, hafðir tilbúnir til að síga á sjó.
3. Allir bátar og flekar, sem eru undir bátsuglum skulu hafðir eins tiltækir og frekast er unnt.
4. Bjargbelti fyrir alla á skipinu skulu, hvenær sem er, vera tiltæk.

Með reglum þessum eru felldar úr gildi eldri reglur um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. febrúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

REIKNINGUR 14

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs Íslands árið 1942.

Tekjur:

1.	Eign í ársbyrjun (Stj.tíð. 1942, bls. 37)		kr. 516631.81
2.	Innlög á árinu		— 47578.81
3.	Vextir á árinu:		
	a. Af lánum	kr. 12328.36	
	b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 2550.90	
	c. — verðbréfum	— 13203.10	— 28082.36
4.	Endurgreitt af lánum		— 13668.34
5.	Til jafnaðar við gjaldlið 2		— 69000.00
6.	Til jafnaðar við gjaldlið 4		— 30061.38
			Kr. 705022.70

Gjöld:

1.	Útborgað af inneignum		kr. 7045.31
2.	Lán veitt á árinu		— 69000.00
3.	Kostnaðarreikningur		— 4561.05
4.	Vaxtaafgangur		— 30061.38
5.	Til jafnaðar við tekjulið 4		— 13668.34
6.	Eign í árslok:		
	a. Í lánum kirkna	kr. 264916.57	
	b. Í sparisjóði Landsbankans	— 80473.15	
	c. Ríkisskuldabréf	— 178000.00	
	d. Veðdeildarbréf	— 35800.00	
	e. Kreppulánabréf	— 430.00	
	f. Skuldabréf Reykjavíkur	— 21000.00	
	g. Hjá reikningshaldara	— 66.90	— 580686.62
			Kr. 705022.70

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 5. janúar 1943.

Sigurgeir Sigurðsson.

15

SKÝRSLA

um eign kirkna í hinum Almenna kirkjusjóði árið 1942.

Kirkjur	Eign í árslok 1941 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1942 Kr. au.
N.-Múlaprófastsdæmi:					
1. Skeggjastaðakirkja ..	3813.42	»	»	133.47	3946.89
2. Hofteigskirkja	3358.09	»	»	117.54	3475.63
3. Kirkjubæjarkirkja ...	9311.53	»	»	325.90	9637.43
4. Hjaltastaðakirkja	2386.87	»	»	83.54	2470.41
5. Eiðakirkja	974.63	300.00	»	37.61	1312.24
6. Ásskirkja í Fellum ..	7319.33	»	»	256.18	7575.51
7. Valþjófsstaðarkirkja .	3401.48	»	»	119.05	3520.53
8. Hofskirkja í V.f.	2444.30	»	»	85.55	2529.85
9. Sleðbrjótskirkja	»	115.00	»	1.28	116.28
S.-Múlaprófastsdæmi:					
10. Vallaneskirkja	7.51	»	»	0.26	7.77
11. Þingmúlakirkja	1420.91	»	»	49.73	1470.64
12. Klippstaðarkirkja	761.26	»	»	26.64	787.90
13. Vestdalseyrarkirkja .	32.66	»	»	1.14	33.80
14. Mjóafjarðarkirkja ...	2.45	»	»	»	2.45
15. Neskirkja í Norðf. ..	17.64	»	»	0.62	18.26
16. Stöðvarkirkja	16.92	»	»	0.59	17.51
17. Eydalakirkja	10586.60	»	»	370.53	10957.13
18. Hofskirkja í Álftaf. .	556.46	»	»	19.55	578.01
19. Kolfreyjustaðark. ...	»	400.00	»	12.83	412.83
A.-Skaftafellsprófastsdæmi:					
20. Stafafellskirkja	3747.11	»	»	131.15	3878.26
21. Einholtskirkja	1.24	»	»	»	1.24
22. Kálfafellsstaðarkirkja	68.59	»	»	2.40	70.99
23. Hofskirkja í Öræfum	8982.96	150.00	»	318.77	9451.73
V.-Skaftafellsprófastsdæmi:					
24. Prestsbakkakirkja ...	5836.49	»	»	204.28	6040.77
25. Reyniskirkja	603.82	»	»	21.13	624.95
26. Grafarkirkja	2532.18	»	»	88.63	2620.81
27. Kálfafellskirkja	1565.10	280.00	»	56.91	1902.01
Flyt	69751.55	1245.00	»	2465.28	73461.83

15

Kirkjur	Eign í árslok 1941 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1942 Kr. au.
Flutt	69751.55	1245.00	»	2465.28	73461.83
28. Skeiðflatarkirkja	104.60	»	»	3.66	108.26
29. Langholtskirkja	6899.43	»	»	241.48	7140.91
Rangárvallaprófastsdæmi:					
30. Stórólfshvolskirkja ..	36.64	»	»	1.28	37.92
31. Oddakirkja	66.75	»	»	2.34	69.09
32. Kálfholtskirkja	100.94	»	»	3.53	104.47
33. Krosskirkja	2554.18	»	»	89.40	2643.58
34. Ásólfsskálakirkja	21.04	»	»	0.74	21.78
35. Eyvindarhólakirkja ..	5290.48	50.00	»	185.61	5526.09
36. Breiðabólstaðark.	28.10	»	»	0.98	29.08
37. Skarðskirkja	146.37	518.10	»	6.63	671.10
38. Landakirkja í Vestm.	18.70	»	»	0.65	19.35
39. Stóradalskirkja	100.67	100.00	»	4.10	204.77
40. Keldnakirkja (Byggingarsjóður)	»	1000.00	»	»	1000.00
Árnesprófastsdæmi:					
41. Mosfellskirkja í Grn. .	1556.97	»	»	54.49	1611.46
42. Þingvallakirkja	906.57	»	»	31.73	938.30
43. Strandarkirkja	210414.66	30020.70	615.65	7495.44	247315.15
44. Haukadalskirkja	151.78	»	»	5.31	157.09
45. Gaulverjabæjark.	176.75	»	»	6.19	182.94
46. Hraungerðiskirkja ...	26.27	»	»	0.92	27.19
47. Stokkseyrarkirkja ...	3009.66	»	»	105.34	3115.00
48. Ólafsvallakirkja	588.26	200.00	»	21.17	809.43
49. Miðdalskirkja	93.62	30.00	»	3.37	126.99
50. Eyrarbakkakirkja ...	950.80	»	»	33.28	984.08
51. Kotstrandarkirkja ...	41.75	»	»	1.46	43.21
Kjalarnessprófastsdæmi:					
52. Grindavíkurkirkja ...	1474.80	500.00	»	53.08	2027.88
53. Brautarholtskirkja ..	234.81	»	»	8.22	243.03
54. Reynivallakirkja	2866.90	»	»	100.34	2967.24
55. Lágafellskirkja	28.27	»	»	0.99	29.26
56. Njarðvíkurkirkja	54.63	»	»	1.91	56.54
57. Útskálakirkja	8.18	»	»	0.29	8.47
58. Hvalsneskirkja	»	1000.00	»	32.08	1032.08
Reykjavíkurprófastsdæmi:					
59. Hallgrímskirkja (samskotafé)	2241.43	2625.00	4866.43	»	»
Flyt	309945.56	37288.80	5482.08	10961.29	352773.57

15

Kirkjur	Eign í árslok 1941 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1942 Kr. au.
Flutt	309945.56	37288.80	5482.08	10961.29	352773.57
Borgarfj.prófastsdæmi:					
60. Saurbæjarkirkja	1795.94	»	»	59.71	1765.65
61. Hallgrímskirkja	32277.91	5247.04	»	1158.31	38683.26
62. Reykholtskirkja	4001.82	»	286.23	135.05	3850.64
63. Lundarkirkja	11.40	»	»	0.40	11.80
64. Bæjarkirkja	41.19	»	»	1.44	42.63
65. Gilsbakkakirkja	»	600.00	»	12.25	612.25
Mýraprófastsdæmi:					
66. Stafholtskirkja	11742.03	»	»	410.97	12135.00
67. Síðumúlakirkja	67.13	»	»	2.35	69.48
68. Hvammskirkja í Nd.	2296.93	220.00	»	84.47	2581.40
69. Borgarkirkja	3273.25	»	»	114.56	3387.81
70. Álftártungukirkja ...	304.00	»	»	10.64	314.64
71. Kirkjusj. Borgarness .	5200.00	»	»	182.00	5382.00
Snæfellsnessprófastsdæmi:					
72. Breiðabólstaðark. ...	1881.86	»	»	65.87	1947.73
73. Narfeyrarkirkja.	787.56	»	»	27.56	815.12
74. Ytra-Rauðamelsk. ...	894.41	»	»	31.30	925.71
75. Kolbeinsstaðakirkja.	4.84	»	»	»	4.84
76. Kirkjusj. Kvíabryggju	6366.94	»	»	222.84	6589.78
Dalaprófastsdæmi:					
77. Stóra-Vatnshornsk. ..	22.78	»	»	0.80	23.58
78. Snóksdalskirkja	4370.92	»	»	152.98	4523.90
79. Hvammskirkja	40.72	»	»	1.43	42.15
80. Staðarhólskirkja	204.00	»	»	7.14	211.14
Barðastrandarpróf.dæmi:					
81. Selárdalskirkja	69.82	»	»	2.44	72.26
82. Sauðlauksdalskirkja .	4347.55	»	»	152.16	4499.71
83. Staðark. á R.nesi ...	1215.63	40.79	»	43.50	1299.92
84. Flateyjarkirkja	1319.65	287.00	1277.00	37.27	366.92
85. Gufudalskirkja	1046.65	95.18	»	37.98	1179.81
86. Brjámslækjark.	18.05	»	»	0.63	18.68
87. Reykhólakirkja	1281.48	»	»	44.85	1326.33
88. Stóra-Laugardalsk. ..	204.00	»	»	7.14	211.14
V.-Ísafjarðarprófastsdæmi:					
89. Holtskirkja	723.93	»	»	25.34	749.27
90. Mýrakirkja	2215.32	1000.00	»	77.54	3292.86
Flyt	397883.27	44778.81	7045.31	14072.21	449688.98

Kirkjur	Eign í árslok 1941 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1942 Kr. au.
Flutt	397883.27	44778.81	7045.31	14072.21	449688.98
91. Sæbólskirkja	2.35	»	»	»	2.35
92. Staðark. í Súg.f. ...	101.19	»	»	3.54	104.73
93. Hraunskirkja	2183.24	»	»	76.41	2259.65
94. Núpskirkja	»	1500.00	»	8.75	1508.75
N.-Ísafjarðarprófastsdæmi:					
95. Ísafjarðarkirkja	8647.61	»	»	302.67	8950.28
Strandaprófastsdæmi:					
96. Staðark. í Stgrf.	6099.03	300.00	»	213.47	6612.50
97. Prestsbakkak.	3487.25	»	»	122.05	3609.30
98. Staðark. í Hrf.	1686.68	»	»	59.03	1745.71
99. Árnesskirkja	4938.60	»	»	172 85	5111.45
100. Óspakseyrark.	13.56	»	»	0.47	14.03
Húnavatnsprófastsdæmi:					
101. Staðarbakkakirkja ..	67.85	»	»	2.37	70.22
102. Melstaðarkirkja	5228.69	»	»	183.00	5411.69
103. Hofskirkja á Skg. ..	1674.13	»	»	58.59	1732.72
104. Bergsstaðakirkja	3.50	250.00	»	»	253.50
105. Höskuldsstaðak. ...	2287.27	50.00	»	81.65	2418.92
106. Efranúpskirkja	27.25	»	»	0.95	28.20
107. Blönduósskirkja	235.36	200.00	»	11.74	447.10
108. Spákonufellskirkja .	18.77	»	»	0.66	19.43
109. Tjarnarkirkja á Vn.	3.94	»	»	»	3.94
110. Auðkúlukirkja	1302.88	375.00	»	53.98	1731.86
Skagafjarðarprófastsdæmi:					
111. Sauðárkrókskirkja .	1759.22	»	»	61.57	1820.79
112. Rípurkirkja	11.63	»	»	0.41	12.04
113. Glaumbæjarkirkja ..	15.07	»	»	0.53	15.60
114. Mælifellskirkja	16.59	»	»	0.58	17.17
115. Barðskirkja	4604.88	»	»	161.17	4766.05
116. Hólakirkja	108.52	»	»	3.80	112.32
117. Goðdalakirkja	1456.42	125.00	»	52.79	1634.21
118. Miklabæjarkirkja ..	1752.63	»	»	61.34	1813.97
119. Flugumýrarkirkja ..	27.90	»	»	0.98	28.88
120. Ketukirkja	1067.63	»	»	37.37	1105.00
121. Viðvíkurkirkja	985.41	»	»	34.49	1019.90
122. Hvammskirkja í L.d.	551.51	»	»	19.30	570.81
123. Knappsstaðakirkja ..	476.70	»	»	16.68	493.38
124. Fellskirkja í Sl.	10.82	»	»	0.38	11.20
Flyt	448737.35	47578.81	7045.31	15875.78	505146.63

Kirkjur	Eign í árslok 1941 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1942 Kr. au.
Flutt	448737.35	47578.81	7045.31	15875.78	505146.63
Eyjafjarðarprófastsdæmi:					
125. Grímseyjarkirkja ...	31.64	»	»	1.11	32.75
126. Glæsibæjarkirkja ..	208.70	»	»	7.30	216.00
127. Kaupangskirkja	10.04	»	»	0.35	10.39
128. Saurbæjarkirkja	7278.41	»	»	254.74	7533.15
129. Munkaþverárkirkja .	14390.62	»	»	503.67	14894.29
130. Lögmannshlíðark. .	178.44	»	»	6.25	184.69
131. Bægisárkirkja	176.37	»	»	6.17	182.54
132 Vallakirkja	46.11	»	»	1.61	47.72
133. Tjarnarkirkja	14.71	»	»	0.51	15.22
134. Stærri-Árskógsk. ...	0.63	»	»	»	0.63
S.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
135. Laufáskirkja	957.47	»	»	33.51	990.98
136. Hálskirkja	1098.38	»	»	38.44	1136.82
137. Þóroddsstaðakirkja .	282.81	»	»	9.90	292.71
138. Skútustaðakirkja ...	73.53	»	»	2.57	76.10
139. Brettingsstaðak.	1046.96	»	»	36.64	1083.60
140. Illugastaðakirkja ...	15.46	»	»	0.54	16.00
141. Grenjaðarstaðark. ..	4966.71	»	»	173.83	5140.54
142. Grenivíkurkirkja ...	1935.07	»	»	67.73	2002.80
143. Þönglabakkakirkja .	2740.73	»	»	95.92	2836.65
144. Neskirkja í Aðaldal .	220.57	»	»	7.72	228.29
N.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
145. Skinnastaðakirkja ..	1162.16	»	»	40.68	1202.84
146. Presthólakirkja	106.66	»	»	3.73	110.39
147. Ásmundarstaðak. ...	1.19	»	»	»	1.19
148. Svalbarðskirkja	6855.46	»	»	239.94	7095.40
149. Víðirhólskirkja	1.38	»	»	»	1.38
150. Sauðaneskirkja	140.62	»	»	4.92	145.54
Samtals	492678.18	47578.81	7045.31	17413.56	550625.24

Athugasemd.

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 30061.38, bætt við ofangreinda upphæð, kr. 550625.24, verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningnum, kr. 580686.62.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 22. janúar 1943.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR 16

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1942.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	2000.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	709.20	kr. 3709.20
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	100.00	
b. — ríkisskuldabréfum	—	55.00	
c. — innstæðu í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	20.85	— 175.85
			Kr. 3885.05

Gjöld:

Eign í árslok 1942:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	2000.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	885.05	kr. 3885.05
			Kr. 3885.05

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 7. janúar 1943.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR 17

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1942.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	3900.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	1181.37	kr. 6081.37
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	195.00	
b. — ríkisskuldabréfum	—	55.00	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	31.32	— 281.32
			Kr. 6362.69

Gjöld:

Eign í árslok 1942:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	3900.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	1462.69	kr. 6362.69
			Kr. 6362.69

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 6. janúar 1943.

Sigurgeir Sigurðsson.

18

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1942.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	5300.00	
b. Í Söfnunarsjóði	—	13728.23	
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	2634.44	kr. 21662.67
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	256.00	
b. Í Söfnunarsjóði	—	686.41	
c. Í sparisjóði	—	69.51	— 1011.92
			Kr. 22674.59

Gjöld:

1. Eign í árslok 1942:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	5300.00	
b. Í Söfnunarsjóði	—	14414.64	
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	2959.95	kr. 22674.59
			Kr. 22674.59

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 3. janúar 1943.

Sigurgeir Sigurðsson.

19

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1942.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1800.00	
b. Í sparisjóði	—	896.80	kr. 2696.80
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	85.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	26.25	— 111.25
			Kr. 2808.05

Gjöld:

1. Úthlutað á synodus			kr. 90.00
2. Eign í árslok 1942:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1800.00	
b. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	918.05	— 2718.05
			Kr. 2808.05

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 4. janúar 1943.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR 20

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1942.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun			kr. 111262.02
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 1944.75		
b. — ríkisskuldabréfum	— 560.00		
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	— 2070.46		
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 572.22		
		—	5147.43
3. Gjafir til sjóðsins		—	615.00
4. Gjöf Ólaf Krabbe d.kr. 300.00		—	377.34
5. Frá ríkissjóði samkv. 14. gr. fjárl.		—	12773.36
6. Frá Árgjaldasjóði		—	90.00
		Kr.	130265.15

Gjöld:

1. Styrkveiting til 52 styrkþega		kr.	14250.00
2. Keypt sparisjóðsbók		—	1.00
3. Eign í árslok 1942:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 39200.00		
b. Ríkisskuldabréf	— 7000.00		
c. Í Söfnunarsjóði	— 42979.68		
d. Í Landsbanka Íslands	— 26414.47		
e. Í vörzlum reikningshaldara	— 420.00		
		—	116014.15
		Kr.	130265.15

Landsbanki Íslands, bók 635 kr. 25825.09
— — — 3171 — 589.38

Kr. 26414.47

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 4. janúar 1943.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR 21

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1942.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 22000.00		
b. Ríkisskuldabréf	— 3000.00		
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	— 8581.88		
		kr.	33581.88
	Flyt	kr.	33581.88

21

		Flutt	kr. 33581.88
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 1078.00		
b. — ríkisskuldabréfum	— 165.00		
c. — innstæðu í sparisjóði Landsbanka Íslands	— 215.23		
		—	1458.23
			Kr. 35040.11

Gjöld:

Eign í árslok 1942:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 22000.00		
b. Ríkisskuldabréf	— 3000.00		
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	— 10040.11		
		kr.	35040.11
			Kr. 35040.11

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 2. janúar 1943.
Sigurgeir Sigurðsson.

22

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1942.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 2200.00		
b. Í Söfnunarsjóði	— 5183.18		
c. Í sparisjóði	— 836.28		
d. Ríkisskuldabréf	— 1000.00		
e. Eignin Ytra-Vallholt	— 7100.00		
		kr.	16319.46
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 107.00		
b. — Söfnunarsjóði	— 259.15		
c. — sparisjóði	— 22.63		
d. — ríkisskuldabréfum	— 55.00		
		—	443.78
3. Eftirgjald Ytra-Vallholts		—	275.00
			Kr. 17038.24

Gjöld:

1. Úthlutað ekkjum		kr.	275.00
2. Greitt vegna girðingar í Ytra-Vallholti		—	35.50
3. Eign í árslok 1942:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 2200.00		
b. Í Söfnunarsjóði	— 5442.33		
c. Í sparisjóði	— 985.41		
d. Ríkisskuldabréf	— 1000.00		
e. Eignin Ytra-Vallholt	— 7100.00		
		—	16727.74
			Kr. 17038.24

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 2. janúar 1943.
Sigurgeir Sigurðsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1943.

Fjárlög fyrir árið 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra 16. febrúar 1943, nr. 14.

Lög um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra 26. febrúar 1943, nr. 15.

Lög um orlof, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 16.

Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, og um afnám laga nr. 34 27. júní 1941, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 17.

Lög um breyting á lögum nr. 27 23. júní 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 18.

Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðinni Höfn í Siglufirði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 19.

Lög um búfjártryggingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag. nr. 20.

Lög um heimild til að selja Stagley, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 21.

Lög um breyting á lögum nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð á Hornafirði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 22.

Hafnarlög fyrir Keflavík, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 23.

Lög um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 24.

REGLUGERÐ

23
17. febr.

um hámarksökuhraða bifreiða.

1. gr.

Ökuhraði bifreiða og bifhjóla utan kaupstaða og kauptúna má aldrei vera yfir 45 km á klukkustund.

Reglugerð þessi er hér með sett samkv. 26. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi þegar í stað.

Dómsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

24
18. febr.

um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

1. gr.

Heildsölum og smásölum er bannað að láta úti benzín með öðrum hætti en ákveðið er í reglugerð þessari.

Allir þeir, sem eiga eða hafa undir höndum benzínbirgðir fram yfir það, sem er á geymum farartækja, eru skyldir að viðlögðum drengskap, að tilkynna lögreglustjóra strax eftir að reglugerð þessi gengur í gildi, hversu miklar slíkar benzínbirgðir þeirra eru þá.

1. dag marzmánaðar 1943. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

24 18. febr.

2. gr.

Bannað er að afhenda benzín til annarrar notkunar en bifreiðaaksturs nema eftir reglum, sem ráðuneytið setur.

3. gr.

Eftir að reglugerð þessi er gengin í gildi er eigendum og umráðamönnum benzínbirgða óheimilt að selja, láta úti eða taka til eigin nota nokkurt benzín til bifreiðaaksturs eða annarrar notkunar fram yfir þann skammt, sem ákveðinn verður með auglýsingu fyrir byrjun hvers skömmtunartímabils, og aðeins gegn afhendingu skömmtunarmiða.

Ráðuneytið ákveður með auglýsingu hversu langt hvert skömmtunartímabil skuli vera, svo og hve mikill benzínskammtur skuli vera á hverju tímabili.

Skammtur verður mismunandi hár fyrir strætisvagna, almenningsbifreiðar og aðrar leigubifreiðar til mannflutninga, hálfkassabifreiðar, mjólkurflutningabifreiðar, einkabifreiðar og vörubifreiðar.

Leigubifreiðar til mannflutninga teljast hér þær bifreiðar einar, sem hinn 1. jan. 1943 voru skrásettar og tryggðar sem leigubifreiðar, eða sem síðar fá viðurkenningu ráðuneytisins sem leigubifreiðar.

4. gr.

Aldrei má afhenda í einu meira benzín en það, sem nægir til að fylla benzíngeymi bifreiðar eða bifhjóls þess, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeyma þeirra á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar farartækisins, nema þess þurfi vegna bilunar á því eða það sé tekið úr notkun.

5. gr.

Bifreiðar ríkisstjórans, ríkisstjórnarinnar, svo og bifreiðar útsendra fulltrúa erlendra ríkja, eru undanþegnar benzínskömmtun þeirri, sem um ræðir í reglugerð þessari.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur ráðuneytið aukið benzínskammt til bifreiða og annarra véla, sem eru eign ríkisstofnana eða bæjar- og sveitarfélaga eða teknar á leigu af þeim og eingöngu notaðar í þágu þeirra.

6. gr.

Allur akstur stöðvarbifreiða til mannflutninga er bannaður að næturlagi milli kl. 23 og kl. 7, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

7. gr.

Engin fólksflutningabifreiðastöð getur fengið skömmtunarhefti fyrir fleiri bifreiðar en hún hefur fastráðna bifreiðarstjóra á.

8. gr.

Ráðuneytið getur með auglýsingu bannað sölu á benzíni tiltekna daga eða tiltekinn hluta úr sólarhring.

9. gr.

Lögreglustjórar skulu annast úthlutun á benzínskömmtunarheftum og greiðist ein króna fyrir hvert hefti. Þegar afhending heftis fer fram, skal skrá í það:

1. Fullt nafn og heimili eiganda farartækis.
2. Skrásetningartölu og einkennisbókstaf farartækis.
3. Tegund bifreiðar, þ. e. hvort um strætisvagn, almenningsbifreið, hálfkassabifreið, mjólkurflutningabifreið, leigubifreið til mannflutninga, einkabifreið eða vörubifreið sé að ræða.
4. Úthlutunartímabil það, sem heftið gildir fyrir.

5. Vegalengd þá, sem farartækið hefur farið, samkvæmt kílómetra- eða mílumæli þess, og skal síðan skrá farna vegalengd í byrjun hvers nýs úthlutunartímabils. 24 18. febr.
6. Benzínmagn það, sem úthlutað er farartækinu á hverju úthlutunartímabili.
7. Raunverulega benzíneyðslu hvers úthlutunartímabils.
8. Nafn þess, er afhendir heftið.

Inn í heftið skal festa arkir með skömmtunarmiðum. Þessir miðar hljóða um 5, 10 og 25 lítra af benzíni, og skulu þeir vera mismunandi stórir eftir gildi sínu. Enn fremur skal á hvern miða skráð, fyrir hvaða tímabil hann gildir, t. d. 1. '43 fyrir 1. tímabil þess árs o. s. frv.

Miðarnir skulu vera þannig að hægt sé að losa hvern einstakan frá hinum. Skal frá örkunum þannig gengið, að tiltekinn fjölda þeirra megi festa inn í hvert hefti, eftir því, sem við á og úthlutað er fyrir hvert tiltekið tímabil samkvæmt auglýsingu þeirri, sem um getur í 3. gr.

Ef eigandi eða umráðamaður farartækis hefur, er skömmtun hefst, átt benzín, sem skylt er að gefa upp samkvæmt 2. mgr. 1. gr., skal við fyrstu og, ef með þarf, síðari úthlutanir, nema úr hefti farartækis hans miða, sem svara til magns birgðanna.

Eigi mega lögreglustjórar afhenda heftin til annarra farartækja en þeirra, sem skrásett eru innan lögsagnarumdæmis þeirra. Þó má gera undantekningu frá þessu um farartæki, sem eru stödd innan annars lögsagnarumdæmis og eigendur þeirra eða umráðamenn færa sönnur á það fyrir lögreglustjóra, að þau geti ekki komizt til þess lögsagnarumdæmis, þar sem þau eru skrásett, áður en nýtt skömmtunartímabil hefst, en tilkynna skal það símleiðis lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi þar sem bifreiðin er skrásett.

Eigi einstaklingur eða fjölskylda, sem á sameiginlegt heimili, fleiri einkabifreiðar en eina, má eigi láta úti benzín-skömmtunarhefti nema fyrir eina bifreið slíks einstaklings eða fjölskyldu.

Enginn getur fengið nýja benzínmiða, nema hann sýni skömmtunarhefti. Nú glatast skömmtunarhefti, og ákveður þá ráðuneytið, hvort gefa skuli út nýtt hefti.

Þegar nýir miðar eru afhentir, skal lögreglustjóri athuga, hvort benzínnotkunin og vegalengd sú, sem farin hefur verið á tímabilinu næsta á undan, sé í réttu hlutfalli hvað við annað. Nú kemur í ljós við þessa athugun, að akstur farartækis er verulega annar en ætla má samkvæmt benzínnotkuninni, og skal þá eigi afhenda nýja skömmtunarseðla til hlutaðeigandi umsækjanda, heldur skal sá, sem brotlegur er, sæta viðurlögum samkvæmt 13. gr.

Nú er kílómetra- eða mílumælir farartækis ekki í lagi þegar reglugerð þessi gengur í gildi.og skal þá eigandi þess eða umráðamaður hafa látið gera við hann áður en 2. úthlutunartímabil hefst. Eftir þann tíma verður benzín ekki afhent til annarra farartækja en þeirra, sem hafa mælitæki sín í lagi, nema með sérstöku leyfi ráðuneytisins.

10. gr.

Þegar smásali lætur af hendi benzín, skal hann samtímis taka úr heftinu miða fyrir því magni, sem hann selur í hvert skipti, og má eigi afhenda benzín gegn lausum miðum.

Smásali getur eigi fengið afhent benzín af heildsölubirgðum, nema hann afhendi samtímis heildsalanum miða fyrir samsvarandi magni. Þó getur skömmtunarskrifstofa ríkisins gefið undanþágu frá þessu ef sérstaklega stendur á.

Heildsöluverzlanir skulu í byrjun hvers mánaðar afhenda skömmtunarskrifstofu ríkisins miða þá, sem þær hafa fengið frá smásölum næsta mánuð á undan, ásamt skýrslum um innkaup sín þann tíma, svo og birgðir í lok hvers mánaðar.

24 18. febr.

11. gr.

Nú rís ágreiningur út af skömmtun til farartækis, og sker þá lögreglustjóri úr honum. En áfrýja má þeim úrskurði til ráðuneytisins, sem leggur endanlegan úrskurð á ágreininginn.

12. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, rannsakað benzínbirgðir heildsala og smásala. Skulu starfsmenn skrifstofunnar sjálfrar framkvæma slíkar birgðatalningar og talningu skömmtunarmiða þar sem því verður við komið.

Sá, sem talningu á benzínbirgðum framkvæmir, skal hafa meðferðis frá skömmtunarskrifstofunni skilríki, er sýni að hann hafi heimild til að framkvæma birgðakönnunina.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 100 kr. og allt að 10000 kr. Gildir þetta jafnt um þá, sem kaupa eða selja benzín, og aðra, sem brjóta gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Enn fremur má banna notkun bifreiðar um tiltekinn tíma, ef umráðamaður hennar verður brotlegur við reglugerðina. Fara skal með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Þá er og heimilt að leggja við allt að 100 króna dagsektir, ef benzínsalar skila ekki á tilteknum tíma skýrslum þeim um benzínbirgðir, sem nauðsynlegar eru til framkvæmda þeim ráðstöfunum, sem um ræðir í reglugerð þessari. Ráðuneytið ákveður dagsektir þessar í ábyrgðarbréfi eða símskeyti til aðila og skal þar tekið fram frá hvaða tíma þær falla á.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu. Öðlast hún gildi frá og með 20. febrúar 1943 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um sölu og afhendingu benzíns frá 19. marz 1940.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. febrúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

25 18. febr.

AUGLÝSING

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. í dag, skal benzínskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 20. febrúar til 1. júní 1943:

A. Fólksbifreiðar:

1.	Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	4600 lítra
2.	Almenningsbifreiðar, hálfkassabifreiðar og mjólkurflutningabifreiðar	2300 —
3.	Leigubifreiðar, 4—6 manna	1400 —

4. Einkabifreiðar:		25
a. Læknabifreiðar	400 lítra	18. febr.
b. Almenn stærð, 5—6 manna	200 —	
c. Smábifreiðar, 3—4 manna	150 —	
d. Bifhjól	30 —	
B. Vörubifreiðar:		
1. Vörubifreiðar, 2 tonn og stærri	1650 —	
2. Vörubifreiðar, 1½ tonn	1200 —	
3. Vörubifreiðar, smábifreiðar	200 —	

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda fiskibátum benzínskömmtunarhefti eftir nánari fyrirmælum sem ráðneytið setur.

3. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannflutninga að næturlagi eftir samkomulagi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. febrúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

26
22. febr.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði, nr. 19 5. marz 1935.

Gjöld samkvæmt 9. gr. hafnarreglugerðarinnar skulu frá í dag innheimtast með 100% viðauka.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 28. janúar 1935, um hafnargerð á Hornafirði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

27
25. febr.

um breyting á reglugerð nr. 219 21. des. 1939, um breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

Í stað orðanna „af brunabótamati þeirra“ í 6. málsgr. kaflans um fyrningu í 1. gr. reglugerðarinnar komi: af fasteignamati þeirra.

Upptalningin á fyrningarhundraðshlutanum í kaflanum um byggingar breytist svo: Fyrningin á steinhúsum verði 2% og á timburhúsum 4%.

27 25. febr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt a-lið 10. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 25. febrúar 1943.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

28 25. febr.

REGLUGERÐ

um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Fyrst um sinn, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, skal hafa sérstakan sumartímareikning á Íslandi yfir bjartari mánuði ársins þannig, að klukkan verði á þeim tíma færð fram um eina klukkustund frá íslenzkum meðaltíma. Kemur þetta þannig til framkvæmda, að klukkan 1 aðfaranótt fyrsta sunnudags í marzmánuði ár hvert færist klukkan fram og verður 2, og klukkan 2 aðfaranótt fyrsta sunnudags í vetri færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður eitt.

Dómsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

29 26. febr.

REGLUR

um innheimtu útsvara í Reykjavík árið 1943.

1. gr.

Sérhver útsvarsgreiðandi í Reykjavík, sem gjaldskyldur er við aðalniðurjöfnun árið 1943, skal greiða upp í útsvar þessa árs 45% af útsvarsupphæð þeirri, er honum bar að greiða árið 1942, með gjalddögum 1. marz, 1. apríl og 1. maí 1943, 15% af útsvarinu 1942 hverju sinni.

2. gr.

Allar greiðslur samkvæmt þessum reglum skulu standa á heilum eða hálfum tug króna og þannig jafnað á gjalddagana, að greiðslurnar þrjár verði sem næst 45% af útsvarinu 1942.

3. gr.

Nú eru greiðslur samkv. reglum þessum ekki inntar af höndum 15 dögum eftir gjalddaga og skal gjaldþegn þá greiða dráttarvexti af því sem ógreitt er, 1% á mánuði eða hluta úr mánuði, er líður frá gjalddaga unz greitt er.

Þó verður sá gjaldþegn ekki krafinn um dráttarvexti, sem greiðir að fullu 45% af útsvarinu 1942 fyrir 20. apríl 1943.

4. gr.

Nú er sýnt, að tekjur gjaldanda árið 1942 samkv. skattaframtali hafi verið minni en árið 1941, svo að muni 30% eða meira, og skal þá lækka greiðslur hans samkvæmt reglum þessum hlutfallslega, ef hann krefst þess.

5. gr. 29

Kaupgreiðendum ber skylda til að halda eftir af kaupi starfsmanna til útsvars- 26. febr.
greiðslu samkvæmt þessum reglum, á sama hátt og með sömu viðurlögum og gilda um almenna útsvarsinnheimtu, með þeim breytingum, sem leiða af ákvæðum 2. gr.

Kaupgreiðendum er skylt að halda eftir útsvarsgreiðslum greiðsluskyldra starfsmanna, sem þeir hafa greitt fyrir útsvör ársins 1942, án þess að tilkynna þurfi þeim sérstaklega, á annan hátt en með birtingu þessara reglna.

6. gr.

Nú verður ljóst, eftir aðalniðurjöfnun 1943, að greiðslur gjaldþegns á 45% af útsvari 1942 samkvæmt reglum þessum, nema hærri fjárhæð en álagt útsvar 1943, og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt hefur verið með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta út mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlu bæjarsjóðs, eftir rétta gjalddaga, að meðtöldum 15 daga frestinum samkv. 3. gr.

7. gr.

Að lokinni aðalniðurjöfnun árið 1943 skal dregið frá útsvarsupphæð hvers gjaldþegns það, sem honum ber að greiða samkvæmt reglum þessum, og jafna því, sem umfram verður, á lögákveðna gjalddaga, að viðlögðum gildandi sektarákvæðum um dráttarvexti.

Það sem vangreitt kann að vera samkvæmt reglunum, má innheimta þegar í stað, hjá kaupgreiðanda, eða á hvern annan löglegan hátt, og ber að greiða af því dráttarvexti frá gjalddögum samkvæmt reglum þessum.

8. gr.

Lögtak má gera fyrir vangoldnum útsvarsgreiðslum samkvæmt reglum þessum, eftir þeim ákvæðum, sem gilda um lögtök fyrir vangoldnum opinberum gjöldum.

9. gr.

Bæjarstjórn auglýsir reglur þessar í dagblöðum bæjarins, auk þess sem þær verða birtar í Lögbirtingablaðinu, en aðrar tilkynningar eða auglýsingar þarf ekki að birta gjaldendum eða kaupgreiðendum.

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt lögum 26. febr. 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1943, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1943.

Jóhann Sæmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING 30

1. marz

um breyting á gjaldskrá héraðslækna.

Frá og með 1. marz þ. á. og þangað til öðruvísi verður ákveðið, hækka allir liðir gjaldskrár héraðslækna (sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2 11. jan. 1933) um 100%.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 1. marz 1943.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

31

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna árið 1942.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
Innstæða í Söfnunarsjóði		kr. 38487.57
2. Vextir á árinu:		
Í Söfnunarsjóði		— 1924.37
		Kr. 40411.94

Gjöld:

Eign í árslok 1942:		
Innstæða í Söfnunarsjóði		kr. 40411.94
		Kr. 40411.94

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 3. janúar 1943.

Sigurgeir Sigurðsson.

32

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar árið 1942.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári:			
4 jarðræktarbréf á kr. 1000.00 (nafnverð)	kr.	4000.00	
4 veðdeildarbréf á kr. 500.00 (nafnverð)	—	2000.00	
2 veðdeildarbréf á kr. 1000.00 (nafnverð)	—	2000.00	
Peningar í innlánsbók nr. 4415 við Útvegsb. Ísl.	—	540.41	kr. 8540.41
2. Vextir:			
Af jarðræktarbréfum	kr.	220.00	
Af veðdeildarbréfum	—	200.00	
Af innlögum í Útvegsbanka Íslands	—	10.98	— 430.98
			Kr. 8971.39

Gjöld:

1. Geymsluhólfsleiga nr. 54 í Landsbanka Íslands			kr. 15.00
2. Eftirstöðvar til næsta árs:			
4 jarðræktarbréf á kr. 1000.00 (nafnverð)	kr.	4000.00	
4 veðdeildarbréf á kr. 500.00 (nafnverð)	—	2000.00	
2 veðdeildarbréf á kr. 1000.00 (nafnverð)	—	2000.00	
Peningar í innlánsbók nr. 4415 í Útvegsb. Ísl.	—	956.39	— 8956.39
			Kr. 8971.39

Reykjavík, 13. janúar 1943.

Sigurgeir Sigurðsson. **Sigurjón Jónsson.** **Helgi Ingvarsson.**

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1943.

Lög um breyting á lögum nr. 16 6. apríl 1939, um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, undirskrifuð af ríkisstjóra 18. febrúar 1943, nr. 25.

Lög um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 26.

Lög um bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 27.

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 28.

Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 29.

Lög um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir, undirskrifuð af ríkisstjóra 2. apríl 1943, nr. 30.

Lög um verzlun með kartöflur o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 31.

Lög um breyting á lögum nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 32.

Lög um breyting á lögum nr. 110 9. okt. 1941, um fiskveiðasjóð Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 33.

Lög um fiskveiðasjóð Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 34.

Lög um breyting á lögum nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 35.

Lög um breyting á lögum nr. 87 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 36.

Lög um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933, undirskrifuð af ríkisstjóra 7. apríl 1943, nr. 37.

Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 38.

Lög um húsaleigu, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 39.

Ríkisstjórabréf um þinglausnir, undirskrifað af ríkisstjóra 13. apríl 1943, nr. 40.

Ríkisstjórabréf, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar fimmtudaginn 15. apríl 1943, undirskrifað af ríkisstjóra sama dag, nr. 41.

Lög um dýrtíðarráðstafanir, undirskrifuð af ríkisstjóra 14. apríl 1943, nr. 42.

Lög um greiðslu íslenzkra afurða, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 43.

Lög um lendingarbætur á Vattarnesi við Reyðarfjörð, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 44.

Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Húsavík, nr. 38 19. júní 1933, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 45.

Lög um frestun á framkvæmd laga nr. 60 7. maí 1940, um síldartunnur, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 46.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samflot íslenzkra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 47.

Lög um breyting á lögum nr. 51 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 48.

15. dag aprílmánaðar 1943. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lög um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um ríthöfundarétt og prentrétt, undirskrifuð af ríkissjóra sama dag, nr. 49.

Lög um Kennaraskóla Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 50.

Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 51.

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 52.

Lög um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 53.

Lög um breyting á lögum nr. 76 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 66 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 54.

Lög um viðauka við lög nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 55.

Lög um breyting á lögum nr. 105 1940, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 56.

33 9. marz **Auglýsing frá ríkisstjórninni,** birt í 13. tbl. Lögbirtingablaðsins 1943, **um breytingar á fyrirmælum brezka sjóliðsins um bannsvæði á Seyðisfirði og Eyjafirði.**

Brezka sjóliðið hefur ákveðið að breyta áður auglýstum bannsvæðum á Seyðisfirði og Eyjafirði, sem hér segir:

Seyðisfjörður: Eftirfarandi bannsvæði eru afnumin:
Bannsvæði (b), auglýst í Lögbirtingablaðinu nr. 71, hinn 27. desember 1940.
Bannsvæði auglýst í Lögbirtingablaði nr. 16, hinn 14. apríl 1942.
Bannsvæði auglýst í Lögbirtingablaði nr. 52, hinn 25. september 1942.

Í stað þessara svæða kemur nýtt svæði, þar sem bannaðar eru veiðar og akkerislegur skipa, og afmarkast það á eftirfarandi hátt:

a. **Austurtakmörk:** Bein lína dregin 7,25 sjómílur í 351° stefnu frá Dalatangavita, og bein lína frá þeim stað í 270° stefnu í skerið við Álftanes (sömu austurtakmörk og á bannsvæði auglýsingar 14. apríl 1942).

b. **Vesturtakmörk:** Bein lína dregin yfir fjörðinn í 327° stefnu frá stað, sem er 3,02 sjómílur í 247° stefnu frá Brimnesvita.

Eyjafjörður: Bannsvæði það, sem auglýst er í Lögbirtingablaðinu nr. 71, hinn 27. desember 1940 stækkar þannig, að norður takmörk þess færast 1,5 sjómílur til norðurs.

Í tilkynningu ríkisstjórnarinnar frá 10. ágúst 1942, sem birt er í 44. tölublaði Lögbirtingablaðsins frá 14. s. m., breytast ákvæði 1. töluliðs a, b og b og 2. töluliðs III. kafla samkvæmt framansögðu.


'Alftanes
Lotmundar-
fjörður
Brimnes
Bannsvæði
Hánefsstaða-
-eyri
SEYÐISFJÖRÐUR
Dalatangi


AKUREYRI
Hjalteyri
EYJA-
-FJÖRÐUR
Hrísey
+ Laufás
· Hallur

34 2. marz

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Barðastrandarsýslu, nr. 75 29. ágúst 1931.

2. gr. samþykktarinnar hljóði svo:
Sýsluvegir teljast þessir:

1. Frá Haukabergsá að Siglunesi á Barðaströnd.
2. Frá Ósum út með Patreksfirði að sunnan, um Mosdal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Breiðuvík.
3. Frá Kálfadal um Hænuvík og Hænuvíkurháls að Kollsvík.
4. Frá Sveinseyri í Tálknafirði að Sellátrum.
5. Frá Stóra-Laugardal um Fagradal og Fífustaðadal (Kolmúladal) á sýsluveg Ketildalahrepps.
6. Frá staðnum í Selárdal um Ketildalahrepp að Jaðri á Bíldudal.
7. Frá vegamótum á Litlueyri að Fossi í Suðurfjarðahreppi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

35 2. marz

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 44 16. maí 1934, um sýsluvegasjóð í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:
Sýsluvegir eru þessir:

1. Skagavegur frá þjóðveginum við Grímsá um Laxárdal að Hrauni á Skaga.
2. Selvíkurvegur frá sýsluveginum norðan Selár að Selvík um Hvalnes að Kleyf.
3. Reykjastrandarvegur af þjóðveginum vestan Gönguskarðsárbrúar um Reykjaströnd að Reykjum.
4. Borgarvegur frá þjóðveginum austan og sunnan Sauðár að Sjávarborg.
5. Sæmundarhlíðarvegur frá þjóðveginum hjá Geitagerði fram Sæmundarhlíð á þjóðveginn á Vatnsskarði.
6. Vallhólmsvegur frá Skagfirðingabraut við Velli, suður á gamla póstveginn, þar greinist vegurinn og liggur önnur álman vestur að Vallholtinu, en hin austur að Hringeyjarlæk.
7. Goðdalavegur frá þjóðveginum sunnan við Reykjarhól að Jökulsárbrú hjá Goðdölum.
8. Efribyggðarvegur frá þjóðveginum hjá Álftagerði um Álfgeirsvelli að Mælifellsá og þaðan á Goðdalaveg norðan Mælifellsár.
9. Héraðsdalsvegur frá Goðdalavegi móti Reykjum um Stapa og Héraðsdal að Litladalskoti.

10. Vesturdalsvegur frá Jökulsárbrú hjá Goðdölum að Litluhlíð. 35
11. Austurdalsvegur frá þjóðveginum sunnan Silfrastaða að Merkigili. 2. marz
12. Dýrfinnustaðavegur frá þjóðveginum sunnan Kyrfisár hjá Dýrfinnustöðum, Brekkukoti og Axlarhaga á þjóðveginn sunnan Þverár.
13. Miðvegur frá þjóðveginum hjá Garði í Hegranesi um Rip að Eyhildarholti.
14. Vesturvegur frá þjóðveginum norðan Hellulands um Kárastaði á Miðveginn hjá Ketu.
15. Bakkavegur frá þjóðveginum við Narfastaði hjá Bakka og Brimnesi á fyrirhugaðan þjóðveg fyrir austan Litlahól.
16. Fram-Hjaltadalsvegur frá Hólum að Hofsá.
17. Kolbeinsdalsvegur frá Kolbeinsárbrú að Unastöðum.
18. Deildardalsvegur frá þjóðveginum norðan Grafaróss að Kambi í Deildardal.
19. Unadalsvegur frá þjóðveginum fyrir norðan Hof að Bjarnastöðum í Unadal.
20. Bæjarvegur frá Hofsós hjá Bæ á þjóðveginn hjá Mannskaðahóli.
21. Hrolleifsdalsvegur frá Lónkotsmöl fram Hrolleifsdal að Geirmundarhóli.
22. Sléttuhlíðarvegur frá þjóðveginum norðan Hrolleifsdalsár hjá Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á þjóðveginn hjá Keldnakoti.
23. Flókadalsvegur frá þjóðveginum vestan Sandóss, fram Flókadal að Krakavöllum.
24. Sléttuvegur frá þjóðveginum vestan Fljótaár hjá Sléttu að Gautastöðum.

2. gr.

Með breytingu þessari falla úr gildi breytingar, sem gerðar voru á samþykktinni 1937 og síðar.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Söngmálasjóð Þormóðs Eyjólfs- 36
sonar á Siglufirði", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju- 4. marz
málaráðherra 4. marz 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Söngmálasjóðs Þormóðs Eyjólfssonar á Siglufirði.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 15. apríl 1942 af Karlakórnum Vísi á Siglufirði, á sextugsafmæli Þormóðs Eyjólfssonar, söngstjóra. Sjóðurinn heitir Söngmálasjóður Þormóðs Eyjólfssonar á Siglufirði.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1500.00 — fimmtán hundruð — krónur,

36 4. marz

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vextina óskerta skal leggja við höfuðstólinn, ásamt því er sjóðnum kann að bætast á annan hátt, þar til hann er orðinn kr. 5000.00 — fimm þúsund — krónur. Úr því má verja hálfum ársvöxtum samkvæmt skipulagsskrá þessari, en aldrei skal leggja minna en hálfa ársvexti við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00 — tíu þúsund — krónur. Má þá verja allt að ¾ hlutum ársvaxta samkvæmt skipulagsskrá þessari, en þó skal aldrei leggja minna en ¼ hluta ársvaxta við höfuðstólinn, hversu mikill sem sjóðurinn kann að verða.

4. gr.

Fyrir stofnfé sjóðsins skulu keypt veðdeildarbréf, eða önnur jafn vel tryggð verðbréf, er eigi gefa lægri vexti. Það, sem sjóðnum kann að áskotnast með gjöfum eða á annan hátt svo og vextir, skal ávaxtast í Sparisjóði Siglufjarðar þar til upphæðin er orðin nægileg, til þess að kaupa fyrir hana veðdeildarbréf eða önnur jafn vel tryggð verðbréf. Jafnóðum og hvert veðdeildarbréf sjóðsins er útdregið. skal andvirði þess varið til kaupa á nýjum veðdeildarbréfum eða öðrum jafn vel tryggðum verðbréfum.

Sá hluti ársvaxtanna, er kemur til úthlutunar árlega, skal ávaxtaður á innlánsskírteini í Sparisjóði Siglufjarðar.

5. gr.

Veðdeildarbréf sjóðsins skulu geymd í Sparisjóði Siglufjarðar, þar til þau eru útdregin.

Hvert veðdeildarbréf sjóðsins (eða verðbréf) skal nafnskrá í bókum sparisjóðsins og á þau ritað, að eigi sé leyft að afhenda neitt þeirra né kvitta, nema með vitund og samþykki allrar stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er: Að launa söngstjóra karlakórs á Siglufirði, er beri nafnið „Vísir“ — kórs, sem stjórn sjóðsins telur styrks verðan, á hverjum tíma.

7. gr.

Nú skyldi koma fyrir eitt eða fleiri ár, sem enginn karlakór með nafninu „Vísir“ starfaði á Siglufirði, leggjast þá allir ársvextir við höfuðstólinn, þar til stofnaður verður kór með því nafni á Siglufirði.

Dragist hins vegar stofnun kórsins í 10 ár, þá heimilast sjóðstjórninni að styrkja efnilegan mann eða menn af Siglufirði til söngnáms, með vöxtum þeim, sem ætlaðir eru til úthlutunar árlega, þó eigi sama mann nema um 5 ára skeið.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn svo stór, að árleg laun söngstjóra karlakórsins „Vísir“ nema kr. 10000.00 — tíu þúsund — krónur, þá heimilast sjóðstjórninni að verja þeim vöxtum, sem árlega koma til úthlutunar og eru fram yfir kr. 10000.00, til þess að efla söngmennt á Siglufirði á hvern þann hátt, er hún telur æskilegastan.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Bæjarfógetinn á Siglufirði og er hann formaður stjórnarinnar, héraðslæknirinn í Siglufirði og Þormóður Eyjólfsson meðan hans nýtur við, en síðan formaður karlakórsins „Vísir“ á Siglufirði.

Starfi „Vísir“ ekki, tekur sóknarpresturinn sæti í sjóðstjórninni í stað formanns „Vísis“.

10. gr. 36

Verksvið sjóðstjórnarinnar er að hafa umsjón með fjárreiðum sjóðsins, ákveða 4. marz
og sjá um úthlutun launa eða styrks og annast reikningshald sjóðsins.

Skal stjórnin koma saman svo oft sem nauðsyn krefur, og eru ákvarðanir hennar því aðeins bindandi, að allir stjórnarmeðlimir séu mættir.

Formaður kallar saman stjórnarfundi.

11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans gerðir upp árlega fyrir febrúarmánaðarlok og þá komnir til endurskoðenda, en þeim ber að hafa endursent reikningana til sjóðstjórnarinnar með athugasemdum sínum fyrir marzmánaðarlok, og má þá úthluta úr sjóðnum samkvæmt 3. gr.

12. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera tveir: Gjaldkeri Siglufjarðarkaupstaðar og skólastjóri barnaskóla Siglufjarðar. Skulu þeir gæta þess að fyrirmælum skipulagsskrár þessarar sé fylgt, auk þess sem þeir athuga reikningshald sjóðsins og fullvissa sig um sjóðseignina.

13. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa, samkv. 3. grein.

14. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá þessari.

SAMÞYKKT 37

4. marz

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Árnessýslu nr. 54 1938.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo: Með sjóði þessum skal uppbyggja og viðhalda þeim sýsluvegum, sem nú eru eða síðar verða lagðir, eftir þeim reglum, sem sýslunefnd ákveður á hverjum tíma.

Sýsluvegir eru þeir sem hér segir:

1. Selvogsvegur af Suðurlandsbraut neðan Selvogsheiðar að túnhliði á Bjarnastöðum.
2. Þorlákshafnarvegur frá Suðurlandsbraut nál. Litla-Landi að Þorlákshöfn.
3. Hraunsvegur af þjóðveginum á Hjallamel að Hrauni.
4. Bæjaþorpsvegur af Suðurlandsbraut að Kröggólfsstöðum.
5. Hveragerðisvegur af þjóðveginum við Ölfusréttir að Mjólkurbúi Ölfusinga.
6. Arnarbælisvegur af þjóðveginum hjá Sandhól að Arnarbæli.
7. Grafningsvegur frá Alviðru að Úlfljótsvatni.
8. Stíflisdalsvegur af Þingvallavegi að Stíflisdal.
9. Laugardalshólavegur frá Miðdalskoti um Laugardalshóla að Böðmóðsstöðum.
10. Sólheimavegur frá Borg um Sólheima, nál. Kringlu og Bjarnastöðum á Grímsnesbraut austan Svínavatns.
11. Kiðjabergsvegur frá brúarstæði á Hvítá hjá Kiðjabergi á Grímsnesbraut vestan við Höskuldslæk.
12. Búrfellsvegur frá Sogsvegi hjá Ásgarði að Búrfelli.
13. Tjarnarbraut frá Torfastöðum um Tjörn að Miðhúsum.
14. Syðri-Reykjavegur frá Tjarnarbraut að Syðri-Reykjatúni.

37 15. Bræðratungubraut af þjóðveginum austan Fellskots um Króksferju að Bræðra-
4. marz tungu.
16. Auðsholtsbraut af Skálholtsvegi að Auðsholtsferju.
17. Laugarásbraut af Skálholtsvegi að Laugarási.
18. Langholtsvegur frá Laxárbrú um Syðra-Langholt að Unnarholti.
19. Hrafnkelsstaðavegur frá þjóðveginum nál. Hellisholtalæk að Hrafnkelsstaðamel.
20. Hrunavegur af þjóðveginum um Hruna að Klifási vestan Hörgsholts.
21. Hlíðarvegur frá Þjórsárholti um Hæl að Hlíð.
22. Laxárdalsvegur frá þjóðveginum við Ása um Mástungur að Laxárdal.
23. Háholtsbraut af sýsluveginum hjá Geldingaholti að Háholti.
24. Ólafsvallavegur af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
25. Vorsabæjarvegur af Húsatóftaholti að Fjalli með hliðarálmu neðan við Framnes að Útverkum.
26. Skeiðháholtsvegur af Skeiðavegi að Skeiðháholti.
27. Egilsstaðavegur af þjóðveginum móts við Skálmholt um Urriðafoss, Egilsstaðahverfi að Villingaholti.
28. Gaflsvegur af Villingaholti að Gafli.
29. Kolsholtsvegur af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að Kolsholti.
30. Hróarsholtsvegur af Villingaholtsvegi að Hróarsholti.
31. Reykjavegur af Flóavegi að Oddgeirshólaheimreið.
32. Langholtsvegur af Flóavegi að Efstaskurði.
33. Brúnastaðavegur frá malargryfju í Miklaholti að Aðalskurði.
34. Votmúlavegur frá Eyrarbakkavegi um Votmúla á Gaulverjabæjarveg nálægt Smjördölum.
35. Kaldaðarnesvegur af Eyrarbakkavegi um Sandvík út að Klöppum.
36. Selfossvegur frá Ölfusárbrú, með Ölfusá á þjóðveginn austan við síki.
37. Eyrarbakkavegur frá 70 km steini að Kaupfélagi Árnesinga.
38. Flóagaflsvegur af Eyrarbakka að Blesarima, án afleggjara.
39. Stokkseyrarvegur frá Kaðlastöðum um þorpið austur fyrir Sjónarhóla.
40. Brattholtsvegur frá símastöðinni á Stokkseyri að Holti með hliðarálmu til vesturs norðan Hoftúns 2 km.
41. Hamarsvegur frá vegamótum við Gaulverjabæ að Gafli.
42. Partavegur frá Tungu að Fljótshólum.
43. Vorsabæjarvegur af Gaulverjabæjarvegi að Vorsabæjarhjáleigu.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 102 1933 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

38
5. marz

um breyting á reglugerð nr. 32 5. marz 1941, um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

8. gr. hljóði svo:

Happdrættið gefur út á hverju ári 25000 hluti í 10 flokkum. Vinningar í öllum 10 flokkum samanlögðum skulu vera 6000 og 29 aukavinningar að upphæð samtals kr. 2100000.00.

2. gr.

10. gr. hljóði svo:

Verð heilla miða er 12 kr. í hverjum flokki, hálfra miða 6 kr. og fjórðungsmiða 3 kr. Fyrir ársmiða skal greiða kr. 120.00 fyrir heilan hlut o. s. frv., en ef eigandi miða vill gera hann að ársmiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal hann greiða fyrir fram fyrir þá drætti, sem eftir eru.

Ef menn vilja kaupa hlutamiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal greiða fyrir hann, auk verðs miðans í þeim flokki, einnig samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dráttur hefur áður farið fram í. Fyrir ársmiða, sem keyptir eru eftir að drættir eru byrjaðir og gilda frá söludegi til ársloka, skal greiða 120 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv.

Umboðsmenn happdrættisins mega ekki selja hluti þessa öðru verði en hér er sagt, né heldur taka við ágóðahluta, né annarri þóknun, af vinningum, sem falla á þá hluti, sem þeir hafa selt. Hins vegar mega þeir krefjast aukagjalds, sem stjórn happdrættisins ákveður, af þeim viðskiptamönnum, sem óska eftir að fá hlutamiða eða vinningaskrár sent í pósti.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 44 19. júní 1933, sbr. lög frá 29. janúar 1943, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. marz 1943.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

REGLUGERÐ

39
6. marz

um breyting á reglugerð nr. 132 28. des. 1936, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

1. gr.

12. gr. 1, j-liður falli burt.

2. gr.

16. gr. orðist þannig:

Að loknu hverju námskeiði skal halda próf, þó skal próf í akstri fara fram í byrjun hvers námskeiðs, enda er engin kennsla í akstri á námskeiðinu.

Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til forstöðumanns námskeiðsins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntöku-

39 skilyrðum á námskeiðið og auk þess vottorð um, að hann hafi lokið sveinsprófi í
6. marz bifreiðavirkjun eða hlotið svipaða undirbúningsmenntun, sem prófnefnd tekur gilda, eða prófnefndin telur hann færan um að ganga undir prófið, vegna sérkunnáttu hans eða hæfni.

Fyrir þátttöku í prófi skal greiða kr. 25.00, er greiðist fyrir fram til forstöðumanns námskeiðsins.

3. gr.

17. gr. Í síðustu meginmálsgrein, falli niður: „Þó ekki forstöðumaður námskeiðsins".

4. gr.

18. gr. orðist þannig:

Við prófið skal gefa séreinkunn í hverju eftirgreindra atriða:

a. Þekkingu á mótorvélinni, með rafmagnskerfi, kælivatnskerfi, benzínkerfi og smurningskerfi, svo og gangtruflunum.
b. Þekkingu á vinnslukerfi bifreiðarinnar, svo sem tengslum, skiptihjólakassa, mismunadrifi, hemlum og stýrisumbúnaði, ásamt tilheyrandi smurningstækjum.
c. Prófakstri. Við prófið, sem fer fram áður en námskeiðið hefst (sbr. 16. gr.), skal nota almenningsbifreið og skal hver nemandi prófaður í minnst eina klukkustund við mismunandi aðstæður, svo að glöggt komi fram hæfni hans og leikni í bifreiðarstjórn.
d. Bifreiðalögum og reglugerðum, svo og hvað gera skuli, ef sérstök vandkvæði ber að höndum.

Einkunnir skulu gefnar frá 0—8 með þriðjungs millieinkunnum.

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildi einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan. Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er 4⅔ og má einkunn í prófakstri ekki vera lægri. Fær nemandi því aðeins að sækja námskeiðið, að hann hafi hlotið minnst einkunnina 4⅔ í prófakstri.

5. gr.

Áður en námskeið hefst, ákveður dómsmálaráðuneytið, hvaða vísitöluálag skuli reikna á námsgjald og prófgjald, eins og þau gjöld eru ákveðin í 13. og 16. gr. reglugerðarinnar.

6. gr.

Reglugerð nr. 137 20. des. 1938, um breyting á reglugerð nr. 132 28. des. 1936, um próf bifreiðarstjóra, er úr gildi numin.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytið, 6. marz 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

40
6. marz

um breyting á reglugerð nr. 4 2. janúar 1942, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

1. gr.

Aftan við 32. gr. bætist: Heimilt er framkvæmdanefnd, með árlegu samþykki landbúnaðarráðherra, að fella niður vaxta- og jarðarafgjaldsstyrk að nokkru eða öllu leyti hjá þeim bændum, sem nefndin telur ekki ástæðu til að veita þessa styrki.

2. gr.

Í stað orðsins „skal" í 2. mgr. 39. gr. komi orðið: má.

3. gr.

Aftan við 39. gr. bætist: Til viðbótar þeim rétti til uppeldisstyrks, sem menn fá á þennan hátt, skal veita þeim bændum, sem áttu færri en 60 ær þegar veikin kom í féð, rétt til auka-uppeldisstyrks á 1—20 lömb, og búlausum, sem áttu færri en 30 ær þegar veikin kom, rétt til auka-uppeldisstyrks á 1 til 10 lömb, og skal réttur þessi veittur án tillits til þess, sem hlutaðeigendur kunna að hafa misst. Sama gildir og um menn, sem byrja að eiga kindur á bæjum, þar sem veikin er í fénu. Styrkur verður greiddur jafnóðum og lömb eru sett á.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

41
8. marz

til viðauka við fiskveiðasamþykkt fyrir Akraneskaupstað frá 3. marz 1942.

Aftan við 1. gr. fiskveiðasamþykktar fyrir Akraneskaupstað, frá 3. marz 1942, komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Sá róðrartími, sem tiltekinn er í þessari grein, er miðaður við hinn íslenzka meðaltíma.

Nú ákveður Stjórnarráð Íslands sérstakan sumartíma, flýtir réttri klukku og víkur þannig frá íslenzkum meðaltíma, og breytist þá samtímis hinn tiltekni róðrartími samkvæmt þessari grein, þannig, að róðrartíminn fylgir jafnan hinum rétta íslenzka meðaltíma.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 9 28. febrúar 1942, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

42
8. marz

AUGLÝSING

um útlát blýbenzíns.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 24 1. febrúar 1936, er hér með lagt fyrir alla þá, er láta úti benzín mengað blýi, að auðkenna ílátin með svo látandi greinilegri áletrun:

Aðvörun samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisstjórnar.

\+ + +

Blýbenzín.

Notið ekki benzínið til heimilisþarfa og alls ekki til hörundsræstingar eða sem sáralyf!

Samhljóða aðvörun skal festa upp á benzínsölustöðum, í aðgerðarstofum bifreiða og annars staðar, þar sem mikið er farið með benzín mengað blýi.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 8. marz 1943.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

43
10. marz

REGLUGERÐ

um skömmtun á hjólbörðum og slöngum til bifreiða.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið má enginn selja bifreiðargúmmi (hjólbarða og slöngur), nema skilanefnd bifreiðaeinkasölunnar í Reykjavík.

2. gr.

Enginn getur fengið keypt bifreiðargúmmí, nema að hann hafi í höndum innkaupaleyfi frá bifreiðaeftirlitsmönnum.

Engum verður þó afhent á þessu ári meir en hér segir:

Fyrir hverja vörubifreið, sérleyfisbifreið eða leigubifreið til mannflutninga: 4 hjólbarðar og 3 slöngur.

Fyrir hverja einkabifreið: 2 hjólbarðar og 1 slanga.

Skilanefnd bifreiðaeinkasölunnar getur gefið undanþágu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Sá, sem vill fá keypt nýtt bifreiðagúmmí, skal snúa sér til bifreiðaeftirlitsmanns í því umdæmi, sem bifreið hans er skrásett í, með beiðni um það. Beiðninni skal

fylgja drengskaparyfirlýsing um það, að leyfisbeiðandi eigi ekki nægilegt nothæft bifreiðagúmmí, og að hjólbarðar þeir og slöngur, sem endurnýjunar er beiðst á, sé ónothæft. Bifreiðaeftirlitsmaður, eða umboðsmaður hans, skal fullvissa sig um það með skoðun, að rétt sé skýrt frá. Enn fremur skal tekið tillit til fyrri innkaupa bifreiðareiganda og fá bifreiðaeftirlitsmenn skýrslu frá skilanefnd bifreiðaeinkasölunnar um innkaup bifreiðareiganda á síðasta ári. 43 10. marz

Bifreiðaeftirlitsmenn skulu neita leyfisbeiðni um ný bifreiðagúmmí á þær bifreiðar, sem þeir telja að fyrir aldurs sakir, eða aðrar, séu svo úr sér gengnar, að þær fullnægi ekki þeim kröfum, sem gerðar eru um ástand bifreiða, eða ef ekki eru uppfyllt þau skilyrði, sem eftirlitsmaður setur um aðgerð á bifreiðinni.

4. gr.

Í innkaupaleyfi sé tilgreind tegund bifreiðagúmmís, og að fengnu því snýr leyfishafi sér til skilanefndar bifreiðaeinkasölunnar, eða umboðsmanns hennar, og fær afhent það bifreiðagúmmí, er leyfið hljóðar um.

Sala bifreiðagúmmísins er þó bundin því skilyrði, að kaupandi skili skilanefndinni, eða umboðsmanni hennar, hinu ónothæfa gúmmíi, er hann fær endurnýjað.

5. gr.

Innkaupaleyfi skal miðað við ákveðið ökutæki, og umdæmisnúmer þess tilgreint í leyfinu.

Skilanefnd bifreiðaeinkasölunnar heldur spjaldskrá um öll þau ökutæki, sem fengið hafa bifreiðagúmmí, og skulu þar skráð öll þau gúmmí sem eigandi ökutækisins fær afhent til þeirra.

6. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins sér um framkvæmd á reglugerð þessari.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 10000 krónum og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 10. marz 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUR 44

um innheimtu útsvara í Ísafjarðarkaupstað á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1943. 11. marz

1. gr.

Sérhver útsvarsgreiðandi á Ísafirði, sem gjaldskyldur er við aðalniðurjöfnun árið 1943, skal greiða upp í útsvar þessa árs 50% af útsvarsupphæð þeirri, er honum bar að greiða árið 1942.

2. gr.

Gjalddagar á greiðslum þeim, er um getur í 1. grein þessara reglna, skulu vera 15. marz, 1. apríl og 1. maí næst komandi, að þriðja hluta í hvert skipti.

44 11. marz

3. gr.

Nú eru hreinar tekjur gjaldanda lægri árið 1942, samkvæmt skattaframtali, en þær voru árið 1941, og getur hann þá krafizt hlutfallslegrar lækkunar á útsvarsgreiðslum samkvæmt fyrrnefndum lögum og reglum þessum. Þetta gildir þó aðeins, ef tekjurýrnunin hefur numið 30% eða þar fram yfir.

4. gr.

Ef útsvar er ekki greitt á réttum gjalddögum samkvæmt reglum þeim, er hér eru settar, skal gjaldþegn greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, unz útsvarið er greitt eins og segir hér að framan.

5. gr.

Nú kemur það í ljós, er álagningu útsvara 1943 er lokið, að gjaldþegn hefur þegar greitt meira en honum bar, og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlu bæjarsjóðs.

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum 26. febrúar 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1943, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1943.

Jóhann Sæmundsson.

Vigfús Einarsson.

45 12. marz

HLEÐSLUMERKJAREGLUGERÐ

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 38 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með sett eftirfarandi fyrirmæli um mælingar og skoðanir til ákvörðunar á minnsta hleðsluborði farþega- og vöruflutningaskipa í innanlandssiglingum og fiskiskipa, er sigla milli landa, svo og um gerð hleðslumerkja og hleðslumerkjaskírteinis þessara skipa.

I. KAFLI

Almennar skýringar.

1. gr.

Í reglum þessum er gert ráð fyrir því, að farminum sé komið þannig fyrir í skipinu, að það verði ekki vanhlaðið, liggi sem beinast í sjó, með hæfilegum stafnhalla og að öðru leyti sé með skipið farið eins og góðra sjómanna er venja.

2. gr.

Í reglum þessum eru ýmis heiti, sem notuð eru við útreikning hleðslumerkjanna skammstöfuð, og fara hér á eftir skýringar á þeim, sbr. meðfylgjandi mynd:

L = Lengd milli ytri brúna stafna við sjólínu á fullhlöðnu skipi.

B = mesta breidd skipsins miðskipa.

D = dýpt miðskipa frá efri brún þilfars við skipshlið, að efri brún kjalar. (Í tréskipum að kjalsýju).

Þm = meðaltal þilfarsriss í borði að framan og aftan.
Þb = Þilfarsbunga miðskipa.
Bl = lengd bakka.
Bh = hæð bakka (meðalhæð).
Hl = lengd hækkaðs þilfars.
Hh = hæð hækkaðs þilfars.
L, B, D, Bl, Bh, Hl og Hh, er mælt í metrum, Þb og Þm í millimetrum.

MÖRKUN HLEÐSLUMERKJANNA

I. SKÝRINGAMYND





SKAMMSTAFANIR:

L = LENGD MILLI YTRI BRÚNA STAFNA VIÐ SJÓLÍNU.
B = BREIDD UTANBORÐS MIÐSKIPA.
D = DÝPT MIÐSKIPA FRÁ EFRI BRÚN ÞILFARS AÐ EFRI BRÚN KJALAR.
B_H= HÆÐ BAKKA.
B_L= LENGD BAKKA.
H_H= HÆÐ HÆKKAÐS ÞILFARS.
H_L= LENGD HÆKKAÐS ÞILFARS.
$Þ_M$= $\frac{b+c}{2} - a$ = MEÐALTAL ÞILFARSRISS AÐ FRAMAN OG AFTAN.
$Þ_B$= ÞILFARSBUNGA.
H = HLEÐSLUBORÐ

45
12. marz

II. KAFLI

Ákvörðun um hleðsluborð.

3. gr.

Við ákvörðun minnsta hleðsluborðs, skal leggja eftirfarandi hleðsluborð til grundvallar.

A) Tréskip: Ef lengdin (L) er 15,00 m skal (minnsta) hleðsluborð vera 150 mm, en fari stighækkandi og sé 600 mm þegar lengdin (L) er 45,00 m.

B) Járn- eða stálskip: Ef lengdin (L) er 20,00 m skal (minnsta) hleðsluborð vera 150 mm, en fari stighækkandi og sé 300 mm þegar lengdin (L) er 50,00 m.

Samkvæmt því verður grundvallarhleðsluborðið eins og hér segir:

Tréskip:		Járnskip:	
15 metrar	150 mm	20 metrar	150 mm
16 —	165 —	21 —	155 —
17 —	180 —	22 —	160 —
18 —	195 —	23 —	165 —
19 —	210 —	24 —	170 —
20 —	225 —	25 —	175 —
21 —	240 —	26 —	180 —
22 —	255 —	27 —	185 —
23 —	270 —	28 —	190 —
24 —	285 —	29 —	195 —
25 —	300 —	30 —	200 —
26 —	315 —	31 —	205 —
27 —	330 —	32 —	210 —
28 —	345 —	33 —	215 —
29 —	360 —	34 —	220 —
30 —	375 —	35 —	225 —
31 —	390 —	36 —	230 —
32 —	405 —	37 —	235 —
33 —	420 —	38 —	240 —
34 —	435 —	39 —	245 —
35 —	450 —	40 —	250 —
36 —	465 —	41 —	255 —
37 —	480 —	42 —	260 —
38 —	495 —	43 —	265 —
39 —	510 —	44 —	270 —
40 —	525 —	45 —	275 —
41 —	540 —	46 —	280 —
42 —	555 —	47 —	285 —
43 —	570 —	48 —	290 —
44 —	585 —	49 —	295 —
45 —	600 —	50 —	300 —

4. gr.

Á hleðsluborði því, sem lagt er til grundvallar samkvæmt 3. gr., skal gera eftirfarandi leiðréttingar.

A) Leiðrétting vegna dýptar:

1) Tréskip: Ef dýptin (D) er meiri en L:12 skal hleðsluborðið fá viðbót, sem nemur $(90+L)\ (D \div \frac{L}{12})$ mm.

II. 45

12. marz

JÁRNSKIP:



TRÉSKIP:



2) Járn- eða stálskip: Ef dýptin (D) er meiri en L:15 skal hleðsluborðið fá viðbót, sem nemur $2 \times L \times (D \div \frac{L}{15})$ mm.

45 B) Leiðrétting vegna þilfarsriss:
12. marz Ef meðaltal þilfarsriss að framan og aftan (Þm) er stærra eða minna en 12,5×L+380 mm skal hleðsluborðið fá frádrátt eða viðbót, sem nemur ¼ hluta mismunarins.

Frádrátturinn má þó ekki vera meiri en 1,25 L mm.

C) Leiðrétting vegna þilfarsbungu:
Ef þilfarsbungan er stærri eða minni en B:50 skal hleðsluborðið fá frádrátt eða viðbót, sem nemur ¼ hluta mismunarins.

D) Leiðrétting vegna bakka:
Ef skipið hefur bakka (hvalbak), skal hleðsluborðið fá frádrátt, sem nemur Bh×Bl×5 mm ef bakkinn er lokaður að aftan, en Bh×Bl×3 mm ef bakkinn er opinn.

E) Leiðrétting vegna hækkaðs þilfars:
Ef skipið hefur hækkað þilfar (hálfþilfar), skal hleðsluborðið fá frádrátt, sem nemur Hh×Hl×5 mm.

F) Aðrar leiðréttingar sjá 5. gr.

5. gr.

Ef skipið er að einhverju leyti af óvenjulegri gerð má breyta út frá þessum reglum í samræmi við smíðalag þess.

Ennfremur, ef skip telst að einhverju leyti of veikbyggt eða lakar útbúið með tilliti til almennra lokunartækja ofanþilja, skal gefa hleðsluborðinu viðbót, sem nemur allt að 20% af hinu útreiknaða.

6. gr.

Hleðslumerkið er lína, sem ákveður hve djúpt skipið megi liggja í sjó. Þessi lína skal vera lárétt 300 mm á lengd en 25 mm á breidd.

Hleðslulínan skal þannig mörkuð á skipið:

Út frá efri brún þilfarsins miðskips, eins og sýnt er á uppdrættinum, skal marka línu, sem er 300 mm á lengd og 25 mm á breidd. Frá efri brún þessarar línu er hleðsluborðið markað, að efri brún hleðslumerkjalínunnar.

Hleðslumerkið skal greinilega höggvið í skipshliðarnar, og síðan málað, hvítt á dökkan grunnflöt, en svart á ljósan.

7. gr.

Hleðslumerkjaskírteinið skal gefið út af skipaskoðunarstjóra og gildir í tvö ár frá dagsetningu þess.

Hleðslumerkjaskírteinið fellur úr gildi:

a) hafi breytingar verið gerðar á skipinu sem áhrif hafa á útreikning hleðsluborðsins,
b) sé umbúnaður opa á þilfari, skjólborðs, austuropa eða aðgangur að íbúðum skipverja í lakara ásigkomulagi en þegar skírteinið var gefið út, eða
c) sé haffæri og styrkleika skipsins ekki viðhaldið eins og það var og skoðun hafi farið fram því til sönnunar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

REGLUR

46
13. marz

um fólksflutninga á skipum, sem ekki eru farþegaskip.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með sett sérstök ákvæði um fólksflutninga með skipum, sem ekki eru farþegaskip.

1. gr.

Opnum bátum er óheimilt að flytja fleiri farþega en þrjá, auk formanns og vélamanns, nema að fengnu leyfi skipaskoðunarmanns, sýslumanns eða hreppstjóra, enda fullnægi þá báturinn ákvæðum reglugerðar frá 17. september 1937, um skoðun á opnum bátum, enda þótt hann sé styttri en 6 metrar á lengd.

2. gr.

Þilfarsskipum er bannað að flytja farþega, nema að fengnu leyfi skipaskoðunarmanns. Slíkt leyfi skal eigi veitt nema þegar sérstaklega stendur á, og ekki fyrir fleiri farþega en 10, enda sé farið eftir 22. gr. tilskipunar nr. 43 20. nóvember 1922, um stað fyrir farþegana. Bjargbelti skulu vera fyrir alla á skipinu, og skulu þau höfð á þeim stað, þar sem fljótlega verður til þeirra gripið.

Sé skipið yfir 20 rúmlestir brúttó og fari út fyrir takmörk innfjarðarsiglinga, skal það auk þess hafa bát og bjargfleka, er rúmi alla á skipinu.

3. gr.

Þegar svo stendur á, að ekki er unnt að koma fólki á mannfundi nema á skipi, skal leyft að flytja fleiri farþega en um getur í 1. og 2. gr. hér á undan, en fengið skal þá samþykki skipaskoðunarstjóra til þess, eða þess, er hann tilnefnir.

Skipaskoðunarstjóri setur öll nánari skilyrði fyrir slíkum farþegaflutningi, eftir tegund skipsins og leið þeirri, sem fara á.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 50 til 5000 kr.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Með reglum þessum eru úr gildi numin ákvæði 2. málsgreinar 41. gr., 11. málsgr. 51. gr. og 7. málsgr. 70. gr. tilskipunar nr. 43 20. nóvember 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Reglur þessar staðfestast hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

47
18. marz

REGLUR

um afhendingu benzíns til annarrar notkunar en bifreiðaaksturs.

1. gr.

Hver sá, er telur sig þurfa benzín til annarrar notkunar en bifreiðaaksturs, skal sækja um skammt til lögreglustjóra, þar sem umsækjandi er heimilisfastur. Umsókn skal vera tvírituð á þar til gerð eyðublöð, er fást hjá lögreglustjóra.

2. gr.

Lögreglustjóri skal áætla hæfilegan skammt og afhendir skömmtunarhefti með miðum fyrir þeirri lítratölu, sem skömmtuð er hverri vél, eða til annarra þarfa. Fyrir hvert hefti skal greiða eina krónu. Í heftið skal skrá:

1. Fullt nafn og heimili eiganda báts eða vélar eða notanda benzíns til annarra þarfa.
2. Tegund vélar, hestorkutölu, áætlaða meðalnotkun vélar á klukkustund.
3. Til hvers vél er notuð, í bát, blöndunarvél, dráttarvél, loftþjöppu, veghefil o. s. frv., eða til hverra annarra þarfa benzíninu er úthlutað.
4. Úthlutunartímabil það, sem heftið gildir fyrir. Hafi skammti verið úthlutað til vélar eða annarra þarfa áður en reglur þessar komu í gildi, skal rita í heftið hvenær og hve miklu benzíni er þegar úthlutað.

3. gr.

Jafnaðarlega lætur lögreglustjóri ekki út í einu benzínskammt til vélar eða annarra þarfa, stærri en svo, að nægi þörfum umsækjanda í 1 mánuð.

Hver sá, er fær slíkan skammt, skal halda dagbók um notkun benzínsins og skrá þar hvenær og hve mikið benzín er látið í benzíngeymi vélarinnar eða hvernig eytt á annan hátt. Enn fremur hve lengi vélin er í gangi daglega og að hvaða verki er unnið.

Skal umboðsmaður lögreglustjóra jafnan hafa frjálsan aðgang að dagbókinni, og skal hlíta leiðbeiningum hans um hvað og hvernig skrifa skuli í dagbókina.

Jafnan þegar send er umsókn um nýjan skammt, skal leggja fram dagbók þá, er greinir í fyrri málsgrein.

4. gr.

Óheimilt er að nota benzín til annarra þarfa en því er úthlutað til.

5. gr.

Lögreglustjórar skulu halda skrá yfir útilátna skömmtunarseðla samkvæmt reglum þessum.

Afrit af skránni skal þegar að loknu hverju skömmtunartímabili senda til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins ásamt samritum af öllum umsóknum um benzínskammt.

6. gr.

Að öðru en því, sem að framan greinir, gilda ákvæði reglugerðar 18. febrúar 1943, um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, eftir því sem við getur átt, þar á meðal ákvæði 13. gr. reglugerðarinnar um sektir og málsmeðferð.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

Öðlast þær gildi frá og með 23. marz 1943, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 47 18. marz

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Strandasýslu. 48 22. marz

FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kauptúna og sveita.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að umferð tálmi.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, kemur saman á, eða ætluð eru til afnota fyrir almenning, svo sem torg, brýr, bryggjur, bólvirki, leikvelli, skeiðvelli og fjárréttir.

Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h., gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa eða hafa í frammi annan hávaða, ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að aðhafast, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða hafast neitt það að, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Á fjölförnum götum, vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má enginn vera að leikjum, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem hindrað geta umferð eða hætta getur stafað af. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum, bifreiðum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þau sleða, handvagn eða annað, sem valdið getur óþægindum eða hættu.

48 6. gr.

22. marz Ekki má skjóta úr byssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri. Á almannafæri má ekki heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum. Ekki má kasta þar frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar sprengingar, á eða nálægt almannafæri, má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina, hver framkvæmi verkið, og bera bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta getur stafað af.

7. gr.

Enginn má vera dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Enginn má hegða sér hneykslanlega á almannafæri með orðum, látbragði eða athæfi, svo sem með því að viðhafa ósæmileg orð, ganga í búningi, sem misbýður velsæmi, fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaugum fyrir almenning eða annars staðar svo nærri umferð eða mannabústöðum, að hneyksli geti valdið.

9. gr.

Drukknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða, ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur.

Hinir drukknu menn skulu sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til þess að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri eða annars staðar, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á endurgreiðslukröfu á hendur hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til þess að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferð.

12. gr.

Án leyfis lögregluvaldsins má enginn selja vörur eða reka aðra atvinnu á almannafæri. Börnum og unglingum er þó leyfilegt að selja þar aðgöngumiða að íþróttasýningum og dagskrár, er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

13. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða á húslóðir, né fara inn í hús annarra.

14. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum eða annars staðar á almannafæri. Byssu skal ávallt bera þannig, að hlaupið viti upp. Gaddahrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af, má ekki flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

15. gr.

Á alfaraveg má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferð frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum, skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur eða sleðar mega ekki standa á alfara götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til þess að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefndir hafa í samráði við lögreglustjóra heimild til að ákveða, hvar á götum eða torgum vagnar og bifreiðar mega standa. Geta hreppsnefndir, þegar þeim þykir ástæða til þess, sett reglur þar að lútandi.

16. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

17. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða vegi, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kveldi og þar til albjart er orðið að morgni. Hlutaðeigandi stjórnarvald eða lögreglustjóri geta gert það að skilyrði fyrir framkvæmd starfans, að gætt sé þeirra öryggisráðstafana, sem þurfa þykir til þess að afstýra hættum fyrir vegfarendur. Enn fremur getur lögreglustjóri gert aðrar ráðstafanir til þess að afstýra hættu. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri, eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

18. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist, til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri, á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vagfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni. Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur af stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur lögreglustjóri þá krafizt þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim að hættulaust sé.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burtu, án þess að annað sé byggt á staðnum, þá er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

48 19. gr.

22. marz Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má ekki hafa neitt það, sem fallið getur niður og valdið skaða á þeim, sem um fara, og ekki má heldur hengja neitt það utan á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, og bera umráðamenn og eigendur húsanna ábyrgð á þeim skaða, er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

20. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaraveg eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

21. gr.

Hvarvetna, þar sem girðingahlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo hátt sé undir, að öruggt sé að ríðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta, að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar meðfram vegum, skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

III. KAFLI

Umferð um vegi.

22. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að ekki hafa fullan þrótt, t. d. eru illa járnaðir. Hesta eða aðra gripi má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur, píska eða annað, sem getur sakað hestana, má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

23. gr.

Það er bannað að ríða eða aka móti skrúðgöngum, líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

24. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

25. gr.

Slökkviliðið er undanskilið umferðaákvæðum þessarar samþykktar. Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir því, svo fljótt sem unnt er. Sama gildir um sjúkravagna.

26. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum, ef slík umferð álízt hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð og á vorin, meðan klaka leysir úr jörðu.

27. gr.

Ef gangandi eða ríðandi menn eru á leið yfir brú, er bifreið ekur að, skal bifreiðin nema staðar á veginum við brúarendann og bíða þar til mennirnir eru komnir fram hjá eða yfir brúna, enda skulu þeir ekki tefja för sina að óþörfu.

28. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki eftir þeim reglum er segir í lögum nr. 25 16. júní 1941, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót, og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak. Bifreiðarstjóri ber ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

29. gr.

Ef bifreiðastjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur er á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en 20 km á klukkustund, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en hálfan km í einu.

30. gr.

Þegar bifreiðastjóri mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðastjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn fram hjá eða út af vegi. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðastjóri gera rekstrarmönnum aðvart um að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum, eða út af honum svo fljótt sem unnt er, til þess að bifreiðin geti komizt fram hjá. Ef rekstur kemst eigi fram hjá bifreið vegna þrengsla, skal bifreiðin aka til baka, þangað til nægilegt svigrúm fæst.

31. gr.

Framan á hverju reiðhjóli skal vera bjalla, og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir horn eða gatnamót. Þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólið þegar í stað. Sé for eða bleyta á götum, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Hjólreiðamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem er yngri en 14 ára.

32. gr.

Um umferð fer að öðru leyti eftir umferðalögum nr. 24 16. júní 1941 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, og þeim reglugerðum, sem settar eru eða verða samkvæmt þeim.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil, ágang búpenings o. fl.

33. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Strandasýslu, eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Allir eru skyldir að gæta svo búpenings síns, alifugla og annarra húsdýra, að ekki valdi skemmdum á varplöndum, túnum, ökrum eða engjum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður penings skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefur valdið honum. Sama regla gildir um korn- eða heystakka og mat-

48 jurtagarða, enda séu þeir löggirtir. Með sama hætti ábyrgjast menn tjón, er húsdýr
22. marz þeirra valda í beitilandi annarra, ef þeir eiga sök á því að landið beittist, löggirðing er um það, eða það er lögfest. Heimilt er ferðamönnum að æja eykjum sínum í beitilandi annars manns eða í löggiltum áfangastað.

Ágang afréttarfjár, frá fjallrekstrum á vori og fram að réttum, ábyrgist eigandi eða umráðamaður ekki. Sá er fyrir áganginum verður, má reka afréttarfé á miðjan afrétt, heim til eiganda eða umráðamanns, eða láta það afskiptalaust.

34. gr.

Enginn má siga hundum á annan mann, eða láta fyrirfarast að aftra því, ef hann verður var við, að hundur ræðst á mann, ef honum er það unnt, án þess að stofna sér í háska. Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa, og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum og köttum, ef enginn vill taka þá að sér.

V. KAFLI

Um friðun almenningseigna og fleira.

35. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, hverir, laugar, ölkeldur, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almennings nota. Sama gildir um útvarpsútbúnað einstakra manna.

36. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar um hús, garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Ekki má skilja eftir opin hlið, sem lokað verður. Bannað er að klifra yfir girðingar eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum í sýslunni, hver sem eigandinn er.

37. gr.

Grafreiti má ekki saurga á nokkurn hátt.

38. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta sér eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað án leyfis landeiganda. Þó er mönnum heimil berjataka í óræktuðu landi, til neyzlu á staðnum.

39. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstaði eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleyfum og öðru slíku, áður en staðurinn er yfirgefinn og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt. Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

40. gr.

Hreppsnefnd ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

41. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

42. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestabók.

43. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til þess að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

44. gr.

Í veitinga- og samkomuhúsum má enginn hafa í frammi ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

45. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kveldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra.

46. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

47. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til þess að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slík leyfi, en hann getur falið hreppstjórum að veita leyfin, hverjum í sínum hreppi. Leyfishafi skal greiða til þess, sem leyfið veitir, gjald í viðkomandi sveitarsjóð, 5—50 krónur. Upphæðin í hvert sinn

48 fer eftir ákvörðun leyfisveitanda. Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum,
22. marz sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar og nægileg hrákaílát til staðar. Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess, að þeir, sem fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er lögreglustjóri eða hreppstjóri tekur gilda, til eftirlits allan samkomutímann.

Umsóknir um skemmtanaleyfi og veitingaleyfi skulu að jafnaði vera skriflegar.

Fari nokkuð það fram á samkomu, er brýtur í bága við góða reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

48. gr.

Heimilt er að banna, að almenn samkoma, sem háreysti getur valdið, sé haldin svo nærri húsi, sem sjúklingur er í, að honum geti stafað hætta af, sökum ónæðis, að dómi læknis.

49. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni, nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður, hve mikið gjald skuli greiða fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar, og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

50. gr.

Lögreglustjóri getur bannað sýningu á myndum, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, sem að hans dómi eru siðspillandi. Barnaverndarnefnd getur og bannað, að láta börn horfa á myndir, sem hún telur, að geti haft vond áhrif á þau.

VII. KAFLI

Um samgöngur við skip.

51. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

52. gr.

Enginn má á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám eða lækjum, lindum, vatnsleiðslum, þróm eða brunnum. Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess stranglega gætt, að skolpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum, að nokkur hætta sé á, að neyzluvatn saurgist af.

53. gr. 48

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa þar nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur, óheilnæmi eða óprýði. Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo að engan ódaun leggi af þeim, og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur. Sorphauga, áburðarhaug, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar. Skylt er að hafa salerni á hverju býli í sveitum og við hvert íbúðarhús í kauptúnum, enn fremur skal skylt að hafa þvaghús við hvert samkomuhús. 22. marz

54. gr.

Bannað er að hella skolpi á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur. For, slor og annað þvílíkt, skal flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaraveg, og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið, eða stíflað rennurnar.

55. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð þess, er lætur slátra.

56. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundar nái ekki til að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellinum ílát með loki undir sulli og innanmein. Að lokinni hverri slátrun, skal annaðhvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörð niður. Annars skulu sláturhússstjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

57. gr.

Skylt er lóðar- og húseigendum að hafa hreinlegt og þrifalegt í kringum hús sín, hreinsa burtu sorp og skran, lagfæra rústir, svo að hvorki stafi af þeim hætta né þau séu til lýta, viðhalda sæmilega girðingum og ástunda í hvívetna þrifnað og góða umgengni.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að þetta berist þangað. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafalaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til þess að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

58. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa, hver í sínum hreppi, eftirlit með því sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda, fyrir einstaka hreppa sýslunnar, eða þeim, er síðar kunna að verða settar.

48 ANNAR ÞÁTTUR

22. marz **Viðauki, er taki til Borðeyrar-, Drangsness-, Hólmavíkur- og Gjögurkauptúns.**

IX. KAFLI

Ákvæði til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferð.

59. gr.

Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, torg eða almannafæri eða annars staðar þar sem það er til óþrifnaðar eða lýta, að dómi lögreglunnar.

60. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eiganda, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til þess að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verki því, sem unnið er að, að því verði viðkomið.

61. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

62. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera, frá því að dimmir að kveldi og þar til birtir að morgni. Í kringum birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

63. gr.

Bannað er að hafa þakjárn, eða parta af þakjárni, laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt fjúki ekki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

64. gr.

Ekki má nota gaddavírsgirðingar meðfram vegum í kauptúnum og hvergi nær íbúðarhúsum eða almannafæri en sex metra.

65. gr.

Báta, eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd og lögreglustjóri, eða hvor um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður og innan þess frests er honum var settur.

66. gr. 48

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni 22. marz
getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

X. KAFLI
Um umferð.

67. gr.

Það er stranglega bannað að ríða hraðar en hægt brokk á götum kauptúnanna.

68. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnanna og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar. Hestar, sem staddir eru í kauptúni, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

69. gr.

Um götuhorn skal ekið í kröppum boga ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir hest, eða vagn eða annað ökutæki, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að nema staðar með hest, vagn eða annað ökutæki, á gatnamótum eða fast við þau, eða þar, sem ökutæki heldur kyrru fyrir beint á móti, hinum megin á götunni.

70. gr.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum og komið honum til varðveizlu á kostnað þess, en flutningnum stýrir. Hest má aldrei binda úti við í kauptúnum, né láta standa í réttum í köldu veðri, eða óhæfilega lengi, að dómi lögreglunnar, þó að gott veður sé. Getur lögreglan tekið slíkan hest til varðveizlu á kostnað umráðamanns.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kauptúni, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á túnlóðum einstakra manna.

XI. KAFLI
Um skepnuhöld o. fl.

71. gr.

Enginn má hafa sauðfé heima í löndum hreppanna eða innan kauptúnanna á tímabilinu frá fjárrekstrum á vori til fjallskila á hausti, nema í fjárheldri girðingu eða svo öruggri gæzlu, að ágangur á land annarra geti eigi af hlotizt. Enginn má láta hross ganga laus í landi hreppanna nema í gripheldri girðingu sé. Sama gildir um nautpening.

Hænsni og aðra alifugla má ekki hafa nema þeir séu í tryggilega afgirtu svæði, eða öruggri vörzlu, á tímabilinu frá 10. maí til 30. september, svo að þeir geti ekki valdið öðrum tjóni.

48 72. gr.

22. marz Hesta, nautpening, sauðfé og alifugla, sem ganga lausir í kauptúnum á þeim tíma, sem óheimilt er að hafa þá þar samkvæmt framanskráðu, má lögreglan handsama. Sömuleiðis má sá, er fyrir ágangi gripa verður, handsama þá til bráðabirgða, og skal hann þá þegar skýra lögreglustjóra eða hreppstjóra frá því og öðrum málavöxtum.

Allan kostnað við handsömun og varðveizlu flækingspenings greiðir eigandi hans.

73. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og að minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti, ársgömlu eða eldra. Ekki mega naut standa úti á götu eða stræti gæzlulaus. Naut hálfs árs eða eldri mega alls ekki ganga saman við kýr kauptúnanna.

74. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossa, sem koma til kauptúnanna til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

75. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagabeit í landi kauptúnanna, bæði hvernig hagabeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana.

76. gr.

Hreppsnefnd skal hafa eftirlit með því, að hundar þeir, sem leyft er að hafa í kauptúnum, séu hreinsaðir á hausti hverju.

XII. KAFLI

Um mannvirki og lóðir í kauptúnum.

77. gr.

Enginn má í löndum kauptúnanna rista torf eða strengi, stinga hnausa, rífa hrís eða lyng, taka grjót, sand eða möl án leyfis og tilvísun hreppsnefndar.

Bannað er að kveikja í sinu eða öðrum gróðri í landi kauptúnanna nema með leyfi hreppsnefndar.

Allt svæðið frá Sandskeri og inn að Stórugrund við Hólmavík skal friðað fyrir skotum.

78. gr.

Skylt er hverjum, sem tekur mó í löndum kauptúnanna, að ganga svo frá gröfum og haga greftri svo, að ekki stafi hætta af, enda má enginn taka mó í landi kauptúnanna, nema með leyfi og eftir tilvísun hreppsnefndar eða umboðsmanns hennar.

XIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

79. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn, yngri en 12 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 9 á kvöldin á tímabilinu frá

21. september til 20. marz og ekki seinna en kl. 10 á tímabilinu frá 21. marz til 20. september, nema þau séu í fylgd með fullorðnum. 48 22. marz

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu né eiga erindi, að vera á bryggjum kauptúnanna.

Á dansleikjum mega börn innan 14 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kvöldi.

Foreldrar barnanna bera ábyrgð á því að fyrirmælum þessarar greinar sé hlýtt.

Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

80. gr.

Í húsum, sem opinberar samkomur eru haldnar í, skulu vera að minnsta kosti tvennar dyr, til útgöngu, og skulu hurðir falla út.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.

XIV. KAFLI
Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

81. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Strandasýslu. Þó gilda ákvæði annars þáttar aðeins um kauptún þau, sem nefnd eru í fyrirsögn þáttarins.

82. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni. Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

XV. KAFLI
Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

83. gr.

Með mál, sem rísa kunna út af samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

84. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur þyngri refsing við að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa foreldrum eða forráðamönnum fyrir yfirsjónina.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

85. gr.

Ef einhver lætur ógert það, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, má lögreglustjóri láta fram-

48 22. marz

kvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanræksla valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

86. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað. Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 22. marz 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

49

KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenzkum námsmönnum.

Ársreikningur 1942.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr.	119563.09
Aukning á árinu 1942, samkv. eftirfarandi reikn.	—	65.98
	Kr.	119629.07

Eignum sjóðsins er þannig varið:

1. Veðdeildarbréf	kr.	30800.00
2. Jarðræktarbréf	—	17100.00
3. Kreppulánasjóðsbréf	—	8000.00
4. Veðskuldabréf	—	56750.00
5. Inneign í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands	—	6979.07
	Kr.	119629.07

Tekjur:

1. Vextir af veðdeildarbréfum	kr.	1540.00
2. — — jarðræktarbréfum	—	940.50
3. — — kreppulánasjóðsbréfi	—	440.00
4. — — veðskuldabréfum	—	2970.00
5. — — bankainnstæðu	—	175.48
	Kr.	6065.98

49

Gjöld:

1. Styrkur til Eggerts Steinþórssonar, læknis, til framhaldsnáms í skurðlækningum	kr.	2000.00
2. Styrkur til Jóhannesar Bjarnasonar, stúdents, til verkfræðináms, með landbúnaðarvélar sem sérgrein	—	2000.00
3. Styrkur til Kristjáns Jónassonar, læknis, til framhaldsnáms í læknisfræði (embættislækningum)	—	2000.00
4. Tekjur umfram gjöld	—	65.98
	Kr.	6065.98

Forsætisráðuneytið, 14. janúar 1943.

F. h. r.
e. u.
Birgir Thorlacius.

SNORRASJÓÐUR 1930

50

Ársreikningur 1942.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi	kr.	146068.82
Aukning á árinu, samkvæmt neðan greindum reikningi	—	2040.74
	Kr.	148109.56
Eignum sjóðsins er varið þannig:		
Jarðræktarbréf	kr.	146100.00
Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	2009.56
	Kr.	148109.56

Tekjur:

Vextir af jarðræktarbréfum	kr.	7892.50
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	—	48.24
	Kr.	7940.74

Gjöld:

Styrkur til náms í Noregi:		
Jón Jónsson, stúdent, til fiskifræðináms við háskólann í Oslo	kr.	2000.00
Rögnvaldur Þorlaksson, stúdent, til verkfræðináms við háskólann í Þrándheimi	—	1300.00
Páll Hafstað, til landbúnaðarnáms að Ási	—	1300.00
Sveinn Ellertsson, til mjólkuriðnaðarnáms að Ási	—	1300.00
	Kr.	5900.00
Lagt við höfuðstól	kr.	2040.74
	Kr.	7940.74

Reykjavík, 4. febrúar 1943.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Hilmar Stefánsson.

Haukur Þorleifsson.

51 **STYRKTARSJÓÐUR TIL SVÍÞJÓÐARFERÐA**

Ársreikningur 1942.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr.	6911.50

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðu	kr.	138.22
	Kr.	7049.72
Eign í árslok 1942	kr.	7049.72

Forsætisráðuneytið, 14. janúar 1943.

F. h. r.
e. u.
Birgir Thorlacius.

52 **BERKLAVARNASJÓÐUR**

fyrir Berklavarnasjóð Ólafs Halldórssonar konferensráðs árið 1942, stofnaður samkvæmt erfðaskrá árið 1931.

Ársreikningur 1942.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr.	1735.33
Aukning á árinu 1942 samkvæmt eftirfarandi reikningi	—	52.89
	Kr.	1788.22

Eignum sjóðsins er þannig varið:

1. Inneign í sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands	kr.	1588.22
2. Hlutabréf í h/f Eimskipafélagi Íslands	—	200.00
	Kr.	1788.22

Tekjur:

1. Vextir af bankainnstæðu	kr.	44.89
2. Arður af hlutabréfum í h/f Eimskipafélagi Íslands	—	8.00
	Kr.	52.89

Forsætisráðuneytið, 14. janúar 1943.

F. h. r.
e. u.
Birgir Thorlacius.

REIKNINGUR 53

sjóðsins Aldarminning Jóns forseta 1942.

Tekjur:

1. Eignir í ársbyrjun			kr. 7826.76
2. Tekjur sjóðsins á árinu:			
a. Vextir af bankabréfum	kr. 266.50		
b. Vextir af sparisjóði	— 48.04		— 314.54
			Kr. 8141.30

Gjöld:

1. Styrkir á árinu			kr. 250.00
2. Eignir í árslok:			
a. Bankavaxtabréf	kr. 5400.00		
b. Innstæða í sparisjóði	— 2491.30		— 7891.30
			Kr. 8141.30

Ísafirði, 31. desember 1942.

Þorsteinn Sveinsson.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS 54

Jafnaðarreikningur 31. desember 1942.

Eignir:

Útlán		kr. 3347767.00
Bankainnstæða		— 1485452.68
		Kr. 4833219.68

Skuldir:

Stofnsjóður		kr. 4374299.55
Varasjóður		— 365362.53
Fyrirfram greiddir vextir		— 93557.60
		Kr. 4833219.68

Reykjavík, 8. janúar 1943.

STJÓRN FISKVEIÐASJÓÐS ÍSLANDS

Helgi Guðmundsson. **Valtýr Blöndal.** **Ásg. Ásgeirsson.**

Elías Halldórsson.

Framanritaðan reikning höfum við endurskoðað og borið hann saman við bækur og skjöl sjóðsins og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík, 27. febrúar 1943.

Vigfús Einarsson. *Benedikt Sveinsson.*

54

Rekstrarreikningur 1942.

Tekjur:

1.	Frá fyrra ári	kr.	68585.87
2.	Vextir	—	177887.84
3.	Fiskveiðasjóðsgjald 1941	—	203593.36
4.	Hluti Fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldi 1941	—	271530.06
5.	Frá skuldaskilasjóði	—	300000.00
		Kr.	1021597.13

Gjöld:

1.	Kostnaður	kr.	48490.69
2.	Styrkur til tímaritsins Ægis	—	500.00
3.	Tekjuliðir 3—5, lagðir í stofnsjóð	—	775123.42
4.	Til næsta árs, fyrirfram greiddir vextir	—	93557.60
5.	Tekjuafgangur: Í stofnsjóð	—	51962.71
	— Í varasjóð	—	51962.71
		Kr.	1021597.13

55

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings 1942.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári:			
	a. Veðskuldabréf	kr.	36500.00	
	b. Bankavaxtabréf	—	6500.00	
	c. Sparisjóðsinnstæða	—	14076.69	kr. 57076.69
2.	Vextir:			
	a. Af veðskuldabréfum	kr.	1942.50	
	b. — bankavaxtabréfum	—	292.50	
	c. — sparisjóðsinnstæðu	—	325.90	— 2560.90
				Kr. 59637.59

Gjöld:

1.	Styrkur til ekkna sjómanna			kr. 2420.00
2.	Sjóður til næsta árs:			
	a. Veðskuldabréf	kr.	29500.00	
	b. Bankavaxtabréf	—	4500.00	
	c. Sparisjóðsinnstæða	—	23217.59	— 57217.59
				Kr. 59637.59

Tollstjórinn í Reykjavík, 12. febrúar 1943.

Jón Hermannsson.

REIKNINGUR 56

fyrir styrktarsjóð læknishjónanna Ingibjargar Ísleifsdóttur og Ólafs Finsen, héraðslæknis á Akranesi, 1942.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun: Í Söfnunarsjóði Íslands, aðaldeild nr. 589	kr. 2360.92
2.	Vextir frá árinu 1941, innfærðir á árinu	— 116.91
3.	Gjafir lagðar í Söfnunarsjóð	— 1350.00
4.	Gjafir hjá gjaldkera	— 100.00
5.	Gjöf stofnanda, Ó. F., verðlagsuppbót á styrk	— 112.34
		Kr. 4040.17

Gjöld:

1.	Styrkur veittur á árinu Petrínu Jónsdóttur ekkju á Sleipnisv. 22 ..		kr. 200.00
2.	Sjóður í árslok:		
	a. Söfnunarsjóður nr. 589	kr. 3827.83	
	b. Hjá gjaldkera	— 12.34	— 3840.17
			Kr. 4040.17

Akranesi, 15. janúar 1943.

Ólafur Finsen. Árni Árnason. Þorsteinn Briem. Þuríður Guðnadóttir.

Reikning þenna höfum við endurskoðað og borið saman við söfnunarsjóðsbók nr. 589.

Við vottum að reikningurinn sé réttur og eignirnar fyrir hendi.

Akranesi, 23. jan. 1943.

Árni Böðvarsson. Svbj. Oddsson.

REIKNINGUR 57

Minnisvarðasjóðs Hannesar Hafstein árið 1942.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 440.22

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðu	kr. 13.20
	Kr. 453.42
Eign í árslok 1942	Kr. 453.42

Forsætisráðuneytið, 14. janúar 1943.

F. h. r.
e. u.
Birgir Thorlacius.

58

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs Vestmannaeyja árið 1942.

Tekjur:

1.	Eign frá fyrra ári			kr. 32295.23
2.	Styrkur frá ríkissjóði Íslands			— 800.00
3.	Styrkur frá bæjarsjóði Vestmannaeyja			— 800.00
4.	Gjafir á árinu			— 740.00
5.	Afborgun af skuldabréfi Guðl. Br. Jónssonar			— 600.00
6.	Afborgun af skuldabréfum hafnarsjóðs			— 200.00
7.	Vextir:			
	a. Af skuldabréfi Guðl. Br. Jónssonar	kr.	54.00	
	b. — kreppulánasjóðsbréfum	—	176.00	
	c. — veðdeildarbréfum	—	735.00	
	d. — hafnarsjóðsbréfum	—	396.00	
	e. — bæjarsjóðsbréfum	—	160.00	
	f. — bankainnstæðu	—	92.56	
				— 1613.56
				Kr. 37048.79

Gjöld:

1.	Móti tekjulið 5 og 6			kr. 800.00
2.	Styrkur veittur ekkjum og börnum			— 1700.00
3.	Kostnaður við sjóðinn			— 35.00
4.	Eignir:			
	a. Skuldabréf bæjarsjóðs	kr.	4000.00	
	b. Skuldabréf hafnarsjóðs	—	6400.00	
	c. Veðdeildarbréf	—	14700.00	
	d. Kreppulánasjóðsbréf	—	3200.00	
	e. Skuldabréf Guðl. Br. Jónssonar	—	300.00	
	f. Innstæða í bankabók	—	5913.79	
				— 34513.79
				Kr. 37048.79

Vestmannaeyjum, 2. janúar 1943.

Sveinn P. Scheving.

59

REIKNINGUR

fyrir Minningarsjóð Ísfirðinga árið 1942.

Tekjur:

1.	Eignir í ársbyrjun:			
	a. Bankavaxtabréf	kr.	6900.00	
	b. Ýmis verðbréf (nafnverð)	—	2422.90	
	c. Erlend verðbréf	—	150.00	
	d. Skuldabréf með afborgun	—	77.10	
	e. Innstæða í sparisjóði	—	4674.70	
				kr. 14224.70
				Flyt kr. 14224.70

	Flutt	kr. 14224.70	59
2. Tekjur sjóðsins á árinu:			
a. Vextir af bankavaxtabréfum	kr. 332.50		
b. — — hlutabréfi í Eimskip	— 40.00		
c. — — hlutabr. Íshúsfél.	— 159.50		
d. — — skuldabr. í Rafveitunni	— 10.00		
e. — — skuldabr. Hj. Kr.	— 3.86		
f. — — sparisjóði	— 100.91		
g. Selt hlutabréf (umfram nafnverð) (Raflf)	— 160.10		
		— 806.87	
		Kr. 15031.57	

Gjöld:

1. Leiga á geymsluhólfi		kr. 15.00	
2. Til næsta árs:			
a. Bankavaxtabréf	kr. 6900.00		
b. Ýmis verðbréf	— 2330.00		
c. Skuldabréf með afborgun	— 77.10		
d. Erlend verðbréf	— 150.00		
e. Innstæða í sparisjóði	— 5559.47		
		— 15016.57	
		Kr. 15031.57	

Ísafirði, 31. des. 1942.

Þorsteinn Sveinsson.

AUGLÝSING

60

25. marz

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hvammstangakauptún frá 5. september 1939.

1. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Hin löggilta höfn nær yfir svæði, sem takmarkast þannig: Að sunnan ræður bein lína vestur á fjörðinn eftir sammiði tveggja hvítra varða við Vallahöfða, að norðan ræður bein lína vestur á fjörðinn eftir sammiði tveggja hvítra varða á norðurtakmörkum Hvammstangahrepps. Til vesturs nær höfnin svo langt út á fjörðinn sem skip liggja.

Reglugerðarbreyting þessi er hér með gerð samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna o. fl. Öðlast hún gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

61
30. marz

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Norðfjarðar.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Norðfjarðar, og skal heimili hans og varnarþing vera í Neskaupstað.

2. gr.

Til tryggingar því, að geymslufé sjóðsins verði eigi glatað og að sjóðurinn standi í skilum, skal hann hafa ábyrgðarmenn fyrir ekki minni upphæð en 5000.00 — fimm þúsund krónum.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 20. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til þess að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur aldrei fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en hinir 2 af bæjarstjórn Neskaupstaðar á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til fjögra ára. Hlutfallskosningu skal við hafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að bæjarstjórn kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Ekki mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr. 61

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari. 30. marz
Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er stjórninni að hafa þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hafi verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft, sem þörf krefur, og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann skriflega öllum ábyrgðarmönnum 2 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann lögmætur, hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $^2/_3$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

a. Innlög eru tekin á gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.

61 30. marz

c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.

d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.

e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 10000 krónur.

f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 500 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna, þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá kr. 100.00 til kr. 500.00 sé með viku fyrirvara sagt upp, og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 500 krónur á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins, að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlut-

aðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskipta- 61
bókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð inn- 30. apríl
stæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til þess að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi a. m. k. 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá bönkum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess, að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi ⅗ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórnin álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

61
30. marz

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að greiða fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar, eða formaður í umboði hennar, sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár, vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd, og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar eru eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíla á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

29. gr. 61

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna. 30. marz

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til þess að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af bæjarstjórn Neskaupstaðar, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara, og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikn-

61 30. marz

ingurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð um sparisjóði frá 15. febrúar 1942, og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. marz 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

62 30. marz

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Glæsibæjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Glæsibæjarhrepps. Heimili hans og varnarþing er í Glæsibæjarhreppi.

2. gr.

Til tryggingar því, að geymslufé innlagsmanna glatist ekki og að sjóðurinn standi í skilum, skal sveitarfélagið sem stofnandi hans ábyrgjast innstæðuna og skal hreppsnefndin, fyrir hönd sveitarfélagsins, skrifa undir skuldbindingu þar að lútandi í gerðabók hreppsins. Ábyrgðin er óuppsegjanleg.

3. gr.

Á almennum sveitarfundi, sem jafnframt er aðalfundur sparisjóðsins og haldinn skal fyrir lok marzmánaðar ár hvert, kjósa atkvæðisbærir hreppsbúar 3 menn í stjórn sjóðsins til fjögra ára í senn. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórn 4 ár samfleytt er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, flytji burt úr héraðinu eða verði á annan hátt óhæfur til þess að gegna stjórnarstörfum, skal hreppsnefndin skipa mann til að gegna störfum hans þar til aðalfundur sjóðsins kemur saman. Ekki má stjórn sjóðsins reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, sem komið gæti í bága við hagsmuni sjóðsins. Stjórnin ræður starfsmenn og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur og starfsmenn og hverjir geti undirritað kvittanir og yfirlýsingar, svo skuld-

bindandi sé fyrir sjóðinn, beri einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því að ekk- 62
ert af fé sjóðsins glatist fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir hand- 30. marz
vömm eða óráðvendni stjórnar, starfsmanna eða endurskoðenda, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum né ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn: féhirðir og bókari. Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sjóðnum nema tveir úr stjórn hans eða starfsmenn séu viðstaddir og rita þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins hvor um sig. Féhirðir má veita móttöku greiðslum í sjóðinn án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu ekki viðstaddir.

Heimilt er að stjórn sjóðsins hafi þessi störf með höndum. Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn. Starfsmenn skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, en heimilt er stjórn sjóðsins að segja þeim upp starfinu fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir fyrir hendi. Skal formaður þá leggja málið fyrir sveitarstjórn, sem fellir í því fullnaðarúrskurð.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur krafizt þess að féhirðir setji tryggingu fyrir því fé, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

8. gr.

Sérhver greiðsla í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust rituð í dagsjóðbók og aðrar þær bækur, sem greiðsla á heima í, og einnig skal rita afborganir af lánum á hlutaðeigandi skuldabréf.

Allar bækur skulu skýrt og greinilega færðar, og sé einhverri tölu breytt, skal sjást í hverju breytingin var innifalin. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja greiðslu.

9. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti 4 sinnum á ári og ákveður stjórnin hvernig haga skuli starfrækslu sjóðsins.

10. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok marzmánaðar ár hvert og boðar sveitarstjórn fundinn með nægum fyrirvara. Þar skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum reikningshaldara og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar sveitarstjórn þegar ástæða er til að dómi sparisjóðsstjórnar eða sveitarstjórn sér þörf á. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum nema ⅔ hlutar fundarmanna séu með breytingunni.

62 11. gr.

30. marz Innlög í sjóðinn skulu ekki vera minni en 1 króna í senn. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver maður viðskiptabók með sama nafni og númeri og í innstæðubók stendur og jafnframt samþykktir sjóðsins, ef þess er óskað. Telji sparisjóðsstjórnin skaðlegt fyrir sjóðinn að taka móti innstæðufé, getur hún neitað því, og einnig getur hún sett hömlur á hve mikið fé má leggja í reikning hvers einstaklings.

Um eignir manna í sjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

12. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sjóðstjórnin í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma, og skulu vextir reiknaðir að fullu og færðir í bækur sjóðsins í árslok. Í innstæðubókina skulu vextir færðir og lagðir við höfuðstólinn hjá hverjum innstæðueiganda. Vextir reiknast eftir þrítugnættum mánuðum og gjaldast í minnst einum eyri.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextir færðir í hana og þess þá nákvæmlega gætt, að hún beri saman við innstæðubókina. Finnist skekkjur í vaxtareikningi eftir að fært hefur verið í innstæðubók, má eigi breyta hinum skráðu tölum, en leiðrétta skal skekkjuna þegar í stað.

13. gr.

Nú vill sá, sem fé á í sjóðnum, fá það útborgað, og skal hann þá krefjast þess með tveggja mánaða fyrirvara, nema það sé 100 krónur eða minna. Innstæðufé má aldrei greiða nema viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin þegar skráð í hana. Starfsmenn sjóðsins skulu gæta þess nákvæmlega, að bera bækur sjóðsins saman við viðskiptabókina í hvert skipti sem innstæða er hreyfð.

Það er eigi á ábyrgð sjóðsins þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um eða eitthvað af því.

14. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast í gjaldgengri mynt eða seðlum. Greiðist innstæða að fullu skal skila viðskiptabók aftur án endurgjalds. Glatist viðskiptabók verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

Ef eigandi að innstæðu eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár til þess að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

15. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fyrirvara. Skal þá gefa út auglýsingu um það í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar. Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem upp var sagt.

16. gr.

Ársarð af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð.

Tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema varasjóður sé 1% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu.

Þegar svo er komið hag varasjóðs getur stjórnarráðið samþykkt samkvæmt tillögum sparisjóðsstjórnar, að verja megi fé úr sjóðnum til almennra þarfa í héraðinu.

17. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum auðseldum verðbréfum eða inneign í banka sem er ríkistryggður. Þó er eigi skylt að koma meira af varasjóði svo fyrir en 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan.

Eigi má grípa til þessa fjár nema nauðsyn krefji og skal þá svo fljótt sem verða má koma því í lag aftur.

18. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf sem álíta má jafn góð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn veði í fasteign og þó aldrei yfir 60% af fasteignamati eða öðru mati sem lögskipaðir matsmenn framkvæma. Sjálfskuldarábyrgðarlán má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun og sé þeim að fullu lokið innan 10 ára frá lánveitingu;
c. með því að kaupa víxla, sem stjórn sjóðsins telur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegt.

19. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af lánum. Verði vanskil á vöxtum, greiði skuldunautur 1% dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

20. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum nema meiri hluti stjórnarinnar sé því samþykkur og ákveði lánshámark.

Sparisjóðurinn skal ætíð eiga 1/10 hluta af innstæðufénu í ríkistryggðum banka eða auðseljanlegum verðbréfum.

Komi það fyrir að stjórn sjóðsins neyðist til að grípa til þessa fjár, skal það lagfært svo fljótt sem mögulegt er og ætíð skal það gert innan tveggja mánaða. Verðbréfaforða sjóðsins má eigi skerða nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur. Ef verðbréf, sem sjóðurinn á, hljóða á handhafa, skulu þau skráð sem eign sjóðsins.

21. gr.

Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema öll stjórn sparisjóðsins sé því samþykk.

Ef sjóðurinn veðsetur verðbréf sín, skal það greinilega skráð í bækur sjóðsins hverjum bréfin séu veðsett og einnig skulu vera í vörzlum sjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins.

22. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísanir á sjálfan sig.

23. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir og lagðir fyrir sveitarfund til samþykktar fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

24. gr.

Reikningur sparisjóðsins skal gerður samkvæmt fyrirmynd, sem sparisjóðseftirlitið setur á hverjum tíma.

25. gr.

Semja skal við hver árslok skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, ásamt vöxtum. Skal tala viðskiptabóka nákvæmlega sjást á skrá þessari.

62 30. marz

Einnig skal semja skrá yfir öll lán, sem sjóðurinn á útistandandi, hverju nafni sem nefnast, og skal þar sjást greinilega hvað eru fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og víxlar. Gjalddagi allra lána skal sjást og fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir, einnig hvernig víxilréttar hefur verið gætt. Á skrám þessum skal geta nafns hvers lántakanda og einkennistölu. Loks skal semja skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

26. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

27. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu kjósa 2 endurskoðendur, með hlutfallskosningu, til eins árs í senn og 2 varaendurskoðendur.

Endurskoðendur má endurkjósa.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

28. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins og verðbréfaeign að minnsta kosti missirislega og einnig hafa þeir aðgang að öllum bókum, skjölum og öðrum verðmætum sjóðsins hvenær sem þeim þykir nauðsyn til bera.

29. gr.

Endurskoðendum er skylt að gæta þess, að öll bókfærsla sparisjóðsins sé í lagi og allra fyrirmæla þar um sé nákvæmlega gætt. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo úr verði tafarlaust bætt.

30. gr.

Ársreikning sjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka strax eftir að hann er saminn og rita síðan vottorð á hann um að endurskoðun sé lokið. Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

31. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um reikningshald sparisjóðsins eða annað það, er bókfærslu sjóðsins snertir, sker sparisjóðseftirlitið úr. Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð um sparisjóði frá 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrirmæli og stjórn sjóðsins bætir ekki tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

32. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. marz 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

63
30. marz

SAMÞYKKTIR
fyrir Sparisjóð Siglufjarðar.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Siglufjarðar, og skal heimili hans og varnarþing vera Siglufjörður.

2. gr.

Ábyrgðarfé sjóðsins skal aldrei vera minna en 10 þúsund krónur.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 20. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en hinir 2 af bæjarstjórn Siglufjarðar á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til fjögra ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að bæjarstjórn kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

63 7. gr.

30. marz Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun á víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið.

Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti tveir í mánuði hverjum og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum 3 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti ekki helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema ⅔ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl. 63
30. marz

13. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 50 þúsund krónur.
f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans.

Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 1000.00 til kr. 2000.00 sé með viku fyrirvara sagt upp, og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 2000 krónur á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

63 30. marz

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign í Landsbanka Íslands. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi ⅗ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar. Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þess fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það eigi gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórnin tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin eru geymd, og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

63
30. marz

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárirð og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslok, og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til þess að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af bæjarstjórn með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr. 63

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur spari- 30. marz
sjóðsins

33. gr.

Skylt skal endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári, og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð frá 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

38. gr.

Hætti sparisjóðurinn starfsemi sinni, skal skuldlausum eignum sjóðsins varið til einhvers nytsamlegs fyrirtækis í almenningsþarfir, eftir ákvörðun þeirra manna ,er síðast eru í stjórn sjóðsins.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. marz 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

64
30. marz

SAMÞYKKTIR

Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, og skal heimili hans og varnarþing vera í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru undirritaðir 63 ábyrgðarmenn hans, og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar til þess að ábyrgjast, að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en 500 krónur. Hver ábyrgðarmaður leggur fram þegar í stað 250 kr. af ábyrgðarupphæð sinni sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því fé á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 50 búsettir í Reykjavík. Skal stjórninni, með aðstoð annarra ábyrgðarmanna, skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður, nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag ábyrgðarmanns endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en hinir 2 af bæjarstjórn Reykjavíkur á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að bæjarstjórn kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins hefur umsjón með öllum framkvæmdum hans. Hún ræður starfsmenn hans, ákveður kaup þeirra og kjör og segir þeim upp starfi, ef henni þykir ástæða til.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna

sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeig- **64**
endum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og 30. marz
lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra, né reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins. Sé stjórnandi eða starfsmaður sparisjóðsins í stjórn einhvers annars fyrirtækis eða framkvæmdastjóri þess, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum nema sparisjóðsstjórnin samþykki það einróma og sparisjóðseftirlitið leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið ásamt því, sem áður kann að hvíla á eigninni, ekki fram úr $^3/_5$ matsverðs fasteignarinnar.

6. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu tafarlaust hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins og ráðnir starfsmenn hans.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjónum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Sparisjóðseftirlitið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í sjóðsbók sjóðsins og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi, hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti einu sinni á viku, og ákveður stjórnin, hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins. Sparisjóðsstjórnin skal hafa gerðabók, er í séu skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánsynjanir, lántökur og annað slíkt.

12. gr.

Í marzmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum með ábyrgðarbréfi, er afhent sé á póststofuna í Reykjavík 5 dögum

64 fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár,
30. marz með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og féhirðis, og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur, þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur, hversu fáir sem mæta. Á fundum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á lögum sparisjóðsins, nema $^2/_3$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

Ábyrgðarmaður getur ekki látið aðra mæta fyrir sig á fundum.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók, og fær hver innlagsmaður dálk.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Í viðskiptabókina skal prenta ágrip af lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og samþykktir sparisjóðsins sjálfs, og gildir hún í öllu sem samningur við sjóðinn. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Sparisjóðurinn tekur einnig við innlögum með þeim kjörum, að hægt er að taka út peninga af innstæðunni gegn ávísun og án þess, að viðskiptabók sé sýnd, og skal þá greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.
e. Aldrei má sparisjóðurinn taka á móti meira innlánsfé en svo, að það, að frádregnu því, er hann á í sjóði, innistandandi í innlendum bönkum, í tryggum verðbréfum eða lánum gegn veði í fasteign, nemi 25 sinnum eigin fé sparisjóðsins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá, samkvæmt þessari málsgrein, önnur fasteignalán en þau, þar sem lánið, ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meira en $^3/_5$ fasteignamatsverðs hennar.
f. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
g. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.
h. Fé það, sem lagt hefur verið í sparisjóðinn, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi, á meðan það stendur þar.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á dálk hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, þó svo, að frá teljast móttökudagar og úttökudagar, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir 14. jan. ár hvert, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðu- 64
bók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna á þann 30. marz
hátt, að skrá mismuninn, en jafnframt færist sparisjóðnum til reiknings í innstæðubókina og viðskiptabókina, næst þegar hún verður sýnd.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá 500 til 1500 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 2000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana, eða gegn ávísun, ef eigandi hefur samið svo um og það er letrað á viðskiptabók hans. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé rétt gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Innstæðueigandi getur áskilið, að á áberandi stað á viðskiptabók sinni sé letrað, að hann einn eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið peninga úr henni.

Nú ber viðskiptabók eigi slíka áletrun, og er það þá eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið í hlutaðeigandi dálk í innstæðubók, um leið og greiðslan er þar skráð, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum, og tilfærist endurborgað fé í dálk eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds. Ef viðskiptabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæður, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sé þrisvar í röð í Lögbirtingablaði, með 6 mánaða fyrirvara frá því að 1. auglýsingin er birt, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefur sagt til sín áður en téður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiptabókina hefur fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiptabókin kann að hafa verið afsöluð, geti gert kröfur á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

18. gr.

Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, skal ekki reikna vexti af innstæðunni framar. Ber þá að skora á eiganda að segja til sín, og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og ef bók glatast. Ef hann gefur sig ekki fram áður en tilskilinn frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild og féð, ásamt

64 30. marz

vöxtum, eign sparisjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða fé, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu. Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórnin tilkynna sparisjóðseftirlitinu það.

21. gr.

Sparisjóðurinn greiðir árlega 2% af nettó ágóða sínum í tryggingarsjóð sparisjóða, unz eign sparisjóðsins í tryggingarsjóði er orðin 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins.

22. gr.

Árstekjur sparisjóðsins, að frádregnum kostnaði, greiðslu í tryggingarsjóð, vöxtum og því fé, sem lagt er til hliðar til að mæta fyrirsjáanlegum töpum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á stofnfé og greiddu ábyrgðarfé, ef varasjóður nemur meira en 10% af sparisjóðsinnstæðunni.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar hagur varasjóðs leyfir, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

III. Um lánveitingar o. fl.

23. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna eða félaga gegn áreiðanlegu fasteignaveði eða gegn sjálfskuldarábyrgð. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins álítur heppilegan.

Stjórnin setur sér reglur um lánveitingar úr sjóðnum.

24. gr.

Að öðru jöfnu skulu íbúar Reykjavíkur og nágrennis ganga fyrir öðrum um lánveitingar úr sjóðnum.

25. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Til lána gegn sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð héraðs eða sveitar og til fasteignaveðslána umfram 60% matsverðs, má sparisjóðurinn aldrei verja meira en sem svarar 12½ sinnum eigin fé sjóðsins. Þar af mega sjálfskuldarábyrgðarlán aldrei nema meira en 2 sinnum eigin fé sjóðsins.

Aldrei má sparisjóðurinn lána einum viðskiptamanni eða fleiri viðskiptamönnum, sem eru fjárhagslega tengdir, meira en sem svarar 50% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu. Í ofangreindri lánsupphæð skal þó ekki telja:

1. lán veitt gegn veði í fasteign, ef það er ekki hærra en ⅗ fasteignamatsverðs;
2. lán veitt gegn veði í skipum allt að 50% af matsverði;
3. lán, sem eru tryggð með inneign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréfum eða öðru handveði.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar samþykki.

26. gr.

Sérstaka bók skal jafnan halda um lán úr sjóðnum. Skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, og skal þar tilgreint um lántakanda, tryggingu, upphæð lánsins, afborganir og vaxtagreiðslur. Einnig skal halda skrá um skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers og eins gagnvart sjóðnum.

27. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Hafi sparisjóðurinn tekið lán, skal í bókum sjóðsins vera sérstakur dálkur fyrir hverja lántöku.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

28. gr.

Sparisjóðurinn má eigi eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans, og ekki hlutabréf. Þó má hann yfirtaka fasteign eða hlutabréf, sem honum hefur verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda. Sparisjóðurinn má ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra. Halda skal skrá um eignir sparisjóðsins, svo sem verðbréf o. fl.

29. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

30. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert.

64 30. marz

31. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum, og sé þar greint, hver sjóðsforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið. Einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir ábata og halla sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn, eins og hagur hans stóð í árslok.

32. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðeigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrirfram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

33. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir sparisjóðseftirlitsins sýna.

V. Um endurskoðun.

34. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, kýs bæjarstjórn Reykjavíkur með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur til eins árs í senn.

35. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu, hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

36. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi.

Jafnan skulu endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig. Einnig eiga þeir rétt á að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins, svo oft sem þeim þykir þörf á.

37. gr. 64

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt tilfærðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt. 30. marz

38. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið því starfi sínu fyrir febrúarmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

39. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrlausnar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur finna eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sparisjóðsins, og stjórn sparisjóðsins tekur þær athugasemdir ekki til greina eða tregðast við að bæta úr ágöllum, sem endurskoðendur telja vera á starfrækslu sparisjóðsins, eða þeir telja að rekstur sparisjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941.

40. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrirfram.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. marz 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKTIR 65

fyrir Sparisjóð Akureyrar. 31. marz

I. Stofnun, nafn, tilgangur, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Akureyrar og skal heimili hans og varnarþing vera á Akureyri.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að auknum sparnaði og fjársöfnun meðal almennings, með því að veita sparifé móttöku til ávöxtunar á hagkvæman og tryggan hátt, svo og að bæta úr sívaxandi veltufjárþörf atvinnuveganna, með það markmið fyrir augum að íslenzkt atvinnulíf geti sem fyrst orðið óháð erlendu fjármagni.

65 31. marz

3. gr.

Til tryggingar því, að innstæðu og vörzlufjáreigendur missi einskis, þó sjóðurinn kunni að verða fyrir tapi, er ábyrgð 30 manna, er upphaflega voru stofnendur sjóðsins. Ábyrgist hver einstakur þeirra kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —, og setur fulla tryggingu fyrir því, er stjórn sjóðsins tekur gilda. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr héraði, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Fella skal þó niður ábyrgð ábyrgðarmanns, ef sýnt þykir að ábyrgð hans sé eigi trygg. Fá skal jafnan nýja ábyrgðarmenn í stað þeirra er frá ganga, svo að þeir verði aldrei færri en 30. Sparisjóðsstjórnin samþykkir val þeirra.

Til tryggingar sparisjóðnum er enn fremur varasjóður hans, jafnótt sem hann myndast. Varasjóður og upphæð sú, er ábyrgðarmenn ábyrgjast, má aldrei nema minnu samanlagt en kr. 30000.00.

Ábyrgðarmenn sjóðsins hafa einir atkvæði um málefni hans. Sameiginlegir fundir þeirra um málefni sjóðsins nefnast sparisjóðsfundir. Ábyrgðarmenn hafa leyfi til þess að veita öðrum ábyrgðarmanni umboð til að fara með atkvæði sitt á sparisjóðsfundum, ef alvarleg forföll eru fyrir hendi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir úr flokki ábyrgðarmanna á aðalfundi sparisjóðsins ár hvert, þá skal og kjósa 2 varamenn er taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra. Bæjarstjórn Akureyrar kýs hina 2 stjórnarnefndarmennina um líkt leyti og aðalfundur er haldinn, og til sama tíma. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim eigi skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Hlutfallskosningu skal við hafa ef þess er óskað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendur séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvort um sig. Þó má féhirðir

veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en 65
þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur 31. marz
féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti einu sinni á mánuði, og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum þrem dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $^2/_3$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skýrteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar

65 á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska.
31. marz Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins.

d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli sanda óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.

e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 25 þúsund krónur.

f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 500.00 til kr. 2000.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 500 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikningi eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds, og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan, ásamt vöxtum, orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er birt sé í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af reksri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $^3/_5$ fasteignamats af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

65 31. marz

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minni en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og í hver árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir. 65 31. marz

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af bæjarstjórn Akureyrar með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins

33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins

65 sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um
31. marz sparisjóði, svo og reglugerð 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

VI. Um eigur sjóðsins.

38. gr.

Nú samþykkja ábyrgðarmenn sparisjóðsins, með ⅔ hluta atkvæða á löglega boðuðum fundi, að hætta rekstri sjóðsins og leggja hann niður. Skal þá á þeim sama fundi kjósa 3 menn til að gera sjóðinn upp svo fljótt sem verða má.

Af eignum sparisjóðsins, sem eftir kunna að verða við uppgjörið, skal greiða fjárhæð þá, að upphæð kr. 9752.65, er stjórn varasjóðs Sparisjóðs Norðuramtsins afhenti Sparisjóði Akureyrar, samkvæmt fundargerð 24. janúar 1932, og sjóðbók sjóðsins 2. apríl sama ár. Tilnefni fundurinn 12 borgara í Akureyrarkaupstað til þess að stjórna sjóðeign þessari samkvæmt því er fyrir er mælt í lögum varasjóðs Sparisjóðs Norðuramtsins frá 30. marz 1919. Umsjónarmenn varasjóðs Sparisjóðs Norðuramtsins, sem þá kunna að vera á lífi, eru sjálfkjörnir.

Um aðrar eignir sparisjóðsins fer eftir því, sem fyrir er mælt í 28. gr. laga um sparisjóði frá 27. júní 1941.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. marz 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

66
1. apríl

REGLUGERÐ
um sundnám.

I. KAFLI
Sundnám skólabarna.

1. gr.

Þar, sem sundlaugar, sem starfræktar eru á skólatímanum, eru svo nærri skólum, að sundiðkunum verði komið við samhliða öðru námi, skal ætla nemendum sundtíma á stundaskrá skólans.

2. gr.

Þar, sem eigi háttar svo til, sem getur í 1. gr., skal kenna sund á námskeiðum, og skal hver nemandi eiga kost á minnst hálfsmánaðar kennslu.

Þar, sem sækja þarf sundnámskeið langt að, skal ríkissjóður greiða það af ferðakostnaði, sem fer yfir ákveðna upphæð á hvert barn, og ákveður fræðslumálastjórn upphæð þessa og skal það tilkynnt skólanefndum með hæfilegum fyrir-

vara. Séu nemendur fluttir til og frá sundstað daglega, verður hlutaðeigandi skóla- **66**
nefnd að semja við fræðslumálastjórnina um þátttöku ríkisins í kostnaðinum. 1. apríl

Það er háð samþykki íþróttafulltrúa, hvert skólanemendur eru fluttir til sundnáms.

3. gr.

Þegar sundtímar eða sundnámskeið skólanna fara fram, skal ætla þeim sérstakan tíma í lauginni, og gefi sundkennarar sig þá aðeins að sundkennslu skólanemenda

Flokka skal sundnemendur og séu að jafnaði eigi fleiri en 15 nemendur í hverjum flokki.

4. gr.

Að loknu sundnámi skulu nemendur ganga undir sundpróf, þar sem sundgeta hvers nemanda miðist við eftirfarandi sundstig:

I. stig (flotstig):
10 m bringusund.

II. stig (fullnaðarpróf barnafræðslunnar):
A. 30 m bringusund,
15 m baksund,
20 m sund í fötum,
tvenn björgunarsundgrip,
ein lífgunaraðferð,
náð í hlut frá botni í brjósthæðardjúpu vatni,
steypa sér til sunds af bakka,
B. 100 m bringusund,
40 m baksund,
25 m sund í fötunum,
20 m björgunarsund með jafningja (frjáls aðferð),
8 m kafsund,
tvenn björgunarsundgrip,
ein lífgunaraðferð,
kafa af sundi eftir hlut á 1,5 m dýpi,
steypa sér til sunds af bakka.

III. stig (áhugastig barna, framhaldsskólastig, stýrimanna- og vélstjóraskólastig):
200 m bringusund,
50 m baksund,
15 m kafsund,
50 m sund í fötunum,
25 m björgunarsund með jafningja,
troða marvaða og kafað eftir hlut á 1,5—2,5 m dýpi,
steypa sér til sunds frá 1 m hæð,
helztu björgunar- og leysitök,
ein lífgunaraðferð.

IV. stig (afrekssund):

	Hámarkstími	
	pilta	stúlkna
100 m bringusund,	1,35 mín.	1,50 mín.
1000 m bringusund,	22 mín.	30 mín.
100 m baksund,		
50 m skriðsund,		

66 1. apríl

25 m björgunarsund með jafningja, báðir í fötum, afklæðst á sundi,
sýna björgunar-, lífgunar- og leysitök.

5. gr.

Gefa skal nemendum einkunnir, sem hér segir:

I. stig 1—4,
II. stig A 4,50—7,
II. stig B 7,50—10,
III. stig 8—10.

Sundeinkunnina skal reikna með til aðaleinkunnar.

6. gr.

Sundprófin skulu fara fram undir eftirliti sundkennara og prófdómara, sem skólanefndin skipar.

7. gr.

Sundkennari og skólastjóri ákveða hvenær þreyta skuli sundpróf um eitthvert sundstiganna, og skulu nemendurnir þá ljúka þrautum stigsins innan ákveðins tíma.

8. gr.

Eigi skal nemendum heimilt að hlaupa yfir sundstig, heldur ljúka þeim í þeirri röð, sem greinir í 4. gr.

9. gr.

Heimilt er að stofna til sunds um sundmerki t. d. um IV. stig (afreksstig), en leggja skal getu og sundhæfi til grundvallar framar sundhraða. Varast skal alla keppni.

10. gr.

Hver nemandi, sem ekki hefur verið dæmdur óhæfur til sundnáms af skólalækni, skal að minnsta kosti hafa lokið II. stigi A eða B til þess að öðlast fullnaðarpróf barnafræðslunnar í sundi. Sé barnið í skólahverfi, sem hefur sundlaug, skal lágmarksstigið vera II. stig B. Þegar sérstaklega stendur á, er sundkennara heimilt að gefa undanþágu frá II. stigi B.

11. gr.

Leikfimikennarar skólanna skulu kenna sundtökin og lífgunaraðferð í leikfimitímunum.

Einnig skulu þeir, eða aðrir kennarar skólans, veita sundkennurum aðstoð við sundkennsluna og gæzlu barnanna, eftir nánari ákvörðun skólastjóra.

12. gr.

Kennarar skulu vekja athygli nemenda á nauðsyn sundsins, svo að þeir kosti kapps um að ná hærri sundstigum.

13. gr.

Að sundprófi loknu skal afhenda árituð sundskírteini í viðurvist allra barnanna og kennaranna, ef hægt er.

Hafi nemandi áður hlotið sundskírteini, en lýkur nú nýju sundstigi, skal hann afhenda skírteini sitt til undirskriftar og fær það afhent við fyrrnefnda athöfn. Fræðslumálaskrifstofan annast prentun og útsendingu sundskírteina.

14. gr. 66

Í fullnaðarprófsvottorði um barnafræðslu skal geta um einkunn þá, sem barnið 1. apríl
hefur hlotið í sundi. Hafi nemandi, án þess að lögleg forföll hindri, eigi fullnægt tilskildum kröfum um fullnaðarpróf í sundi, má ekki afhenda því fullnaðarprófsvottorð hinnar almennu barnafræðslu fyrr en kröfunum er fullnægt.

15. gr.

Skólastjórar og sundkennarar skulu árlega gefa íþróttafulltrúa skýrslur um sundnám barnanna, á þar til gerð eyðublöð, sem fræðslumálaskrifstofan sendir út.

II. KAFLI

Sundnám nemenda í framhaldsskólum og sérskólum.

16. gr.

Verði því eigi við komið, að haga sundiðkunum nemenda eins og getur í 1. gr., skal veita nemendum sundiðkanir á námskeiðum eigi skemur en 15—18 stundir á vetri.

17. gr.

Í leikfimitímum skólans skal fara fram kennsla í björgunartökum og lífgunaraðferð.

18. gr.

Nemendur þeir, sem að dómi skólalæknis eru eigi færir um að taka þátt í sundiðkunum, skulu undanþegnir þáttöku í sundinu.

19. gr.

Þeir, sem taka ætla stýrimannspróf hið meira (farmannspróf og fiskimannspróf hið meira), loftskeytamannspróf og vélstjórapróf hið meira og eru yngri en 30 ára, skulu hafa lokið III. stigi í sundi, en aðrir þeir, sem taka ætla fiskimannspróf hið minna, vélstjórapróf hið minna og matsveinspróf, skulu hafa lokið II. stigi B í sundi. Nemendur sérskóla og framhaldsskóla, skulu ljúka III. stigi í sundi. Íþróttafulltrúa er þó heimilt að gefa undanþágu frá þessum skilyrðum, þannig að lægsta geta, til þess að ná réttindum, verði II. stig B, án björgunarsunds með jafningja.

Nemanda skal ekki afhent brautskráningarvottorð fyrr en hann hefur fullnægt kröfunni um sundhæfi, enda hafi hann ekki fengið undanþágu frá sundnámi.

20. gr.

Íþróttafulltrúi skipar prófdómara.

21. gr.

Framfarir (sundgeta) nemenda í sundi skal miða við sundstig þau, sem getur í 4. gr. og gefa skal einkunnir eftir því, sem segir í 5. gr.

22. gr.

Sundeinkunnin skal reiknast með í aðaleinkunn við brautskráningarpróf.

23. gr.

Við uppsögn skólans eða að loknu sundnámi afhendist nemanda árituð sundskírteini.

66 1. apríl

24. gr.

Sömu ákvæði og heimildir, sem getur í 9. og 15. gr., gilda um sundnám nemenda í framhaldsskólum og sérskólum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt III. kafla íþróttalaga, nr. 25 12. febr. 1940, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Kennslumálaráðuneytið, 1. apríl 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

67 5. apríl

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir Barnaheimilissjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 5. apríl 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaheimilissjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Barnaheimilissjóður, og er stofnaður af stúkunni Framtíðin nr. 173 á 25 ára afmælisdegi stúkunnar 11. febrúar 1943.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 króna afmælisgjöf frá þeim stofnfélögum stúkunnar, sem enn eru á lífi og eru starfandi í stúkunni, svo og frá nokkrum öðrum stúkufélögum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja rekstur barnaheimila, sérstaklega og fyrst og fremst þess heimilis eða þeirra, sem rekin eru á vegum góðtemplarareglunnar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, minningargjafir, áheit og aðrar gjafir, ágóði af sölu heillaóskaskeyta eða merkja, ef til kemur, svo og ágóði af sölu barnafrímerkja, ef ríkisvaldið samþykkir að slík frímerki verði gefin út og seld með gjaldviðbót, sem rynni til barnaheimilissjóðs.

Stjórn sjóðsins ber að sjá um, að almenningi sé gert kunnugt um starf hans og tilgang, og að greiður aðgangur verði fyrir almenning til að láta sjóðinn njóta stuðnings.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins leggst í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og hálfir vextir leggjast ætíð við höfuðstólinn, en hinn helmingur vaxtanna greiðist stjórnarnefnd sjóðsins árlega á vaxtagjalddaga.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 og stúkan Framtíðin nr. 173 kjósa sinn manninn hvor. Þeir skulu kosnir í febrúarmánuði og gildir sú kosning í 5 ár, í fyrsta sinn til 11. febrúar 1948. Þriðja manninn kýs

bæjarstjórn Reykjavíkur í hvert skipti er bæjarstjórnarkosningar hafa fram farið, og fer kjörtími hans eftir því. Formaður stjórnarinnar er sá, sem stúkan Framtíðin kýs. 67 5. apríl

Kjósa skal stjórnarnefndarmenn þegar skipulagsskráin hefur öðlazt staðfestingu ríkisvaldsins.

7. gr.

Stjórnin annast allar fjárreiður sjóðsins og er að öllu leyti framkvæmdarstjórn hans. Þar á meðal annast hún að öllu framkvæmdir þær og ráðstafanir, sem ákvæði 4. gr. gera ráð fyrir.

Stjórnin heldur bók yfir allar gerðir sínar á fundum, bókfærir þar ársreikning og annað það, sem máli skiptir. Bók skal og halda yfir gjafafé, og setur stjórnin reglur um það.

Reikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Í árslok skal stjórnin semja reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu starfsári, og afhenda þann tekjuafgang, sem verða kann fram yfir vexti þá, sem leggjast eiga í aðaldeild Söfnunarsjóðsins og með þeim frádrætti er um getur í 9. gr., til framkvæmdarnefndar þess barnaheimilis, sem er starfandi í núverandi umdæmi Umdæmisstúkunnar nr. 1 á vegum góðtemplararreglunnar eða fyrir atbeina hennar.

9. gr.

Af tekjuafgangi hvers árs, sbr. 8. gr., skal leggja 10 af hundraði í varasjóð. Hann skal ávaxtaður í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands og leggjast vextir við höfuðstól. Fyrr en 11. febrúar 1968 má ekki taka til varasjóðs nema brýn nauðsyn beri til. Þá skal stjórn sjóðsins ákveða hvort varasjóði skuli á sama hátt safnað að nýju.

10. gr.

Nú verður ekki eitthvert ár þörf fyrir styrk til barnaheimilis, að dómi stjórnarnefndar, sbr. 8. gr., og skal þá gert annað tveggja, að geyma upphæðina til úthlutunar síðar, eða að leggja hana í varasjóð.

11. gr.

Ársreikning sjóðsins skal birta á ársþingi Umdæmisstúkunnar nr. 1. Senda skal borgarstjóranum í Reykjavík eintak af reikningnum.

12. gr.

Fari svo að þær deildir góðtemplararreglunnar, sem mann eiga í stjórn sjóðsins, sbr. 6. gr., falli niður eða verði ekki starfandi, kýs æðsta stjórn góðtemplararreglunnar á Íslandi mann eða menn í staðinn.

13. gr.

Nú verður ekki lengur þörf á að styrkja barnaheimili, að dómi stjórnarnefndar, eða ef barnaheimili verða fjárhagslega tryggð um rekstur vegna þátttöku ríkisins í reksturskostnaði, þá falla vextirnir í aðaldeild Söfnunarsjóðsins til stúkunnar Framtíðin, ef sú stúka verður til og starfandi, en annars til Umdæmisstúkunnar nr. 1.

Á sama hátt fellur það fé, sem til kann að vera í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins til Umdæmisstúkunnar nr. 1, ef starfsemi sjóðsins stöðvast vegna þeirra atvika, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

67 Um fé það, sem umdæmisstúkan þannig kann að fá til ráðstöfunar gilda sömu
5. apríl reglur og settar eru í skipulagsskrá fyrir Sumarheimili Templara frá 9. júlí 1942 (Stj.tíð. 1942, B. bls. 257—259).

14. gr.

Ef nauðsyn ber til vegna breyttra ástæðna má breyta skipulagsskrá þessari, ef stjórnarnefndin er sammála um það og stórtemplar samþykkir.

15. gr.

Að fengnu samþykki stórtemplars skal leita staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á fundi stúkunnar Framtíðin nr. 173 1. marz 1943.

Sigurbjörn Á. Gíslason. Æt. — *Steindór Björnsson.* R.

Veiti hér með samþykki mitt.

Reykjavík, 22. marz 1943.

Kristinn Stefánsson,
stórtemplar.

68 **SAMÞYKKT**
1. marz

um bann við dragnótaveiðum innan Flateyrar og Hjarðardalshafna í Önundarfirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Þessi löggilt hafnarsvæði skulu með öllu vera friðuð fyrir dragnótaveiðum:

1. Flateyrarhöfn, sem takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Hólsnesi á Hvilftarströnd yfir fjörðinn í Ófæruklett innanverðan og línu frá Flateyrarvita hornrétt á fyrrnefnda línu.

2. Hjarðardalshöfn, sem takmarkast af línu, er hugsast dregin úr Grundarendabót í stefnu á Hvilftarbæ á austurströnd fjarðarins fram á Heströnd, er hún kemur fram undan Tannanes-rönd, og þaðan eftir línu, er hugsast dregin í stefnu á brú á Breiðadalsá neðanverðri, þar til sú lína sker línu hugsaða úr Hjarðardalsbæ innri í Kaldá á austurströnd fjarðarins.

Um viðurlög við brotum gegn samþykkt þessari fer eftir lögum nr. 45 frá 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Samþykkt þessi er gerð af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 26 12. febrúar 1940, um breytingu á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, og birtist hún hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 1. marz 1943.

Torfi Hjartarson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1943.

Auglýsing um lækkun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri, undirskrifuð af skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins 20. marz 1943, nr. 57.

Ríkisstjóraúrskurður um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af ríkisstjóra 19. apríl 1943, nr. 58.

Ríkisstjórabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af ríkisstjóra 20. apríl 1943, nr. 59.

Lög um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar, undirskrifuð af ríkisstjóra 29. apríl 1943, nr. 60.

Lög um heimild til að lækka aðflutningsgjald af nokkrum vörutegundum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 61.

Auglýsing um kosningu ríkisstjóra, undirskrifuð af forsætisráðherra 10. maí 1943, nr. 62.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 63.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 32. tbl. Lögbirtingablaðsins 1943, **um tundurduflaveiðar herstjórnarinnar við strendur landsins.** **69** 7. maí

Brezki sendifulltrúinn hefur tilkynnt ráðuneytinu, að reglulegar tundurduflaveiðar séu nauðsynlegar á hafinu kringum Ísland, og eru skipstjórar allra íslenzkra skipa því hér með, sjálfra sín vegna, aðvaraðir um að koma ekki of nálægt skipum, sem við tundurduflaveiðar fást, bæði vegna öryggis skipa sinna og veiðarfæra.

Skip, sem fást við tundurduflaveiðar, hafa eftirfarandi merki:

Að degi til: Svarta kúlu í siglutoppnum og svarta kúlu í ráarenda.

Að nóttu til: Græn ljós, sýnileg á alla vegu, í stað svörtu kúlnanna. Þessi ljós eru aðeins sýnd þegar þarf að aðvara skip vinaþjóðar.

Þegar mögulegt er, ættu skip að halda sig að minnsta kosti 500 metra frá skipum, sem hafa þessi merki, og alls ekki fara yfir leið þeirra fyrir aftan þau í minna en 1000 metra fjarlægð né gera tilraun til að komast í gegnum hóp slíkra skipa.

Það skal og fram tekið, að skip ættu, sjálfra sín vegna, að halda sig í nokkurri fjarlægð frá samflota lestum herskipa og kaupskipa. Á þetta alveg sérstaklega við fiskiskip á svæðinu austur af Garðskaga. Vegna árekstrarhættu er nauðsynlegt að vera vel á verði um það, hvort skipalestir nálgast, og gera í tæka tíð ráðstafanir til þess að verða ekki á vegi þeirra.

Bréf félagsmálaráðuneytisins, til sýslumannsins í Strandasýslu, **um skiptingu Hrófbergshrepps í tvö sveitarfélög.** **70** 19. maí

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Hrófbergshrepps og meðmælum sýslunefndar Strandasýslu, um skiptingu Hrófbergshrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1937, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Hrófbergshreppi í Strandasýslu skal skipt í tvö sveitarfélög er nefnast Hrófbergshreppur og Hólmavíkurhreppur. Hreppamörkin skulu vera um Ósá og nær

2. dag júnímánaðar 1943. Reykjavík, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

70 19. maí

Hólmavíkurhreppur yfir kauptúnið Hólmavík ásamt jörðunum Kálfanesi, Skeljavík, Vatnshorni, Þiðriksvöllum, Víðidalsá og Hrófá.

2. Sjóðir, aðrir en ellistyrktarsjóður hins forna Hrófbergshrepps, skulu skiptast þannig, að í hluta Hólmavíkurhrepps komi 83,8% og í hluta Hrófbergshrepps 16,2%.

3. Hlutdeild hvors hreppsins um sig í læknisbústaðnum í Hólmavík, verði þannig, að þann hluta læknisbústaðarins, sem hinn forni Hrófbergshreppur átti, eignast Hólmavíkurhreppur að 83,8 hundruðustu hutum, en Hrófbergshreppur að 16,2 hundruðustu. Í sömu hlutföllum taka þeir að sér skuldir vegna læknisbústaðarins.

4. Hafskipabryggjan í Hólmavík verði séreign Hólmavíkurhrepps, enda skal hann ábyrgjast allar skuldir vegna bryggjunnar, og ef unnt er, komast að samkomulagi við lánardrottna, um að Hrófbergshreppur skuli losna undan skuldbindingum sínum hennar vegna, eða leysa Hrófbergshrepp undan þeim á annan hátt.

5. Framfærsla allra núverandi styrkþega sé sameiginleg, og einnig þeirra, sem úrskurðaðir kunna að verða á hinn forna Hrófbergshrepp. Hvor hreppsnefnd annist um ráðstöfun og greiðslu vegna sameiginlegra styrkþega, sem heima eiga innan síns hrepps.

   Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiði hvor hreppur eftir sama hlutfalli og við skiptingu eigna. Um hver áramót skulu hreppsnefndir beggja hreppanna leggja fram reikninga yfir kostnað vegna sameiginlegra styrkþega. Sá hreppanna, sem ekki hefur greitt til sameiginlegra styrkþega hlutfallslega upphæð sína, af sameiginlegum framfærslukostnaði, skal þá greiða hinum hreppnum það, sem til vantar í hlutfallslega þátttöku í sameiginlegum framfærslukostnaði. Framlög hreppanna, til elli- og örorkutrygginga, móti framlagi annars staðar frá, sem ganga til sameiginlegra styrkþega, reiknast með kostnaði við framfærslu sameiginlegra styrkþega.

6. Bækur þær, sem hreppsfélagið á nú, skulu vera eign Hrófbergshrepps en hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps skal eiga rétt á, að fá þær lánaðar þegar hún þarfnast. Hvor hreppsnefndin um sig skal kaupa sínum hreppi nýjar gerðabækur.

7. Um þeir eignir, sem hreppsnefndirnar sömdu um skipti á, á sameiginlegum fundum sínum, 22. febrúar 1942 og 12. apríl síðastliðinn, skal fara eins og þar samdist

8. Ef hinn forni Hrófbergshreppur hefur átt einhverjar eignir, sem ekki er hér að framan kveðið á um hvernig skipta skuli, skal skipta þeim eftir vísitölunni 16,2 fyrir Hrófbergshrepp, og 83,8 fyrir Hólmavíkurhrepp.

   Sama gildir um skuldir, sem eins er ástatt um. Ef ekki næst samkomulag um það hvor hreppurinn skuli leysa til sín slíkar eignir, skal Hólmavíkurhreppi rétt og skylt að gera það, eftir mati dómkvaddra manna.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Hrófbergshreppi, sem dómþinghá né manntalsþinghá.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 35. tbl. Lögbirtingablaðsins 1943, **um ferðaskírteini íslenzkra skipa.** 71 27. maí

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslenzku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé að öll íslenzk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. júní 1943, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir:

Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vicekonsúlnum.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, **um takmörk verzlunarlóðarinnar í Dalvík í Svarfaðardalshreppi.** 72 9. júní

Með bréfi, dags. 2. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkun verzlunarlóðarinnar í Dalvík í Svarfaðardalshreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Dalvík í Svarfaðardalshreppi sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti svo sem hér segir:

1. Lóðin er þar, sem aðalþorpið á Dalvík stendur.
2. Að norðan: Brimnesá.
3. Að vestan: Merki upp með Brimnesi 126 m vestan við húsið Árbakka og þaðan lína í girðingarhorn suðvestur af barnaskólanum, um merki 30 m vestur af húsinu Melar og öðru merki 15 m vestur af húsinu Bjarnarhóll.
4. Að sunnan: Girðingin sunnan við barnaskólann, að austurenda og þaðan bein lína til sjávar, um merki 8 m austan við fiskverkunarhús.
5. Að austan: Sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

SAMÞYKKTIR 73 1. apríl

fyrir Sparisjóð Svalbarðsstrandar.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Svalbarðsstrandar, og skal heimili hans og varnarþing vera Svalbarðsstrandar þinghá.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins eru 12, með 300 kr. ábyrgð hver. Til frekari tryggingar ábyrgist Svalbarðsstrandarhreppur allt að kr. 1000.00.

73 1. apríl

Til ábyrgðarfjár þessa skal því aðeins tekið, að varasjóður sparisjóðsins hrökkvi ekki fyrir töpum, sem sjóðurinn kann að verða fyrir. Skal þá fyrst taka til ábyrgðarfjár ábyrgðarmannanna, og síðan, ef þörf krefur, til ábyrgðar Svalbarðsstrandarhrepps.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr hreppnum, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna og 2 til vara, en 1 af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu ásamt varamanni hans, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal við hafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr sveitinni, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal varamaður taka sæti hans.

Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnarinnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá, fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið. 73 1. apríl

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skrá á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti þrisvar sinnum á ári, og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum, minnst 4 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema ⅔ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.

73 1. apríl

e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 10 000 kr.

f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 500 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 300 til kr. 500 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 500 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu

skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum. 73 1. apríl

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum aðalfundar og samþykki sparisjóðsstjórnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í Svalbarðsstrandarhreppi.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi ⅗ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum; vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

73 1. apríl

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgðist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd, og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og í hver árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu, og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) ná-

kvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna. 73 1. apríl

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins

33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

73 1. apríl

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð Sparisjóðs Svalbarðsstrandar og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starfa þeirra.

38. gr.

Leggist sparisjóðurinn niður, skal varasjóður hans og aðrar skuldlausar eignir verða eign Svalbarðsstrandarhrepps. En ábyrgðarmenn þeir, sem þá verða við sparisjóðinn, skulu hafa rétt til að ráðstafa því fé nánar með samþykki stjórnarráðsins

39. gr.

Með samþykktum þessum eru úr gildi numin lög og reglugerðir, sem áður hafa gilt um Sparisjóð Svalbarðsstrandar.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 1. apríl 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

74 1. apríl

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Rauðasandshrepps.

A. Stofnun, nafn og ábyrgðir sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn, sem er stofnaður 16. desember 1910, heitir Sparisjóður Rauðasandshrepps og skal heimili hans og varnarþing vera í Rauðasandshreppi.

2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum um sparisjóði mega ábyrgðarmenn sparisjóðsins ekki vera færri en 12, allir búsettir í Rauðasandshreppi og er lágmark sameiginlegs ábyrgðarfjár þeirra kr. 3000.00. Með ábyrgðarfé þessu skal aðeins greiða halla eða tjón, er sjóðurinn kann að verða fyrir og getur ekki sjálfur staðið straum af.

3. gr.

Ef ábyrgðarmönnum fækkar svo við andlát, burtflutning úr hreppnum eða af öðrum ástæðum, svo sem gjaldþrotaskiptameðferð, missi fjárforræðis, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt, svo að þeir verða færri en 12, skulu þeir ábyrgðarmenn er eftir eru útvega menn í stað hinna fráförnu.

B. Stjórn sjóðsins og starfræksla. 74
1. apríl

4. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera þrír menn, sem kosnir eru til eins árs í senn. Heimilt er að endurkjósa menn í stjórn. Samkvæmt gildandi lögum um sparisjóði skulu tveir stjórnenda og einn til vara kosnir úr flokki ábyrgðarmanna á aðalfundi. Þriðji stjórnarnefndarmaðurinn, sem og tveir endurskoðendur, eru kjörnir af sýslunefnd V.-Barðastrandarsýslu. Hlutfallskosning skal viðhöfð á aðalfundi ef óskað er. Stjórn sjóðsins kýs sér formann. Stjórn sjóðsins ræður starfsmenn og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins. Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu tafarlaust hverjir séu stjórnendur sparisjóðsins og starfsmenn. Birta skal í lögbirtingablaði hverjir séu stjórnendur sparisjóðsins og starfsmenn, og hverjir þeirra hafi umboð til að undirrita skuldbindingar og kvittanir fyrir sjóðinn. Stjórnendur bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða starfsmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann að fullu, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað.

Stjórnendur sparisjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum, ekki mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra, né reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins. Sé stjórnandi eða starfsmaður sparisjóðs í stjórn annars fyrirtækis eða framkvæmdarstjóri þess, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjónum, nema sparisjóðsstjórn samþykki það einróma og sparisjóðseftirlitið leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið, ásamt því er áður kann að hvíla á eigninni, ekki fram úr ⅔ matsverðs fasteignarinnar.

5. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari. Stjórn sparisjóðsins ræður þessa starfsmenn og semur um laun þeirra. Það skal vera aðalreglan, eftir því sem við verður komið, að eigi má greiða nokkra upphæð í sparisjóðinn eða úr honum nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann sömuleiðis tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sjóðsins. Einnig getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, eða eftir bókuðum samþykktum stjórnarnefndar þó aðrir starfsmenn séu ekki viðstaddir, enn fremur er féhirði jafnan heimilt að greiða nauðsynlegan kostnað vegna starfrækslu sparisjóðsins svo og innstæðufé samlagsmanna, samkvæmt nánari ákvæðum um útborgun innstæðufjár. Heimilt er að stjórnendur hafi þessi störf með höndum, en rétt er þá að semja við þá um þóknun fyrir starfið um leið og þeir eru kosnir.

6. gr.

Hafi féhirðir sparisjóðsins þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, er nemi kr. 600.00 eða meir, skal hann setja tryggingu fyrir því fé, sem honum er trúað fyrir. Sparisjóðseftirlitið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

74 7. gr.

1. apríl Stjórnarstörfum verður fyrst um sinn gegnt tvisvar í mánuði, að minnsta kosti, á heimili sjóðsins. Féhirðir sinnir inn- og útborgunum daglega ef ástæður hans leyfa.

8. gr.

Aðalfundur skal haldinn með ábyrgðarmönnum ekki síðar en í aprílmánuði ár hvert. Á þeim fundi skal fram leggja reikninga sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár með athugasemdum endurskoðenda og svörum féhirðis og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi skal halda með ábyrgðarmönnum ef meiri hluti sparisjóðsstjórnar ákveður eða minnst 7 ábyrgðarmanna óska þess bréflega til sparisjóðsstjórnar. Enn fremur geta endurskoðunarmenn látið kalla saman aukafund hvenær sem þeir telja þess þörf. Til allra funda með ábyrgðarmönnum boðar formaður sparisjóðsins bréflega, eða á annan sannanlegan hátt. Á fundum ræður meiri hluti greiddra atkvæða. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna skal boða fund að nýju á sama hátt, sem ávallt skal haldinn í skrifstofu sparisjóðsins, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Fundarboðun þessa má tilkynna í frumfundarboðinu.

9. gr.

Við sparisjóðinn verða færðar þær bækur sem sparisjóðseftirlitið mælir fyrir á hverjum tíma að færðar séu, eftir því sem við á og við verður komið og skulu þær allar skýrt og greinilega skráðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið hver upphæðin sé. Sé einhverri tölu breytt sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hafi verið. Dagsetningar sé getið við hverja einstaka greiðslu. Sérhverja greiðslu í sparisjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbók sjóðsins og svo jafnframt við fyrstu hentugleika í aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Reikningsár sparisjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar jafnan fullsamdir í lok janúarmánaðar, á fyrirmyndum, er sparisjóðseftirlitið semur.

C. Um móttöku sparifjár, hámark innstæðu einstakra viðskiptamanna, hámark útborgana á sparifé og hvaða fresti sjóðurinn áskilur sér um uppsögn og greiðslu á því.

11. gr.

Sparisjóðurinn tekur fé til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, minnst eina krónu í senn og skal innstæðufé jafnan vera í gjaldgengum peningum. Heimilt er þó sparisjóðnum að neita að taka við innlögum er stjórn hans álítur það sjóðnum óhentugt. Berist sjóðnum óþægilega mikið af fé til ávöxtunar, getur stjórn hans sett ákveði um hámark innstæðu og jafnframt krafizt þess að féð standi vaxtalaust óákveðinn tíma og mun auglýsing um þá ákvörðun verða birt innan starfssvæðis sparisjóðsins.

12. gr.

Þegar innstæða nemur minnst einni krónu reiknast vextir af heilum krónum frá og með næsta degi eftir að féð er lagt inn, þó ekki í minni hlutum en heilum aurum. Vextir reiknast til 31. desember ár hvert og leggjast þá þegar við höfuðstólinn. Vextir skulu tilfærðir í viðskiptabækur fyrst þegar þær eru sýndar í spari-

sjóðnum eftir áramót. Óheimilt er sparisjóðnum að greiða hærri vexti af fé því, er hann tekur til ávöxtunar, en greiddir eru við sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands á sama tíma. 74 1. apríl

Af innstæðufé, sem stendur skemur en sex mánuði áður en því er sagt upp til útborgunar, verða engir vextir greiddir. Engri upphæð má segja upp nema hún hafi staðið sex mánuði þrítugnætta. Af fé, sem ávaxtað er með sparisjóðskjörum, verður greitt það er menn óska án uppsagnarfrests þegar stjórn sparisjóðsins sér það fært, en krafizt getur hún mánaðar fyrirvara til greiðslu á allt að 100 krónum. Fjögra mánaða fyrirvara ef upphæðin er 100 til 500 krónur og stærri upphæðir með sex mánaða fyrirvara. Sparisjóðnum er þó aldrei skylt að greiða meir en kr. 1000.00 — eitt þúsund — af hverjum innstæðureikning á hverjum sex mánuðum.

Sé innstæðufé ekki veitt móttaka af innstæðueiganda eða umboðsmanni hans þegar uppsagnarfresturinn er útrunninn, greiðir sjóðurinn enga vexti af því fé unz það er hafið.

Heimilt er stjórn sparisjóðsins að segja lausu fé sem er á vöxtum með sparisjóðskjörum, með þriggja mánaða fyrirvara. Skal uppsögnin annaðhvort færð inn í viðskiptabókina, eða birt í því blaði er flytur auglýsingar stjórnarvalda. Eftir gjalddaga eru ekki greiddir vextir af því sparifé, sem upp er sagt. Innstæður skulu jafnan skráðar í innstæðubók á fullu nafni innstæðueiganda.

13. gr.

Sá, sem í fyrsta skipti leggur inn fé með sparisjóðskjörum, fær viðskiptabók með sömu einkennistölu og í innstæðubók stendur. Fyrir bók þessa greiðir hann eina krónu. Sé bók útskrifuð fær hann aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiptum áfram. Sá, er tekið hefur allt út úr viðskiptabók sinni, skal skila henni í sjóðinn.

Glatist viðskiptabók, ber eiganda að snúa sér til sparisjóðsstjórnarinnar og annast hún þá um að handhafa sé stefnt á þann hátt, sem fyrir er mælt í gildandi lögum á hverjum tíma. Stjórn sparisjóðsins löggildir viðskiptabækur sparisjóðsins.

14. gr.

Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, verða ekki reiknaðir vextir af innstæðunni framar. Verður þá skorað á eiganda að segja til sín og skal það gert á sama hátt og ef bók glatast. Ef hann gefur sig ekki fram, áður en tiltekinn frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild og féð, ásamt vöxtum, eign sparisjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða féð, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan fimm ára.

15. gr.

Hvenær sem innstæðufé er lagt inn eða tekið út úr sparisjóðnum, skal það jafnframt ritað í viðskiptabókina. Fyrir innlögum og útgreiðslum kvittar féhirðir og bókari í viðskiptabókina, annar hvor eða báðir, og er það næg sönnun. Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins þó handhafi viðskiptabókar hafi ekki haft löglega heimild frá eiganda hennar til þess að fá greitt fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því, nema augljósu gáleysi sparisjóðsins sé um að kenna.

16. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufé má ekki greiða, nema því aðeins, að viðskiptabók sé sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í hana. Verði ávísanadeild komið upp við sparisjóðinn má þó greiða innstæðufé gegn ávísun, eftir þeim reglum, er þar um kunna að verða settar. Innlögum má veita móttöku þó viðskiptabók sé eigi

74 sýnd. Skal þá gefin út sérstök kvittun og þess getið í kvittuninni, að hún sé ekki
1. apríl gild lengur en þangað til upphæðin sé færð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum.

Á áberandi stað í viðskiptabók má letra, að innstæðueigandi einn eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið peninga úr henni.

17. gr.

Mönnum verður ekki veitt vitneskja um eignir annarra í sparisjóðnum, nema skylt sé að lögum.

18. gr.

Heimilt er að setja upp sérstaka deild í sparisjóðnum þar sem taka megi við innlögum og ávísa á innstæðu, án þess að viðskiptabókin sé sýnd. Einnig er heimilt að gera eldri innstæður að slíkum ávísanainnstæðum með yfirstimplun á viðkomandi viðskiptabók og innstæðureikning um að ávísa megi á innstæðuna og bókin sýni ekki ávallt hina réttu innstæðu og sé því ekki veðhæf. Þetta skal þó því aðeins gert, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því fylgjandi og sparisjóðseftirlitið leyfi það. Öll slík innlög og útgreiðslur skulu færðar inn í viðskiptabókina, þegar hún er næst sýnd í sparisjóðnum.

Tékkávísanir skulu jafnan gefnar út á eyðublöð, er sparisjóðurinn hefur sjálfur til sölu. Ávísanir skulu undirritaðar af eiganda sjálfum, prókúrista hans eða öðrum, er hann hefur gefið lögfullt umboð til þess að ávísa á bókina, enda skal þá umboðið afhent sparisjóðnum, ef það er ekki opinberlega tilkynnt. Sá maður, sem samkvæmt þessu hefur heimild til að gefa út ávísanir, skal áður afhenda sparisjóðnum sýnishorn af undirskrift sinni. Verði fölsk ávísun greidd af sparisjóðnum, og sé ávísunin gefin út á eyðublað úr tékkhefti sem innstæðueigandi hefur fengið, ber innstæðueigandi skaðann, nema augljósu gáleysi sparisjóðsins sé um að kenna.

Í tékkávísunum skal upphæðin vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum, ella er sparisjóðnum ekki skylt að greiða ávísunina. Sé upphæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en bókstöfum, þá gildir minni upphæðin. Enginn má gefa út ávísun á meira fé en hann á inni. Af fé því, sem tekið er til ávöxtunar með ávísanabókum, má sparisjóðurinn greiða allt að ½ — hálfan — af hundraði lægri vexti, en af fé því, sem ávaxtað er með venjulegum sparisjóðskjörum. Heimilt er eiganda ávísunarbókar að ávísa á hverju uppsagnartímabili allt að tvöföldu því fjármagni, sem fram er tekið í 12. gr. hér að framan.

19. gr.

Aldrei má sparisjóðurinn taka á móti meiru innlánsfé en svo, að það, að frádregnu því, er hann á í sjóði, innistandandi í innlendum bönkum, í tryggum verðbréfum eða lánum gegn veði í fasteign, nemi 25 sinnum eigin fé sjóðsins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá samkvæmt þessari málsgrein önnur fasteignarveðslán en þau, þar sem lánið, ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meiru en ⅗ fasteignarmatsverðs hennar.

D. Um vaxtagreiðslu af sparifé.

20. gr.

Sparisjóðurinn má aldrei greiða hærri vexti af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir á sama tíma af fé því, er hann ávaxtar með sparisjóðskjörum.

E: Um lán úr sjóðnum.

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eftirgreindan hátt:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur verðbréf jafntrygg og leggja fé á banka með ríkisábyrgð;
b. með því að lána fé til einstakra manna eða félaga:
   1. tryggð með inneign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréfum eða öðru góðu handveði;
   2. gegn veði í fasteign, þó aldrei meiru en 3/5 af fasteignamatsverði hennar;
   3. gegn ábyrgð sýslu-, sveitar- eða bæjarfélaga;
   4. gegn ábyrgð einstakra manna eða félaga, þó því aðeins til lengri tíma en eins árs, að borgað sé af þeim árlega og aldrei til lengri tíma en 10 ára;
   5. gegn veði í skipum, þó ekki yfir 50% af matsverði þeirra, ef þau eru eins árs gömul eða yngri;
   6. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur tryggilegt og er í samræmi við gildandi lög um sparisjóði.

22. gr.

Eigi má veita lán úr sparisjóðnum nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og ákveði hámark lánsupphæðar. Til útlána gegn sjálfskuldarábyrgð, héraðs eða sveitar og til fasteignaveðslána um fram 60% matsverðs, má sparisjóðurinn aldrei verja meiru en 12½ sinnum eigin fé sínu. Þar af mega sjálfskuldarábyrgðarlán aldrei nema meiru en tvisvar sinnum eigin fé sjóðsins.

23. gr.

Aldrei má sparisjóðurinn lána einum viðskiptamanni eða fleiri viðskiptamönnum, sem eru fjárhagslega tengdir, meira en sem svarar 25% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu. Í ofangreindri lánsupphæð skal þó ekki telja:

1. lán veitt gegn veði í fasteign, ef það er ekki hærra en 3/5 fasteignamatsverðs;
2. lán veitt gegn veði í skipum, eins árs eða yngri, allt að 50% af matsverði;
3. lán, sem eru tryggð með inneign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréfum eða öðru handveði.

24. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af öllum útlánum og dráttarvexti fyrir þann tíma, er greiðsla dregst, fram yfir það, sem um er samið.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það. Nú lætur sparisjóðurnn skuldabréf eða verðbréf að handveði fyrir slíkum lánum og skal þess þá gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðsins einnig ávallt bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Sparisjóðurinn má ekki eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans og ekki hlutabréf. Þó má hann yfirtaka fasteign eða hlutabréf, sem honum hefur verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda.

74 Sparisjóðurinn má ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra, Heldur ekki má hann gefa út
1. apríl handhafaávísun á sjálfan sig.

F. Um ágóða sjóðsins og varasjóð.

27. gr.

Sparisjóðinn skal, til þess að tryggt sé, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist og í tryggðum auðseljanlegum verðbréfum, minnst 1/10 af innstæðufénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minni en 7% af innlánsfénu. Komi það fyrir að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórnin tilkynna það sparisjóðseftirlitinu, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi vera búið að leiðrétta það. Sparisjóðseftirlitið skal á hverjum tíma ákveða hvaða verðbréf megi kaupa.

28. gr.

Sparisjóðurinn greiðir árlega 2% af nettóágóða sínum í sameiginlegan sjóð, er nefnist tryggingarsjóður sparisjóða. Framlög sparisjóðsins, að viðbættum árlegum vöxtum, er séreign hans í sjóðnum og fellur gjaldskylda hans niður, þegar eign hans í tryggingarsjóði er orðin 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins. Tilgangur tryggingarsjóðs er að tryggja innstæður í sparisjóðnum og greiðslur á þeim. Hætti sparisjóðurinn störfum, hefur hann rétt til að fá inneign sína í tryggingarsjóði greidda, og skal hún þá ganga til greiðslu á kröfum innstæðueigenda.

29. gr.

Árstekjur sparisjóðsins, að frádregnum kostnaði, vöxtum og öðrum slíkum útgjöldum, skal leggja í varasjóð. Heimilt er að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á stofnfé og greiddu ábyrgðarfé, ef varasjóður nemur meir en 10% af sparisjóðsinnstæðum. Tjón, er sparisjóðurinn kann að bíða og ársarður hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða annað þaðan, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðum samanlögðum.

Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur sparisjóðsstjórn ákveðið, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að verja fé úr sjóðnum til almenningsþarfa í hreppnum.

30. gr.

Verði sparisjóðurinn fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hrökkvi ekki til, og stjórn hans og ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fé það, er á vantar að varasjóður geti borið tjónið, skal stjórn sparisjóðsins tafarlaust skýra sparisjóðseftirlitinu frá því. Reynist tapið svo mikið, að nemi öllum varasjóði og þar að auki 25% af stofnfé eða ábyrgðarfé, heldur sparisjóðseftirlitið fund með sparisjóðsstjórninni og gerir nauðsynlegar ráðstafanir. Verði ákveðið að sjóðurinn hætti störfum, skal sú ráðstöfun auglýst í Lögbirtingablaði.

G. Um endurskoðun og úrskurð á reikningum.

31. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera tveir endurskoðunarmenn, kosnir til eins árs af sýslunefnd V.-Barðastrandarsýslu. Þeir skulu rannsaka allar bækur og reikninga

sparisjóðsins, eignarskjöl og peningaforða og gefa gætur að því, svo oft, sem þörf er á, að ekkert vanti á eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sé jafnan í fullu samræmi við samþykktir hans og gildandi lagaákvæði um sparisjóði. Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sparisjóðsins, annast þeir um að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Taki stjórn sparisjóðsins athugasemdir endurskoðenda ekki til greina, eða tregðist við að bæta úr ágöllum, sem þeir telja vera á starfrækslu sjóðsins, skulu endurskoðunarmenn tafarlaust tilkynna það sparisjóðseftirlitinu. 74 1. apríl

Um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóðsins að öðru leyti, skal jafnan farið eftir þeim nánari reglum, sem ráðherra kann að setja, samkvæmt tillögum sparisjóðseftirlitsins.

H. Hvernig samþykktum sjóðsins getur orðið breytt svo að löglegt sé.

32. gr.

Breytingar á samþykktum þessum, aðrar en þær, sem að sjálfsögðu verða á hverjum tíma, vegna nýrra ákvæða frá Alþingi, eða annarra fyrirmæla sparisjóðseftirlitsins, má því aðeins gera að ⅔ fundarmanna samþykki þær á lögmætum aðalfundi, enda hafi verið fram tekið í fundarboðinu, að breytingar á samþykktunum verði til meðferðar.

I. Ef sparisjóðurinn leggst niður.

33. gr.

Leggist sparisjóðurinn algerlega niður, skal varasjóður hans og allar eignir, að lokinni greiðslu á öllum skuldbindingum sjóðsins, ávaxtað í Landsbanka Íslands.

Taki sparisjóður til starfa í hreppnum að nýju áður en 10 — tíu — ár eru liðin frá því að þessi hættir störfum, skal sjóðseign þessa sparisjóðs, eins og hún þá kann að verða, afhendast þeim nýja sparisjóði til fullrar eignar. Verði aftur á móti enginn sparisjóður starfandi hér í hreppnum, að liðnu þessu 10 ára tímabili, skal sjóðurinn allur notaður til almenningsþarfa í hreppnum, eftir nánari ákvörðun eftirtalinna manna: Hreppstjóra, hreppsnefndaroddvita, formanns skólanefndar, síðustu stjórnenda sparisjóðsins, ef búsettir eru í hreppnum, sóknarprests, ef hann er skipaður og búsettur í hreppnum og sóknarnefndarformanna. Gengst hreppstjóri fyrir því, að kalla fyrr nefnda menn saman til fyrsta fundar, er svo kýs sér formann. Falli störf fyrr greindra manna svo saman, að eigi fáist út úr þessu a. m. k. sjö menn, skulu þeir, sem fyrir hendi eru, velja menn til viðbótar meðal hreppsbúa, svo að talan verði a. m. k. sjö.

34. gr.

Með samþykktum þessum, ef staðfestar verða, eru úr gildi felld lög þau, er samþykkt voru að Tungu í Örlygshöfn hinn 3. marz 1919 og öll eldri ákvæði um stjórn og starf sparisjóðsins.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 1. apríl 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

75
2. apríl

AUGLÝSING

um viðauka við reglur um innheimtu útsvara í Ísafjarðarkaupstað á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1943, frá 11. marz 1943.

Kaupgreiðendum ber skylda til að halda eftir af kaupi starfsmanna til útsvarsgreiðslu, samkvæmt þessum reglum, á sama hátt og með sömu viðurlögum og gilda um almenna útsvarsinnheimtu.

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, samkvæmt lögum 26. febrúar 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1943, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1943.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

76
2. apríl

REGLUGERÐ

um bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla.

1. gr.

Bannað er, án leyfis hernaðaryfirvaldanna, að taka ljósmyndir af flugsvæðum, flugvöllum, byssustæðum, loftvarnastöðvum, strandvarnabyssustöðvum, höfnum eða skipalægjum (sérstaklega í Reykjavík, Akureyri og Seyðisfirði), herskipum eða flutningaskipum hersins, loftskeytastöðvum og öllum hernaðarstöðvum svo og af öllum bannsvæðum hersins, þeim sem nú eru (svo sem í Hvalfirði, Reykjanesi og Seltjarnarnesi) eða síðar kunna að verða ákveðin.

2. gr.

Sérhver farþegi eða starfsmaður á skipi, sem siglir í íslenzkri landhelgi, skal afhenda skipstjóra, þegar er hann er kominn á skip, eða er skip siglir inn í íslenzka landhelgi, ljósmyndavélar, er hann kann að hafa í vörzlum sínum og skal skipstjóri geyma þær þar til aðili stígur af skipsfjöl, eða skip siglir út úr landhelgi Íslands.

3. gr.

Inn á bannsvæði herstjórnarinnar á Gróttutanga (Seltjarnarnesi), Hvalfirði og Reykjanesi, svo og þau svæði, sem síðar kunna að verða auglýst sem bannsvæði, má enginn fara með ljósmyndavél nema hún hafi verið innsigluð tryggilega af hlutaðeigandi yfirvaldi (lögreglustjóra, bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra).

4. gr.

Ef maður raskar innsigli á ljósmyndavél, innan bannsvæðis, sbr. 3. gr., þá varðar það við 113. gr. almennra hegningarlaga, nr 19 12. febr. 1940.

Brot á öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Ljósmyndavélar, sem notaðar eru eða farið er með andstætt fyrirmælum laga þessara, má gera upptækar með dómi. 76 2. apríl

5. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari sæta meðferð opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. laga um bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla frá 17. marz 1943, öðlast þegar gildi og gildir meðan núverandi styrjöld stendur, og birtist reglugerðin hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Dómsmálaráðuneytið, 2. apríl 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ 77 3. apríl

um innflutning og gjaldeyrisverzlun.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 1 16. janúar 1943, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um innflutning og gjaldeyrisverzlun.

1. gr.

Engar vörur, þar með talin skip og önnur farartæki, má flytja til landsins án leyfis Viðskiptaráðs.

Leyfis Viðskiptaráðs þarf þó ekki til þess að flytja til landsins:

1. fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tolleftirlitsmenn telja farangur þenna til eigin afnota farþeganna á ferðalaginu;
2. íslenzkar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum og þær voru sendar í héðan, og þeim fylgir vottorð erlendrar tollstjórnar um það, að varan sé komin í erlent tollumdæmi héðan og send þaðan í sömu umbúðum og hún kom þangað;
3. vörur, sem ætlaðar eru til afnota sendiherra erlendra ríkja og annarra, sem samkvæmt venju njóta hér tollfrelsis, eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Hver sá, er flytja vill vörur til landsins, skal senda Viðskiptaráði umsókn um það með hæfilegum fyrirvara, og skulu umsókninni fylgja þau gögn og skýrslur, er Viðskiptaráð krefst.

Leyfi, sem Viðskiptaráð veitir til innflutnings, er jafnframt leyfi til þess að láta af hendi gjaldeyri til greiðslu varanna, nema annað sé tekið fram. — Viðskiptaráð getur sett þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem því þykir ástæða til.

3. gr.

Skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annarra farartækja mega ekki afhenda viðtakendum aðfluttar vörur, sem leyfi þarf til að flytja megi hingað til lands, nema með samþykki hlutaðeigandi tollstjóra eða umboðsmanns hans, en þeir veita ekki slíkt samþykki nema fyrir liggi leyfi Viðskiptaráðs til að flytja vörurnar inn.

77 3. apríl

Póstafgreiðslumenn afhenda ekki vörur, sem koma frá útlöndum í pósti, nema fyrir liggi leyfi Viðskiptaráðs til að flytja vörurnar inn.

4. gr.

Innflytjendum ber að afhenda tollstjórum og umboðsmönnum þeirra innflutningsleyfi fyrir vörum og innkaupsreikninga yfir þær, ef þær hafa verið keyptar erlendis, áður en vörurnar eru teknar til tollmeðferðar, en þegar vörur eru tollskoðaðar skal bera innflutningsleyfin saman við innkaupsreikningana og vörurnar.

5. gr.

Engan erlendan gjaldeyri má láta af hendi nema með leyfi Viðskiptaráðs, nema séu greiðslur vegna ríkissjóðs eða banka eða vextir og afborganir bæjar- eða sveitarfélaga.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h. f. hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka sem viðskiptamálaráðherra setur.

Að selja erlendan gjaldeyri er að láta hann af hendi fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu, í hverju sem er fólgin, en að kaupa erlendan gjaldeyri er að fá hann fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu, í hverju sem fólgin er.

Til gjaldeyris teljast myntaðir peningar, peningaseðlar, ávísanir, víxlar, skuldabréf og önnur verðbréf og skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í peningum.

Þeim, sem kaupa vilja erlendan gjaldeyri til þess að greiða fyrirfram vörur eða annað, skal skylt að láta afgreiðslubankanum í té skuldbindingu í tvíriti um að leggja fyrir hann innan hæfilegs tíma innflutningsskjöl með áritun tollstjóra um að innflutningur hafi farið fram, eða ef um er að ræða greiðslur fyrir annað en vörur, önnur gögn, sem bankinn telur fullnægjandi, til sönnunar því að gjaldeyrinum hafi verið ráðstafað í samræmi við gjaldeyrisleyfið. Enn fremur að endurgreiða bankanum í sama gjaldeyri þann afgang, sem verða kann, eða alla upphæðina, ef svo fer, að fyrirhuguð kaup takast ekki eða að ástæðan til yfirfærslunnar fellur niður af öðrum orsökum. — Ef frekari dráttur en gert er ráð fyrir í upphafi verður á fullnægingu þessara skuldbindinga, er viðskiptamönnum skylt að gera bönkunum skriflega fulla grein fyrir ástæðunum til þess.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, skal seldur áðurgreindum bönkum. Undanskilið þessu er það fé, sem lagt hefur verið í nýbyggingarsjóð í erlendum gjaldeyri og vátryggingarandvirði skipa, greitt í erlendum gjaldeyri. Skal slíkur gjaldeyrir vera í vörzlu bankanna eða undir þeirra eftirliti.

6. gr.

Erlendis er eigendum íslenzkra skipa og annarra farartækja heimilt að láta af hendi erlendan gjaldeyri, sem þeir fá í flutningsgjöld, fargjöld og önnur slík gjöld, sem þar eru innt af hendi, til greiðslu á skyldugreiðslum til skipverja og starfsmanna sinna erlendis og á öðrum nauðsynlegum kostnaði vegna afgreiðslu og veru skipanna og farartækjanna erlendis, svo og nauðsynjum skipanna og farartækjanna þar til er þau koma hingað, en skylt er eigendum skipanna og farartækjanna að gera Landsbanka Íslands fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum greiðslum í erlendum gjaldeyri.

7. gr.

Öllum erlendum gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli þeirra þannig, að Útvegsbankinn fái ⅓ hluta alls gjaldeyrisins, ef hann óskar þess, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum.

Hlutfalli þessu getur ráðherra breytt ef báðir bankarnir samþykkja.

8. gr. 77

Útflytjendum íslenzkra afurða og annarra vara er skylt að láta koma fyrir þær 3. apríl
erlendan gjaldeyri og afhenda hann til banka þeirra, er um getur í 5 gr.

Skylda þessi nær þó ekki til:

1. fatnaðar og annarra nauðsynja, sem farþegar á skipum eða öðrum farartækjum hafa með sér til útlanda til eigin nota á farðalaginu;
2. notaðra heimilismuna og annarra nauðsynja manna, sem eru að flytja til útlanda;
3. endursendra aðfluttra vara, sem ekki eru seldar til útlanda eða eiga að seljast þar og engin greiðsla kemur fyrir, nema greitt hafi verið fyrir þær við innflutning;
4. gjafa og sýnishorna, sem engin greiðsla kemur fyrir.

9. gr.

Áður en vörur eru fluttar héðan til útlanda, skulu útflytjendur afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu á þar til gerð eyðublöð um hina útfluttu vöru, og afrit af farmskírteini eða fylgibréfi yfir vörurnar, ef það hefur verið gefið út fyrir þeim, svo og afrit af sölureikningi yfir vöruna, ef salan hefur farið fram, en ef salan fer fram síðar, þá skuldbindingu um að afhenda sölureikning, þegar salan hefur átt sér stað.

Sölureikningar fyrir útfluttum vörum skulu hljóða um greiðslu í erlendri mynt, en á skýrslum þeim, sem um ræðir í 1. málsgr., skal söluverðið gefið upp í íslenzkri mynt og skal miða við dagsgengi.

Skýrslur þær og skjöl, sem ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar, skulu afhentar svo tímanlega, að fram geti farið skoðun á vörunum, ef þörf krefur, áður en ferming þeirra á sér stað. Skýrslu þarf þó ekki að gefa um vörur þær, sem um ræðir í töluliðunum 1.—4. í 8. gr. Hins vegar ber að framvísa öllum slíkum vörum fyrir tolleftirlitsmanni, sem er að rannsókn í skipi eða farartæki eða afgreiðir það til útlanda.

10. gr.

Skýrsla sú eða yfirlýsing, sem ræðir um í 9. gr., skal vera skrifleg og tilgreina eftirtalin atriði:

1. tölu, magn og tegund varanna;
2. söluverð, ef salan hefur farið fram, annars fob. gangverð varanna;
3. allan kostnað, sem greiddur er í íslenzkum gjaldeyri og fellur á vörurnar eftir að þær eru komnar um borð í skip eða farartækið, sem flytur vörurnar til útlanda, svo sem flutningsgjald og vátryggingu;
4. ákvörðunarstað varanna;
5. nafn og heimili viðtakanda varanna;
6. hvar og hvernig vörurnar séu greiddar eða eigi að greiðast:
   a. Hafi vörurnar verið greiddar fyrirfram, ber útflytjendum að leggja fram vottorð frá bönkunum um það, að þeir hafi móttekið andvirðið í erlendum gjaldeyri.
   b. Eigi greiðsla að fara fram síðar, ber útflytjendum að undirrita skuldbindingu um það, að skila andvirðinu í erlendum gjaldeyri til bankanna og skal þá tilgreint hvenær og í hvaða banka greiðslan sé væntanleg.

11. gr.

Landsbanki Íslands hefur eftirlit með því að til skila komi allur gjaldeyrir sem á að greiðast fyrir útfluttar vörur og annað, sem greiðast á með erlendum gjaldeyri, og getur hann krafizt upplýsinga og skýrslna í því sambandi, er hann telur nauðsynlegar. Skal hann gefa viðskiptamálaráðuneytinu vikulega skýrslu um innborganir, sem bönkunum berast í erlendum gjaldeyri.

77 3. apríl

12. gr.

Annað samrit af farmskrá þeirri, sem ræðir um í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 63 31. des. 1937, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra senda Landsbanka Íslands, ásamt skjölum þeim, sem ræðir um í 9. gr.

Aðalfarmskrá þá, sem ræðir um í 2. mgr. 33. gr. framannefndra laga nr. 63 31. des. 1937, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra, fyrst um sinn og þar til er önnur skipun verður á því gerð, senda Landsbanka Íslands.

Auk farmskráa, sem skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annarra farartækja skulu gera yfir útflutningsvörur, sem skipið eða farartækið hefur tekið til flutnings og koma á farmskrá, skulu skipstjórar eða farstjórar gera og afhenda tolleftirlitsmanni áður en skipið eða farartækið leggur úr höfn, skrá yfir vörur þær, sem skipið eða farartækið hefur tekið úr landi og ætlaðar eru útflutningsskipinu eða farartækinu sjálfu, skipverjum eða starfsmönnum og farþegum til neyzlu og notkunar í skipinu eða farartækinu.

Skipstjórar eða fararstjórar eru enn fremur skyldir til að gefa tolleftirlitsmanni, ef ástæða þykir til, skýrslu um það, hvernig vörur þær, sem ræðir um í 3. málsgr. þessarar greinar, hafa verið greiddar og til hvers eða hverra greiðslan hefur gengið eða á að ganga.

13. gr.

Bannað er að flytja íslenzkan gjaldmiðil úr landi. Þó er farþegum heimilt að hafa með sér fjárhæð er nægir til greiðslu fæðis og þjónustugjalds á ferð til útlanda og greiðslu farseðils, fæðis og þjónustu á heimleið.

14. gr.

Tollstjórar, hver fyrir sitt umdæmi, skulu láta Hagstofu Íslands í té nákvæma skýrlu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru, jafnskjótt og skip eða farartæki, sem vöruna flytur, leggur frá landi. Enn fremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta hagstofunni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi, sem hagstofustjóri ákveður.

15. gr.

Hver sá er fær innflutningsleyfi greiði ½% af þeirri upphæð er leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert leyfi. Gjald þetta greiðir leyfishafi þeim tollstjóra, umboðsmanni hans eða póstafgreiðslumanni í fyrsta sinn og leyfinu er fram vísað og greiðist gjaldið þá af öllu leyfinu.

16. gr.

Viðskiptaráð getur veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar ef sérstaklega stendur á, enda komi samþykki ráðherra til.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100000.00. Ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað má svipta sökunaut rétti til verzlunar. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. hegningarlaga er og heimil.

Það telst meðal annars brot á reglugerðinni að brjóta þau ákvæði, sem Viðskiptaráð hefur sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingu, að rjúfa þær skuldbindingar, sem menn hafa tekið á sig samkvæmt fyrirmælum reglugerðar þessarar og gefa rangar þær yfirlýsingar, sem fyrirskipaðar eru, eða vanræksla í að gefa slíkar yfirlýsingar eða skuldbindingar.

18. gr. 77

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 50 14. júní 1938, með þeim 3. apríl
breytingum, sem á henni hafa orðið.

19. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. apríl 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Bindindissjóðinn Framtíðin", 78
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. apríl 7. apríl
1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bindindissjóðinn Framtíðin.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Bindindissjóðurinn Framtíðin. Starfsemi hans er Keldunes-hreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 352.89, og er það tillag frá þeim meðlimum bindindis-félagsins Framtíðin í Kelduhverfi, sem enn eru á lífi. Sjóðurinn tekur á móti gjöfum eða áheitum.

3. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í Sparisjóði Norður-Þingeyinga eða annarri tryggri láns-stofnun. Reikningsár hans er almanaksárið.

4. gr.

Sjóðurinn skal háður eftirliti sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðanda sveitarsjóðanna í Norður-Þingeyjarsýslu og bornir upp til samþykktar á aðalfundi sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu árlega.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða og fyrst um sinn leggist vextirnir allir við höfuðstólinn. En þegar vextirnir eru orðnir það miklir, að ¾ hluti þeirra nægi — að áliti sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu — til að inna af hendi að einhverju leyti það hlutverk, sem þeim er ætlað, sbr. 6. gr., veitir sýslunefndin heimild til að sjóðurinn taki til starfa. En þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 50000.00 má lækka vaxtatillagið til hans ofan í allt að ⅛ vaxtanna, en aldrei meira. Allir vextir, sem eigi eru notaðir samkv. ákvæðum 6. og 7. gr., leggist ávallt við höfuð-stólinn.

6. gr.

Vöxtum af sjóðnum, þeim er eigi leggist við höfuðstólinn, skal fyrst um sinn eingöngu varið til útbreiðslu bindindis í Keldunesshreppi, þ. e. til varnar nautn

78 hvers konar eiturlyfja, þeirra er nú þekkjast eða síðar kunna að koma fram, svo
7. apríl sem áfengis (alkóhols), tóbaks, kokains, morfins o. s. frv.

7. gr.

Þegar sýnt þykir að sjóðurinn geti innt af hendi meira menningar- eða líknarstarf en það, er ræðir um í 6. gr., er stjórn sjóðsins, með samþykki sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, heimilt að gera ráðstafanir til þess, og semur þá stjórn sjóðsins, í samráði og með samþykki sýslunefndarinnar, reglur um þá starfsemi. En ávallt skal gæta þess, að hlutverk það, er ræðir um í 6. gr., sitji fyrir öllum öðrum framkvæmdum, þá er ræðir um fjárveitingar úr sjóðnum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins sé fyrst um sinn skipuð þrem mönnum. Eru barnakennari Kelduneshrepps og sóknarprestur Garðssóknar sjálfkjörnir í stjórnina, en þriðja manninn skal hreppsnefnd Kelduneshrepps kjósa. Þegar starfsemi sjóðsins hefur færzt út samkv. ákvæðum 7. gr., má fjölga mönnum í stjórninni um 2 eða 4 og kjósa þá sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu og hreppsnefnd Keldunesshrepps sinn helminginn hvor þeirra. Öll stjórnin nema sóknarpresturinn skal vera búsett í Kelduneshreppi.

9. gr.

Stjórn sjóðsins veitir honum að öllu leyti forstöðu. Hún skiptir með sér verkum eftir geðþótta, og skal gjaldkerinn annast alla reikningsfærslu, en formaður stjórna fundum og vera málsvari sjóðsins út á við. Stjórnin skal halda gerðabók, sem í sé rituð skipulagsskrá þess, allar stjórnarathafnir, reikningar fyrir ár hvert og athugasemdir við þá, ef fram koma, ásamt svörum reikningshaldara, og annað það, er sjóðinn varðar og eigi er skráð í öðrum bókum. Þegar sjóðurinn er tekinn til starfa samkv. 5. gr., skal stjórnin enn fremur halda bréfabók, er rituð séu í öll útfarin og innkomin bréf. En hvenær sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu þykir ástæða til að skipa fyrir um fyllri bókfærslu, hefur hún fulla heimild til þess. En allar bækur þessar skulu háðar þeim reglum, er lög hér á landi á hverjum tíma skipa fyrir, um meðferð og geymslu opinberra embættisbóka.

10. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og að fenginni staðfestingu skal birta skipulagsskrána í Stjórnartíðindum fyrir Ísland, B-deild.

Í Kelduneshreppi í marzmán. 1942.

Björn Guðmundsson.
Guðm. B. Árnason.
Svava Daníelsdóttir.
Jóhannes Guðmundsson.
Jón Jóhannesson.
Sigríður Stefánsdóttir.
B. Kristjánsson.
Björn Stefánsson.
Þórður Benjamínsson.
Björn Daníelsson.
Þór Gr. Víkingur.
Sigrún Grímsdóttir.
Kristján Árnason.
Hólmfríður Gunnarsdóttir.
Margrét Ásmundsdóttir.
Guðrún Jónsdóttir.
Haraldur Ásmundsson.
Stefán Jónsson.
Guðm. Kristjánsson.
Kristín Friðriksdóttir.
Ólafur Jónsson.
Sveinn Víkingur.
Björg Grímsdóttir.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kristínar Jóhönnu Pálsdóttur", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. apríl 1943. **79** 7. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kristínar Jóhönnu Pálsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristínar Jóhönnu Pálsdóttur og er stofnaður af Kvenfélaginu Von í Siglufirði á 25 ára afmæli félagsins 13. nóv. 1942, til minningar um hina látnu félagssystur, er var ein af stofnendum félagsins og meðlimur þess til dauðadags, en hún lézt 9. maí 1932.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er afmælisgjöf til kvenfélagsins að upphæð 1000 — eitt þúsund — krónur frá eiginmanni Kristínar, Pétri Bóassyni trésmíðameistara, og börnum þeirra, Helga, Maríu og Páli. En gjöfina gáfu þau félaginu „til minningar um látna eiginkonu og móður".

Auk þess leggur kvenfélagið sjálft fram 1000 — eitt þúsund — krónur til sjóðsstofnunarinnar, er mun svara nokkurn veginn til þeirrar upphæðar, er Pétur Bóasson hefur áður gefið félaginu í vinnu o. fl.

Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæk börn, er misst hafa foreldri sitt eða orðið að sjá þeim á bak sökum veikinda. Er sérstaklega til þess ætlast, að börnin séu styrkt til sumardvalar í sveit.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjár konur, er Kvenfélagið Von kýs til þriggja ára. Gangi þær úr stjórninni til skiptis. Í fyrsta sinn gangi ein úr með hlutkesti, eftir eitt ár, og önnur einnig með hlutkesti eftir tvö ár, en úr því í réttri röð þannig, að hver kona sitji að minnsta kosti þrjú ár í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Siglufjarðar. Þó er stjórn hans heimilt að verja honum til verðbréfakaupa, enda sé af því sýnilegur vaxtahagnaður.

6. gr.

Styrk má veita úr sjóðnum þegar vextir hans nema að minnsta kosti kr. 150.00 og þó ekki hærri en sem nemi ⅔ vaxtanna. ⅓ vaxtanna leggist jafnan við sjóðinn unz hann er orðinn kr. 10000.00 Eftir það má verja öllum vöxtunum til styrktar starfseminnar, þegar stjórn hans telur þess þörf.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum og annast reikningshald hans, en endurskoðun hans heyrir undir endurskoðun annarra reikninga kvenfélagsins.

80
10. apríl

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Arnarnesshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Arnarnesshrepps og er eign Arnarnesshrepps. Heimili hans og varnarþing er Arnarnesshreppur.

2. gr.

Trygging fyrir innstæðufé og öðrum kröfum á sjóðinn er varasjóður sparisjóðsins og aðrar eigur hans. Þá ábyrgist Arnarnesshreppur skuldbindingar sparisjóðsins, allt að kr. 15000.00, næst á eftir nefndum tryggingum.

3. gr.

Sparisjóðurinn starfar sem sjálfstæð stofnun með sérskildum fjárhag og leggst ágóði sá, sem kann að verða á rekstri hans, í varasjóð. Þegar landslög leyfa og ástæður eru til, má verja fé úr varasjóði til menningarmála og nytsemdarfyrirtækja í Arnarnesshreppi, enda sé það samþykkt með ⅘ atkvæða fulltrúaráðsmanna, enda komi samþykki ráðuneytisins til.

Hætti sparisjóðurinn starfrækslu skal verja eigum hans á sama hátt.

4. gr.

Á almennum hreppsfundi skulu kosnir 12 sparisjóðsfulltrúar til fjögra ára í senn og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu, ef óskað er. Gilda sömu reglur um kosningu þessa og hlutfallskosningu í sveitastjórnarmálum. Fulltrúaráðið tekur til starfa um næstu áramót eftir að það var kosið.

5. gr.

Fulltrúaráðið heldur með sér fund fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert. Er hann lögmætur, ef helmingur fulltrúa mætir, en samþykktir allar gildar sem ná meiri hluta atkvæða, samanber þó niðurlag greinarinnar.

Á fundi þessum skal ræða málefni sparisjóðsins og taka um þau ákvörðun. Jafnan skal þar lagður fram endurskoðaður reikningur sparisjóðsins fyrir umliðið almanaksár, til samþykktar, kosin þriggja manna stjórn og einn varastjórnarnefndarmaður, ákveðnir inn- og útlánsvextir í samræmi við gildandi lög og laun starfsmanna. Enn fremur má þar breyta samþykktum sjóðsins, ef nauðsyn krefur. — Breytingar á samþykktum sjóðsins ná þó ekki gildi fyrr en þær hafa verið samþykktar á almennum hreppsfundi og staðfestar af ráðuneytinu.

6. gr.

Stjórnin kýs sér formann, ræður starfsmenn sjóðsins og setur þeim starfsreglur, sér um að bókhald sé glöggt og í samræmi við gildandi fyrirmæli, og fjárreiður sparisjóðsins alltaf í góðu lagi.

Deyi stjórnarnefndarmaður eða flytji burt úr hreppnum tekur varamaður sæti hans.

Stjórn eða starfsmenn mega ekki taka lán úr sjóðnum eða ábyrgjast þau fyrir aðra.

7. gr.

Sparisjóðurinn tekur á móti innlánsfé og ávaxtar það, þó aldrei hærri upphæð frá einstökum mönnum en fimm þúsund krónur. Vextir greiðast frá innleggsdegi og færast í viðskiptabækur um hver áramót.

Nýir innleggjendur fá löggilta viðskiptabók, með númeri og nafni, fyrir sann- 80
gjarnt verð, þegar þeir byrja viðskiptin. Skila skulu þeir bókinni þegar hún er 10. apríl
útskrifuð og fá þeir þá nýja bók ókeypis, ef þeir halda áfram viðskiptum. Þegar viðskiptum er lokið, verður bókin ógilt og eign sparisjóðsins.

Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að neita að taka á móti innstæðufé, svo og að segja því upp til útborgunar, en það skal jafnan gert með ábyrgðarbréfi. Hefur stjórn sparisjóðsins um þetta úrskurðarvald.

Innstæðufé á sparisjóðsbókum skal greiða þá er viðskiptabók er framvísað, og er það ekki á ábyrgð sparisjóðsins þó handhafi bókarinnar hafi ekki haft leyfi eiganda hennar, sbr. þó síðustu málsgrein 10. gr. laga nr. 69 1941.

Sparisjóðurinn er þó ekki skyldur að greiða hærri upphæð í einu en 500 krónur, nema henni sé sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara.

8. gr.

Sparisjóðurinn lánar fé gegn vöxtum og góðum tryggingum. Vextir greiðast fyrir fram af víxlum, en í október af öðrum lánum, fyrir hvert yfirstandandi almanaksár. Dragist vaxtagreiðsla fram yfir áramót, falla dráttarvextir á vanskilavextina, 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð.

9. gr.

Kvittanir og aðrar yfirlýsingar, sem gefnar eru út í nafni sparisjóðsins, af formanni hans eða féhirði, eru skuldbindandi fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

10. gr.

Upplýsingar um innstæður viðskiptamanna verða ekki gefnar óviðkomandi, nema skylt sé að lögum.

11. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tæmandi ákvæði í samþykktum þessum, fer sem fyrir er mælt í gildandi landslögum og reglugerðum um sparisjóði, eins og þau og þær verða á hverjum tíma. Skulu lög þessi og reglugerðir jafnan liggja á skrifstofu sparisjóðsins til athugunar.

12. gr.

Fundargerðir um sparisjóðsmál, svo og ársreikning sparisjóðsins o. fl., skal jafnan innfæra í gerðabók sparisjóðsins. Ársreikning sparisjóðsins ber að lesa upp á almennum hreppsfundi ár hvert.

Samþykktir þessar voru staðfestar á aðalfundi Sparisjóðs Arnarnesshrepps 25. jan. 1943 og á almennum hreppsfundi í Arnarnesshreppi 20. febr. 1943.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 10. apríl 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

81
10. apríl

SAMÞYKKTIR
fyrir Sparisjóð Fnjóskdæla.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Fnjóskdæla og skal heimili hans og varnarþing vera Hálshreppur.

2. gr.

Ábyrgðarfé sparisjóðsins má aldrei vera minna en 3000 kr. Ábyrgðarféð er sumpart lagt fram af ábyrgðarmönnum sem stofnfé og sumpart tryggt með ábyrgð þeirra. Enginn ábyrgðarmaður ábyrgist þó hærri fjárhæð en 150 krónur.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 20. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 68 27. júní 1941.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til fjögurra ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti fjórum sinnum á ári og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum sjö dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema ⅔ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

81 10. apríl

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 2000 krónur.
f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtur en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 100.00 til kr. 500.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 2000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því. 81 10. apríl

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaðar fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;

81 10. apríl

b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $^{3}/_{5}$ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;

c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórnin álítur trygga;

d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum; vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bergðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum, minnst $^{1}/_{10}$ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd, og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og í hver árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd S.-Þingeyjarsýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu, hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

81
10. apríl

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 10. apríl 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

82
10. apríl

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóðinn í Keflavík.

Gerð á fundi stofnenda sjóðsins í Keflavík 7. nóv. 1907, með innfærðum breytingum, gerðum af ábyrgðarmönnum sjóðsins 28. marz 1942 og 3. apríl 1943.

I. Ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins eru 20, búsettir í Gullbringusýslu.

2. gr.

Sérhver ábyrgðarmaður skuldbindur sig skriflega til að ábyrgjast skil af hendi sjóðsins með allt að kr. 150.00 framlagi hver, ef með þarf og sjóðinn brestur.

3. gr.

Verði ábyrgðarmenn færri en 20, skulu þeir, sem eftir eru, útvega nýja ábyrgðarmenn í stað þeirra, er úr hafa gengið.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins skulu vera þrír, og kjósa ábyrgðarmenn tvo þeirra á aðalfundi hlutbundinni kosningu, ef óskað er. Skulu þeir kosnir til tveggja ára. (Þriðji stjórnandinn er kosinn af sýslunefnd.) Stjórnin skiptir með sér verkum, og kýs úr sínum hópi formann og gjaldkera. Gjaldkeri setur tryggingu fyrir því fé, sem honum er trúað fyrir.

5. gr.

Ábyrgðarmenn halda með sér aðalfund í Keflavík eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Skal þar fram lagður reikningur síðasta árs og gerðar þær ákvarðanir, er ástand sjóðsins útheimtir. Aukafundir eru haldnir, ef formanni þykir þurfa eða helft ábyrgðarmanna óskar. Úrslitum mála á fundum ræður meiri hluti greiddra atkvæða. Þó þurfa ⅔ allra ábyrgðarmanna að vera á einu máli, ef breyta skal samþykkt þessari.

6. gr.

Endurskoðendur sjóðsins athuga hinn framlagða reikning og allan hag sjóðsins og votta, hvort honum sé stjórnað samkvæmt settum reglum.

7. gr.

Heimilt er hverjum að sjá reikning sinn í bókum sjóðsins. Ágrip af reikningnum sé birt á prenti ár hvert.

8. gr.

Starfsstofa sjóðsins skal vera opin hvern rúmhelgan dag kl. 2 til 4 eftir hádegi. En heimilt er stjórninni að ákveða síðar, ef þörf gerist, fleiri afgreiðslutíma eða breyta um afgreiðslutíma.

9. gr.

Bækur sjóðsins skal færa þannig, að ætíð sé auðvelt að sjá, hvernig fé hans er tryggt og hvernig högum hans er háttað að öllu leyti.

II. Innlög í sjóðinn.

10. gr.

Hver, sem leggur í sjóðinn, fær viðskiptabók við hann, og greiðir fyrir 1 kr. Glatist bókin, skal með fara samkvæmt 11. gr. laga nr. 69 1941.

11. gr.

Innlag í sjóðinn er tekið ekki minna en 1 kr. í hvert sinn.

12. gr.

Neita má viðtöku á fé í sjóðinn eða gera að skilyrði, að það standi óhreyft í ár, ef stjórn þykir þurfa og sérlegar ástæður eru til.

13. gr.

Um eign manna í sjóðnum skal óviðriðnum ekki sagt.

III. Vextir.

14. gr.

Af fé, sem lagt er í sjóðinn, greiðir hann sömu vexti og Landsbanki Íslands. Vextir greiðast ekki af minni upphæð en 5 kr., og reiknast fyrst um sinn frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að inn er lagt til fyrsta dags í þeim mánuði, sem út er tekið. Vextir greiðast ekki í minni pörtum en heilum eyri.

15. gr.

Gjalddagi er 31. desember. Séu vextir ekki teknir í gjalddaga, leggjast þeir við höfuðstól sem innstæða.

IV. Uppsagnir o. fl.

16. gr.

Uppsögn fer fram munnlega á skrifstofu sjóðsins og skal innfærð í þar til ætlaða bók, ef ekki er þegar greitt.

17. gr.

Eigi er skylt að greiða neina upphæð með minni fyrirvara en mánaðar, 200 til 500 krónur með þriggja mánaða og stærri upphæðir með missiris fyrirvara.

18. gr.

Eftir gjalddaga eru eigi vextir greiddir af fé, sem upp er sagt, og eigi skylt að greiða vexti frá þeim degi, sem borgun er boðin.

19. gr.

Sjóðurinn getur sagt upp innstæðufé í gjalddaga með þriggja mánaða fyrirvara og greiðir eigi vexti af því lengur en til gjalddaga.

20. gr.

Eigandi innstæðu getur áskilið, að sýna skuli skírteini við úttekt úr sjóðnum, ef hann sjálfur hirðir eigi fé sitt.

21. gr.

Sé öll innstæða tekin úr viðskiptabók, heldur sjóðurinn bókinni.

22. gr.

Ef höfuðstóls og vaxta af innstæðu er ekki vitjað í 15 ár, skal eiganda stefnt með auglýsingu í blaði, sem birtir stjórnarauglýsingar, til að ráðstafa fénu innan sex mánaða. Geri hann það eigi, er allt féð eign sjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða féð að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára.

23. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins ákveða laun stjórnar og starfsmanna sjóðsins og endurskoðenda.

24. gr.

Ágóði sjóðsins leggst í varasjóð. Til að ráðstafa þeim sjóði skulu ⅔ ábyrgðarmanna sjóðsins vera á einu máli, og má aðeins ráðstafa honum til almenningsþarfa eða almennra fyrirtækja innan Gullbringusýslu, að fengnu samþykki viðkomandi ráðuneytis.

V. Útlán.

25. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta með því að lána það gegn veði eða áreiðanlegri ábyrgð eða á hvern annan hátt, er allir stjórnendur sjóðsins álíta fulltryggan og samræmanlegt er við lög um sparisjóði nr. 69 1941. Gegn ábyrgð sé venjulega lánað aðeins eitt ár í senn.

82
10. apríl

26. gr.

Stjórnendur sjóðsins mega hvorki taka né ábyrgjast lán úr honum.

27. gr.

Vextir skulu greiðast fyrir fram. Séu þeir eigi greiddir í gjalddaga, skal umfram áskilda vexti greiða 1 prósent um árið, unz lokið er, og séu þeir eigi greiddir innan árs, skal ganga að veði eða ábyrgð og fyrri, ef stjórn sjóðsins þykir það nauðsynlegt.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 10. apríl 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

83
12. apríl

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 15 13. janúar 1941.

1. gr.

Í 3. gr. Í stað „1½ af þúsundi" komi: 2,5 af þúsundi fasteignamatsverðs.

2. gr.

Í 4. gr. a. Í stað „kr. 2,50 smál." komi: kr. 3,50 smál.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1943.

Jóhann Sæmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

84
12. apríl

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar, nr. 25 12. apríl 1933.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, er verði 13. gr. og orðist svo:
Meðan vísitalan er hærri en 130 skal innheimta allar tekjur vatnsveitunnar með dýrtíðarálagi, er nemi 1% fyrir hver 3 stig, sem vísitalan er yfir 100.

84 12. apríl

Skatturinn á hverja einstaka húseign má þó ekki fara fram úr 6‰ miðað við fasteignamatsverð hennar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. maí þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1943.

Jóhann Sæmundsson.

Páll Pálmason.

85 14. apríl

AUGLÝSING

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. maí til 1. september 1943:

A. Fólksbifreiðar:		
1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8000	lítrar
2. Almenningsbifreiðar, hálfkassabifreiðar og mjólkurflutningabifreiðar	4000	—
3. Leigubifreiðar, þær sem uppfylla ákveðin skilyrði	3500	—
4. Einkabifreiðar:		
a. Læknabifreiðar	1200	—
b. Almenn stærð, 5—6 manna	850	—
c. Smábifreiðar 15 hestafla og minni	500	—
d. Bifhjól	100	—
B. Vörubifreiðar:		
1. Vörubifreiðar, 2 tonn og stærri	4000	—
2. Vörubifreiðar, 1½ tonn	3000	—
3. Vörubifreiðar, ¾ til 1¼ tonn	2000	—
4. Vörubifreiðar, smábifreiðar	800	—

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmtunarhefti til annarra nota en bifreiðaaksturs, samkvæmt reglum sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannflutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

4. gr.

Á skömmtunartímabilinu frá 1. september þ. á. til 1. janúar 1944, verður benzínskammturinn að stórlækka frá því sem er á tímabilinu frá 1. maí til 1. september þ. á.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. apríl 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

86
24. apríl

um samflot skipa.

1. gr.

Öll íslenzk skip og skip, sem eru leigð eða gerð út af íslenzkum mönnum eða fyrirtækjum, er sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands með ísvarinn fisk, skulu sigla tvö saman eða fleiri báðar leiðir.

2. gr.

Samfloti því, sem um ræðir í 1. gr., skal, ef þess er kostur, haga þannig, að togarar sigli saman og önnur skip, sem flytja nýjan fisk, sigli saman.

3. gr.

Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda ákveður, hvaða togarar skuli sigla saman í hverri ferð, og frá hvaða stað þeir skuli hefja samflot.

4. gr.

Sérhverju togaraútgerðarfyrirtæki er skylt að tilkynna Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda um ferðir og aflabrögð skipa sinna, svo að félagið hafi nákvæmt yfirlit yfir, hvernig samfloti á hverjum tíma verði bezt fyrir komið.

5. gr.

Félag útgerðarmanna línuveiða- og fiskkaupaskipa ákveður, hvaða fiskkaupaskip skuli sigla saman í hverri ferð, og frá hvaða stað samflot skuli hefja.

6. gr.

Sérhverju útgerðarfyrirtæki fiskkaupaskipa er skylt að tilkynna Félagi útgerðarmanna línuveiða- og fiskkaupaskipa um ferðir og fiskkaup skipa sinna, svo að félagið hafi nákvæmt yfirlit yfir, hvernig samfloti þessara skipa verði bezt fyrir komið.

7. gr.

Sérhvert útgerðarfyrirtæki, sem á skip í förum á milli Íslands og Bretlands með ísvarinn fisk, skal jafnan láta þann aðila, sem hefur framkvæmd reglugerðar þessarar með höndum, vita og fylgjast með ferðum og aflabrögðum skipanna.

Þegar svo stendur á, að togari og samstæð fiskkaupaskip eru samtímis ferðbúin til Bretlandsferðar eða til heimferðar frá Bretlandi, skulu þau hafa samflot.

8. gr.

Með samþykki Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og Félags útgerðarmanna línuveiða- og fiskkaupaskipa getur atvinnumálaráðherra ákveðið, að öðrum en þessum félögum verði falin stjórn þessa samflots.

9. gr.

Skipum, sem eru í samfloti, er skylt að haga siglingu þannig, að þau séu ávallt í námunda hvert við annað, nema stórviðri eða dimmviðri hamli.

10. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar um samflot, ef upplýst er, að ekkert skip geti komið til greina til samfylgdar, enda eigi skipstjóri eða útgerðarmaður hlutaðeigandi skips ekki sök á þeim atvikum, er ollu því, að þannig er ástatt um skipið.

86 24. apríl

11. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 5 manna nefnd í Reykjavík og þriggja manna nefndir á Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði, Hornafirði og Vestmannaeyjum, er úrskurði beiðnir um undanþágu frá samfloti samkvæmt 10. gr.

Nefndirnar skulu þannig skipaðar:

a. Í Reykjavík 2 menn að fengnum tillögum stjórna stéttarfélaga sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, einn að fengnum tillögum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og einn að fengnum tillögum Félags útgerðarmanna línuveiða- og fiskkaupaskipa. Fimmta manninn skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar.

b. Utan Reykjavíkur einn maður að fengnum tillögum stjórna stéttarfélaga sjómanna eða verkalýðsfélaga á hverjum stað og annan að fengnum tillögum frá útgerðarmönnum. Þriðja manninn skipar ráðherra án ábendingar og er hann formaður.

Skipa skal jafnmarga varamenn sem aðalmenn.

12. gr.

Áður en undanþága er veitt, skal siglingaskipstjóri leggja fram gögn fyrir því, að næg skipshöfn til siglinga á viðkomandi skipi sé fyrir hendi.

Ekki má láta skipverja á nokkurn hátt gjalda þess, þó að hann sigli ekki á skipinu milli landa.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 1000—50000 króna. Ítrekað brot getur og varðað missi réttar til skipstjórnar allt að 6 mánuði.

14. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem opinber mál.

Reglugerð þessi er hér með sett, samkvæmt lögum frá 14. apríl 1943, um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samflot íslenzkra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. apríl 1943.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

87 30. apríl

REGLUR

um innheimtu útsvara í Vestmannaeyjum 1943.

1. gr.

Sérhver útsvarsgjaldandi í Vestmannaeyjum skal árið 1943 greiða 20% af upphæð þeirri, er hann greiddi í útsvar 1942, til greiðslu upp í útsvar 1943 með gjalddaga 1. maí.

2. gr.

Um innheimtu, endurgreiðslu og dráttarvexti fer eftir lögum nr. 15/1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1943.

3. gr.

Skylda kaupgreiðanda um að halda eftir af kaupi upp í útsvarsgreiðslur fer eftir lögum nr. 23 frá 1940.

87
30. apríl

4. gr.

Lögtaksréttur er á vangoldnum útsvarsgreiðslum samkvæmt reglum þessum eftir þeim ákvæðum, sem gilda um lögtök fyrir vangoldnum opinberum gjöldum.

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Vestmannaeyja samkvæmt lögum nr. 15 26. febrúar 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1943, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

88
3. maí

SAMÞYKKTIR

fyrir sparisjóð Flateyjar á Breiðafirði.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Flateyjar, er heimili hans og varnarþing í Flatey.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu vera að minnsta kosti 15, og ábyrgjast þeir hver um sig kr. 200.00 — tvö hundruð krónur — til að bæta tjón, er sjóðurinn kann að verða fyrir og varasjóður ekki hrekkur til. (Varasjóður sjóðsins er nú kr. 16200.00 — sextán þúsund og tvö hundruð krónur — 1943.)

Stjórnin skal ávallt annast um að bæta nýjum mönnum í ábyrgð sjóðsins í stað þeirra, er ganga úr samkv. 3. gr. þessarar samþykktar.

3. gr.

Ábyrgð ábyrgðarmanna fellur niður:

a. við burtflutning úr lögsagnarumdæminu,
b. — andlát,
c. — missi fjárforræðis,
d. — gjaldþrot,
e. — nauðasamninga,
f. — ef maðurinn verður öreigi á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, tveir kjörnir á aðalfundi úr hópi ábyrgðarmanna og tveir varamenn, einn kosinn af sýslunefnd og einn varamaður; gildir kosning þeirra til eins árs.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Einn er formaður, annar gjaldkeri og þriðji ritari. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum.

Deyi stjórnarnefndarmaður eða forfallist á annan hátt samkv. ákvæðum 3. gr. þessarar samþykktar, tekur varamaður hans sæti í stjórninni til næsta aðalfundar.

88 3. maí

Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi séu fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

5. gr.

Stjórnendur og starfsmenn sjóðsins mega ekki taka eða ábyrgjast lán úr sjóðnum, né reka eiginhagsmunastarfsemi, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins árlega.

7. gr.

Stjórnarnefndarmenn eru að jafnaði starfsmenn sjóðsins. Þó má ráða aðra starfsmenn.

Meðan sjóðurinn er ekki stærri en 200000.00 — tvö hundruð þúsund — krónur skal gjaldkeri hafa á hendi daglega afgreiðslu.

Bókhald sjóðsins skal vera samkvæmt gildandi lögum um sparisjóði og bækur hans færðar samkvæmt þeim.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Skal stjórnin þá athuga nákvæmlega ástand og rekstur sjóðsins.

10. gr.

Aðalfundur skal haldinn dagana frá 6.—10. marz ár hvert, hvern fyrsta veðurfæran dag, og skal hann auglýstur með mánaðar fyrirvara. Skulu þar lagðir fram endurskoðaðir reikningar sjóðsins til samþykktar og kosnir tveir menn í stjórn sjóðsins

Aðalfundur er lögmætur ef helmingur ábyrgðarmanna mætir. Afl atkvæða ræður úrslitum, þó má eigi breyta lögum sjóðsins nema þrír fjórðu hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna skal boða til fundar að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

11. gr.

a. Innlög eru tekin í sjóðinn í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn. Minni upphæð en kr. 10.00 ber ekki vexti og teljast vextir frá fyrsta degi hvers mánaðar eftir að lagt er inn í sjóðinn.

b. Sem kvittun fyrir innlögum í sjóðinn fær hver viðskiptamaður sparisjóðsbók með sömu yfirskrift og númeri sem er á viðskiptareikningi hans í innlánsbók við sjóðinn, og sé í henni útdráttur úr lögum sjóðsins, sérstaklega um hreyfingu innstæðufjárins og vaxtakjör. Viðskiptamaður greiðir andvirði bókarinnar við móttöku.

c. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár. 88 3. maí

d. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —.

e. Um eigur manna í sjóðnum verður ekki sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

12. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu í lok hvers árs og lagðir við höfuðstól í innstæðubókinni. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum og eigi af minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema kr. 1000.00 eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í sjóðnum.

Vextir skulu færðir í viðskiptabækur strax og þær eru sýndar eftir áramót.

13. gr.

Af fé, sem sjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, má greiða án uppsagnarfrests allt að kr. 50.00, en hærri upphæðir, upp að kr. 500.00, með tveggja mánaða fyrirvara, kr. 1000.00 og yfir með eins árs fyrirvara, ef stjórn sjóðsins telur þess þörf.

14. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé án þess að hún sé um leið skráð í viðskiptabók, sem ávallt skal bera saman við innstæðu viðskiptamanns.

Það er eigi á ábyrgð sjóðsins þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi löglega heimild eiganda til þess að taka fé út úr henni.

Þegar innlögum í sjóðinn er veitt móttaka án þess viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögunum og gildir hún þar til viðskiptabókin er sýnd, enda færist þá upphæðin í hana og afhendist þá kvittunin féhirði.

15. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast úr sjóðnum í gjaldgengum peningum, seðlum eða tékkum. Greiðist innstæða að fullu skal skila viðskiptabókinni og hún þá tafarlaust ónýtt og þess getið við innstæðudálk viðskiptamannsins.

Glatist viðskiptabók, fer um hana samkvæmt lögum fyrir sparisjóði á hverjum tíma.

16. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

17. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því fé, sem uppsagt er.

88 18. gr.

3. mai Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

19. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum eða öðrum bönkum hér á landi með ríkisábyrgð. Þó er eigi skylt að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

20. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $^3/_5$ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórnin álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

21. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiðir skuldunautur 2% árlega dráttarvexti, um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

22. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal reikningur hans vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

23. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt yfirlit yfir starfsemi sjóðsins á liðna árinu og eignir og skuldir í árslok.

24. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

88
3. maí

25. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn. Skulu þeir kosnir af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

26. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu, hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

27. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðsforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og verðbréfaeign hans minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

28. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Skulu þeir benda á ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði bætt tafarlaust.

29. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir febrúarmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

30. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér ekki saman um, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við gildandi lög og reglugerðir um sparisjóði á hverjum tíma, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

31. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykkt þessi staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. maí 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

89
3. maí

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Þingeyrarhrepps.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sparisjóður Þingeyrarhrepps og skal heimili hans og varnarþing vera á Þingeyri við Dýrafjörð.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu allir vera búsettir í Þingeyrarhreppi. Skuldbinda þeir sig til að ábyrgjast skil af hendi sjóðsins, ef hann brestur, með allt að 250 króna framlagi hver.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 20. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en hinn þriðji af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu, og gildir kosning þeirra allra til þriggja ára. Hlutfallskosningu skal við hafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni þrjú ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að þremur árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins eru starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins, og hverjir undirriti kvittanir og aðrar yfirlýsingar svo, að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar, endurskoðenda eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við afgreiðslu skulu tveir úr stjórninni vera viðstaddir, féhirðir og annar hvor hinna stjórnarnefndarmanna með honum. Það skal að jafnaði vera aðalregla, að eigi má greiða neina upphæð úr sjóðnum né í hann, nema tveir starfsmenn séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir úr stjórninni séu eigi viðstaddir.

Aðalfundur ákveður þóknun stjórnarnefndarmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum hennar.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft, sem þurfa þykir og ákveður stjórnin hvernig haga skuli daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í apríl ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum sex dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema ⅔ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.

89 3. maí

c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta sinn.

d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.

e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 50 þús. kr.

f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 500 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar fé er fyrir hendi, en heimta má, að upphæðum frá kr. 200 til kr. 500 sé með viku fyrirvara sagt upp, og upphæðum þar yfir með eins mánaðar fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 1000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins, að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueigenda, en það

skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin. 89 3. maí

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds, og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan fimm mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar eru birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögu sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 35% af virðingarverði brunabótatrygginga, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;

89 c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
3. maí d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilega.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af lánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautar 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæður mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt, sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórnin tilkynna það sparisjóðseftirlitinu, er í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi vera búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hvar þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, sem hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;

3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslok og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok. 89 3. maí

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á í útistandandi fasteignaveðslánum, sjálfskuldarábyrgðarlánum og handveðslánum. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers lántakanda eða einkennistölu skuldabréfs, svo og einkennistölu viðskiptabókar og hvar hana er að finna í viðskiptareikningnum.

Loks skal semja skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, og skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins og verðbréfaeign hans að minnsta kosti einu sinni á ári.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

89 3. maí

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér ekki saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð viðskiptamálaráðuneytisins frá 15. febrúar 1942.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

38. gr.

Með samþykktum þessum fellur úr gildi reglugerð fyrir Sparisjóð Þingeyrarhrepps, 6. júní 1940, að 31. gr. undantekinni.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. maí 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

90 3. maí

SAMÞYKKT

fyrir Sparisjóð Mýrasýslu.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Mýrasýslu og skal heimili hans og varnarþing vera í Borgarnesi.

2. gr.

Sjóðurinn er eign sýslusjóðs Mýrasýslu og hefur sýslunefnd Mýrasýslu á hendi yfirstjórn hans samkvæmt samþykkt þessari.

3. gr.

Sýslusjóður Mýrasýslu ábyrgist tjón það, er sjóðurinn kann að bíða, og getur eigi sjálfur staðizt, allt að 10000 — tíu þúsund — krónum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu þeir kosnir árlega af sýslunefnd Mýrasýslu á aðalfundi hennar og hlutfallskosning viðhöfð. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins. 90 3. mai

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum.

6. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur sýslunefndar Mýrasýslu ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Heimilt skal starfsmanni, er vikið er frá starfi, að bera mál sitt undir fund sýslunefndar Mýrasýslu, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti 4 sinnum á ári og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

90 11. gr.

3. maí Reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár skulu lagðir fyrir aðalfund sýslunefndar Mýrasýslu, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá.

II Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innleggsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innleggsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 10000 kr.
f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

13. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 10000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

14. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það sem menn óska án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 1000.00 til kr. 5000.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti.

15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf. 90 3. maí

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

16. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

17. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

18. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

19. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

20. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

90 3. maí

III. Um útlán.

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 3/5 af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

22. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum; vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

23. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lagt aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

24. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparsjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd, og hver þau séu.

25. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

26. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir miðjan marzmánuð ár hvert.

27. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

28. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

29. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

30. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Mýrasýslu með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

31. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

90 3. maí

32. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða og verðbréfaeign sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

33. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

34. gr.

Ársreikninga sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund sýslunefndar Mýrasýslu til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð 15. febrúar 1942, um sparisjóði og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

36. gr.

Aðalfundur sýslunefndar Mýrasýslu ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

37. gr.

Breytingar á framangreindum samþykktum verða eigi gerðar nema á fundi sýslunefndar Mýrasýslu.

38. gr.

Með samþykkt þessari eru úr gildi numin lög um Sparisjóð Mýrasýslu frá 1918 og breytingar þær, er síðar hafa verið gerðar á þeim.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. maí 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

91
4. mai

um notkun loftskeytastöðva og talstöðva.

Samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941 og með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Engir aðrir en þeir, sem leyfisbréf hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, mega stofna, hafa eða reka radio-senditæki á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi eða á íslenzkum skipum eða öðrum farartækjum, eða hafa í vörzlum sínum radío-senditæki eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í slík tæki.

Enn fremur er bannað að breyta slíkum tækjum eða flytja þau úr þeim stað, sem leyfisbréfið er miðað við, t. d. flytja þau í land til viðgerðar eða geymslu, nema skrifleg heimild eða ósk frá landssímanum komi til í hvert skipti.

Til radío-senditækja teljast öll tæki, sem ætluð eru til að framleiða rafsveiflur með hárri tíðni (yfir 20000 rið á sekúndu).

Einnig er bannað að aðstoða menn við að setja saman radío-senditæki án heimildar eða afla hluta til þeirra eða hvetja menn beint eða óbeint til þess.

2. gr.

Íslenzk skip mega fyrst um sinn því aðeins hafa loftskeytastöðvar, að þær séu innsiglaðar af póst- og símamálastjórninni, og má ekki rjúfa þá innsiglun og nota stöðina nema í neyð, eða eftir boði póst- og símamálastjórnarinnar í hvert einstakt skipti.

3. gr.

Í siglingum milli Íslands og annarra landa mega íslenzk skip fyrst um sinn ekki heldur hafa talstöð, nema hún sé innsigluð af póst- og símamálastjórninni, þannig að ekki sé unnt að nota senditækin án þess að rjúfa innsiglið (lokunarinnsiglun), en það má ekki gera nema í neyð, enda skal þá ástæðan fyrir því tafarlaust færð inn í dagbók skipsins og tilkynning send póst- og símamálastjórninni svo fljótt sem unnt er. Póst- og símamálastjórnin getur veitt undanþágu frá lokunarinnsiglun eða heimild til að rjúfa lokunarinnsigli undir sérstökum kringumstæðum, ef brýn nauðsyn þykir til.

4. gr.

Við strendur Íslands mega íslenzk skip hins vegar nota talstöðvar sínar, ef þær eru ekki undir lokunarinnsiglun og þó innsiglaðar af póst- og símamálastjórninni, þannig að ekki sé unnt að senda með þeim nema á tveim tilteknum öldulengdum (öldulengdar-innsiglun) án þess að rjúfa innsiglið, en öldulengdarinnsigli má aldrei rjúfa. Talstöðina má þó aðeins nota með þeim takmörkunum, sem segir í þessari reglugerð og samkvæmt þeim reglum og fyrirmælum, sem póst- og símamálastjórnin setur þar um, sbr. 10. gr.

5. gr.

Innsiglun og lausn úr innsiglun mega aðeins trúnaðarmenn póst- og símamálastjórnarinnar framkvæma.

Með innsiglun skal fylgja á viðfestu sérstöku eyðublaði, sem póst- og símamálastjórnin lætur gera, yfirlýsing þess, er innsiglaði, um hvernig innsiglið sé merkt, hvaða dag hafi verið innsiglað og hvernig sendirinn hafi verið innsiglaður. Sérhver innsiglun og lausn úr innsiglun, sem framkvæmd er, skal færð inn í dagbók skipsins og undirrituð af þeim, er innsiglaði.

91
4. maí

6. gr.

Öll skip yfir 12 tonn eru samkvæmt siglingalögum skyld að hafa dagbók og skal skráð í hana allt skráningarskylt varðandi talstöð skipsins, svo sem innsiglanir, lausn úr innsiglun, innsiglisrof, laskanir á innsiglun, hver á skipinu hafi talstöðvarvarðarskírteini á hverjum tíma og rétt til að tala með stöðinni, o. s. frv. Enn fremur skal skrá í dagbókina í hvert skipti, sem stöðin er notuð, hvaða dag og hvaða stund, hver talar og við hvaða stöð er talað. Smærri skip, sem hafa talstöðvar, skulu einnig hafa bók og skal skrá í hana framangreind atriði og annað það markvert, er varðar talstöðina.

7. gr.

Enginn má starfrækja loftskeytastöð eða talstöð í skipi án þess að hafa til þess loftskeytamanna-skírteini eða talstöðvarvarðar-skírteini útgefið af póst- og símamálastjórninni. Auk þess verður skipseigandi að hafa leyfisbréf fyrir stöðinni útgefið af póst- og símamálastjórninni. Ber skipseigandi og skipstjóri ábyrgð á því, að þessi skírteini séu í lagi, enda séu þau geymd í skipinu með dagbók skipsins, sbr. 6. gr.

8. gr.

Nú verða eigandaskipti að skipi, sem talstöð eða loftskeytastöð er í, og ber þá hinum nýja eiganda tafarlaust að tilkynna póst- og símamálastjórninni, hvort hann óskar að hafa stöð í skipinu, og ef svo er, þá að afla sér hjá póst- og símamálastjórninni nýs leyfisbréfs fyrir stöðinni og skírteinis þeim til handa, sem stunda á stöðina. Óski hinn nýi eigandi ekki að halda áfram leigu á stöðinni í skipinu eða bátnum, ber honum einnig að tilkynna það póst- og símamálastjórninni með símskeyti, svo hún eða umboðsmaður hennar geti strax látið taka stöðina úr skipinu.

Hvorki má innrita né þinglýsa eigendaskiptum að skipi eða bát nema vottorð símaafgreiðslumanns um að slíku skeyti, sem í fyrri málsgrein segir, hafi verið veitt móttaka til sendingar á símastöðinni.

9. gr.

Hlustverðir, sem eftirlit hafa með því, hvort fyrirmæli um notkun talstöðva eru haldin, eru opinberir sýslunarmenn, enda séu þeir í þjónustu póst- og símamálastjórnarinnar eða viðurkenndir af henni og eiðsvarnir.

10. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari reglur um notkun radíó-senditækja, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, svo og reglum, sem póst- og símamálastjórnin setur samkv. 10. gr., varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Nú leikur rökstuddur grunur á um það, að brot hafi verið framið í skipi, og er þá heimilt að loka stöðinni tafarlaust, þar til málinu er lokið, afturkalla leyfisbréf og starfsskírteini, og sé brot alvarlegt eða ítrekað, að synja skipinu um leyfi til siglinga til útlanda.

12. gr.

Póst- og símamálastjórn ákveður sektir og aðrar aðgerðir samkvæmt 11. gr., nema hún æski þess, að dómur gangi um málið án úrskurðar af hennar hálfu.

Ef maður vill ekki una sekt, er póst- og símamálastjórnin hefur úrskurðað honum að greiða, getur hann krafizt innan hálfs mánaðar frá því að honum var birtur úrskurðurinn, að málið gangi til dómstólanna, og skal þá farið með það að hætti opinberra mála.

13. gr. 91

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 28. des. 4. maí
1940, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenzkum skipum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 4. maí 1943.

Vilhjálmur Þór.

Guðmundur Hlíðdal.

REGLUGERÐ 92

5. maí

um fasteignaskatt í Akureyrarkaupstað, samkv. lögum nr. 69 31. desember 1937.

1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð af:

a. öllum húsum og mannvirkjum, svo sem bryggjum, olíugeymum, geymsluportum o. þ. h.;

b. öllum byggingarlóðum, samkvæmt skipulagsuppdrætti, byggðum og óbyggðum, með tilheyrandi girðingum, svo og geymsluplássum og upplagsplássum. Skipulagðar byggingarlóðir á erfðafestulöndum bæjarins verða þó ekki gjaldskyldar, fyrr en þær eru leigðar til bygginga.

Undanþegnar þessum skatti eru fasteignir bæjar og ríkis og aðrar fasteignir, ætlaðar til opinberra- eða almenningsþarfa, samkvæmt 4. gr. laga nr. 69 31. desember 1937.

2. gr.

Fasteignaskatturinn reiknast þannig:

a. Af fasteignum þeim, sem í 1. gr., a-lið, getur, 0.5%.

b. Af fasteignum þeim, sem í 11. gr., b-lið, getur, 1.5%.

Meðan núverandi vísitölufyrirkomulag helzt, í sambandi við dýrtíðina, hækkar skattur þessi, sem svarar meðal-vísitölu næsta árs á undan skattárinu, innan þeirra takmarka, sem lög nr. 69 31. desember 1937 heimila.

3. gr.

Skattinn skal telja af heilum hundruðum króna fasteignamatsverðs, en brotum af hundruðum sleppt.

4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan tveggja mánaða frá gjalddaga, falla á hann sömu dráttarvextir og greiddir eru af útsvörum.

5. gr.

Skattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal, ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga, ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins. Skattinn, ásamt dráttarvöxtum, má taka lögtaki.

6. gr.

Með reglugerð þessari er niður fallið lóðargjald, sótaragjald og öskuskattur samkvæmt eldri lögum og reglugerðum.

92 5. maí Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 69 31. des. 1937, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1947.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

93 10. maí

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Keflavíkurkauptúni, nr. 76 28. júní 1934.

Í 1. gr. gjaldskrárinnar í staðinn fyrir „kr. 20.00, kr. 30.00, kr. 40.00, kr. 50.00" komi í sömu röð: kr. 40.00, kr. 60.00, kr. 80.00, kr. 100.00.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. maí 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

94 15. maí

AUGLÝSING

um breyting á reglum frá 10. febrúar 1943, um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum.

6. gr. orðist þannig:

Farþega- og vöruflutningaskip í strandsiglingum og varðskip ríkisins skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og auk þess fullnægja eftirgreindum fyrirmælum:

1. Skipið skal hafa annaðhvort varðskýli ofan á stýrishúsinu eða varðtunnu.
2. Skip, sem hafa loftskeytamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum.
3. Utan á öllum bjargbátum og bátum í skipum yfir 100 rúmlestir skulu vera korkeða kapokpúðar, eins og segir í 1. lið 2. gr.
4. Á botni bjargbáta, og annarra báta í skipum yfir 100 rúmlestir, skulu vera handlistar.
5. Í öllum bátum sé útbúnaður til að þétta leka.
6. Skipið skal hafa bjargfleka með öllum útbúnaði, eins og tekið er fram í 3. gr., svo að þeir, ásamt bjargbátum skipsins, geti rúmað alla á skipinu, miðað við hina mestu farþegatölu, sem skipið má flytja. Skip, sem ekki eru farþegaskip, skulu hafa bjargfleka, sem rúmað geti alla skipverja.
7. Skipum, sem vegna smæðar sinnar geta ekki, að áliti skipaskoðunarmanns, haft bjargfleka samkvæmt 3. gr., er í stað hans heimilt að hafa kork- eða málmfleka, enda sé fengið áður samþykki skipaskoðunarstjóra til þess. Útbúnaður þessara

fleka skal á þessum skipum vera sem hér segir: Tvær litlar árar, lítið vatnskvartil, korkdufl með veifu, og sé stöngin um 2 m. á lengd, bátfesti og tvö góð rafmagns vasaljós í vatnsheldum umbúðum. 94 15. maí

8. Skipum, sem eru í innfjarðasiglingu, eða í förum milli tveggja hafna innan landhelgi, getur skipaskoðunarstjóri þegar ástæða þykir til, og það vegna framkominna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt að gerðar séu vægari kröfur en gerðar eru í þessari grein, að einu eða öllu leyti veitt tilslakanir frá þeim.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ 95 15. maí

um fiskveiðasjóð Íslands.

Samkvæmt lögum 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um starfsemi sjóðsins.

I. KAFLI
Um lánveitingar gegn fyrsta veðrétti í skipum, iðjufyrirtækjum í sambandi við fiskveiðar, og dráttarbrautum.

1. gr.

Fiskveiðasjóður lánar fyrst og fremst til nýrra skipa eða fyrirtækja, en út á eldri eignir því aðeins, að sýnt sé, að nægilegt fé sé fyrir hendi í sjóðnum.

2. gr.

Um lán út á skip gilda þessar reglur sérstaklega:

1. Lán eru einungis veitt út á skip, sem skrásett eru á Íslandi og ætluð til fiskveiða.
2. Lánbeiðandi skal leggja fram eignar- og veðbókarvottorð og skipasmíðaskírteini.
3. Sé skipið smíðað erlendis, skal leggja fram vottorð skipaskoðunarstjóra ríkisins um að skipið fullnægi ákvæðum gildandi laga um eftirlit með skipum, hvað styrkleika og útbúnað snertir.
4. Hvert það skip, sem óskað er láns út á, skal skoðað og virt af tveimur óvilhöllum mönnum, eftir nánari fyrirmælum fiskveiðasjóðs og leggur sjóðurinn til eyðublöð í þessu skyni, en lánbeiðandi greiðir skoðunarmönnunum þóknun fyrir starf þeirra.
5. Virðingarupphæðin er ekki bindandi fyrir stjórn sjóðsins við ákvörðun lánsfjárhæðar.
6. Sérhvert skip, sem láns nýtur úr fiskveiðasjóði, skal vátryggt almennri vátryggingu, en að auki getur sjóðurinn krafizt þess, að skipin séu tryggð sérstakri vátryggingu þegar sérstaklega stendur á, t. d. á stríðstímum gegn stríðsáhættu.

3. gr.

Þegar sótt er um lán út á iðjufyrirtæki (í sambandi við fiskveiðar) eða dráttarbrautir, skal lánbeiðandi leggja fram:

1. eignar- og veðbókarvottorð, svo og lóðarsamning eða skilríki fyrir lóð fyrirtækisins;

95 15. maí

2. skoðunar- og virðingargerð, framkvæmda af tveim óvilhöllum mönnum, eftir fyrirmælum fiskveiðasjóðs og skal í skoðunargerðinni geta þess sérstaklega hver séu meðalafköst fyrirtækisins. Virðingarupphæðin er ekki bindandi fyrir stjórn sjóðsins við ákvörðun lánsfjárhæðar;
3. skýrslu um stofnkostnað fyrirtækisins;
4. áætlun um ársrekstur fyrirtækisins og afkomu, miðað við meðalár og allar aðstæður á staðnum;
5. vátryggingarskírteini eða óyggjandi vottorð um vátryggingu.

II. KAFLI
Um lán út á 2. eða 3. veðrétt í fiskiskipum.

4. gr.

Um annars eða þriðja veðréttarlán út á fiskiskip gilda einnig reglur þær, sem tilgreindar eru í 2. gr.

5. gr.

Lánbeiðandi skal leggja fram:

1. efnahagsreikning sinn;
2. vottorð skattstjóra, bæjarstjóra eða oddvita um hver verið hafi aðalatvinna lánbeiðanda undanfarin tvö ár;
3. vottorð skipasmíðastöðvar þeirrar, sem skipið byggði, um:
   a. hvenær smíði skipsins var hafin og hvenær henni var lokið og skipið allt tilbúið;
   b. hvert varð heildarverð skipsins með ísettum vélum.

6. gr.

Hafi skipið ekki verið byggt fyrir lánbeiðanda, skal hann leggja fram staðfest afrit af afsali og sanna hvert var kaupverð skipsins.

7. gr.

Í skuldabréfum þeim, er sjóðurinn tekur fyrir lánum veittum samkvæmt þessum kafla, skulu vera ákvæði um að lánið, eða eftirstöðvar þess, sé allt fallið í gjalddaga ef skipið er selt.

Heimilt er þó að láta lánið, eða hluta af því, standa áfram, enda sé þá gefið út nýtt skuldabréf fyrir láninu, og beri útlánsvexti sjóðsins frá söludegi.

III. KAFLI
Um styrkveitingar til kaupa og byggingar nýrra fiskiskipa.

8. gr.

Umsóknum um styrk úr sjóðnum skulu fylgja skýrslur þær og vottorð, sem tilgreind eru í 2. gr. 1—3 og 5. og 6. gr.

9. gr.

Styrkur til greiðslu byggingarkostnaðar fullgerðra skipa eða til kaupa á fullgerðum skipum skal, eftir því sem við á, greiddur skipasmíðastöðinni, seljanda, veðhöfum eða á annan hátt til niðurfærslu skulda á skipinu. Styrk til byggingar skipa skal eigi greiða fyrr en verðmæti skipsins nemur tvöfaldri styrksupphæðinni.

10. gr. 95

Hver sá, sem styrk fær, skal undirrita skuldbindingu um, að ef hann selji skipið 15. maí
innan fimm ára eða ef það ferst á þeim tíma, skuli styrkurinn endurgreiddur. Skal þinglesa skuldbindingu þessa í þeirri þinghá, þar sem skipið er skrásett. Sjóðstjórnin getur þó með samþykki ráðuneytisins fallið frá þessum ákvæðum þegar sérstaklega stendur á.

IV. KAFLI

Um útborganir lána og styrkja vegna skipa í smíðum.

11. gr.

Ef útgerðarmaður eða útgerðarfélag, sem á fiskiskip í smíðum, óskar eftir að fá fyrirhuguð lán eða styrk útborguð, að nokkru leyti, á meðan á smíði stendur, skal hann leggja fram:

1. skjöl þau, er um ræðir í 5. gr. 1—2;
2. samning sinn við skipasmíðastöðina;
3. skilríki fyrir því, að ekki muni verða vöntun á neinu efni til skipsins eða vélum í það;
4. skilríki fyrir því, að nægilegt fé verði fyrir hendi til þess að greiða skipið að fullu.

12. gr.

Fyrir fram útborgun áætlaðra lána og styrkja fer fram með þeim hætti, að umsækjandi gefur út skuldabréf fyrir þeim upphæðum, sem hann fær útborgaðar og veðsetur skipið í smíðum og allt efni í það, svo og vélar, með fyrsta veðrétti, til tryggingar hinum útborguðu upphæðum.

Um leið og útborgun fer fram, skal umsækjandi sanna, að allt fyrirliggjandi efni og vinna, sem þegar hefur verið framkvæmd, sé að fullu greitt.

Skip í smíðum, ásamt efni og vélum í það, sem veðsett er fiskveiðasjóði, skal brunatryggja og afhenda sjóðnum skírteinið, enda hefur hann einnig veð í vátryggingarfénu.

13. gr.

Af þeim hluta hinna útborguðu upphæða, sem ætlað er að verði síðar venjulegt fyrsta veðréttarlán í skipinu, skal reikna útlánsvexti frá útborgunardegi.

Sá hluti hinna útborguðu upphæða, sem ætlað er að verði styrkur, telst vaxtalaust lán þar til skipið er fullsmíðað.

Gjalddaga skuldabréfanna skal hafa eftir því sem haganlegast þykir í sambandi við fullnaðarsmíði skipsins.

14. gr.

Verði óvanalegur dráttur á því að lokið sé við smíði skips eða komi í ljós, að skipið verði ekki fullsmíðað innan hæfilegs tíma, eða verði eigandaskipti að því, þá er heimilt að telja skuldabréfin þegar fallin í gjalddaga og krefjast endurgreiðslu þeirra að fullu.

V. KAFLI

Um stjórn og rekstur fiskveiðasjóðs Íslands.

15. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun og er yfirumsjón hans í höndum þess ráðherra, er fer með sjávarútvegsmál.

95 16. gr.

15. maí Útvegsbanki Íslands h.f. hefur á hendi stjórn sjóðsins, gegn sérstakri þóknun eftir samningi við ráðherra.

17. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands hefur sérstaka skrifstofu í Reykjavík, sem opin er til afgreiðslu á venjulegum bankatíma.

Sjóðurinn getur ráðið sér umboðsmenn út um land ef þurfa þykir.

18. gr.

Bókhaldi hvorrar lánadeildar sjóðsins skal haldið aðskildu, svo og bókhaldi yfir styrkveitingar sjóðsins.

Töp, sem verða kunna á útlánum sjóðsins, skal afskrifa af tekjum hlutaðeigandi lánadeildar.

19. gr.

Laun sjóðstjórnar, endurskoðenda og starfsmanna, svo og húsaleiga og annar kostnaður við reksturinn, greiðist af vaxtatekjum sjóðsins.

Vaxtaafgangur leggst við stofnsjóð hlutaðeigandi lánadeildar við hver árslok.

20. gr.

Ráðherra skipar tvo endurskoðendur fyrir sjóðinn, til 5 ára í senn.

Þeir skulu endurskoða alla bókfærslu sjóðsins og aðgæta hvort farið er eftir ákvæðum gildandi laga og reglugerðar um veitingu lána og styrkja úr sjóðnum.

Endurskoðendur hafa, báðir saman eða hvor í sínu lagi, frjálsan aðgang að öllum bókum og skjölum sjóðsins, hvenær sem er.

Endurskoðaðan ársreikning sjóðsins og skýrslu um starfsemi hans undanfarið ár. skal senda ráðherra fyrir 15. marz ár hvert.

Ársreikninginn skal sjóðstjórnin birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

21. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um fiskveiðasjóð Íslands, útgefin 12. marz 1931.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Hall- **96**
bjargar Þorláksdóttur frá Fífuhvammi og Gríms Jóhannssonar frá Nesjavöllum", 15. maí
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 15. maí 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Hallbjargar Þorláksdóttur frá Fífuhvammi og Gríms Jóhannssonar frá Nesjavöllum.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Grími Jóhannssyni frá Nesjavöllum, og er stofnfé hans 2000 krónur í reiðu fé.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Hallbjargar Þorláksdóttur frá Fífuhvammi (f. 27. ágúst 1871, d. 23. maí 1942) og Gríms Jóhannssonar frá Nesjavöllum (f. 17. júlí 1874).

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu félagsins Sjálfsbjargar, styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, og er tilgangur hans að verða lömuðu og fötluðu fólki að liði, eftir ákvörðun stjórnar félagsins, í samræmi við ákvæði þessarar skipulagsskrár.

4. gr.

Sjóðinn skal jafnan ávaxta á sem tryggilegastan hátt (sbr. lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum). Leggja skal alla vexti við höfuðstólinn, unz hann er orðinn að upphæð fullar 10000 krónur. Úr því er heimilt að verja allt að helmingi vaxta hans samkvæmt ákvæðum 3. gr., en hinn helminginn skal leggja áfram við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð fullar 20000 krónur, má verja allt að ¾ hlutum vaxtanna í sama skyni, en ¼ hluta þeirra skal enn leggja við höfuðstólinn. Ef sjóðnum bætast gjafir, skal og leggja þær við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Þó má veðsetja þann hluta sjóðsins, sem er umfram hið upphaflega stofnfé hans, ef á liggur vegna nauðsynlegra framkvæmda á vegum félagsins í þágu lamaðs og fatlaðs fólks, svo sem húsbyggingar eða þess háttar.

5. gr.

Senda skal landlækni árlega reikning sjóðsins og skýrslu um starfsemi hans.

6. gr.

Hætti félagið Sjálfsbjörg, styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, starfsemi sinni í þágu lamaðs og fatlaðs fólks, ákveður heilbrigðismálaráðherra, samkvæmt tillögum landlæknis, hverjum fela skuli umráð sjóðsins og að öðru leyti framkvæmd þessarar skipulagsskrár.

7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari og birta skipulagsskrána í B-deild Stjórnartíðindanna.

97 15. maí **Staðfesting ríkisstjóra** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Málfríðar Jónasdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 15. maí 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Málfríðar Jónasdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Minningarsjóður Málfríðar Jónasdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

a. safn bóka á blindraletri, er Málfríður Jónasdóttir átti, en foreldrar hennar gáfu Blindrafélaginu eftir andlát hennar;
b. eitt þúsund og finm hundruð krónur — 1500.00 — í peningum, er Blindrafélagið leggur fram;
c. aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að hafa borizt þann 20. marz 1943.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að varðveita og auka bókasafn það, er um getur í 2. gr. og geyma það þannig, að allir blindir menn á Íslandi eigi sem greiðastan aðgang að því.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af Blindrafélaginu (kosnir árlega á aðalfundi), en leggist það félag niður, skulu landsbókavörður og kennslumálaráðherra tilnefna sinn manninn hvor. Þriðja manninn í stjórnina skipa foreldrar og systkini Málfríðar Jónasdóttur, á meðan þeirra nýtur við, en síðan skal sýslunefnd Suður-Múlasýslu tilnefna mann í stjórnina. — Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins sér um varðveizlu eigna hans og ávöxtun höfuðstóls, á þann hátt, er hún telur bezt í samræmi við tilgang sjóðsins.

Stofnfé sjóðsins, er um getur í 2. gr., má þó aldrei skerða, og enn fremur skal leggja eigi minna en ⅓ af árlegum vaxtatekjum sjóðsins við höfuðstólinn. Öðrum tekjum, svo sem gjöfum, tillögum stofnana og ⅔ af vaxtatekjum, er stjórn sjóðsins heimilt að verja til bókasafnsins. En séu þær tekjur ekki notaðar til fulls til þeirra þarfa, skal afgangurinn leggjast við höfuðstólinn um hver áramót.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir opinberlega.

7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Trjá- og skógræktarsjóð fríkirkju Reyðfirðinga", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 18. maí 1943. 98 18. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Trjá- og skógræktarsjóð fríkirkju Reyðfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Trjá- og skógræktarsjóður fríkirkju Reyðfirðinga.

2. gr.

Sjóðnum skal varið til stuðnings og örvunar trjá- og skógræktar innan Reyðarfjarðarhrepps hins forna, nú Reyðarfjarðar-, Helgustaða- og Eskifjarðarhreppur.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlum Skógræktarfélags Austurlands. Sér það um ávöxtun hans og úthlutun styrkja úr honum þegar þar að kemur.

4. gr.

Sjóðurinn er 1. janúar 1942 kr. 3398.36, sem liggja í sparisjóðsbók nr. 2535 í Útibú Landsbankans á Eskifirði. Sjóðurinn skal ávaxtast í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum. Þegar árlegir vextir eru orðnir kr. 600.00 má byrja að veita 500 króna styrk í einn af hinum þrem hreppum, fyrsta árið í Reyðarfjarðarhrepp, annað árið í Helgustaðahrepp og þriðja árið í Eskifjarðarhrepp og skal svo sama röð endurtekin áfram.

5. gr.

Styrknum má aðeins verja til kaupa á girðingarefni og trjáplöntum, svo og ef borga þarf verkstjóra eða ráðunaut. Öll önnur vinna verður að vera gefins eða greiðast annars staðar frá.

6. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins er að stuðla að því að komið verði sem víðast upp trjágörðum við bæi og býli í sveitum og hús í þorpunum.

7. gr.

Hreppsnefnd í viðkomandi hreppi sækir um styrkinn í hvert skipti, skiptir honum í tvennt og ákveður hverjir fái hann af þeim, sem um hann hafa sótt það ár. Tvö heimili í sama hreppi verða því aðnjótandi styrksins á sama ári. Noti ekki einhver af hreppunum styrkinn það ár, sem hann átti kost á honum, má Skógræktarfélag Austurlands nota hann til sinnar starfsemi.

8. gr.

Nú vill einhver af hreppunum nota styrkinn til skógræktar á einum stað í hreppnum, og má hann það, ef meiri hluti ábúenda í sveitinni eða húseigenda í þorpinu óska þess. Sama gildir ef allir þrír hrepparnir vilja byrja skógrækt í félagi. Undir slíkur kringumstæðum má safna styrknum í allt að þrjú ár, ef ársstyrkurinn þætti of lítill að byrja með. Í þessu tilfelli gilda einnig ákvæði 5. gr.

98 18. maí

9. gr.

Skógræktarfélag Austurlands hefur eftirlit með að fénu sé varið eins og ætlast er til í þessari skipulagsskrá, og getur það falið eftirlitið trúverðugum manni í hverjum hreppi. Sem þóknun fyrir eftirlitið má nota, ef með þarf, þær kr. 100.00, sem afgangs eru af ársvöxtunum, annars falla þær til Skógræktarfélags Austurlands.

10. gr.

Ef deila kynni að rísa út af skiptingu styrksins eða öðru, sem skipulagsskrá þessi fjallar um, skulu slík mál borin undir Skógræktarfélag Austurlands, sem leggur á þau fullnaðarúrskurð.

11. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

12. gr.

Skipulagsskrá þessi er í 5 samritum, hvar af Stjórnarráðið fær eitt, Skógræktarfélag Austurlands eitt og hinir þrír hreppar sitt hver.

Reyðarfirði, 22. desember 1942.

Árni Jónasson. **Oddur Bjarnason.** **Kristinn Beck**
e. u. (handsalað).

99 18. marz

REGLUGERÐ

um hreinsun reykháfa í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórnin skipar sótara í Seyðisfjarðarkaupstað og ákveður laun hans.

2. gr.

Sótari skal hreinsa alla reykháfa í kaupstaðnum tvisvar á ári, vor og haust, eftir nánari ákvörðun slökkviliðsstjóra og undir yfirstjórn hans. Að síðari hreinsun lokinni skal hann gefa skýrslu um hreinsunina í því formi, sem slökkviliðsstjóri ákveður.

3. gr.

Áður en sótun hefst, skal sótari tilkynna húsráðendum daginn áður, hvenær hún fari fram, og er þeim þá óheimilt að hafa eld í eldfærum á þeim tíma, sem sótun er fyrirhuguð.

4. gr.

Hver húsráðandi skal skyldur til að greiða árlega hreinsunargjald til bæjarsjóðs, kr. 5.00 fyrir hvern reykháf, sem honum tilheyrir. Álag greiðist á gjald þetta samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar, eins og hún er í janúar ár hvert. Gjald þetta greiðist á gjalddögum bæjargjalda og fylgir því lögtaksréttur.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og skulu hreinsunargjöld greiðast samkvæmt henni í fyrsta skipti árið 1943.

6. gr. 99

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 85 frá 22. nóv. 1907, 16. gr., sbr. lög nr. 29 frá 13. sept. 1901, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 18. marz

Félagsmálaráðuneytið, 18. marz 1943.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING 100

18. mai

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. mai 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvarðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts, stríðsgróðaskatts og verðlækkunarskatts árið 1943:

Utan Reykjavíkur.

Skattskrár skulu lagðar fram fyrir 25. mai þ. á. og skulu þær liggja frammi til 1. júní þ. á. á lögákveðnum stað.
Kærufrestur til undirskattanefnda skal vera til 1. júní þ. á.
Úrskurðir undirskattanefnda um kærur skulu felldir fyrir 5. júní þ. á.
Kærufrestur til yfirskattanefnda skal vera til 15. júní þ. á.
Úrskurðir yfirskattanefnda skulu felldir fyrir 25. júní þ. á.
Yfirskattanefndir skulu hafa lokið störfum fyrir 25. júní þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 18. mai 1943.

F. h. r.
Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

REGLUGERÐ 101

19. mai

um orlof.

1. gr.

Orlofsfé skal greitt með orlofsmerkjum hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram. Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsmenn, sem eru í áframhaldandi fastri stöðu, sbr. 4., 5. og 6. mgr. 4. gr. laga um orlof.

2. gr.

Póststjórnin gefur út orlofsmerki og orlofsbækur. Bækurnar séu í hæfilegu vasabókarformi, tölusettar í framhaldsröð fyrir hvert orlofsár.

101 19. maí

Orlofsmerki skulu vera til sölu og orlofsbækur til afhendingar ókeypis í öllum póstafgreiðslum. Halda skal skrá yfir þá, sem orlofsbækur hafa verið afhentar, og skal sá, sem tekið hefur á móti orlofsbók, kvitta fyrir móttöku hennar á þar til gerð eyðublöð.

Á titilblað bókarinnar skal starfsmaður rita nafn sitt, stétt, heimili og í hvaða stéttarfélagi hann er, um leið og bókin er afhent og í viðurvist þess, er afhendir honum bókina.

3. gr.

Á orlofsárinu 1943—1944 verða notuð yfirprentuð frímerki sem orlofsmerki, og hafa þau þessi verðgildi: 10, 20 og 50 aurar, 1, 2, 5 og 10 krónur.

Orlofsfé skal standa á tug aura, þannig að 5 aurar og þar yfir færist upp í 10 aura, en minni upphæð er sleppt.

4. gr.

Orlofsbók gildir aðeins fyrir eitt orlofsár, og skal það tilgreint fremst í bókinni, og má aðeins festa í þær orlofsmerki fyrir vinnu á því orlofsári.

Kaupgreiðandi skal líma orlofsmerkin á þær blaðsíður orlofsbókarinnar, er til þess eru gerðar. Merkin skulu sett í áframhaldandi láréttar raðir og skal jafnan nota sem fæst merki. Síðan skal kaupgreiðandi skrifa á merkin þá dagsetningu, er merkjasetningin fer fram og upphafsstafi sína eða stimpil sinn eða fyrirtækis þess, er kaupið greiðir.

Bókareigandi skal skrifa á jaðar hverrar blaðsíðu heildarverð orlofsmerkja í hverri röð, og þegar síðan er útfyllt af merkjum, skal hann tilgreina heildarverð merkja á síðunni og færa það sérstaklega aftast í bókina.

Hrökkvi orlofsbók ekki fyrir ársnotum, skal afhenda starfsmanni nýja bók fyrir það, sem eftir er af árinu.

5. gr.

Orlof skal veitt í einu lagi á tímabilinu 1. júní til 15. september.

Frá ákvæði 1. mgr. eru gerðar eftirfarandi undantekningar:

a. Orlofi starfsmanna við sveitastörf skal skipta þannig, að ⅓ hluti orlofsins sé veittur á tímabilinu 1. til 15. júní, en ⅔ hlutar orlofsins séu veittir á tímabilinu frá 15. október til 30. nóvember.
b. Orlof starfsmanna við síldveiðar og síldarverksmiðjur skal veitt á tímabilinu frá 1. október til 1. júní.
c. Orlof starfsmanna við póst og síma skal veitt á þeim tíma, sem segir í reglum um starfrækslu og starfsmenn landssímans frá 27. febrúar 1935.
d. Starfsmönnum, sem stunda vinnu fjarri heimilum sínum, skal ekki veitt orlof meðan þeir stunda slíka vinnu.
e. Farmenn eru ekki skyldir til að taka orlof þegar skip eru í erlendri höfn.

Aðilar geta með samkomulagi ákveðið að orlofi skuli skipta og að það skuli veitt á öðrum tímum árs en í þessari grein segir.

6. gr.

Vottorð þau og áletranir, sem um ræðir í 10.—14. gr. laga nr. 16/1943, um orlof, skulu skráðar á þær blaðsíður orlofsbókar, er til þess eru ætlaðar.

7. gr.

Óheimilt er starfsmanni að vinna í orlofi sínu fyrir kaupi í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum. Það teljast skyldar starfsgreinar, þar sem vinna sú, sem framkvæmd er, reynir á svipaðan hátt á starfsþol manna. Þannig teljast að þessu leyti skyldar starfsgreinar hvers konar útivinna í sveit við heyskap, jarða-

bætur, húsagerð, mótak, torfskurð og annað slíkt og enn fremur hvers konar grjótvinna, vegagerð og gatnagerð, járnsmíðar, húsasmíðar, steinhögg og steinsteypuvinna, skurðgröftur og hvers konar jarðvinna með handverkfærum. Skyldar starfsgreinar teljast enn fremur þessu samkvæmt hvers konar sjósókn og siglingar, fiskveiðar og fiskverkun, frystihúsavinna, uppskipun með vélum og önnur hafnarvinna og þess háttar. Þá teljast skyldar starfsgreinar ritstörf, skrifstofustörf, búðarstörf, prentvinna, prófarkalestur, bókband, létt verksmiðjuvinna innanhúss, gistihúsa- og veitingahúsavinna og önnur innanhússtörf, sem ekki reyna mjög á líkamskrafta manna, bifreiðaakstur, húsgagnagerð, klæðasaumur, gull- og silfursmíðar, skósmíðar, söðlasmíðar og önnur létt handverk o. s. frv. **101** 19. maí

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 24. maí 1943.

Bráðabirgðaákvæði:

Þar til orlofsbækur og orlofsmerki eru tilbúin til sölu á póstafgreiðslum, skulu kaupgreiðendur greiða starfsmönnum sínum í peningum 4% af kaupi því, er þeir hafa borið úr býtum fyrir vinnu sína þennan tíma, sbr. þó 2. mgr. 4. gr. laga nr. 16/1943.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 16 26. febrúar 1943, um orlof, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1943.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Trjáræktar- og blómræktarsjóð", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 20. maí 1943. **102** 20. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Trjáræktar- og blómræktarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Trjáræktar- og blómræktarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum starfsmanna Alþingis 1943, í minningu um 100 ára afmæli tilskipunar um endurreisn Alþingis frá 8. marz 1843.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1500.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja tvo efnilega unglinga — dreng og stúlku — til þess að læra blómarækt og trjárækt, og að verðlauna einstaka menn fyrir að koma upp vel ræktuðum trjágörðum og blómgörðum við heimili sín.

102
20. maí

4. gr.

Við stofn sjóðsins skal árlega leggja:

a. vexti;
b. gjafir, áheit og annað, sem sjóðnum kann að áskotnast.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Skrifstofustjóri Alþingis, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar, skóræktarstjóri ríkisins og einn maður, er starfsmenn Alþingis kjósa til eins árs í senn.

Fjármálaráðuneytið endurskoðar reikninga sjóðsins.

7. gr.

Alla vextina skal leggja við höfuðstólinn — en hann má aldrei skerða — þangað til þeir eru orðnir kr. 500 á ári, en eftir það aðeins helming þeirra. Hinn hluta vaxtanna skal stjórn sjóðsins úr því verja til styrkveitinga og verðlauna.

8. gr.

Endurskoðaður reikningur sjóðsins skal birtur árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Ef sjóðstjórninni þykir ástæða til, getur hún látið endurskoða skipulagsskrá þessa á 5 eða 10 ára fresti. En tilgangi sjóðsins má þó eigi raska.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá sjóðsins.

Reykjavík, 8. marz 1943.

Í umboði starfsmanna Alþingis

Guðmundur Davíðsson. **Jón Sigurðsson.**

103
21. maí

REGLUGERÐ

um skömmtun á gúmmívaðstígvélum.

1. gr.

Engum er heimilt að selja gúmmívaðstígvél karlmanna (nr. 7 eða stærri) nema kaupandi skili innkaupsleyfi.

2. gr.

Allir þeir, sem verzla með slík stígvél, skulu hinn 1. júní gefa skömmtunaryfirvaldi skýrslu um birgðir sínar þann dag, í því formi, sem skömmtunarskrifstofa ríkisins ákveður. Heildarskýrslur úr hverjum stað skulu sendar skömmtunarskrifstofu ríkisins.

3. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins býr út eyðublöð um beiðnir til kaupa á gúmmívaðstígvélum og skal í beiðninni vera yfirlýsing um það, að beiðandinn eigi ekki nothæf gúmmívaðstígvél. Eyðublöð þessi sendir skömmtunarskrifstofan skömmtunaryfirvöldum.

Hver sá, sem óskar að fá keypt karlmannavaðstígvél úr gúmmí, skal fylla út eyðublað með beiðni um að sér verði afhent innkaupsleyfi.

4. gr.

Skömmtunaryfirvöld í hverjum kaupstað eða hreppi láta innkaupsleyfi í té.

Innkaupsleyfin skulu aðeins látin í té eftirtöldum aðilum:

a. sjómönnum og öðrum, sem stunda landvinnu í sambandi við útgerð (t. d. við aðgerð, í íshúsum o. s. frv.);
b. bændum og öðrum, sem stunda landbúnaðarvinnu;
c. verkafólki öðru en því, er talið er undir a. og b., sem að dómi skömmtunaryfirvalds hefur þörf fyrir slíkan skófatnað.

Ef skömmtunaryfirvald neitar um útgáfu innkaupsleyfis, má áfrýja neituninni til skömmtunarskrifstofu ríkisins.

5. gr.

Skömmtunaryfirvöld geta krafizt þess, að leyfisbeiðandi leggi fram vottorð skipstjóra, útgerðarmanns eða vinnuveitenda, eða í sveitum oddvita, til sönnunar því að hann stundi einhverja þá atvinnu er í 4. gr. segir.

6. gr.

Allar beiðnir, sem afgreiddar eru, skal senda skömmtunarskrifstofu ríkisins, sem hefur eftirlit með úthlutuninni. Einnig skulu verzlanir senda skömmtunarskrifstofu ríkisins um hver mánaðamót þau innkaupsleyfi, sem afgreidd hafa verið, ásamt skýrslu um birgðir, innkaup og sölu í mánuðinum.

7. gr.

Án fyrirmæla frá skömmtunarskrifstofu ríkisins má ekki afhenda neinum aðila innkaupsleyfi fyrir meira en einu pari af gúmmístígvélum á ári. Innkaupsleyfi fyrir klofháum gúmmístígvélum (bússum) má aðeins veita sjómönnum.

8. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið rannsaka birgðir verzlana af þeim vörum, sem ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar taka til.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari sæta sektum allt að 10000 krónum og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939.

Viðskiptamálaráðuneytið, 21. maí 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

104
23. maí

SAMÞYKKT
fyrir Sparisjóð Húnavatnssýslu.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Húnavatnssýslu og skal heimili hans og varnarþing vera á Blönduósi.

2. gr.

Varasjóður sjóðsins, svo og aðrar eignir hans, skal vera trygging fyrir innlagsfé manna í sjóðinn og auk þess sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu, ef á þarf að halda.

3. gr.

Sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu er eigandi sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, kjörnir af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu til fjögurra ára. Hlutfallskosningu skal við hafa, ef óskað er. Skal kjósa til fjögurra ára á fyrsta fundi nýkjörinnar sýslunefndar, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum.

Stjórnin kýs formann úr sínum flokki.

Deyi stjórnarnefndarmaður eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins. Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn, gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalregla, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu við-

staddir, og rita þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hver um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna í bækur sjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum. Sýslunefndin ákveður laun stjórnarnefndarmanna. **104** 23. maí

Verði sérstakir starfsmenn ráðnir við sjóðinn, ákveður sýslunefnd þóknun þeirra fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Sýslunefnd leggur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sýslunefndar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum, skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita í hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hafi verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti einu sinni á ári, og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Reikningur sparisjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar, skulu lagðir fram á sýslufundi Austur-Húnavatnssýslu og leggur hún úrskurð á þá.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur.

13. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn til ávöxtunar eða gera að skilyrði að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þó skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.

104 23. maí

e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 10000 krónur.

f. Um eignir manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga. Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 500.00 krónum eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en þrjá mánuði í sjóðnum. Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá 200 kr. til 500 kr. sé með mánaðar fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 1000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Sparisjóðurinn skal taka við innlögum, með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að skiptabókin sé sýnd, og skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa út sérstaka kvittun fyrir innlögum og skal þess getið á kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið í hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds, og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem upp er sagt.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins, eins og það var í árslok næst á undan.

Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna, gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 75% af fasteignamatsverði, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en til eins árs, að þau séu afborgunarlán, með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðurinn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum.

Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautar 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga, fram yfir gjalddaga.

104 23. maí

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innstæðufé, eiga í sjóði innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það. Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið, og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og í hver árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn, eins og hagur hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán,

er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna. **104** 23. maí

Skrár þessar skulu bera með sér fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal ljóst á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt. Á öllum þessum skrám skal geta einkennistölu hvers innstæðueiganda eða lántakanda. Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn. Skulu þeir kosnir af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu til eins árs í senn. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Endurskoðunarmenn má endurkjósa. Kjósa skal tvo menn til vara og gegna þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega. Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins, og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sjóðsins. Skulu þeir benda á ef eitthvað er athugavert svo að úr verði bætt tafarlaust.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um að endurskoðun reikningsins sé lokið.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

104 23. maí

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941 um sparisjóði, svo og reglugerð um sparisjóði 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr.

Sýslufundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir störf þeirra.

38. gr.

Stjórn sparisjóðsins getur gert breytingu á samþykkt þessari með samþykki sýslunefndar, en leita skal staðfestingar á breytingunni hjá stjórnardeild þeirri, sem fer með bankamál.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 23. maí 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

105 26. maí

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu í Bolungavík.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Bolungavík.

2. gr.

12.	Bankainnstæða og peningar í sjóði			— 12 654 441.98
				Kr. 28 923 262.62

Skuldir:

1.	Innstæða í sparisjóði	kr.	13 348 717.68
2.	— á viðtökuskírteinum	—	1 144 556.31
3.	— í hlaupareikningi	—	6 483 110.83
4.	— í reikningslánum	—	20 592.82
5.	Ræktunarsjóður Íslands	—	2 496 577.20
6.	Veðdeild	—	493 989.04
7.	Viðlagasjóður	—	1 458 767.52
		Flyt kr.	25 446 311.40

127

	Flutt	kr.	25 446 311.40
8. Loðdýralánadeild		—	47 789.36
9. Kreppulánasjóður		—	1 070 972.04
10. Kreppulánasjóður bœjar og sveitar félaga		—	96 980.04
11. Nýbýlasjóður		—	101 259.42
12. Ýmsir kröfuhafar		—	186 291.39
13. Ábyrgðir		—	312 850.00
14. Ógreitt tap		—	802.05
15. Varasjóður		—	1 557 690.52
16. Flyzt til næsta árs:			
Fyrir fram greiddir vextir		—	102 316.40
		Kr.	28 923 262.62

Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 1942.

Tekjur:

1. Vextir f. f. á.	kr.	82 223.62
2. Forvextir af víxlum	—	482 046.42
3. Aðrir vextir	—	379 810.11
4. Ýmislegar tekjur	—	43 513.29
	Kr.	987 593.44

Gjöld:

1. Vextir	kr.	254 631.50
2. Rekstrarkostnaður	—	107 238.61
3. Til varasjóðs	—	523 406.93
4. Flyzt til næsta árs:		
Fyrir fram greiddir vextir	—	102 316.40
	Kr.	987 593.44

Efnahagsreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 31. desember 1942.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Fasteignaveðslán	kr. 163 187.05		
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 446 410.00		
c. Reikningslán	— 155 962.79		
		kr.	765 559.84
2. Víxlar		—	745 027.74
3. Lán í hlaupareikningi		—	240.81
4. Innanstokksmunir		—	1 700.00
5. Fasteignir		—	76 500.00
6. Ýmsir skuldunautar		—	6 784.55
7. Verðbréf		—	9 100.00
8. Bankainnstæða og peningar í sjóði		—	41 571.82
		Kr.	1 646 484.76

127

Skuldir:

1.	Skuld við Búnaðarbanka Íslands	kr.	596 576.82
2.	Innstæða í sparisjóði	—	813 380.20
3.	— á viðtökuskírteinum	—	139 143.55
4.	— í hlaupareikningi	—	38 400.61
5.	— í reikningslánum	—	9 082.86
6.	Ýmsir kröfuhafar	—	300.00
7.	Ógreitt tap	—	1 272.10
8.	Fyrningarsjóður fasteigna	—	12 000.00
9.	Varasjóður	—	11 467.54
10.	Flyzt til næsta árs:		
	Fyrir fram greiddir vextir	—	24 861.08
		Kr.	1 646 484.76

Rekstrarreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 1942.

Tekjur:

1.	Vextir f. f. á.	kr.	18 756.62
2.	Forvextir	—	74 775.46
3.	Ýmislegar tekjur	—	18 700.71
		Kr.	112 232.79

Gjöld:

1.	Vextir	kr.	31 182.72
2.	Kostnaður	—	46 026.45
3.	Til fyrningarsjóðs fasteigna	—	5 000.00
4.	Til varasjóðs	—	5 162.54
5.	Flyzt til næsta árs:		
	Fyrir fram greiddir vextir	—	24 861.08
		Kr.	112 232.79

Efnahagsreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 31. desember 1942.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum	kr.	661 436.96
2.	Ógreiddir vextir og kostnaðartillag	—	29 074.00
3.	Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	493 989.04
		Kr.	1 184 500.00

Skuldir:

1.	Bankavaxtabréf í umferð	kr.	1 150 000.00
2.	Óinnleystir vaxtamiðar	—	34 500.00
		Kr.	1 184 500.00

127 **Rekstrarreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 1942.**

Tekjur:

1. Vextir og kostnaðartillag		kr. 55 289.88
2. Tekjuhalli úr varasjóði		— 32 720.72
		Kr. 88 010.60

Gjöld:

1. Kostnaður		kr. 19 010.60
2. Vaxtamiðar		— 69 000.00
		Kr. 88 010.60

Varasjóður veðdeildar 31. desember 1942.

Inn: Fært af tapareikningi			kr. 10 762.00
Úr Viðlagasjóði			— 21 958.72
Út: Tekjuhalli	kr. 32 720.72		
	Kr. 32 720.72		Kr. 32 720.72

Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1942.

1. Frá fyrra ári		kr. 3 732 973.46
2. Tekjuafgangur		— 30 865.35
		Kr. 3 763 838.81

Varasjóður Rœktunarsjóðs Íslands 31. desember 1942.

1. Frá fyrra ári			kr. 481 192.20
2. Lántökugjald	kr. 405.00		
3. Vextir	— 9 672.58		
			— 10 077.58
			Kr. 491 269.78

Efnahagsreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1942.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
4% þjóðjarðasölulán	kr.	130 399.70	
4% jarðabótalán	—	13 587.10	
5% lán 1. flokks	—	1 543 856.36	
5% lán 3. flokks	—	1 136 146.86	
5% lán 4. flokks	—	100 759.85	
			kr. 2 924 749.87
2. Verðbréf			— 377 459.53
3. Ógreiddir áfallnir vextir			— 77 461.30
4. Ýmsir viðskiptamenn			— 69 562.01
5. Innstœða í Búnaðarbanka Íslands			— 2 496 577.20
			Kr. 5 945 809.91

Skuldir: 127

1.	Höfuðstóll	kr. 3 763 838.81
2.	Jarðræktarbréf í umferð: 1. flokkur	— 1 408 700.00
3.	— - — : 3. flokkur	— 714 400.00
4.	Óinnleystir vaxtamiðar jarðræktarbréfa	— 58 385.25
5.	Ógreitt tap á lánum	— 485.85
		Kr. 5 945 809.91

Rekstrarreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 1942.

Tekjur:

1.	Vextir	kr. 210 483.40
2.	Ýmislegar tekjur	— 1 620.00
3.	Vaxtatillag úr ríkissjóði	— 23 375.00
		Kr. 235 478.40

Gjöld:

1.	Kostnaður	kr. 71 842.55
2.	Vaxtamiðar jarðræktarbréfa	— 116 770.50
3.	Hluti af kostnaði við teiknistofu	— 16 000.00
4.	Lagt við höfuðstól	— 30 865.35
		Kr. 235 478.40

Efnahagsreikningur Byggingarsjóðs 31. desember 1942.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Endurhýsingarlán	kr. 2 455 227.77	
	b. Nýbýlalán á ræktuðu landi	— 139 967.80	
	c. — á óræktuðu landi	— 71 074.00	
			kr. 2 666 269.57
2.	Verðbréf		— 17 509.60
3.	Ýmsir viðskiptamenn		— 329.10
			Kr. 2 684 108.27

Skuldir:

1.	Skuld við Búnaðarbanka Íslands	kr. 312 457.30
2.	Ógreitt tap	— 5 794.66
3.	Eign	— 2 365 856.31
		Kr. 2 684 108.27

Rekstrarreikningur Byggingarsjóðs 1942.

Tekjur:

1.	Lántökugjald	kr. 1 022.00
2.	Vextir af lánum	— 139 627.82
3.	Ríkissjóðstillag	— 300 000.00
		Kr. 440 649.82

127

Gjöld:

1.	Kostnaður við teiknistofu	kr. 31 703.47
2.	Vextir	— 54 214.07
3.	Rekstrarkostnaður	— 80 000.00
4.	Aukin eign	— 274 732.28
		Kr. 440 649.82

Efnahagsreikningur Viðlagasjóðs 31. desember 1942.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum	kr. 885 790.51
2.	Verðbréf	— 289 503.11
3.	Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 1 458 767.52
		Kr. 2 634 061.14

Skuldir:

	Höfuðstóll	kr. 2 634 061.14
		Kr. 2 634 061.14

Rekstrarreikningur Viðlagasjóðs árið 1942.

Tekjur:

1.	Innheimtir vextir af lánum	kr. 59 622.19
2.	Vextir af verðbréfum	— 19 705 02
3.	Ýmislegar tekjur	— 5 323.72
		Kr. 84 650.93

Gjöld:

1.	Kostnaður	kr. 47 400.00
2.	Til varasjóðs veðdeildar	— 21 958.72
3.	Lagt við höfuðstól	— 15 292.21
		Kr. 84 650.93

Höfuðstóll Viðlagasjóðs 31. desember 1942.

1.	Frá fyrra ári	kr. 2 618 768.93
2.	Tekjuafgangur	— 15 292.21
		Kr. 2 634.061.14

Skipting:

Eign veðdeildar Búnaðarbankans	kr. 1 416 789.27
Eign Ræktunarsjóðs Íslands	— 1 217 271.87
	Kr. 2 634.061.14

Efnahagsreikningur Loðdýralánadeildar 31. desember 1942. 127

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum	kr. 49 979.55
2.	Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 47 789.36
		Kr. 97 768.91

Skuldir:

1.	Víxill	kr. 80 000.00
2.	Varasjóður	kr. 17 768.91
		Kr. 97 768.91

Rekstrarreikningur Loðdýralánadeildar 1942.

Tekjur:

1.	Ríkissjóðsstyrkur	kr. 10 000.00
2.	Vextir af lánum	— 4 381.08
3.	Rekstrarhalli	— 159.17
		Kr. 14 540.25

Gjöld:

1.	Rekstrarkostnaður	kr. 4 600.00
2.	Vextir	— 5 652.00
3.	Afskrifað tap á lánum	— 4 288.25
		Kr. 14 540.25

Reykjavík, 3. janúar 1943.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 1942 höfum við yfirfarið og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 27. marz 1943.

Sveinbjörn Högnason. *Pétur Ottesen.*

Með tilvisun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 27. marz 1943.

Hermann Jónasson.
Þorst. Þorsteinsson. *Bjarni Bjarnason.*

127 **Stofnsjóður Kreppulánasjóðs 31. desember 1942.**

Frá fyrra ári		kr. 519 890.36
Tillag ríkissjóðs		— 318 889.95
		Kr. 838 780.31
Frá dregst: Tap á lánum	kr. 74 831.95	
— — Rekstrarhalli	— 172 050.31	
		kr. 246 882.26
		Kr. 591 898.05

Reikningur Kreppulánasjóðs um ábyrgðartillag 1942.

Út:	Skuld við Kreppulánasjóð f. f. á.	kr. 559 850.00	
	Vaxtamiðar	— 25 193.25	
Inn:	Kreppulánasjóðsbréf í umferð:		
	Frá fyrra ári	kr. 559 850.00	
	+ útdregin	— 18 100.00	
			kr. 541 750.00
	Greiðsla úr Krepplánasjóði		— 43 293.25
		Kr. 585 043.25	Kr. 585 043.25

Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs 31. desember 1942.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum		kr. 5 207 924.21
2.	Ógreiddir vextir:		
	a. Fallnir í gjalddaga	kr. 79 000.00	
	b. Ekki fallnir í gjalddaga	— 26 035.00	
			— 105 035.00
3.	Verðbréf		— 68 340.26
4.	Ýmsir viðskiptamenn		— 1 630.79
5.	Skrifstofugögn		— 600.00
6.	Afturkræft ábyrgðartillag		— 541 750.00
7.	Innstæða í Búnaðarbanka Íslands		— 1 070 972.04
			Kr. 6 996 252.30

Skuldir:

1.	Kreppulánasjóðsbréf í umferð	kr. 6 395 630.00
2.	Handhafa skuldabréf	— 8 000.00
3.	Ýmsir viðskiptamenn	— 724.25
4.	Stofnsjóður	— 591 898.05
		Kr. 6 996 252.30

Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs 1942. 127

Tekjur:

1.	Vextir af lánum	kr. 266 875.10
2.	Ýmislegar tekjur	— 409.50
3.	Rekstrarhalli	— 172 050.31
		Kr. 439 334.91

Gjöld:

1.	Vextir af skuldabréfum í umferð	kr. 293 194.80
2.	Vextir af skuldum	— 3 874.55
3.	Afskrifað af áhöldum	— 200.00
4.	Rekstrarkostnaður	— 98 772.31
5.	Ábyrgðartillag	— 43 293.25
		Kr. 439 334.91

Reykjavík, 16. janúar 1943.

KREPPULÁNASJÓÐUR

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs fyrir árið 1942 höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 27. marz 1943.

Sveinbjörn Högnason. *Pétur Ottesen.*

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 27. marz 1943.

Hermann Jónasson.

Þorst. Þorsteinsson. *Bjarni Bjarnason.*

Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga 31. des. 1942.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum	kr. 2 544 032.90
2.	Óinnheimtir vextir	— 26 065.22
3.	Verðbréf	— 3 100.00
4.	Viðskiptamenn	— 107.37
5.	Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 96 980.04
6.	Óhafið ríkissjóðstillag	— 15 354.47
		Kr. 2 685 640.00

Skuldir:

	Skuldabréf í meðferð	kr. 2 685 640.00
		Kr. 2 685 640.00

127 **Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga 1942.**

Tekjur:

1.	Vextir af lánum	kr. 153 706.23
2.	Rekstrarhalli	— 19 278.90
		Kr. 172 985.13

Gjöld:

1.	Vextir af skuldabréfum í umferð	kr. 152 519.95
2.	Vextir af skuldum	— 143.81
3.	Rekstrarkostnaður	— 20 321.37
		Kr. 172 985.13

Reykjavík, 16. janúar 1943.

KREPPULÁNASJÓÐUR BÆJAR OG SVEITAR FÉLAGA

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga fyrir árið 1942 höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 27. marz 1943.

Sveinbjörn Högnason. *Pétur Ottesen.*

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 27. marz 1943.

Hermann Jónasson.
Þorst. Þorsteinsson. *Bjarni Bjarnason.*

Efnahagsreikningur Nýbýlasjóðs 31. des. 1942.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum	kr. 651 686.66
2.	Áhöld	— 1 000.00
3.	Viðskiptamenn	— 1 421.55
4.	Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 101 259.42
		Kr. 755 367.63

Skuldir:

1.	Útgefin nýbýlabréf í umferð	kr. 684 400.00
2.	Óinnleystir vaxtamiðar	— 34 220.00
3.	Varasjóður	— 36 747.63
		Kr. 755 367.63

Rekstrarreikningur Nýbýlasjóðs 1942. 127

Tekjur:

1. Ríkissjóðsstyrkur	kr.	202 099.56
2. Lántökugjald og teikningar	—	1 050.00
3. Vextir af lánum	—	33 046.20
	Kr.	236 195.76

Gjöld:

1. Styrkveitingar	kr.	94 926.97
2. Rekstrarkostnaður	—	57 226.00
3. Þátttaka í kostnaði við teiknistofu	—	27 000.00
4. Vaxtamiðar	—	34 220.00
5. Lagt í varasjóð	—	22 822.79
	Kr.	236 195.76

Reykjavík, 8. janúar 1943.

NÝBÝLASJÓÐUR

Steingr. Steinþórsson.

Framanritaða reikninga Nýbýlasjóðs fyrir árið 1942 höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 27. marz 1943.

Sveinbjörn Högnason. *Pétur Ottesen.*

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 27. marz 1943.

Hermann Jónasson.
Þorst. Þorsteinsson. *Bjarni Bjarnason.*

128

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frú Önnu Claessen árið 1942.

Tekjur:

1.	Eignir frá fyrra ári:			
	a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00	kr.	4500.00	
	b. 1 ríkisskuldabréf á	—	500.00	
	c. Innstæða í sparisjóði Sauðárkróks	—	4.87	kr. 5004.87
2.	Vextir:			
	a. af bankavaxtabréfum	kr.	215.00	
	b. af ríkisskuldabréfi	—	22.50	
	c. af innstæðu í sparisjóði Sauðárkróks	—	1.41	— 238.91
3.	Gjöf			— 50.00
				Kr. 5293.78

Gjöld:

1.	Styrkur veittur 2 sjúklingum			kr. 175.00
2.	Greitt bráðabirgðalán f. f. á.			— 45.00
3.	Eignir í árslok:			
	a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00	kr.	4500.00	
	b. 1 ríkisskuldabréf á	—	500.00	
	c. Innstæða í sparisjóði Sauðárkróks	—	73.78	— 5073.78
				Kr. 5293.78

Sauðárkróki, 12. marz 1943.

Elínborg Jónsdóttir. **Sigríður Sigtryggsdóttir.**

Reikning þenna höfum við yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og höfum ekkert við hann að athuga.

Stefanía Arnórsdóttir. *Margrét Hemmert.*

129
1. júní

REGLUR

um viðskipti talstöðva í íslenzkum skipum.

Með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, og samkvæmt 10. gr. reglugerðar frá 4. maí 1943, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva, eru hér með settar eftirfarandi reglur um rekstur talstöðva í íslenzkum skipum.

1. Allt tal frá talstöðvum við eða til manna í landi, beint eða óbeint, er bannað.
2. Öll viðskipti við land fari fram um strandarstöðvar landssímans og sé í skeytaformi. Afrit af skeytunum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðamót.
3. Öll samtöl milli skipa fari aðeins fram á 188 metra öldulengd, en þó skal 181,8 metra öldulengd notuð til þess, að kalla á aðrar stöðvar og til neyðarþjónustu. Má einungis nota þá öldulengd til þess.

Í hvert skipti, sem stöðin er notuð, skal skrá það í dagbók skipsins, hvaða dag og hvaða stund, hver talar og við hvern og hvaða stöð er talað. (Sjá 6. gr. reglugerðar 4. maí 1943.) 129 1. júní

4. Samtöl milli skipa mega **aðeins innihalda nauðsynlegustu tilkynningar, er varða beinlínis fiskveiðarnar. Er stranglega bannað að gefa nokkrar upplýsingar um veður,** beint eða óbeint, með talstöðvum skipanna, hvort heldur er í viðskiptum milli skipa eða við strandarstöð. Enn fremur er óheimilt, að samtöl milli skipa eða skeyti milli skipa og strandarstöðva innihaldi nokkrar upplýsingar **um ferðir,** fyrirhugaðar ferðir eða **dvalarstað skipa,** sem sigla í millilandaferðum, t. d. hvenær þau komi í eða láti úr ákveðinni höfn, hvenær þau búist við að selja fisk eða landa í erlendri höfn, hvaða skipum þau verði samflota milli landa o. s. frv.

   Ef skip verður vart við tundurdufl utan hinna auglýstu bannsvæða og veit að skip eru nálæg, er þó heimilt að aðvara þau með talstöð skipsins með orðunum: „Fiskveiðar eru hættulegar" og tiltaka svæðið, en bannað er að ræða þetta efni frekar við skipin. Hins vegar skal skipið tafarlaust tilkynna einhverri af strandarstöðvum landssímans um tundurduflið með talstöð sinni og geta þess, hvenær og hvar duflið sást, með svo nákvæmri staðarákvörðun, sem tök eru á, og lýsa duflinu, svo sem stærð þess og lit, hornafjölda, taka fram, hvort það hafi verið á reki eða marað í kafi o. s. frv.
5. Samtöl, er fela í sér dulmál, beint eða óbeint, eru stranglega bönnuð, svo og samtöl á öðrum tungumálum en íslenzku.
6. Dulmál og símnefni í talskeytum og loftskeytum eru bönnuð og sé fullt nafn viðtakanda og sendanda í hverju skeyti.
7. Öll innbyrðis talskeytaviðskipti, nema neyðarþjónusta og uppköllun annarra stöðva, skal fara fram á 188 metra öldulengd. Hins vegar á að nota 181,8 metra öldulengd til neyðarþjónustu og til þess að kalla upp aðrar stöðvar, en einungis til þess. Í viðskiptum við strandarstöðvar ákveður strandarstöðin í hvert skipti, hvaða öldulengd skip skuli nota.
8. Í hvert skipti, sem skipstalstöð kallar á annað skip eða strandarstöð, skal hún nefna greinilega nafn skipsins, sem hún er í, og umdæmisbókstafi og tölu.
9. **Ekki má tala blint,** þ. e. ekki nema við ákveðna stöð, sem hefur svarað kalli.
10. **Talstöð má ekki nota á höfnum inni,** þar sem er símasamband í landi, hvort heldur er á innri eða ytri höfnum eða á hafnarlegum.
11. **Óheimilt er öðrum að tala í talstöð skipsins en þeim, sem hafa talstöðvarvarðarskírteini,** útgefið af póst og símamálastjórninni.
12. Sé innsigli rofið, skal skrá það í dagbók skipsins og ástæðuna fyrir innsiglisrofinu. Það skal einnig tafarlaust tilkynnt póst- og símamálastjórninni við komu skipsins til fyrstu íslenzkrar hafnar.
13. Öll skilríki fyrir rekstri talstöðvarinnar svo sem **leyfisbréf, talstöðvarvarðarskírteini, reglugerðir og reglur** um notkun talstöðva skulu ávalt vera geymd um borð í skipinu með dagbók skipsins.
14. Leyfisbréf, er veitir leyfi til þess að hafa talstöð í tilteknu skipi, heimilar ekki án sérstaks leyfis eða óskar frá landssímanum að flytja stöðina í land, t. d. til viðgerðar, eða hafa hana í vörzlum sínum eða annars manns annars staðar en í skipinu.

   Leyfisbréfið heimilar heldur ekki að breyta talstöðinni eða bæta við hana nýjum tækjum, heldur þarf að sækja sérstaklega um leyfi til þess í hvert sinn.

   Ef stöð er biluð eða þarf að koma henni í land af öðrum ástæðum, skal tilkynna það réttum aðila (viðgerðarmanni eða stöðvarstjóra landssímans), er sér um að stöðin verði flutt á lögmætan hátt.

129 1. júní

15. Brot gegn þessum reglum varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Nú leikur rökstuddur grunur á um það, að brot hafi verið framið í skipi, og er þá heimilt að loka stöðinni tafarlaust, þar til málinu er lokið, afturkalla leyfisbréf og starfsskírteini, og sé brotið alvarlegt eða ítrekað, að synja skipinu um leyfi til siglinga til útlanda.

16. Framangreindar reglur ganga þegar í stað í gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenzkum skipum, útgefnar af póst- og símamálastjórninni 1. okt. 1941.

Póst- og símamálastjórnin, 1. júní 1943.

Guðmundur Hlíðdal.

Friðbjörn Aðalsteinsson.

130 2. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sölu og úthlutun á nokkrum kornvörutegundum frá 18. sept. 1940.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Bannað er að selja rúgbrauð og hveitibrauð, rúg, rúgmjöl, hveiti, hveitimjöl, hafragrjón, haframjöl, hrísgrjón, matbaunir, bankabygg og aðrar kornvörur nema fóðurbygg, hafra og fóðurmais, enn fremur kaffi og sykur, nema gegn seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar eða öðrum innkaupsheimildum frá skömmtunaryfirvöldum.

Óheimilt er verzlunum og brauðgerðarhúsum að taka við öðrum eða fleiri matvælaseðlum eða reitum af þeim, en þær afgreiða samtímis vörur út á.

Það telst og brot á reglugerð þessari að kaupa vörur þær, er taldar eru í 1. mgr. þessarar greinar, án þess samtímis sé skilað reitum af matvælaseðli eða annarri löglegri innkaupsheimild.

2. gr.

Aftan við 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bannað er að selja eða láta af hendi matvælaseðla eða aðrar innkaupsheimildir fyrir peninga eða önnur verðmæti.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939.

Viðskiptmálaráðuneytið, 2. júní 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, **um flutning þingstaðar.** 131 13. júlí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 2. þ. m., og ósk hreppsnefndarinnar í Snæfjallahreppi, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Snæfjöllum að Unaðsdal, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 49. tbl. Lögbirtingablaðsins 1943, **um bann brezka sjóliðsins gegn veiðum og skipalegum á nokkrum kafla Eyjafjarðar.** 132 12. ágúst

Brezka sjóliðið telur nauðsynlegt að gera þá breytingu á áður auglýstu svæði á Eyjafirði, þar sem bannaðar eru veiðar og akkerislegur skipa (sbr. tilkynningu ríkisstjórnarinnar í 44. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1942 og 13. tölublaði 1943), að norðurtakmörk svæðisins verði framvegis lína, sem hugsast dregin frá Haganesi vestan fjarðarins í kirkjuna á Höfða.

Suðurtakmörkin verða eins og áður, lína, sem hugsast dregin frá Hjalteyrarvita í bæinn Noll austan fjarðarins.



33

133 21. ágúst

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 50. tbl. Lögbirtingablaðsins, um fyrirmæli brezku flotastjórnarinnar um endurnýjun ferðaskírteina skipa.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslenzku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll íslenzk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. september 1943, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir: Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.

134 24. maí

REGLUGERÐ

um opinber reikningsskil útsendra fulltrúa Íslands.

1. gr.

Allir útsendir fulltrúar, sendiherrar, sendifulltrúar og ræðismenn, sem hér eftir verða nefndir reikningshaldarar, skulu ársfjórðungslega gera utanríkisráðuneytinu grein fyrir fé því, sem þeim er trúað fyrir af hálfu ríkissjóðs eða annarra.

2. gr.

Allir reikningshaldarar skulu halda dagbók og færa hana eftir reglum um tvöfalda bókfærslu.

Dagbók þessi skal færð eftir fyrirmynd þeirri, sem fylgir reglugerð þessari.

Í dagbók eru fimm reikningar:

Sjóðreikningur. Í hann skal færa reiðufé allt, sem greitt er eða veitt er viðtaka á.

Bankareikningur. Í hann skal færa allt fé, sem lagt er í banka eða ávísað er á bankainnistæður eða hafið á annan hátt.

Skrifstofureikningur. Í hann skal eingöngu færa þær greiðslur, sem viðkoma embættisskrifstofu reikningshaldara. Með þessum reikningi skal fylgja sérstakur listi, þar sem gjöldin eru sundurliðuð í aðalatriðum í samræmi við fyrirmynd þá, sem sýnd er á fylgiskjali I.

Tekjur í ríkissjóð samkvæmt reglugerð um gjöld til utanríkisráðuneytisins skulu og færðar á þennan reikning og sundurliðaðar í aðalatriðum eins og fyrirmyndin á fylgiskjali I sýnir.

Viðskiptamannareikningur. Í þennan reikning skal færa:

1. lán, sem veitt eru til bráðabirgða nauðstöddum íslenzkum ríkisborgurum;
2. greiðslur vegna ríkisstofnana, einstaklinga eða einkafyrirtækja.

Er þá gert ráð fyrir, að slíkar greiðslur séu endurgreiddar reikningshaldara. Þegar sýnt þykir, að fjárhæðir, sem þannig hafa verið færðar, verði ekki endurgreiddar, eða óskað er eftir, að þær verði greiddar eða innheimtar á Íslandi, skulu þær færðar út af þessum reikningi og yfir á ríkissjóðsreikning.

Með reikningi þessum skal alltaf fylgja listi, er sýni skuld eða innistæðu hvers viðskiptamanns við lok hverrar ársfjórðungslegrar uppgerðar. Þess skal jafnan gætt, að mismunur skulda og innistæðna sé eins og lokun sama reiknings í dagbók sýnir. Skal listi þessi gerður eftir fyrirmynd þeirri, sem sýnd er sem fylgiskjal II.

Ríkissjóðsreikningur. Í hann skal færa: **134**
Í tekjudálkinn: 24. maí
1. Framlög ríkissjóðs til embættisskrifstofunnar;
2. greiðslur, sem innborgaðar eru til reikningshaldara og eiga að greiðast á Íslandi.

Í gjaldadálkinn:
1. Allar greiðslur, sem reikningshaldari innir af hendi fyrir ríkissjóð, t. d. bækur og blöð fyrir ráðuneytið, eftirlaun, námsstyrki o. s. frv.;
2. bráðabirgðalán eða greiðslur vegna ríkisstofnana, einstaklinga eða einkafyrirtækja, sem eiga að endurgreiðast á Íslandi.

Með þessum reikningi skal alltaf fylgja listi með greinilegri sundurliðun hinna ýmsu færslna, og skal hann gerður eftir fyrirmynd þeirri, sem sýnd er sem fylgiskjal III. 1—3.

3. gr.

Um allar greiðslur, sem færðar eru á ríkissjóðsreikning, skal senda skýrslu (bréf) til ráðuneytisins, og skal þar gefa eins glöggar upplýsingar um greiðsluna og tök eru á. Skýrslu þessari skal ávallt fylgja eitt samrit, er merkja skal „Ríkisbókhaldið". Í dagbókina skal síðan, jafnframt því sem greiðslan er færð, skrá númer skýrslunnar til ráðuneytisins í sérstakan dálk eins og sýnt er á fyrirmyndinni að dagbókinni.

4. gr.

Við lok hvers ársfjórðungs skal dagbók lokað og skal þannig frá henni gengið, að fram komi heildarniðurstöðutölur hvers reiknings fyrir það reikningstímabil. Nettókostnaður embættisins skal færður reikningi ríkissjóðs til gjalda. Síðan skulu færðar jöfnunarfjárhæðir frá næsta ársfjórðungi á undan, þ. e. innistæða í sjóði og banka, mismunur á reikningum ríkissjóðs og viðskiptamanna. Loks skal ársfjórðungsreikningnum jafnað með þeim fjárhæðum, sem færast til næsta ársfjórðungs.

5. gr.

Eftir lok hvers ársfjórðungs ber reikningshaldara að senda ráðuneytinu eins fljótt og unnt er tvíritað samrit af dagbók fyrir næsta ársfjórðung á undan ásamt listum þeim, sem nefndir eru í 2. gr., sömuleiðis í tveimur eintökum. Enn fremur skulu fylgja dagbókinni kvittanir fyrir öllum greiðslum, sem reikningshaldari hefur innt af hendi.

6. gr.

Fé því, sem reikningshöldurum er trúað fyrir vegna embættis síns og þeir á hverjum tíma hafa í vörzlum sínum, skal ávallt haldið sér og eigi látið saman við fé þeirra sjálfra. Fé þetta skal geymt í banka, og skal þess gætt að hafa aldrei meira fé í sjóði en nauðsynlegt er til að standa straum af smærri daglegum greiðslum.

7. gr.

Þegar frá eru taldar greiðslur þær, sem nauðsynlegar eru til þess að standa straum af rekstri embættisins, mega reikningshaldarar eingöngu inna af hendi greiðslur af fé ríkissjóðs samkvæmt fengnu leyfi ráðuneytisins, eða, séu fyrirmæli um greiðslur í fyrirmæla- og leiðbeiningabók fyrir fulltrúa Íslands erlendis, þá í samræmi við þau fyrirmæli.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis. Öðlast hún gildi frá og með þeim ársfjórðungi, sem byrjar 1. júlí 1943, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Utanríkisráðuneytið, 24. maí 1943.

Vilhjálmur Þór.

134 Dagbók.

24. mai

Fskj.	Dags.	April – júní 19.....	Bréf nr.	Sjóður Debet	Sjóður Kredit
1	2/4	Sendiherrann, apríllaun			
2	—	H. H. ritari —			
3	—	S. S. vélritari —			
4	10/4	Símakostnaður			
5	15/4	Blöð v/ stjórnarráðsins	148		6.00
6	17/4	Lán til Kristjáns Kristjánssonar			
7	—	Greitt Jóni Jónssyni eftirlaun v/ ríkissjóðs	163		
8	20/4	Greitt Sigurði Sigurðssyni samkv. skeyti stjórnarr.	165		
	25/4	Yfirfært á ríkissjóð skuld G. G.	172		
9	28/4	Greidd burðargjöld			15.00
	30/4	Innborgun fyrir áritun vegabréfs		10.00	
10	—	Greidd húsaleiga, ljós og hiti fyrir apríl—maí			
11	1/5	Sendiherrann, maílaun			
12	—	H. H. ritari —			
13	—	S. S. vélritari —			
14	5/5	Símskeyti			12.00
	6/5	Móttekið til bráðabirgða frá h/f Hrönn			
16	10/5	Sendiherrann, ferðakostnaður			
	15/5	Innborgað fyrir staðfestingu á farmskrá		7.00	
17	20/5	Bráðabirgðalán til G. Þ. endurgreitt heima	203		
18	21/5	Björn Björnsson námsstyrkur	207		
	24/5	Sveinn Sveinsson endurgreitt lán frá febrúar		195.00	
19	25/5	Árni Árnason greidd innstæða frá marz			
	28/5	Móttekið frá ríkissjóði			
20	30/5	Gunnar Árnason menntamálaráðsstyrkur	240		
21	—	Greitt N. N. v/ h/f Hrannar			
	—	Til endurgreiðslu heima, eftirstöðv. v/ h/f Hrannar	242		
22	1/6	Húsaleiga, ljós og hiti fyrir maí—júní			
23	—	Ritföng o. fl. v/ skrifstofunnar			
24	2/6	Símakostnaður			
25	3/6	Sendiherrann, júnílaun			
26	4/6	Bráðabirgðalán til Guðmundar Jónssonar			100.00
	—	Skuld Geirs Geirssonar frá marz til innheimtu heima	260		
27	10/6	Björn Björnsson námsstyrkur	281		
28	—	H. H. ritari, júnílaun			
29	20/6	Greitt Guðmundi Guðmundssyni samkvæmt bréfi stjórnarráðsins dagsettu	296		
	29/6	Yfirfærður skeytakostnaður endurgreiddur hér: Axel Axelsson 4/- Árni Árnason 5/-			
	29/6	Yfirfærður skeytakostnaður endurgreiddur heima: Hans Ólafsson 10/- Björn Árnason 8/-	299		
30	30/6	Ásgrímur Sveinsson, styrkur	303		
				212.00	133.00
		Kostnaður skrifstofunnar yfirfærður á ríkissjóð ..		315.00	
		Frá 31. marz		527.00	
		Til næsta ársfjórðungs			394.00
		Samtals		527.00	527.00

134
24. maí

Banki		Skrifstofan		Viðskiptamenn		Ríkissjóður	
Debet	Kredit	Debet	Kredit	Debet	Kredit	Debet	Kredit
	2500.00	2500.00					
	800.00	800.00					
	400.00	400.00					
	300.00	300.00					
						6.00	
	100.00			100.00			
	50.00					50.00	
	200.00					200.00	
					75.00	75.00	
		15.00					
			10.00				
	500.00	500.00					
	2500.00	2500.00					
	800.00	800.00					
	400.00	400.00					
		12.00					
6000.00					6000.00		
	180.00	180.00					
			7.00				
	165.00					165.00	
	100.00					100.00	
					195.00		
	2000.00			2000.00			
10000.00							10000.00
	400.00					400.00	
	5640.00			5640.00			
				360.00			360.00
	1000.00	1000.00					
	60.00	60.00					
	240.00	240.00					
	2500.00	2500.00					
				100.00			
					78.00	78.00	
	300.00					300.00	
	800.00	800.00					
	700.00					700.00	
			9.00	9.00			
			18.00			18.00	
	400.00					400.00	
16000.00	23035.00	13007.00	44.00	8209.00	6348.00	2492.00	10360.00
			12963.00			12963.00	
11920.00					1265.00		10970.00
27920.00	23035.00	13007.00	13007.00	8209.00	7613.00	15455.00	21330.00
	4885.00				596.00	5875.00	
27920.00	27920.00	13007.00	13007.00	8209.00	8209.00	21330.00	21330.00

134 Fylgiskjal I.
24. mai

Reikningur skrifstofunnar apríl—júní 19....

Gjöld:

1. Sendiherrann, laun		7500.00
2. Starfsfólk skrifstofunnar, laun		3200.00
3. Húsaleiga, ljós og hiti		1500.00
4. Ferðakostnaður sendiherra		180.00
5. Símakostnaður	552.00	
÷ Endurgreiddur símakostnaður	27.00	525.00
6. Burðargjald		15.00
7. Ýmislegur skrifstofukostnaður		60.00
		12980.00

Tekjur:

1. Áritun vegabréfs	10.00	
2. Staðfesting á farmskrá	7.00	17.00
		12963.00

Fylgiskjal II.

Viðskiptamenn skrifstofunnar:

Skuldir og innist. 30. júní 19....	Skuldir	Innist.
Jón Gunnarsson (frá febr.)	300.00	
Sigurður Sigurðsson (frá febr.)	200.00	
Bjarni Sveinsson (frá marz)	178.00	
Þórir Stefánsson (frá marz)		291.00
Kristján Kristjánsson 1/4	100.00	
Guðmundur Jónsson 1/6	100.00	
Axel Axelsson 2/6	4.00	
Ari Arason 2/6	5.00	
	887.00	291.00
Mismunur		596.00
	887.00	887.00

Fylgiskjal III.

Reikningur ríkissjóðs apríl—júní 19....	Debet	Kredit
25/5 Mótteknir peningar frá ríkissj.		10000.00
Ýmislegt (sjá sundurl. III 1)	56.00	
Bráðab. lán og endurgr. (sjá sundurl. III 2)	1236.00	360.00
Námsstyrkir (sjá sundurl. III 3)	1200.00	
	2492.00	10360.00

Fylgiskjal III 1.

Ríkissjóður.

Ýmislegt:

15/4 Blöð og bækur v/stjórnarráðs, bréf nr. 148	6.00
17/4 Jón Jónsson, eftirlaun, bréf nr. 163	50.00
	56.00

Fylgiskjal III 2. 134
21. maí

Ríkissjóður.

Bráðab. greiðslur og endurgr. vegna einstaklinga og stofnana:

		Debet	Kredit
20/4	Sigurður Sigurðsson, bréf nr. 163	200.00	
25/4	Gunnar Gunnarsson, bréf nr. 172	75.00	
20/5	Geir Þorsteinsson, bréf nr. 203	165.00	
21/5	H/f Hrönn, bréf nr. 242		360.00
4/6	Geir Geirsson, bréf nr. 260	78.00	
20/6	Guðm. Guðmundsson, bréf nr. 296	700.00	
29/6	Hans Ólafsson, bréf nr. 299	10.00	
29/6	Björn Árnason, bréf nr. 299	8.00	
		1236.00	360.00

Fylgiskjal III 3.

Ríkissjóður.

Námsstyrkir:

(Hér þarf að sjást, hvers konar styrki er um að ræða og fyrir hvaða tíma.)

Björn Björnsson, námsst. (14. gr. B II a) fyrir maí—ágúst	400.00
Gunnar Árnason, menntamálaráðsst. (14. gr. B II b) fyrir árið	400.00
Ásgrímur Sveinsson, styrkur frá Búnaðarfélaginu fyrir árið	400.00
	1200.00

AUGLÝSING

135
25. maí

um lækkun verðtolls af farmgjöldum.

Samkvæmt heimild í c-lið ákvæða um stundarsakir í lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., hefur ráðuneytið ákveðið, að þrátt fyrir 50% hækkun þá á farmgjöldum, sem viðskiptaráðið hefur heimilað Eimskipafélagi Íslands h. f. frá 8. maí þ. á. að telja, verði verðtollur reiknaður af sömu farmgjöldum, sem giltu fyrir hækkunina.

Verðtollurinn verður því reiknaður af einungis 2/3 hlutum hinna hækkuðu farmgjalda.

Fjármálaráðuneytið, 25. maí 1943.

F. h. r.
Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

136
7. júní

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil, nr. 35 16. apríl 1934.

1. gr.

Í stað orðanna „20. september" í 19. gr. reglugerðarinnar komi: mánudaginn í 22. viku sumars.

2. gr.

2. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Þeir, sem flytja inn í sýsluna eða taka upp ný mörk milli þess sem markaskrá er prentuð, skulu, er þeir hafa fengið leyfi markadóms fyrir markinu, auglýsa það fyrir fjallskilastjórum.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1943.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

137
7. júní

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu frá 1. maí 1929.

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. sýsluvegasamþykktarinnar orðist svo:
Þessir eru sýsluvegir Mýrasýslu:

1. Gilsbakkavegur: Frá Hellisgili fyrir sunnan Gilsbakka að Barnafossbrú.
2. Hvítársíðuvegur: Frá Bjarnastöðum að Fljótstungu.
3. Þverárhlíðarvegur: Frá Borgarfjarðarbraut um Arnbjargarlæk, Karlsbrekku og Þverárrétt að Kvíum.
4. Selhagavegur: Frá Kleifavegi að Selhaga.
5. Laugalandsvegur: Frá Borgarfjarðarbraut í Þverbrekkum að Laugalandi.
6. Stafholtsvegur: Frá Þverbrekkum að Flóðatanga.
7. Ferjubakkavegur: Frá Borgarnesbraut hjá Brennistöðum um Ferjubakka á Hvítárbraut á Steinsás.
8. Arnarstapavegur: Frá Borgarfjarðarbraut fyrir ofan Galtarholt að Litla-Fjalli.
9. Grímsstaðavegur: Frá Stykkishólmsvegi að Urriðaárbrú að Syðri-Hraundal.
10. Hofsstaðavegur: Frá Vogalæk að Álftárósi.
11. Álftanesvegur: Frá Álftaneshreppsvegi hjá Bólinu að Álftanesi.
12. Staðarhraunsvegur: Frá Raftás við Stykkishólmsveg að Hítardal.
13. Einholtavegur: Frá Stykkishólmsvegi hjá Fíflholtum um Einholt að Stóra-Kálfalæk.

2. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt nr. 62 8. júní 1937, um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Mýrasýslu frá 1. maí 1929.

3. gr. 137
7. júní

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1943.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUR

138
7. júní

um göngusilungsveiði á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga.

1. gr.

Á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga er óheimilt að stunda göngusilungsveiði, nema á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert. Á þessum veiðitíma skal þó óheimilt að stunda slíka veiði frá kl. 9 á föstudagskvöldi til kl. 9 á mánudagsmorgni í viku hverri.

2. gr.

Til veiði þeirrar, er getur í 1. gr., má aðeins nota stöng og lagnet, er lögð séu frá bakka, og skal möskvastærðin vera þannig, að 4,5—5,0 cm verði milli hnúta í möskvum, þá net eru vot. Kláfa, grjótgarða eða annan lagnarútbúnað má ekki nota.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1943.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt 2. mgr. 69. gr. laga nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

139
8. júní

um lokunartíma sölubúða í Búðakauptúni.

1. gr.

Sölubúðum í Búðakauptúni skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

139 8. júní

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardaga fyrir páska og hvítasunnu eigi síðar en kl. 5 síðdegis. Fjórða og síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 9 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 e. h. og á föstudögum eigi síðar en kl. 7 e. h.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 síðdegis og þær opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði, mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágústmánuði, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó óheimilt að selja, eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

5. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum, eftir lokunartíma, veiðarfæri, kol, olíu og matvæli, svo og bifreiðum benzín og olíu.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20—500 krónum, og renna sektirnar í hreppssjóð Búðahrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðnýjar M. Kristjánsdóttur og Gísla G. Ásgeirssonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júní 1943. **140** 8. júní

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðnýjar M. Kristjánsdóttur og Gísla G. Ásgeirssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðnýjar M. Kristjánsdóttur og Gísla G. Ásgeirssonar og er stofnfé hans kr. 1500.00 — fimmtán hundruð — gjöf frá hreppsbúum Auðkúluhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrk efnalitlum sjúklingum, búsettum í Auðkúluhreppi, í langvarandi veikindum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Það fé, sem sjóðnum kann að áskotnast fyrir gjafir, áheit eða á annan hátt, leggist við höfuðstólinn. Eigi skal veita styrk úr sjóðnum fyrr en höfuðstóllinn hefur náð þeirri upphæð, að hálfir ársvextir hans nema 100 krónum, og má styrkur úr sjóðnum aldrei vera lægri en 100 krónur í hvern stað. Nú er af einhverjum ástæðum ekki úthlutað styrk úr sjóðnum fyrir eitt ár eða fleiri og má þá við næstu úthlutun einnig úthluta hálfum vöxtum ársins eða áranna á undan. Þegar sjóðurinn er orðinn 50000.00 — fimmtíu þúsund — krónur má úthluta úr honum $^{9}/_{10}$ hlutum ársvaxtanna, en jafnan skal $^{1}/_{10}$ hluti ársvaxtanna lagður við höfuðstól

4. gr.

Hreppsnefnd Auðkúluhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur á hendi stjórn sjóðsins og annast oddviti hreppsnefndarinnar reikningshald sjóðsins. Skal ávaxta sjóðinn í Söfnunarsjóði Íslands eða veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða í verðbréfum, er kunna að koma í stað veðdeildarbréfanna, ef veðdeildinni kynni að verða breytt. Þó skulu það aðeins vera 1. veðréttar bréf, tryggð í fasteignum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að færa sérstaka bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins gerðir eigi síðar en síðast í marzmánuði ár hvert. Skal ársreikningur sjóðsins lagður fyrir sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar og samþykktar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

141
8. júlí

REGLUGERÐ

um grenjaleitir og eyðing refa í Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd eða sá, er hún hefur falið eyðing refa, skal á hverju vori skipa öllum búendum hreppsins að leita vandlega í heimalöndum sínum að tóugrenjum og hvort lagt hafi verið í þau. Skal gera tvær leitir, þá fyrri 3 til 6 vikur af sumri og hina síðari 8 til 11 vikur af sumri, eftir tíðarfari.

Á tímabilinu 6 til 11 vikur af sumri skal hreppsnefndin láta að minnsta kosti eina rækilega grenjaleit fara fram á afréttarlöndum hreppsins. Vanræki nokkur grenjaleit, er hreppsnefnd skylt að láta leita grenjanna á hans kostnað og kæra hann til sekta. Slíkan kostnað má taka lögtaki. Heimilt er hreppsnefndum að láta framkvæma grenjaleitir á kostnað sveitarsjóðs eða fjallskilasjóðs, ef hún telur það betur henta.

2. gr.

Hreppsnefnd skiptir hreppnum í leitarsvæði og skipar leitarstjóra á hverju þeirra. Leitarstjóri ábyrgist að leitir séu fulltryggar. Skal hann gæta þess að aldrei leiti færri en tveir menn á hverju greni. Hver búandi, sem hefur land til umráða, er skyldur að leggja til hverrar leitar þar til hæfan mann. Enginn leitarmaður má hafa hund í för með sér.

Vanræki nokkur að leggja menn til grenjaleitar, þar og þá er hreppsnefnd fyrirskipar, kærir hún það til sekta.

3. gr.

Þess skal vandlega gætt, er greni finnst, sem tófur hafa lagt í, hvort sem er af reglulegum leitarmönnum eða öðrum, að hafa þar sem minnsta viðdvöl. Enginn má spilla tóugrenjum eða róta við þeim á nokkurn hátt, hvort sem dýr liggur í þeim eða ekki.

4. gr.

Hver, sem finnur gren, sem dýr liggur í, milli leita eða eftir þær, er skyldur að tilkynna það tafarlaust hlutaðeigandi hreppsnefnd, er veitir honum hæfilega þóknun fyrir ómak hans.

5. gr.

Nú hefur hreppsnefnd fengið vitneskju um að dýr hafi lagt í greni og skal hún þá tafarlaust aðvara skyttu þá og vökumann, er henni ber að hafa ráðið til grenjavinnslu.

6. gr.

Hreppsnefnd ræður skotmann og vökumann fyrir sanngjarna borgun, miðað við kaupgjald í sveitinni.

Auk daglauna fær skotmaður:

a. fyrir fullorðna dýrið, er hann vinnur ..... kr. 6.00
b. fyrir hið síðara ..... — 14.00
c. fyrir hvern yrðling, er hann drepur á greni ..... — 2.00

Skyttan leggur til skotfæri og önnur veiðiáhöld án sérstakrar borgunar, en eitur fyrir yrðlinga leggur hreppsnefnd til.

7. gr.

Sjái skyttan hvorugt fullorðna dýrið þrjú fyrstu dægrin (2 nætur, 1 dag), er hún liggur á greni og heyrir eigi til yrðlinga, skal hún eigi skyld að bíða þar lengur,

en sjáist annaðhvort eða bæði dýrin eða heyrist til yrðlinga, skal hún dvelja þar full fimm dægur, ef eigi verður fyrri fullunnið, en lengur er hún ekki skyld að bíða, þó ekkert vinnist. Yfirgefi hún grenið fyrr en hér segir án lögmætra orsaka og liggi þó dýr þar, skal hún enga borgun fá og varðar það einnig sektum. 141 8. júlí

8. gr.

Nú fær hreppsnefnd tilkynningu um nýfundið gren, er dýr hafi lagt í, í landareign annarra hreppa, skal hún þá tafarlaust senda til oddvita þess hrepps, er þá annast um vinnslu þess og greiðir kostnað þann, er af sendiförinni leiðir. Vanræki oddviti þá skyldu sína, skal hreppsnefndin í hreppi þeim, er finnandi á heima í, annast um að grenið sé þegar unnið á kostnað sveitarsjóðs þess hrepps, er grenið heyrir til, og kæra slíkt hirðuleysi fyrir sýslumanni til sekta og fullra skaðabóta.

9. gr.

Nú vill maður gera refaboga á annars manns landi eða gera þar refagildrur eða skothús, skal hann þá tilkynna það ábúanda, sem er skyldur að leggja á samþykki sitt, nema hann kjósi heldur að eyða á þennan hátt refum í landi sínu, en ef hann synjar leyfis en vinnur þó ekkert að eyðingu refa og óvilhallir menn meta svo, að hann geti eigi beðið neinn skaða af refaveiði þeirri, er til var stofnað, er hann skyldur að þola, að hinn geri umgetnar veiðivélar og varðar það sektum.

10. gr.

Fyrir hvert dýr, sem unnið er á öðrum tímum árs en grenjavinnsla stendur yfir, skal greiða vinnanda kr. 15.00 og að auki verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu. Sýslunefndinni er heimilt með fundarsamþykkt að lækka gjald þetta í kr. 10.00.

11. gr.

Verði dýrbíts vart í sveitinni, skal hreppsnefnd gera ítrustu tilraun til að láta vinna þau dýr, er því valda og ákveður hún í hvert sinn borgun til skotmanna.

12. gr.

Hreppsnefnd skal árlega útvega nægilegt refaeitur til að eitra agn fyrir refi. Til agnsins skal hún útvega það æti, er henni þykir hentast og láta bera það út á hæfilega mörgum stöðum. Eitrunin skal framkvæmt í nærliggjandi afréttum og heimalöndum fyrir áramót og síðar að vetrinum, ef hreppsnefnd telur þörf. Enn fremur skal eitra á vorin á grenjum þeim, sem ekki vinnast að fullu.

Hreppsnefnd skal árlega gefa skýrslu um eitrunina og árangur hennar. Skýrslan skal fylgja reikningum sveitarsjóðs eða fjallskilasjóðs.

13. gr.

Í hvert sinn, sem borið er út agn fyrir refi í byggð eða nálægt henni, ber hverjum þeim er það gerir að auglýsa það fyrirfram í sveitinni, svo öllum verði það kunnugt og hafa eigendur hunda þá engan rétt til bóta, þó hundar, sem í agn fara, drepist af því.

Rjúpur, sem eitraðar eru, skulu auðkenndar þannig, að stýft sé af öðrum vængnum. Hirða skal að vori leyfar þess, sem eitrað hefur verið, og grafa eða urða.

14. gr.

Hreppsnefnd hver skal hafa refaveiðabók, er í skal rita:

a. skrá yfir öll gren hreppsins og afréttar þeirrar, er hann hefur umsjón með. svo og skýrslu um einkenning grenjanna;

141 8. júlí

b. árlegar skýrslur frá refaskyttum um í hvaða gren refir hafi lagt, hve mörg dýr hafi unnizt á hverju greni og tölu yrðlinga, sem ætlaðir eru til uppeldis;
c. hverjir unnið hafi hlaupadýr og hve mörg. Skýrslurnar séu gefnar undir drengskaparorði.

15. gr.

Hreppsnefndir þeirra hreppa, er næst liggja afréttar- og fjallalöndum, skulu hafa á hendi alla framkvæmd við refavinnslu á þeim.

16. gr.

Kostnað við grenjaleitir í heimalöndum þeirra jarða, sem ábúð fylgir, beri umráðamenn heimalandanna. En annar refaveiðakostnaður greiðist úr sveitarsjóði. Þó endurgreiðir sýslusjóður helming kostnaðar, samkv. 10. gr. og helming andvirðis eiturs og agns samkv. 12. gr.

Séu fleiri hreppar í sama upprekstrarfélagi eða noti afréttarlönd saman, skiptist kostnaðurinn á sveitarsjóði hreppanna í réttu hlutfalli við fjárfjölda. Þó skal refaeyðingarkostnaður í löndum Upprekstrarfélags Eyvindarstaðaheiðar allur greiðast úr Afréttarsjóði Eyvindarstaðaheiðar.

17. gr.

Brot mót reglugerð þessari varða 20 til 500 króna sektum, er renna í sýslusjóð.

18. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1943 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 65 15. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júlí 1943.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

142 9. júní

SKRÁ

yfir þær vörur, sem eru undanþegnar farmgjaldahækkun þeirri, sem var heimiluð fyrir vörur frá Ameríku, sem komu hingað eftir 8. maí 1943.

	Tollskrá Kafli	Nr.
Baunir	7	11
Kaffi, óbrennt	9	1
— brennt eða brennt og malað	–	2
Hveiti	10	1
Rúgur	–	2
Ris með hýði eða án ytra hýðis	–	3
Bygg	–	4

Nr. 142 9. júní

	Kafli	Nr.
Hafrar	–	5
Maís	–	6
Annað ómalað korn	–	7
Mjöl úr hveiti	11	1
— úr rúgi	–	2
— — rís	–	3
— — byggi	–	4
— — höfrum	–	5
— — maís	–	6
— annað, ót. a.	–	7
Grjón úr hveiti	–	8
— úr byggi	–	9
— — höfrum	–	10
— — rís	–	11
— önnur, ót. a.	–	12
Mjöl úr baunum og ertum	–	13
— úr öðrum belgávöxtum	–	14
Kartöflumjöl	–	15
Sagógrjón	–	20
Sagómjöl	–	21
Klíð	–	22
Glútín	–	23
Nautatólg	15	2
Oleo-olía (oleomargarine)	–	3
Hvalfeiti, hert	–	4
Kókosfeiti	–	10
Pálmakjarnaolía	–	12
Jarðhnetuolía	–	15
Soyuolía	–	17
Babasso-olía	–	19
Strásykur	17	1
Molasykur	–	2
Flórsykur	–	3
Púðursykur	–	4
Kandís	–	5
Toppasykur	–	6
Síróp, ót. a.	–	7
Glykose	–	8
Melasse	–	9
Vaniljusykur	–	10
Fóðurkex	19	11
Fóðurmjöl úr kjöti, einnig þótt í því séu jurtaefni	23	1
— úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni	–	2
Olíukökur og mjöl úr þeim:		
— úr hörfræi	–	3
— — baðmullarfræi	–	4
— — jarðhnetum	–	5
— — kokoshnetum	–	6
— — pálmakjörnum	–	7
— — rapsfræjum	–	8

142		Kafli	Nr.
9. júní	— — soyabaunum	–	9
	— annað	–	10
	Melassefóður	–	11
	Blöndur úr korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður	–	12
	Úrgangsefni frá matvælaframleiðslu sem skepnufóður, ót. a.	–	13
	Chilesaltpétur	35	1
	Kalksaltpétur	–	2
	Kalkammonsaltpétur	–	3
	Kalíáburður	–	4
	Superfosfat	–	5
	Nítróphoska	–	6
	Tröllamjöl	–	7
	Thomasfosfat	–	8
	Áburður, sem vegur minna en 5 kg, með söluumbúðum	–	9
	Annar áburður, ót. a.	–	10

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1943.

F. h. r.
Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

143
10. júní

AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 80 17. des. 1928.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað:

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið mega börn yngri en 14 ára ekki vera á almannafæri seinna en kl. 8 á kvöldin á tímabilinu 1. sept. til 15. maí og ekki seinna en kl. 10 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 10. júní 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Verðandi: Framkvæmda- og menningarsjóður Þingeyrarhrepps", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. júní 1943. 144 11. júní

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðandi: Framkvæmda- og menningarsjóður Þingeyrarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðandi: Framkvæmda- og menningarsjóður Þingeyrarhrepps.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru ábyrgðarmenn vátryggingarfélagsins Verðandi, er starfaði að eldsvoðatryggingu í Þingeyrarhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu árin 1904—1934 eða þar til almenn tryggingarskylda hjá Brunabótafélagi Íslands var í lög leidd.

3. gr.

Stofnfé er varasjóður félagsins, eins og hann var í árslok 1942, kr. 32811.13 — þrjátíu og tvö þúsund átta hundruð og ellefu og $^{13}/_{100}$ krónur — og geymt er í vel tryggðum veðlánum, innlánsskírteinum, banka- og sparisjóðsinnstæðum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. að styrkja verklegar framkvæmdir í Þingeyrarhreppi, bæði á sjó og landi. Þar til telst: allar tegundir jarðræktar (tún-, garð-, korn- og skógrækt), iðnaður, rafvirkjanir, umbætur í húsagerð, samgöngur, hverju nafni sem nefnast, og sjávarútvegsmál;
2. að styðja og efla andlega menningu hreppsbúa. Má þar til nefna:
   a. úthlutun á styrkjum og verðlaunum til unglinga, er sýnt hafa ótvíræða námshæfileika og lofsverðan dugnað, hvort heldur við sjálfsnám eða skólagöngu;
   b. stuðning við skólastofnanir og skólahald, heimilisiðnað og heimilismenningu;
   c. hverja þá aðra menningarstarfsemi, er sjóðstjórnin telur þess verða að veita fjárhagslega aðstoð.

5. gr.

Starfsvið sjóðsins er Þingeyrarhreppur, eins og hann er nú.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en vaxtatekjum skal verja samkvæmt 4. gr.

Heimilt er að láta sjóðinn taka til starfa árið 1944. Eigi má verja til framkvæmda nema $^{2}/_{3}$ ársvaxtanna, þar til þeir nema kr. 4000 — fjögur þúsund krónum — á ári. Eftir það má úthluta $^{3}/_{4}$ hlutum árlega.

Hinn hluti vaxtanna, svo og aðrar tekjur, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast árlega við höfuðstólinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þriggja manna nefnd. Skulu þeir allir vera búsettir í Þingeyrarhreppi.

144 Hreppstjóri og oddviti (eða varaoddviti) hreppsins á hverjum tíma skulu vera
11. júní sjálfkjörnir í stjórnarnefndina, en sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu kýs þriðja nefndarmanninn til fjögurra ára í senn.

Nefndarmenn skipta með sér störfum þannig, að einn er formaður, annar ritari og hinn þriðji féhirðir.

8. gr.

Verksvið stjórnarinnar er að hafa umsjón með fjárreiðum sjóðsins, ákveða og sjá um úthlutun styrkja eða verðlauna, og annast reikningshald og vörzlu sjóðsins að öllu leyti.

9. gr.

Skylt er stjórn sjóðsins að halda gerðabók fyrir sjóðinn. Í hana skal færa skipulagsskrá þessa, aðalefnið úr erindum eða styrkbeiðnum, er stjórninni berast, svör hennar við þeim, svo og annað, sem varðar hag sjóðsins.

Einnig skal stjórnarnefndin halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, sundurliðaða skrá yfir veðbréf og önnur verðbréf, ásamt ársreikningi og efnahagsreikningi við hver áramót, og bera allir stjórnarnefndarmenn, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir í síðasta lagi fyrir lok marzmánaðar næst á eftir. Rita allir stjórnarnefndarmenn undir þá, og síðan skulu reikningarnir sendir oddvita sýslunefndar, er leggur þá fyrir sýslufund til endurskoðunar og úrskurðar.

11. gr.

Allar umsóknir um fé úr sjóðnum skulu stílaðar til sjóðstjórnarinnar og sendast formanni hennar. Þeim skulu fylgja skilríki, er stjórnin kann að krefjast hvert sinn, svo og aðrar upplýsingar varðandi hag umsækjenda.

Heimilt er stjórninni að veita sama manni eða fyrirtæki fjárframlag oftar en eitt ár í senn, ef henni þykja ástæður mæla með því, enda séu ekki aðrir verðugri, sem um sækja.

12. gr.

Nú kemur fyrir eitt eða fleiri ár, sem engu fé er úthlutað úr sjóðnum og skal þá sá hluti ársvaxtanna, sem ekki leggst við höfuðstól og veita á samkvæmt 6. gr., tekinn frá eigi að síður, þau árin sem hin, og leggjast í sérstaka viðskiptabók við sparisjóð eða banka. Síðar er svo heimilt að ráðstafa þessu fé, að einhverju eða öllu leyti, ef ástæður mæla með að áliti sjóðstjórnar, til viðbótar vaxtahluta þess árs, sem ætlaður er til úthlutunar.

13. gr.

Þegar stjórn sjóðsins þykir henta, má hún verja nokkrum hluta stofnfjárins til kaupa á ríkisskuldabréfum, veðdeildarbréfum, bankavaxtabréfum eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Annað af höfuðstólnum skal ávaxta í banka, sparisjóði Þingeyrarhrepps eða á öðrum stöðum, er telja má fulltrygga.

14. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, er stundir líða fram, en þá verða allir stjórnarnefndarmenn að vera sammála um breytinguna, og sýslunefnd að samþykkja hana.

En aldrei má breyta þeim meginatriðum skipulagsskrár þessarar:

a. að auka og bæta gróður jarðar;

b. að tryggja fjárhagsafkomu og lífsskilyrði almennings; 144
c. að styrkja fólk til menningar og mennta, og 11. júní
d. að viðhalda heilbrigðu, menningarlegu þjóðlífi kauptúns- og sveitarbúa.

15. gr.

Leitað skal opinberrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Ólafsfjarðar. 145 11. júní

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnsettur 1. janúar 1914 og heitir Sparisjóður Ólafsfjarðar, og skal heimili hans og varnarþing vera í Ólafsfirði.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til að geyma og ávaxta peninga og greiða fyrir viðskiptum, sérstaklega fyrir íbúa Ólafsfjarðar. Stjórnendur sjóðsins skulu eiga heimili í Ólafsfirði og skulu þeir kosnir á aðalfundi ár hvert.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Ólafsfjarðarhrepps og ber hann, auk varasjóðs, ábyrgð á allt að kr. 10000.00 — tíu þúsund krónum — til tryggingar innstæðum viðskiptamanna við sjóðinn. Hreppsnefnd Ólafsfjarðar kýs 12 manna yfirstjórn, sem gæta skal hagsmuna sjóðsins. Stjórnarnefnd þessi skal kosin til fjögurra ára, að þeim tíma liðnum ganga 6 menn úr stjórninni, eftir hlutkesti, og eftir næstu fjögur ár hinn helmingur stjórnarinnar á sama hátt, o. s. frv.

Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum.

Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af hreppsnefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að hreppsnefndin kjósi annan í hans stað.

Yfirstjórn þessi kýs starfrækslustjórn sjóðsins, og gerir að öðru leyti á hinum árlega aðalfundi ályktanir um nauðsynleg málefni sparisjóðsins.

4. gr.

Starfrækslustjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur, skulu þeir kjörnir á aðalfundi. Auk þeirra skal kjósa tvo varamenn, er koma í stað hinna í forföllum þeirra. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bág við hagsmuni sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

145 11. júní

5. gr.

Stjórnendur og starfsmenn sjóðsins mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari. Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu ekki viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða vikja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðist nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund yfirstjórnarinnar þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnan rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun á víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar, og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir minnst tvisvar á ári, og ákveður stjórnin hvernig skuli hagað daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í marzmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann allri yfirstjórninni 6 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar, og leggur fundurinn úrskurð á þá.

Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 stjórnarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar $^2/_3$ yfirstjórnarinnar eru mættir. Mæti eigi $^2/_3$ stjórnarinnar, skal boða fund á ný á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi

gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema að $^2/_3$ hlutar fundarmanna á lög- 145
mætum fundi samþykki. 11. júní

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók, og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók, með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa meiri innstæðu en 25 þúsund krónur.
f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður ekki sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókina skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuði þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Sparisjóðnum er eigi skylt að greiða vexti af upphæðum, sem eigi standa fulla 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að viðbættum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé því, sem sparsjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá 100 krónum til 500 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp, og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti.

Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 500 krónur á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

145 11. júní

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og til færist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni.

Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds, og glatast viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja ekki sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annað hvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í. Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir, og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum, auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins, eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 60% af virðingarverði því er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórnin álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að tryggt sé að hann geti fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sé í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig

145
11. júní

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu, og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrirfram af vöxtum, og eins af hverjum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni hvernig víxlaréttar hafi verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðaeftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

145
11. júní

33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega. Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu, og að gætt sé allra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda, skal lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu hans snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð þessa og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykkt þessi staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. júní 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

146
19. júní

REGLUGERÐ

um skömmtun á hjólbörðum og slöngum til bifreiða.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37, 12. júní 1939, og lögum nr. 59 7. maí 1940, um breyting á þeim lögum, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Enginn má selja bifreiðagúmmí (hjólbarða eða slöngur) nema þeir, er viðskiptaráð hefur löggilt til þess.

146 19. júní

2. gr.

Bannað er að selja bifreiðagúmmí, nema kaupandi skili innkaupsleyfi frá bifreiðaeftirlitsmönnum.

Engum verður þó afhent á þessu ári meira en hér segir:

Fyrir hverja vörubifreið, sérleyfisbifreið eða leigubifreið til mannflutninga: 4 hjólbarðar og 3 slöngur.

Fyrir hverja einkabifreið: 2 hjólbarðar og 1 slanga.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins í Reykjavík getur gefið undanþágu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Sá, sem vill fá keypt nýtt bifreiðagúmmí, skal snúa sér til bifreiðaeftirlitsmanns í því umdæmi, sem bifreið hans er skrásett í, með beiðni um það. Í beiðninni skal vera drengskaparyfirlýsing um það, að leyfisbeiðandi eigi ekki nægilegt nothæft bifreiðagúmmí, og að hjólbarðar þeir og slöngur, sem endurnýjunar er beiðst á, sé ónothæft. Bifreiðaeftirlitsmaður, eða umboðsmaður hans, skal fullvissa sig um það með skoðun, að rétt sé skýrt frá. Enn fremur skal tekið tillit til fyrri innkaupa bifreiðareiganda.

Bifreiðaeftirlitsmenn skulu neita leyfisbeiðni um ný bifreiðagúmmí á þær bifreiðir, sem þeir telja að fyrir aldurs sakir, eða aðrar, séu svo úr sér gengnar, að þær fullnægi ekki þeim kröfum, sem gerðar eru um ástand bifreiða, eða ef ekki eru uppfyllt þau skilyrði, sem eftirlitsmaður setur um aðgerð á bifreiðinni.

4. gr.

Í innkaupsleyfi skal tilgreina tegund og stærð bifreiðagúmmís og að því fengnu snýr leyfishafi sér til löggilts bifreiðagúmmísala og fær gegn afhendingu leyfisins það bifreiðagúmmí, er leyfið hljóðar um.

Sala bifreiðagúmmísins er enn fremur bundin því skilyrði, að kaupandi skili hinum löggilta bifreiðagúmmísala hinu ónothæfa bifreiðagúmmíi, er hann fær endurnýjað.

Hinn löggilti gúmmísali skal geyma hin ónothæfu gúmmí endurgjaldslaust og afhenda þau samkvæmt fyrirmælum viðskiptamálaráðuneytisins.

5. gr.

Innkaupsleyfi skal miðað við ákveðið ökutæki og umdæmisnúmer þess tilgreint í leyfinu. Skömmtunarskrifstofa ríkisins heldur spjaldskrá um öll þau ökutæki, sem fengið hafa bifreiðagúmmí, og skulu þar skráð öll þau gúmmí, sem eigandi ökutækisins fær afhent til þeirra.

6. gr.

Allar beiðnir, sem teknar eru til greina, skulu bifreiðaeftirlitsmenn senda skömmtunarskrifstofu ríkisins, sem hefur eftirlit með úthlutuninni. Einnig skulu löggiltir gúmmísalar senda skömmtunarskrifstofu ríkisins um hver mánaðamót þau innkaupsleyfi, sem afgreidd hafa verið, ásamt skýrslu um birgðir, innkaup og sölu í mánuðinum.

7. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins sér um framkvæmd á reglugerð þessari og getur hún hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið rannsaka birgðir löggiltra gúmmísala af vörum þeim, sem ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar taka til.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 10000 krónum og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

9. gr. 146

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð um skömmtun á hjólbörðum 19. júní
og slöngum til bifreiða frá 10. marz 1943.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1943.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. júní 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING 147

23. júní

um breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað, nr. 148 28. ágúst 1940.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Verð á rafmagni til almenningsnota í Siglufjarðarkaupstað er sem hér segir:
Til ljósa 100 aur. fyrir kwst.
Til suðu 30 aur. fyrir kwst.
Til orku 50 aur. fyrir kwst.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ 148

23. júní

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI
Um stjórn fjallskila.

1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskila hefur sýslunefnd á hendi, samkvæmt sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefnd alla umsjón á framkvæmd þeirra, hver á sínu fjallskilasvæði.

2. gr.

Hver hreppur sýslunnar skal vera sérstakt fjallskilasvæði. Þó skal land Raknadals í Rauðasandshreppi tilheyra Patreksfjallskilasvæði.

Í Patreksfjallskilasvæði skal 5 manna nefnd, kosin af hreppsnefndunum, hafa stjórn fjallskilamálanna á hendi og skal hreppsnefnd Rauðasandshrepps kjósa einn þeirra.

3. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilanefnd á Patreksfjallskilasvæði) geta gert nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, hver á sínu fjallskilasvæði. Þó má

148 eigi þar með raska reglugerð þessari, og skulu nefndirnar gæta þess, að farið sé eftir
23. júní ákvæðum hennar.

II. KAFLI
Um fjármörk og markaskrár.

4. gr.

Sérhver fjáreigandi skal skyldur til að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu. En aðfengið fé skal því aðeins marka upp að engin aukaben verði eftir. Svo er það og skylda hvers fjáreiganda, að hafa hreppsbrennimark á vinstra horni hyrnds fjár.

Hreppsbrennimörk skulu vera þessi:

Barðastrandarhreppur	V B 1
Rauðasandshreppur	V B 2
Patrekshreppur	V B 3
Tálknafjarðarhreppur	V B 4
Ketildalahreppur	V B 5
Suðurfjarðahreppur	V B 6

5. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er honum óheimilt að draga sér, þótt lítið vanti á fullt mark. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarks krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess er brennimarkið á, þó skal hann, ef krafizt er, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignazt kindina. Óheimilt er að nota annars mark, nema með leyfi markeiganda.

Nú er kind, önnur en lömb, ómörkuð eða afeyrð, eða á henni er óglöggt mark eða vafasamt, en maður vill eigna sér hana af líkum, og getur hann borið málið upp við hreppstjóra Skal þá hreppstjóri, ásamt tveim óvilhöllum mönnum, er hann tilkveður, meta ástæður þær, er hlutaðeigandi hefur til stuðnings máli sínu. Ef þeim öllum kemur saman um, að miklar líkur séu til að hann eigi kindina, má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafé. Sé hann óánægður með úrskurðinn, er honum frjálst að leita réttar síns með málssókn.

6. gr.

Mikil særingamörk má ekki upp taka né heldur þau mörk, sem vandhæfi er á að marka svo, að eigi valdi villu eða vafa. Enginn má nota afeyrt sem mark, andfjaðrað, blaðrifað, bragð, geirstúfrifað, geirsýlt, hvathamrað, hvatsýlt, helmingrifað, netnál, sýlt í blaðstýft, sýlt í hálft af, sýlt í stúf, tvístigað, þrírifað, þristúfrifað. Eigi má hafa fleiri en eitt undirben á sama jaðri á eyra ef yfirmark er á eyranu.

7. gr.

Mörk ganga að erfðum. Skipta skal marki sem öðrum arfi, ef fleiri standa til. Gefa má mörk, svo og selja.

Það er skylda markeiganda að tilkynna mörk sín til prentunar í markaskrá sýslunnar.

Mark, sem hvorki er notað né prentað í gildandi markaskrá sýslunnar, skal talið niðurfallið og skal þá öðrum heimilt upp að taka.

8. gr. 148

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna 5. hvert ár, er ártalið 23. júní
stendur á heilum eða hálfum tug, og skal þar með fylgja fjallskilareglugerð sýslunnar þegar sýslunefnd telur prentunar þörf. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana, og borga fyrir það sem sýslunefnd ákveður, en hvert heimili fær ókeypis eitt eintak af markaskránni, er fylgja skal jörðinni við ábúandaskipti. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypis, til allra hreppa utan sýslunnar, er fjársamgöngur geta komið fyrir í.

Áður en mörkum er safnað til prentunar, skal sýslunefnd ákveða gjald fyrir mörkin, til lúkningar kostnaði við söfnun þeirra, skráningu og prentun, svo og umsjón með upptöku marka. Ef gjaldið nemur meira en kostnaði, rennur afgangurinn í sýslusjóð, en hrökkvi eigi gjaldið, greiðist það sem á vantar úr sýslusjóði.

9. gr.

Sýslunefnd kýs mann til að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka. Kosning hans gildir í fimm ár í senn. Kaup hans, að meðtöldum öllum kostnaði við starf hans, er 10% af markagjaldi sýslunnar, nema öðruvísi sé um samið.

Rétt er, að markaumsjónarmaður geri sér far um, að koma samræmi og festu á nöfn marka. Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð, en þó framan fyrr en aftan. Mörk eru flokkuð eftir formarki á hægra eyra. Innan flokks ræður hægra eyra röðinni, en vinstra eyra þegar sama mark er hægra. Í fyrsta flokki teljast þau mörk, sem hægra eyra er heilt, og fremst í hverjum flokki þau, sem vinstra eyra er marklaust. Í markaauglýsingu er fyrst greint yfirmark, þá undirbenjar framan og aftan, síðast undirmark á miðju eyra.

10. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, kjósa mann til að safna mörkum í hreppnum og innheimta gjald fyrir þau. Í ómakslaun ber honum 10% af markagjaldi hreppsins. Kosningu hans skal oddviti tilkynna markaumsjónarmanni fyrir septemberlok það ár, sem mörkum er safnað.

Markasöfnun fer fram í októbermánuði árið áður en markaskrá ber að prenta. Skal henni haga svo, að hvert mark sé ritað á sérstakan seðil, með fullu nafni og heimili markeiganda. Öll afbrigði frá öðrum mörkum, hversu litlu sem munar, teljast sérstök mörk, og má ekki taka þau til greina, nema fullt gjald komi fyrir. Markaseðlar skulu tilbúnar fyrir hausthreppaskil, og skal þá hver húsráðandi afhenda safnanda alla seðla frá sínu heimili, ásamt gjaldi fyrir mörkin. Jafnskjótt og safnandi hefur veitt seðlum móttöku, skal hann vandlega athuga mörkin, með samanburði við gildandi markaskrá, og hlutast til um leiðréttingu á þeim, sem misrituð kunna að vera, og breytingu á þeim, sem koma í bága við ákvæði reglugerðar um upptöku marka. Síðan skal hann merkja seðlana með framhaldandi töluliðum í réttri röð, og senda þau markaumsjónarmanni fyrir nóvemberlok. Skal þar með fylgja markagjald hreppsins, að frádregnum ómakslaunum safnanda. Þá er umsjónarmaður hefur prófað, að gjaldið sé rétt talið, afgreiðir hann það til oddvita sýslunefndar.

Jafnframt markaseðlum skal safnandi hvers hrepps senda markaumsjónarmanni nákvæma skýrslu um öll nýupptekin mörk í hreppnum og sömuleiðis þau mörk, þótt gömul séu, sem eigi hafa staðið í síðustu markaskrá. Hafi markið verið notað áður, skal þess getið í skýrslunni, hvern rétt hlutaðeigandi hafi til marksins, og hvenær það var síðast prentað. Með nýuppteknum mörkum teljast afbrigði frá eldri mörkum, þótt litlu muni.

148 23. júní

Eftir að markaskrá er prentuð, skal safnandi vandlega athuga hana, að því er snertir öll mörk í hreppnum. Finni hann villur, er valdið geta misdrætti, skal hann í samráði við markeigendur semja leiðréttingar og senda þær markaumsjónarmanni fyrir árslok. Leiðréttingarnar skulu prentaðar á kostnað sýslusjóðs.

11. gr.

Þá er umsjónarmanni hafa borizt markaseðlar og skýrslur um nýupptekin mörk úr öllum hreppum sýslunnar, skal hann bera hverja skýrslu saman við markaseðla úr hreppnum, síðan allar skýrslurnar saman sín á milli, og loks hverja skýrslu saman við gildandi markaskrá innan sýslu og utan, þar sem fjársamgöngur geta átt sér stað. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, er teljast of lík eldri mörkum, svo og ný mörk er líkjast of mjög hvert öðru og enn fremur mörk, sem ekki má upp taka samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Þau mörk, sem niður eru felld af umsjónarmanni, má ekki prenta í markaskrá sýslunnar. Nú hefur verið fellt niður mark og skal þá umsjónarmaður tilkynna það marktakanda bréflega, og jafnframt benda honum á mark, er hann geti fengið, sem líkast því er hann hefði kosið. Hafi hann eigi svarað bréfi umsjónarmanns fyrir febrúarlok, má líta svo á, að hann taki upp markið, og skal það prentað í markaskránni.

Ef einhver vill taka upp mark milli þess sem markaskrá er prentuð, skal hann leita samþykkis umsjónarmanns. Að því fengnu, skal hann tilkynna markið öllum hreppsnefndum sýslunnar.

12. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir, sem flutzt hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum á vorhreppaskilum fyrir hreppsnefndinni, þar sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefnd skrifa upp og senda, áður en 10 vikur eru af sumri, til hreppsnefnda í nálægum hreppum innan sýslu og utan, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Þeir, sem vanrækja þetta, eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að farið sé með fé þeirra sem óskilafé, og sæti þeir að auki sektum.

13. gr.

Enginn má marka kind í lögréttum nema réttarstjóri samþykki.

III. KAFLI

Um fjársmalanir á vorum.

14. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar eða afnota, eru skyldir að smala heimalönd sín og fjalllönd á vorum.

Skal fjáreigendum skylt að taka þátt í vorsmalamennskum eftir sömu reglum sem gilda um haustsmalamennskur.

15. gr.

Hreppsnefndum (fjallskilanefnd) skal skylt að skipa fyrir um smölun sauðfjár til rúnings á vorum í heimalöndum og fjalllöndum.

16. gr.

Nú finnst fé, er sloppið hefur úr landi eiganda, eða kemur fyrir fjarri eigendum, þegar rúningstími yfirstendur eða er afstaðinn, hvort heldur eru geldar kindur eða lambær, er þá finnandi, ef honum er unnt, skyldur að hirða og rýja kindur þessar, og einnig að marka ómörkuð lömb, ef hann álítur að ekki geti ruglingi

valdið. Skal hann gera eiganda aðvart um ullina og greina frá marki, og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefur rúið eða markað. Í ómakslaun ber finnanda 60 aurar fyrir að rýja kind og 40 aurar fyrir að marka lamb. 148 23. júní

IV. KAFLI
Um sauðfjárrekstur á fjall.

17. gr.

Allir fjáreigendur skulu skyldir að reka á fjall að vorinu allt sauðfé sitt, nema kvíaær, á eigið land, ef til er, annars þar sem upprekstrarland er aflögu.

18. gr.

Hreppsnefnd kveður á um, hverjar jarðir í hreppnum hafa upprekstrarland aflögu, og hvað mörgu fé það nægir.

19. gr.

Hreppsbúar ganga fyrir utansveitarmönnum um afnot upprekstrarlands í hreppi sínum.

20. gr.

Enginn má kefla lömb.

21. gr.

Í upprekstrartoll greiðist 50 aurar fyrir hverja veturgamla kind eða eldri, og 30 aurar fyrir hvert lamb, alls þess fjár, er á fjall er rekið, og skal tollurinn greiddur hlutaðeigandi ábúanda eða landeiganda innan loka októbermánaðar.

V. KAFLI
Um fjallskilaskyldu.

22. gr.

Hver sá, er býr á jörð eða jarðarhluta, sem metinn er til dýrleika, svo og hver heimilisfaðir, skal skyldur til að gera fjallskil fyrir allt það fé, er hann sjálfur og heimafólk hans áttu á fóðrum á heimili hans eða annars staðar undangenginn vetur eða hefur keypt um vorið, enda hafi því verið sleppt í hans fjallskilasvæði að vori. Auk þess skal mönnum skylt að gera fjallskil fyrir allt það fé, er þeir hafa tekið til hagagöngu á því ári, frá mönnum úr öðrum fjallskilasvæðum.

Þeir, sem ekki eiga svo margt fé, að fjallskil fyrir það nemi einu dagsverki, greiði tilsvarandi fjárhæð og skal fjallskilanefnd og hreppsnefnd verja gjöldum þeirra til að kaupa menn til fjallskila fyrir þá í sameiningu, eftir fjártölu. Fjallskilagjöld má taka lögtaki. Gjalddagi er viku fyrir fyrstu leitir.

23. gr.

Fjallskilaskyldan er í því fólgin, að senda menn í göngur, sækja fé í réttir, utan hrepps sem innan, eða greiða fjallskilagjald, allt eftir því, sem fjallskilanefnd og hreppsnefndir skipa fyrir um í fjallskilaseðli hverju sinni.

24. gr.

Niðurjöfnun þessari skulu hreppsnefndir og fjallskilanefnd hafa lokið hálfum mánuði fyrir fyrstu leitir, og skal við niðurjöfnun fara eftir skýrslu forðagæzlumanna hvað fjártölu snertir, sbr. þó 22. gr.

Þykist einhver verða hart úti í ráðstöfun hreppsnefndar eða fjallskilanefndar,

148 23. júní

getur hann borið sig upp fyrir henni, og fært ástæður fyrir málstað sínum, ekki síðar en fjórum dögum fyrir fyrsta leitardag, og skal þá hreppsnefnd (fjallaskilanefnd) skylt að taka umkvartanir hans til athugunar og leggja úrskurð á málið, og skal skylt að hlíta honum, þótt málinu sé áfrýjað til sýslunefndar.

25. gr.

Hreppsnefnd (fjallskilanefnd) skal hafa rétt til að leggja fjallskil á búendur og umráðamenn þeirra jarða, þar sem framfleytt er litlum eða engum afréttarpeningi.

26. gr.

Enginn er undanþeginn almennri fjallskilaskyldu, þótt hann hafi sleppt fé sínu í heimalönd en ekki í afrétt.

27. gr.

Ef einhver hefur ekki sjálfur nægilegan mannafla til fjallskila, samkvæmt fyrirmælum hreppsnefndar (fjallskilanefndar), skal honum skylt að gera henni aðvart um það með viku fyrirvara, og skal henni skylt, ef mögulegt er, að útvega menn á hans kostnað, til að inna fjallskilin af hendi.

28. gr.

Láti einhver farast fyrir að senda mann í göngur eða gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til í gangnaboði, skal hann auk borgunar fyrir fjallskilin, greiða aukagjald, er nemi ¼ af matsverði þeirra.

Ef einhver sendir mann í göngur, sem gangnaforingi og helmingur gangnamanna í hans flokki telur óhæfan sökum ágalla eða ills útbúnaðar, má vísa honum heim aftur, og er þá fjáreiganda skylt að borga gangnaskilin, eins og hann hefði engan sent.

Sannist það, að gangnamaður eða einhver annar, sem fjallskil á að inna af hendi, vanræki skyldustörf sín, getur hreppsnefnd (fjallskilanefnd) krafizt uppbótar frá honum eða þeim er hann sendi, eftir því sem hæfa þykir. Vilji hann eigi hlíta úrskurði nefndarinnar, getur hann skotið máli sínu til sýslunefndar.

Gjaldi fyrir gangnasvik eða vanrækslu á fjallskilum má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella renni það í fjallskilasjóð eða sveitarsjóð þess hrepps eða þeirra hreppa, sem hlut eiga að máli.

29. gr.

Nú alheimtir einhver fjáreigandi fé sitt í fyrstu leit, og skal hann þrátt fyrir það gera fjallskil alla hina ákveðnu fjallskiladaga, eftir því sem hreppsnefnd (fjallskilanefnd) hefur fyrirskipað.

30. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilanefnd) skulu í fjallskilaseðlinum, taka skýrt og greinilega fram, hvernig leitum skuli hagað, skal, þar sem því verður við komið, leit byrjuð á öðrum eða báðum endum leitarsvæðisins.

31. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd (fjallskilanefnd) skal í fjallskilaseðlinum kveðja svo marga menn, sem henni þykir nauðsynlegt, til að vera leitarforingja. Skulu þeir stýra göngum leitarmanna bæði í heimalöndum og afréttum á leitarsvæði því, sem þeim er falið, og skipa þeir svo fyrir, að allt annað fé en kvíaær komi einu sinni til réttar (sbr. þó 33. gr.). Þeir tilkynna hreppsnefnd, ef einhver vanrækir að gera fyrirskipuð fjallskil eða óhlýðnast fyrirskipunum þeirra, eða hefur sent óliðgengan mann í leitirnar. Þeir skulu annast um að allt fari vel og skipulega, er að fjall-

göngum lýtur, sér í lagi hvað meðferð á fjallfé snertir. Óhlýðni við leitarforingja varðar sektum. Sektum varðar og ef leitarforingi vanrækir stöðu sína eða misbeitir henni. 148 23. júní

VI. KAFLI
Um fjallskil á haustum og réttarhöld.

32. gr.

Þrennar skulu vera fjallaleitir á hausti í öllum hreppum sýslufélagsins. Fyrsti leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars og skal samdægurs rétta í öllum skilaréttum.

Skilaréttir skulu vera á þeim stöðum er hér segir:
Í Barðastrandarhreppi að Haga,
í Rauðasandshreppi að Vestur-Botni,
í Patrekshreppi að Geirseyri,
í Tálknafjarðarhreppi að Norður-Botni,
í Ketildalahreppi að Austmannsdal,
í Suðurfjarðahreppi að Dufansdal.

Annar leitardagur skal vera mánudagur næsti á eftir fyrsta leitardegi og skal þá rétta samdægurs í öllum skilaréttum.

Þriðji og síðasti leitardagur skal vera miðvikudagur í 25. viku sumars og skal þá rétta samdægurs í öllum skilaréttum.

33. gr.

Aukaréttir skulu vera í hverjum hreppi svo sem hér segir:
Í Barðastrandarhreppi: Að Fossá, Brjánslæk og Haukabergi.
Í Rauðasandshreppi: Að Saurbæ og Breiðuvík.
Í Tálknafjarðarhreppi: Að Kvígyndisfelli og í Smælingjadal.
Í Ketildalahreppi: Að Húsum í Selárdal.
Í Suðurfjarðahreppi: Á Litlu-Eyri, í Trostansfirði og Langa-Botni.

Í öllum leitum skal rétta á gangnadaginn í öllum aukaréttum, nema í Brjánslækjarrétt skal rétta á miðvikudag í fyrstu leit, á þriðjudag í annarri leit og á fimmtudag í þriðju leit, og í Haukabergsrétt á þriðjudag í fyrstu leit, allt miðað við sömu viku og göngur fara fram í.

Eftir tillögum meiri hluta fjáreigenda í hreppnum og með samþykki sýslunefndar, má hreppsnefnd gera breytingar á réttarstöðum og réttarsóknum. Enn fremur hefur hreppsnefnd heimild til að leyfa einstökum bæjum úrdrátt á fé sínu. Setur hreppsnefnd reglur fyrir úrdrættinum, er komi ekki í bága við reglugerð þessa.

34. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilanefnd) geta jafnað niður kostnaði við byggingu og viðhald rétta, eftir fjáreign þeirra, er þangað eiga rétt að sækja.

Á þeim bæjum, þar sem sundurdráttur er leyfður, sbr. 33. gr., skulu þeir bændur, sem mega draga fé sitt úr, viðhalda á sjálfs sín kostnað, nægilega stórri rétt, til að taka allt fé sem þangað verður að reka, svo og dilkum eftir þörfum fyrir fé sitt og það fé, sem dregið verður úr til rekstrar að skilarétt.

Skylda þessi hvílir á bændum auk þeirrar skyldu, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

35. gr.

Við hverja rétt skulu allir í réttarsókninni hafa nægilegt dilkrúm, hver fyrir sig eða fleiri í sameiningu. Enn fremur skulu vera þar sérstakir dilkar, einn eða

148 fleiri, fyrir fé úr öðrum fjallskilasvæðum og öðrum réttarsóknum innan fjall-
23. júní skilasvæðisins, er hlutaðeigandi fjallskilasvæði og réttarsóknir viðhalda á sinn kostnað, nema svo sé um samið, að réttarsóknin kosti byggingu þeirra og viðhald, móti því, að njóta sömu hlunninda af viðkomendum.

36. gr.

Valdi bygging lögrétta grasnámi eða jarðraski, skal, ef þess verður krafizt, koma fullt endurgjald af sveitarsjóði hlutaðeigandi hrepps, eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður nefnir til.

37. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að veita hlutaðeigandi réttarbændum allt kr. 20.00 þóknun úr sveitarsjóði hreppsins vegna átroðnings við réttahöld.

38. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilanefnd) skulu sjá um, að réttir séu vandlega byggðar og vel viðhaldið, einnig að dilkar við þær séu í gildu standi kvöldið áður en réttað er. — Vanræki einhver að vinna að réttar- eða dilksbyggingu, má hreppsnefnd útvega mann til þess á hans kostnað.

39. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilanefnd) skulu skipa duglega réttarstjóra, einn eða fleiri, við hverja rétt, svo og menn til eftirlits þar sem sundurdráttur er leyfður.

Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir, hvernig fjárdrætti skal haga, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, er valdið geti hindrun við réttarstörfin. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum. Sektum varðar og ef réttarstjóri vanrækir stöðu sína eða misbeitir henni. Enginn er skyldur til að vera réttarstjóri nema eitt ár í senn.

40. gr.

Enginn má hleypa út úr dilki fyrr en réttarstjóri leyfir, og búið er að kanna féð í dilknum. Að þeim starfa eru allir skyldir að vinna, þeir sem réttarstjóri til þess nefnir.

41. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um það, að allt markað óskilafé og utansveitarfé, sem ekki er sótt á lögrétt, verði rekið á skilarétt.

Nú hefur hreppsnefnd eigi sett sérstaka menn til að annast rekstur fjár milli rétta innan fjallskilasvæðisins, skal þá réttarstjóri annast um, að það verði rekið bæ frá bæ til eigenda, þeim að kostnaðarlausu, eftir sömu reglum sem gilda um fjárrekstra eftir leitir.

Á sama hátt skal þá hagað rekstri fjár til skilaréttar.

VII. KAFLI

Um fjárhirðing í útréttum.

42. gr.

Hreppsnefnd (fjallskilanefnd) skal skipa hæfa menn, einn eða fleiri, eftir þörfum, til að fara í réttir annarra sveita, þar sem helzt eru fjársamgöngur, til að hirða þar sauðfé hreppsbúa sinna. Hafi sá, sem gert er að skyldu að leggja til téðan starfa, engan hæfan mann til að inna hann af hendi, hefur hreppsnefnd (fjallskila-

nefnd) vald til að kveðja til þess hvern þann, sem hæfastur er í hreppnum, annað- 148
hvort í mannaskiptum eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er skilin áttu að gera. 23. júní

43. gr.

Sá maður, sem sendur er til að hirða fé í réttum annarra sveita, má eigi fara þaðan áður en búið er að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrám, og selja, þar sem sala fer fram. Sannist það, að hann láti verða þar eftir fé sveitunga sinna, sem er með glöggu, skrásettu marki, eða týni því, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur séu.

Skylt er sendimanni að reka fé heim í hreppinn, og skal það síðan ganga rétta leið í bæjarrekstrum, nema gerðar séu aðrar ráðstafanir. Sé einhver skepna svo fötluð, að ekki verði rekin með öðru fé, skal hann koma henni í gæzlu og gera eiganda aðvart, er þá ber að vitja hennar á sinn kostnað.

VIII. KAFLI

Um heimasmölun eftir haustgöngur.

44. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur að smala heimaland þar sem fé hans gengur á haustum eftir göngur, allt til veturnótta, svo oft sem hreppsnefnd (fjallskilanefnd) fyrirskipar. Vanræki einhver þessa skyldu, skal hreppsnefnd (fjallskilanefnd) sjá um, að löndin séu smöluð á kostnað viðkomanda, eftir mati hreppsnefndar.

Rekstrar skulu þá ganga eftir töfludrætti bæ frá bæ.

IX. KAFLI

Um fjárrekstra bæja milli.

45. gr.

Skyldur er hver búandi eða landráðandi að hirða fé það, er finnst í heimalandi hans, eftir að fjallgöngum er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Hreppsnefnd skal ákveða rekstrarleiðir innan hrepps. Ef fé er rekið afleiðis í bæjarrekstrum eða sleppt úr fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur séu.

46. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, þegar rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að vera, og reka svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns, en skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eftir áliti hreppsnefndar.

X. KAFLI

Um eftirlit einstakra manna og fé í ógöngum.

47. gr.

Nú fer einhver í eftirleit ótilkvaddur af sveitarstjórn, að liðinni síðustu leit, og finnur fé á fjalli eða afrétt, skal hann þá fá fundarlaun $\frac{1}{10}$—$\frac{1}{4}$ af verði kindarinnar. Fundarlaunin greiðast úr sveitarsjóði (fjallskilasjóði), þar sem féð finnst, gegn endurgreiðslu frá eigendum. Fyrir fé, sem fyrir kemur í smalamennsku, eða

148 kemur í fé manna, á hvaða tíma sem er, skal engra fundarlauna vera hægt að
23. júní krefjast.

Um mat á fundarlaunum fer sem um getur í 48. gr.

48. gr.

Verði einhver þess var, að fé sé í svelti eða komið í aðrar ófærur, skal honum skylt, á hverjum tíma árs sem er, að sjá um, að því sé bjargað, ef unnt er, að öðrum kosti gera hreppsnefnd aðvart, svo framarlega, sem hann ekki getur gert eiganda aðvart. Nú hrekkur hálft andvirði hins bjargaða ekki fyrir kostnaði, skal þá það er til vantar greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Sama er og ef björgun reynist árangurslaus.

Ef samkomulag næst eigi um björgunarlaun, skulu þau fara eftir mati hreppstjóra og eins manns, er hreppsnefnd tilnefnir. Geti þeir ekki komið sér saman um björgunarlaunin, skal oddviti sýslunefndar tilnefna einn mann í gerðina og ræður hans atkvæði, nema hinir verði þá sammála.

XI. KAFLI
Um meðferð óskilafjár.

49. gr.

Réttarstjórar skulu annast um að allir ómerkingar séu dregnir í einn dilk, jafnóðum og þeir finnast, og skal leitast við, áður en réttarhaldinu er lokið, að láta lambsmæður helga sér dilka sína. Ómerkingar, markkalið og mýétið fé, sem enginn getur helgað sér, sé selt af hreppstjóra eða umboðsmanni hans við uppboð á réttinni, nema honum virðist réttara að fresta sölunni. Andvirði þess rennur í sveitarsjóð. Enginn má marka ómerking marki sínu um eða eftir leitir, nema hann leiði valinkunna menn, sem votta að því, að hann eða þeir séu hans eign.

50. gr.

Óskilafé úr fyrstu leit skal vandlega geymt til 2. leitar, hjá þeim bónda, sem hreppsnefnd ákveður, gegn 25 aura borgun fyrir hverja sauðkind um sólarhringinn. Eigendum fjárins er skylt að greiða geymslugjaldið við afhendingu þess. Sannist það, að fjárgeymslumaðurinn hafi ótilhlýðilega meðferð á fénu, hefur hann fyrirgert tilkalli til geymslulaunanna og bakað sér sektir samkv. 2. gr. í reglugerð þessari.

Oddviti tilkynni oddvitum annarra hreppa sýslunnar mörk og einkenni óskilafjár, sem fyrir hefur komið í 1. leit.

51. gr.

Í 2. leit skal allt óskilafé úr 1. leit og frá skilarétt í 2. leit, selt á skilarétt hreppsins af hreppstjóra eða umboðsmanni hans.

Óskilafé af útréttum í 2. leit, og það óskilafé, sem síðar kemur fram, skal selt að viku liðinni á þeim stað, er hreppstjóri ákveður í auglýsingu.

52. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverjum hreppi, að afstöðnum öllum göngum, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eigenda geymdar í vörzlum hreppsnefndarinnar (fjallskilanefndar), sem annast um, að eigendum verði við fyrsta tækifæri gert viðvart um það. Hafi eigendur eigi leitt sig að kindum þessum innan hálfsmánaðar, má selja þær við opinbert uppboð, sem áður sé auglýst almenningi í hreppnum.

53. gr.

Sé manni dregin kind með hans marki, sem ekki er hans eign, er honum óheimilt að halda henni hjá sér, í því skyni, að auglýsa markið sjálfur og semja við eiganda. Ber honum að koma kindinni til hreppstjóra, svo að farið verði með hana sem annað óskilafé.

54. gr.

Nú koma fyrir að afstöðnum síðustu göngum, kindur, sem finnandi þekkir ekki eigendur að. Skal hann þá tilkynna það hreppsnefnd (fjallskilanefnd), sem annast um það, að þær verði seldar við opinbert uppboð, sem sé birt á löglegan hátt í hreppnum og nágrannasveitum.

55. gr.

Við sölu óskilafjár er enginn innlausnarfrestur eða gjaldfrestur. Þó skulu hrútar, sem eftir áliti hreppstjóra og söluvotta eru hæfir til kynbóta, svo og augljósar forystukindur, seldar með fjögurra vikna innlausnarfresti eftir söludag, og jafn löngum gjaldfresti, og eru þeir ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum.

56. gr.

Fyrir nóvembermánaðarlok skal hver hreppstjóri senda oddvita sýslunefndar skýrslu um allt vafafé, er selt hefur verið í hreppi hans, og greiði auglýsingargjald eftir reikningi. Oddviti sýslunefndar skal svo sjá um, að skýrsla um vafafé sé birt í Lögbirtingablaðinu.

57. gr.

Fram til 1. október næsta ár eftir, geta menn sannað eignarétt sinn að andvirði vafafjár, að frádregnum kostnaði. Sanni enginn eignarrétt sinn, rennur andvirðið í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

58. gr.

Enginn má láta óskeytta hrúta ganga úti á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl. Ef vanræksla veldur því að skaði verði að, sé eigandi hrútsins skyldur að svara fullum skaðabótum, ef krafizt er. Náist ekki samkomulag um skaðabæturnar, skulu þær ákveðnar samkvæmt 3. mgr. 48. gr.

59. gr.

Nú er einhver bóndi eða búendur, sem telja sér brýna þörf á að ná í fé sitt eða nokkuð af því til slátrunar fyrir fyrstu leitir, skal það því aðeins heimilast að viðkomendur hafi gert hlutaðeigandi hreppsnefnd (fjallskilanefnd) aðvart um það áður og hún sett mann eða menn til eftirlits við smölun og sundurdrátt.

Engum skal heimilt að fara í annarra land til slíkra smalana, nema leyfi viðkomandi landeigenda og hreppsnefndar (fjallskilanefndar) komi til.

60. gr.

Það er stranglega bannað, að svelta fénað frekara en minnst verður hjá komizt, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum og gæzlu, fjallgöngum eða heimalandssmölun. Brot gegn þessu varða skaðabótum og hegningu að lögum.

148 61. gr.

23. júní Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda (fjallskilanefndar) út af fjallskilamálum. Sömuleiðis heyra undir úrskurð hennar allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum, snertandi fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um, að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

62. gr.

Öll brot gegn reglugerð þessari skulu kærð fyrir hlutaðeigandi sýslumanni og varða þau 5—500 kr. sektum, eftir stærð og eðli brotanna, nema því aðeins, að þyngri hegning liggi við lögum samkvæmt. Sektirnar renna að hálfu til uppljóstrarmanns, og að hálfu í sjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Verði ágreiningur um í hvaða hreppi brotið er framið, skal sektin falla til þess eða þeirra hreppa, þar sem hinir seku eiga heimili, að tiltölu réttindi. Með mál út af brotunum skal fara sem almenn lögreglumál.

63. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu, nr. 63 frá 16. júní 1930.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. júní 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

149

23. júní

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu um fjallskil o. fl., nr. 121 24. júlí 1940.

Við 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar. Í stað orðanna „4 kindur" í setningunni „jafnt auratal lagt á hvert hross sem 4 kindur", komi: 5 kindur.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. júní 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

150

26. júní

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Árna Á. Þorkelssonar og Hildar S. Sveinsdóttur“ frá Geitaskarði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júní 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Árna Á. Þorkelssonar og Hildar S. Sveinsdóttur frá Geitaskarði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Árna Á. Þorkelssonar og Hildar S. Sveinsdóttur og er stofnaður af börnum og tengdabörnum þeirra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er innstæða hjá Kaupfélagi Húnvetninga á Blönduósi, að upphæð 1. janúar 1942 kr. 5139.25 — fimm þúsund eitt hundrað þrjátíu og níu 25/100 krónur.

3. gr.

Sjóðurinn er ávaxtaður í Kaupfélagi Húnvetninga á Blönduósi og má stjórn sjóðsins ávaxta hann þar áfram meðan henni virðist það hagkvæmt, en skylt skal sjóðstjórninni að annast um að fé sjóðsins sé ávallt ávaxtað á sem tryggasta og hagkvæmastan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að búnaðarframförum í Engihlíðarhreppi, einkum á sviði jarðræktar, búfjárræktar og búnaðarhátta. Í þessu skyni veitir sjóðurinn einstökum mönnum innan hreppsins styrki eða verðlaun og skulu þeir, sem örðuga aðstöðu hafa til slíkra framkvæmda, ganga fyrir um fjárstuðning eða verðlaun, enda sýni þeir fulla viðleitni í búskapnum.

Sjóðstjórnin ákveður hverjir skuli njóta fjárveitingar frá sjóðnum og ræður afl atkvæða á fundum stjórnarinnar.

5. gr.

Þar til höfuðstóll sjóðsins er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur má sjóðstjórnin annað hvort ár úthluta samkv. 4. gr. eins árs vöxtum af fé sjóðsins, og fari fyrsta úthlutun fram árið 1943.

Eftir að höfuðstóllinn hefur náð 10000 kr. má árlega úthluta $\frac{2}{3}$ — tveimur þriðju — vaxtanna unz hann er orðinn 20000 kr. Úr því bætist ávallt $\frac{1}{10}$ — einn tíundi — vaxtanna við höfuðstólinn, en höfuðstólinn má aldrei skerða.

6. gr.

Hreppsnefnd Engihlíðarhrepps hefur á hendi stjórn sjóðsins og er oddviti formaður sjóðstjórnarinnar, skal hún starfa kauplaust.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda bók yfir eignir hans, árlegar tekjur og gjöld og færa inn í hana ársreikning sjóðsins, en reikningsárið er almanaksárið.

Enn fremur haldi stjórnin gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, styrk og verðlaunaveitingar, ástæður fyrir þeim og annað, sem varðar hag og starfrækslu sjóðsins.

150 26. júní

8. gr.

Endurskoðun ársreikninga sjóðsins skal framkvæmd af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu og reikningurinn fram lagður á aðalfundi nefndarinnar til úrskurðar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

151 28. júní

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð til hjálparstöðvar í Reykjavík fyrir konur drykkjumanna", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. júní 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð til hjálparstöðvar í Reykjavík fyrir konur drykkjumanna.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 1000.00 minningargjöf frá konu í Reykjavík á afmælisdegi móður hennar 16. marz.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því, að komið verði á fót og starfrækt hið allra fyrsta hjálparstöð í Reykjavík fyrir konur drykkjumanna. Er stöðinni ætlað að hafa eftirlit með líðan slíkra kvenna og barna þeirra, og vita þeim leiðbeiningar og holl ráð í þrengingum þeirra og raunum. Sams konar hjálp skal og veita drykkfelldum mæðrum, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, svo og hvers konar gjafir og áheit, er honum kunna að berast. Er þess sérstaklega vænst, að menn styrki sjóðinn með minningargjöfum um mæður sínar, sem þrátt fyrir bág og erfið kjör hafa gefið mörgum syni og dóttur dýrmætar gjafir, sem ekki ætti að gleymast að þakka.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn: dómprófasturinn í Reykjavík, sem er sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar, fjórar konur, kosnar af sóknarnefndunum í Reykjavík til fjögra ára í senn. Tilnefnir sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins eina, sóknarnefnd Hallgrímssafnaðar eina, sóknarnefnd Nessóknar eina, og sóknarnefnd Laugarnessóknar eina.

5. gr.

Sjóðsstjórnin skal vinna að því eftir mætti og á hvern þann hátt, er henni sýnist bezt henta, að koma hjálparstöð þessari á fót og hafa yfirumsjón með starfrækslu hennar. Er henni heimilt að verja til þess vöxtum sjóðsins, svo og árlegum tekjum hans, eftir að höfuðstóllinn er orðinn fullar 25 þúsund krónur.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin árlega senda biskupi Íslands ársreikninginn til endurskoðunar, svo og skýrslu um starfsemina á árinu.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

152
28. júní

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Flateyrarkauptún, nr. 145 27. ágúst 1943.

Öll gjöld samkvæmt VIII. kafla hafnarreglugerðarinnar skulu frá og með 1. júlí 1943 innheimtast með 100% hækkun.
Lágmarksgjald samkv. c-lið 25. gr. skal vera kr. 5.00.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóv. 1917, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1943 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

153
30. júní

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er ræðir um í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvarðanir samkv. 36. og 37. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1943.

Í Reykjavík:

Skattskrá skal lögð fram fyrir 1. júlí þ. á. og liggja frammi til 13. júlí þ. á. á lögákveðnum stað.
Kærufrestur til skattstjóra skal vera til 13. júlí þ. á.
Úrskurðir skattstjóra um kærur skulu felldir fyrir 26. júlí þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 30. júní 1943.

F. h. r.
Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

REGLUR

154
30. júní

um greiðslur úr ríkissjóði vegna verðfellingar á mjólk.

1. gr.
Mjólkurbúum verður greidd uppbót á hvert kg. innveginnar mjólkur.

2. gr.
Þeim framleiðendum á verðlagssvæðum mjólkurbúa, er hafa fengið undanþágu til beinnar sölu, verður greidd verðuppbótin eftir sömu reglum og þeir greiða verðjöfnunargjald til verðjöfnunarsjóðs.

154 30. júní

Mjólkursamsalan í Reykjavík annast greiðslu verðuppbótanna á sölusvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

3. gr.

Á þeim stöðum, þar sem einn eða fleiri mjólkurkaupmenn kaupa mjólk af framleiðendum til sölu, skal verðuppbótin greidd á innvegna mjólk.

4. gr.

Þeir mjólkurframleiðendur, er selja mjólk beint til neytenda í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, utan verðlagssvæða mjólkurbúanna, fá verðuppbætur samkvæmt framlögðum söluskýrslum, þar sem tilgreint er hverjum mjólkin sé seld og hve mikið, ásamt viðurkenningu kaupanda. Skýrslur þessar skulu trúnaðarmenn staðfesta.

5. gr.

Skipaðir verða eftirlitsmenn í þeim kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem mjólkursala er og verðið hefur verið hærra en kr. 1.40 pr. ltr. Skulu þeir hafa eftirlit með því, að framfylgt sé ákvæðum reglna þessara. Ber eftirlitsmönnum að afla sér upplýsinga um mjólkurkúaeign manna á þeim svæðum, er eftirlit þeirra nær til. Þeir taka við reikningum mjólkurframleiðenda yfir verðbætur samkvæmt 3. og 4. gr. og senda þá áfram til landbúnaðarráðuneytisins.

Kostnaður sá, sem af þessum ákvæðum leiðir, skal greiddur úr ríkissjóði.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

155 30. júní

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Eyjafjarðarsýslu.

FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka til bæði kauptúna og sveita.

I. KAFLI

Um velsæmi og hegðun.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

155
30. júní

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd skemmtanir aðrar, er hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. — Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið að eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

8. gr.

Drukknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

155 30. júní

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur kauptúna eða annars staðar svo nærri landi eða skipum á höfnum, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fullfíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu, eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði hlutaðeigandi hrepps fyrir tjón, er þeir kunna að bíða fyrir það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn maður má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum kauptúnanna eða snerta á brunaboðum, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

13. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri.

14. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða né fara inn í hús manna í óleyfi.

15. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum kauptúnanna. Byssu skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af, má ekki flytja eftir götum eða vegum kauptúnanna, nema svo sé um búið, að engin hætta stafi af.

16. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

17. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

18. gr.

Ekkert má hafa í opnum gluggum, sem niður getur fallið á vegi eða götur og valdið skaða á þeim, er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, og bera umráðamenn og eigendur húsanna ábyrgð á þeim skaða, er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

19. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg kauptúnanna eða alfaravegi, hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess, að afstýra hættum fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri, eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur, torg eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

20. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist, til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur stafað af því fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllunum eða mannvirki fúin, og getur þá lögreglustjóri krafizt þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, að hættulaust sé.

21. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við hússveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

22. gr.

Hvarvetna þar, sem girðingarhlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé hátt undir, að öruggt sé að ríðandi maður eða yfirbyggðar bifreiðar reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta, að þessa sé gætt. Um girðingahlið á vegum skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

155
30. júní

III. KAFLI
Umferð um vegi.

23. gr.

Allir, sem fara um vegi, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farartækjum, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri vegarbrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbraut sé hún til vinstri handar.

24. gr.

Þeir, sem ríða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar. Vagnar eða sleðar með hesti mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins. Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

25. gr.

Það er öllum bannað að ríða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að ekki hafa fullan þrótt, t. d. eru illa járnaðir.

26. gr.

Það er bannað að ríða eða aka móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

27. gr.

Slökkvilið eru undanþegin ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir eru skyldir til að víkja úr vegi fyrir þeim svo fljótt, sem auðið er. Sama gildir um sjúkravagna.

IV. KAFLI
Um bifreiðar og reiðhjól.

28. gr.

Bifreið nefnist í þessari samþykkt hvert það ökutæki, sem knúð er áfram af aflvél í ökutækinu sjálfu og ætlað er til þess, að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori, eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

29. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum og einstökum götum, ef slík umferð álítzt hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð og á vorin, meðan klaka leysir úr jörðu.

30. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir lögum þeim, er þar um gilda.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum þegar skyggja tekur, og ávallt hafa þau

tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður á kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni. 155 30. júní

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósanotkun bifreiða, ef þurfa þykir.

31. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar til hinir komast fram hjá henni.

32. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót, og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða órólegir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir bera ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

33. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur eru á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 15 km hraða, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 10 km og eigi lengri leið en hálfan km í einu.

34. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera fjárrekstrarmönnum aðvart um að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum, svo bifreiðin geti komizt fram hjá. Ef rekstur kemst eigi fram hjá bifreið vegna þrengsla, skal bifreiðin aka til baka, þangað til nægilegt svigrúm fæst.

35. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða verða settar samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

36. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð, og skulu hjólreiðarmenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdýr, horn eða gatnamót.

Skylt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólunum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til bjart er orðið að morgni.

Þar, sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sé for eða bleyta á götunni, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur. Á hjóli mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefur, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal nema staðar þegar, er lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem yngri er en 14 ára.

155 30. júní

V. KAFLI
Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

37. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Eyjafjarðarsýslu, eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir til að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður penings skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því sem eignar- eða leigupeningur hefur valdið honum. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur úti um hagann, eru réttdræpir hvar sem þeir sjást úti. Flækningshunda og ketti, sem ekki eru í eigu eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum eða köttum, ef enginn vill hirða þá.

Skylt er mönnum að sjá um, að hundar fylgi ekki til kirkju né til heimila, þar sem jarðarfararathöfn fer fram.

VI. KAFLI
Um friðun almenningseigna og fleira.

38. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almenningsþarfa. Sama gildir um víðvarpsbúnað einstakra manna.

39. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún, eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eigum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

40. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður

41. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta sér eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis landeiganda.

42. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þriflega um áningarstaði sína og tjaldstaði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar.

Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja 155 30. júní
ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyngi eða hrísrifi eða á annan hátt.

VII. KAFLI
Um uppfestar auglýsingar.

43. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

44. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VIII. KAFLI
Um veitingastaða, samkomuhús og skemmtanir.

45. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal halda nákvæma gestaskrá.

46. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

47. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

48. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. — Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra, tiltekinna manna.

155 30. júní

49. gr.

Við hvert veitingahús eða almenn samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

50. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slíkt leyfi. Þó getur hann falið hreppstjórum að veita slík leyfi, hverjum í sínum hreppi.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoma byrjar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess að þeir, er fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er hafi eftirlit með samkomum allan tímann.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bág við reglur og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

51. gr.

Sérhverjum, er sjúkling hefur á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af ónæði.

52. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. — Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

53. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

IX. KAFLI

Samgöngur við skip.

54. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

X. KAFLI
Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

55. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum að nokkur hætta sé á, að neyzluvatn saurgist af.

56. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð rusl í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim og svo vel umgirtar, að engin hætta geti stafað af fyrir menn eða skepnur.

Skylt er að hafa salerni við hvert íbúðarhús innan kauptúns og á hverju býli í sveitum, enn fremur skal skylt að hafa þvaghús við hvert samkomuhús.

57. gr.

Bannað er að hella skólpi á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor og annað þvílíkt, skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi, og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

58. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og hann sé hreinsaður strax að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

59. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundar nái ekki til að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellinum ílát með loki undir sullu og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annaðhvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra niður í jörðu. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

60. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar, eða þeim heilbrigðissamþykktum, er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

155 30. júní

ANNAR ÞÁTTUR

Viðaukaákvæði, er taka til Ólafsfjarðar-, Dalvíkur- og Hríseyjarkauptúns.

XI. KAFLI

Sérákvæði um umferðina innan kauptúnanna.

61. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir, sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja af gangstétt á akbraut, þó hún sé til vinstri. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar.

62. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri eða í opin göturæsi, né heldur skvetta þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Bannað er að brista gólfábreiður, viðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, torg eða almannafæri.

63. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálmunum eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verki því, sem unnið er að, að því verði við komið.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, þá er eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

64. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

65. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera, frá því að dimmir að kvöldi og þar til birtir að morgni. Í kringum birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkv. þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

66. gr.

Bannað er að hafa þakjárn, eða parta af þakjárni, laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt ekki fjúki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

67. gr. 155

Báta eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, 30. júní
stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd og lögreglustjóri, eða hvort um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

68. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

XII. KAFLI

Um umferð á götum kauptúnanna.

69. gr.

Það er stranglega bannað að ríða hraðar en hægt brokk á götum kauptúnanna.

70. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnanna, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar í kauptúnunum, er þeir eru þar staddir, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

71. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri handar. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau, eða nema staðar þar, sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti, hinum megin á götunni.

72. gr.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum, og komið þeim til varðveizlu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hest má aldrei binda úti við í kauptúnunum, né láta þá standa í réttum í köldu veðri, eða óhæfilega lengi, að dómi lögreglunnar, þó að gott veður sé. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveizlu á kostnað umráðamanns.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kauptúnum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á túnlóðum einstakra manna.

XIII. KAFLI

Um skepnuhöld o. fl. í kauptúnunum.

73. gr.

Hænsni eða aðra alifugla má ekki hafa nema þeir séu í tryggilega afgirtu svæði á tímabilinu 10. maí til 30. september, svo að þeir ekki geti gert öðrum óskunda.

155 74. gr.

30. júní Ef búpeningur smýgur eða stekkur fullgildar girðingar, skal sá, er fyrir tjóni verður, aðvara eiganda eða umráðamann slíks ágangspenings um að gæta hans. Ef ágangspeningur gengur þannig til skemmda á girt land oftar en tvisvar, þrátt fyrir aðvaranir til umráðamanns peningsins, má selja búpeninginn á opinberu uppboði og greiðist af uppboðsandvirðinu allur kostnaður og bætur fyrir tjóni, sem af ágangi hefur hlotizt, samkvæmt reikningi landráðanda, en verði ágreiningur um hann, skulu úttektarmenn meta tjónið.

Gildar skulu þær girðingar teljast, sem eru styrkhæfar samkvæmt reglum Búnaðarfélags Íslands að öllum frágangi. Ef ágreiningur rís um það, hvort girðing sé fullgild, skulu úttektarmenn viðkomandi hrepps meta hvort svo sé.

75. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur kauptúnanna. Lausa hesta á flækingi um göturnar ber lögreglunni að handsama og ráðstafa á kostnað eiganda.

76. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti, ársgömlu eða eldra. Ekki mega naut standa úti á götu eða stræti gæzlulaus. Naut hálfs árs eða eldri mega alls ekki ganga saman við kýr kauptúnsins.

77. gr.

Enginn maður má siga hundum á annan mann eða láta fyrirfarast að aftra því, ef hann verður var við, að hundur ræðst á mann, ef honum er það unnt, án þess að stofna sér í háska. Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur eru réttdræpir. Hundar mega ekki vera lausir um nætur svo nokkru ónæði valdi íbúum kauptúnanna. Flækningshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá að sér. Í Hríseyjarkauptúni er hundahald bannað.

78. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagbeit í landi kauptúnanna, bæði hvernig hagbeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

79. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kauptúnanna til útflutnings eða til slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

XIV. KAFLI

Um eftirlit með börnum í kauptúnunum.

80. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 8 á kvöldin á tímabilinu frá 1. okt. til 1. marz, ekki seinna en kl. 9 frá 1. marz til 30. apríl og ekki seinna en kl. 10 frá 1. maí til 30. september, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu né eiga erindi, að vera á bryggjum kauptúnanna. 155 30. júní

Á dansleikjum mega börn innan 14 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kvöldi.

Barnaverndarnefndum er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

XV. KAFLI
Um almennt hreinlæti í kauptúnunum.

81. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt, svo sem innyfli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi, við götur bæjarins, að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á götunar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Nú eru settar gryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í kauptúnunum, og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefnd ákveður svo, að setja slor eða annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

82. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götunar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeir hrynji, meðan á flutningi stendur.

83. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

84. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götu, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

85. gr.

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið eða stíflað rennurnar.

155
30. júní

ÞRIÐJI ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.

XVI. KAFLI
Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

86. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Eyjafjarðarsýslu. Þó gilda ákvæði II. þáttur aðeins um Ólafsfjarðar-, Dalvíkur- og Hríseyjarkauptún.

87. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

XVII. KAFLI
Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

88. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

89. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft að broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

90. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

91. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfun, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

92. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 109 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 155 30. júní

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. júní 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT 156 30. júní

fyrir Norður-Múlasýslu.

FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka til bæði kauptúna og sveita.

I. KAFLI

Um velsæmi og hegðun.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi neinn hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur, eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd, aðrar skemmtanir, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum, reiðhjólum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

156 6. gr.

30. júní Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annarsstaðar, þar sem hætta stafar af.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri með ósæmilegum orðum eða látbragði.

8. gr.

Drukknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum. Ölvaðir menn mega ekki draga fé í réttum.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur kauptúna eða annars staðar svo nærri landi eða skipum á höfnum, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fullgildan karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði hlutaðeigandi hrepps fyrir tjón, er þeir kunna að bíða fyrir það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu.

13. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða né fara inn í hús manna í óleyfi.

14. gr. 156

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, 30. júní
að hlaupið viti upp. Gaddhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af, má ekki flytja eftir götum eða vegum nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

15. gr.

Á alfaraveg má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum, skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

16. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

17. gr.

Ekkert má hafa í opnum gluggum, sem niður getur fallið á vegi eða götur og valdið skaða á þeim, er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, og bera umráðamenn og eigendur húsanna ábyrgð á þeim skaða, er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

18. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg kauptúnanna eða alfaravegi, hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess, að afstýra hættum fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri, eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur, torg eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

19. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur þá lögreglustjóri krafizt þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, að hættulaust sé. Tryggilega skal gengið frá öllum mannvirkjum bæði einstaklinga og opinberum þannig að mönnum og skepnum stafi eigi hætta af. Skurði og gryfjur, sem ekki eru nauðsynlegar að verki loknu, skal fylla og jafna yfir.

156 30. júní

20. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanna.

21. gr.

Hvarvetna, þar sem girðingahlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé hátt undir, að öruggt sé að ríðandi maður eða yfirbyggðar bifreiðar reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta, að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum, og girðingar meðfram þeim skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

III. KAFLI

Umferð um vegi.

22. gr.

Allir, sem fara um vegi, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri vegarbrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbraut sé hún til vinstri handar.

23. gr.

Þeir, sem ríða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins. Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Þó á sá vegfarandi ætíð umferðarréttinn á brú eða uppfyllingu þar sem ekki er unnt að komast fram hjá, sem fyrr er kominn út á og skal hinn bíða á þeim stað, þar sem greiðlega verður komizt fram hjá.

24. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða, sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að ekki hafa fullan þrótt, t. d. eru illa járnaðir. — Hesta eða aðra gripi má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða annað, sem sakað getur hestana, má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

25. gr.

Það er bannað að ríða eða aka móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara framhjá.

26. gr.

Slökkvilið eru undanskilin ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir eru skyldir til að víkja úr vegi fyrir þeim svo fljótt, sem auðið er. Sama gildir um sjúkravagna.

IV. KAFLI
Um bifreiðar og reiðhjól.

27. gr.

Bifreið nefnist í þessari samþykkt hvert það ökutæki, sem knúð er áfram af aflvél í ökutækinu sjálfu og ætlað er til þess að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori, eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

28. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum og einstökum götur ef slík umferð álízt hættuleg eða þegar vegir eru svo á sig komnir að þeir þola ekki umferð, einkum á vorin meðan klaka leysir úr jörðu.

29. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir lögum um notkun bifreiða, nr. 23 16. júní 1941, reglugerð nr. 132 28. des. 1936 og reglugerð frá 24. júní 1937 eða þeim lögum og reglugerðum, er síðar kunna að verða settar þar að lútandi.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum þegar skyggja tekur, og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósanotkun bifreiða ef þurfa þykir.

30. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar til hinir komast fram hjá henni.

31. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót, og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki ef hestar hræðast eða verða órólegir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram, með hljóðmerkjum. Þeir bera ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

32. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur eru á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km hraða, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en hálfan km í einu.

33. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera fjárrekstrarmönnum aðvart um að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum, svo bifreiðin geti komizt fram hjá. Ef rekstur kemst eigi fram hjá bifreið vegna þrengsla, skal bifreiðin aka til baka, þangað til nægilegt svigrúm fæst. Aldrei má bifreið valda því, að fjárrekstur fari út af vegi á hættulegum og erfiðum stöðum, svo sem klungrum, skriðum og þröngum giljum þar sem erfitt er að koma fénu á veginn aftur.

156 30. júní

34. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðarlaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

35. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð, og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdyr, horn eða gatnamót.

Skylt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólunum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til bjart er orðið að morgni.

Þar, sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sé for eða bleyta á götunni, skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur. Á hjóli mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðarmaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefur ef þörf gerist. Hjólreiðarmaður skal nema staðar þegar, er lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem yngri er en 15 ára.

V. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

36. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Norður-Múlasýslu nr. 48 1934, eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo búpenings síns og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á girtum varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Ef búpeningur skríður eða stekkur fullgildar girðingar skal sá, er fyrir tjóni verður, aðvara eiganda eða umráðamann slíks ágangspenings um að gæta hans. Ef ágangspeningur gengur þannig til skemmda á girt land oftar en tvisvar, þrátt fyrir aðvaranir til umráðamanns penings, má selja peninginn á opinberu uppboði og greiðist af uppboðsandvirðinu allur kostnaður og bætur fyrir tjón, sem af ágangi hefur hlotizt, samkvæmt reikningi landráðanda, en verði ágreiningur um hann skulu úttektarmenn meta tjónið.

Gildar skulu þær girðingar teljast, sem eru styrkhæfar samkvæmt reglum Búnaðarfélags Íslands að öllum frágangi. Ef ágreiningur rís um það, hvort girðing sé fullgild, skulu úttektarmenn meta hvort hún sé það.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur úti um hagann, eru réttdræpir hvar sem þeir sjást úti. Flækningshunda og ketti, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum og köttum, ef enginn vill hirða þá.

Skylt er mönnum að sjá um, að hundar fylgi ekki til kirkju, á samkomur né til heimila, þar sem jarðarfararathöfn fer fram.

VI. KAFLI
Um friðun almenningseigna og fleira.

37. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almennings eignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almenningsnota. Sama gildir um víðvarpsútbúnað einstakra manna.

38. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún, eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegn um þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eigum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

39. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum, skóglendi eða skrúðgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

40. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta sér eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis landeiganda.

Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagabeit utan túns og engja og berjatöku til neyzlu á staðnum um stundarsakir, meðan á áning eða hvíld stendur.

41. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burtu.

Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- og hrísrifi eða á annan hátt. Einnig er bannað að kveikja í sinu nema leyfi lögreglustjóra eða hreppstjóra komi til.

VII. KAFLI
Um uppfestar auglýsingar.

42. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

156 43. gr.

30. júní Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VIII. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

44. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal halda nákvæma gestaskrá.

45. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

46. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun.

47. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11,30 að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

48. gr.

Við hvert veitingahús eða almenn samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

49. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slík leyfi. Þó getur hann falið hreppstjórum að veita leyfin, hverjum í sínum hreppi.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoma byrjar.

Lögrglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess, að þeir, er fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er hreppstjóra geti verið til aðstoðar við eftirlit allan samkomutímann.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bág við reglur og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti sem því verður við komið. **156** 30. júní

50. gr.

Í samkomuhúsum sé jafnan gætt fyllsta öryggis gagnvart eldhættu. Ef enginn býr í húsinu skulu forstöðumenn fullvissa sig um, áður en skilið er við húsið, að ekki sé neinsstaðar óslökktur eldur. Einkum sé þess gætt, að ákveðnum mönnum sé falið eftirlit með eldhættu á barnasamkomum, þar sem jólatré eru höfð. Í öllum samkomuhúsum skal vera greiður aðgangur til útidyra og hurðir falla út.

51. gr.

Sérhverjum, sem sjúkling hefur á heimili sínu, er heimilt að fá bannað að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af ónæði.

52. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

53. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

IX. KAFLI

Samgöngur við skip.

54. gr

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

X. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

55. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum að nokkur hætta sé á, að neyzluvatn saurgist af.

56. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaunn leggur af eða óþrifnaði veldur.

156 30. júní

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

Skylt er að hafa salerni við hvert íbúðarhús innan kauptúna og á hverju býli í sveitum, enn fremur skal skylt að hafa þvaghús við hvert samkomuhús.

57. gr.

Bannað er að hella skólpi á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor, og annað þvílíkt, skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi, og skal sá er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

58. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og hann sé hreinsaður strax að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

59. gr.

Við hvert sláturhús skulu nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig fyrirkomið, að öruggt sé, að hundar nái ekki til að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellinum ílát með loki undir sullu og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annaðhvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra niður í jörðu. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

60. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar, eða þeim heilbrigðissamþykktum, er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

ANNAR ÞÁTTUR

Viðaukaákvæði, er taka til kauptúnanna á Vopnafirði, Bakkagerði og þorpanna á Hánefsstaðaeyrum og Bakkafirði.

XI. KAFLI

Umferðarákvæði.

61. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir, sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja af gangstétt á akbraut, þó hún sé til vinstri. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar.

62. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri eða í opin göturæsi, né heldur skvetta þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Bannað er að hrista

gólfábreiður, viðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, eða fast við götu, torg eða almannafæri. 156 30. júní

63. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálmum eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, þegar húsagerðinni er svo langt komið eða verki því, sem unnið er að, að því verði við komið. — Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, þá er eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

64. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

65. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera, frá því að dimmir að kvöldi og þar til birtir að morgni. Í kringum birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

66. gr.

Bannað er að hafa þakjárn, eða parta af þakjárni, laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt ekki fjúki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

67. gr.

Báta eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd og lögreglustjóri, eða hvort um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

68. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

69. gr.

Það er stranglega bannað að ríða hraðar en hægt brokk á götum kauptúnanna.

70. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnanna, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

156 30. júní Hestar í kauptúnunum, ef þeir eru þar staddir, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

71. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau, eða nema staðar þar, sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti, hinum megin á götunni.

72. gr.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum, og komið þeim til varðveizlu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kauptúnunum, né láta þá standa í réttum í köldu veðri, eða óhæfilega lengi, að dómi lögreglunnar, þó að gott veður sé. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveizlu á kostnað umráðamanns.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kauptúnum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á túnlóðum einstakra manna.

XII. KAFLI

Um skepnuhöld o. fl. í kauptúnunum.

73. gr.

Hænsni eða aðra alifugla má ekki hafa nema þeir séu í tryggilega afgirtu svæði á tímabilinu 10. maí til 30. september, svo að þeir geti ekki gert öðrum óskunda.

74. gr.

Það er á ábyrgð eiganda, að sauðfé, geitfé eða aðrir gripir þeirra geri engan óskunda eða skaða í kauptúnunum eða grennd þeirra, hvorki skemmi neitt eða fari inn í löggirt svæði, tún, matjurtagarða, skrúðgarða eða trufli svefnfrið manna með hávaða, enda getur sá, sem fyrir ágangi verður, handsamað slíka gripi til bráðabirgða, en þá skal hann undir eins skýra lögreglustjóra frá því og öðrum málavöxtum. Sérstaklega ber að hafa strangt eftirlit með þessu frá 20. maí til 20. sept. árlega. Á þeim tíma má búfénaður ekki ganga laus í kauptúnunum eða um þau, nema maður fylgi til að gæta hans eða hann sé í öruggri vörzlu.

Eftir almennan rúningstíma að vorinu má ekki láta sauðfé eða hross ganga laus innan takmarka verzlunarlóða kauptúnanna. Ef út af þessu er brugðið, varðar það eigandann sektum, og enn fremur ber honum að greiða allan kostnað við handsömun og varðveizlu fénaðarins. Selja má fénaðinn til lúkningar þessum kostnaði, ef eigandinn greiðir hann ekki. Frá þessu ákvæði geta þó hreppsnefndir veitt undanþágu.

75. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur kauptúnanna. Lausa hesta á flækingi um göturnar ber lögreglunni að handsama og ráðstafa á kostnað eiganda.

76. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og minnsta kosti tveir menn fylgi hverju nauti, ársgömlu eða eldra. Ekki mega naut

standa úti á götu eða stræti gæzlulaus. Naut hálfs árs eða eldri mega alls ekki ganga saman við kýr kauptúnanna. 156 30. júní

77. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagbeit í landi kauptúnanna, bæði hvernig hagbeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

78. gr.

Skylt er eigendum girðinga, er liggja meðfram vegum, að hafa þær í lögmætu standi. Skal lögreglustjóri eða hreppsnefnd hafa eftirlit með því að ákvæði þessu sé hlýtt og láta gera að á kostnað eiganda ef hann vanrækir aðgerð eftir að honum hefur verið gert aðvart.

79. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kauptúnanna til útflutnings eða til slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

XIII. KAFLI

Um mannvirki og lóðir.

80. gr.

Enginn má í löndum kauptúnanna rista torf eða strengi, stinga hnausa, rífa lyng eða hrís, nytja slægjur eða taka grjót, sand eða möl án leyfis og tilvísan landeiganda, enda samþykki hreppsnefnd.

81. gr.

Skylt er hverjum, sem tekur mó í löndum kauptúnanna, að ganga svo frá gröfum og haga greftri svo, að ekki stafi hætta af, enda má enginn taka mó í löndum kauptúnanna nema með leyfi og eftir tilvísan landeiganda, enda samþykki hreppsnefnd.

XIV. KAFLI

Um eftirlit með börnum í kauptúnunum.

82. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 8 á kvöldin á tímabilinu frá 1. okt. til 1. marz, ekki seinna en kl. 9 frá 1. marz til 30. apríl og ekki seinna en kl. 10 frá 1. maí til 30. sept., nema þau séu í fylgd með fullorðnum eða í nauðsynjaerindum aðstandenda sinna.

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu, né eiga erindi, að vera á bryggjum kauptúnanna.

Á dansleikjum mega börn innan 14 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kvöldi.

Barnaverndarnefndum er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

83. gr.

Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum 8 ára eða eldri heimilt að selja dagblöð, fréttablöð og aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

156 30. júní

XV. KAFLI
Um almennt hreinlæti í kauptúnunum.

84. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt, svo sem innyfli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi, við götur kauptúnsins, að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á götunar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í kauptúnunum, og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefnd ákveður svo, að setja slor eða annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

85. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, meðan á flutningnum stendur.

86. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

87. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götu, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

88. gr.

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið, eða stíflað rennurnar.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.

XVI. KAFLI
Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

89. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Norður-Múlasýslu. Þó gilda ákvæði II. þáttar aðeins um kauptúnin á Vopnafirði, Bakkagerði og Þorpin á Hánefsstaðaeyrum og Bakkafirði.

90. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

XVII. KAFLI 156

Um hegningarákvæði, kostnað o. fl. 30. júní

91. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

92. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brot er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

93. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

94. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. júní 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ 157

6. júlí

fyrir Rangárvallasýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Rangárvallasýsla er eitt fjallskilaumdæmi og hefur sýslunefnd yfirstjórn allra fjallskilamála samkv. gildandi sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefndir annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverjum hreppi, eða í sameiningu, þar sem svo hagar til.

2. gr.

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann til þess að hafa á hendi stjórn og umsjón fjallskilamála hreppsins og nefnist hann fjallskilastjóri.

157 3. gr.
6. júlí Hver hreppsnefnd, eða fjallskilastjóri fyrir hennar hönd, haldi sérstaka fjallskilabók, staðfesta af oddvita sýslunefndar. Í hana skal rita allt sem við kemur fjallskilamálum hreppsins.

II. KAFLI
Um afrétti, upprekstur og heimalönd.

4. gr.
Allt land skiptist í öræfi, afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem áður hafa verið. Þó geta hreppsnefndir tekið upp nýja afrétti, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra heimalönd eða landshluta einstakra jarða með samþykki landeiganda, umráðamanns og sýslunefndar.

5. gr.
Hver hreppsnefnd skal semja markalýsingu á afrétti eða afréttarlöndum hreppsins og skal rita hana í fjallskilabókina.
Lýsingar þessar skulu sendar sýslunefnd. Sér hún um að þær séu innfærðar í afréttabók, er tilgreinir gangnasvæðin innan fjallskilaumdæmisins.

6. gr.
Hreppsnefndir skulu sjá um að búfjárhögum í heimalöndum sé ekki íþyngt um skör fram á sumrum, eftir því sem við verður komið. Í þeim hreppum, sem afréttir tilheyra, skulu allir, sem sauðfé hafa til eignar eða umráða, skyldir að reka fé sitt á afrétt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, og gildir hið sama í þeim hreppum, þar sem hreppsnefndir hafa útvegað mönnum afrétt í annarri sveit.

7. gr.
Ef afréttur ber ekki allt það fé, sem á fjall ber að reka, ákveður hreppsnefnd hvernig með skuli fara.
Hreppsnefnd getur samið skrá um ítölu hverrar jarðar í afrétti.

8. gr.
Enginn má lána utansveitarmanni ítölu sína í afrétti nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar, enda sé afréttarland viðurkennt nægilegt.
Enginn má heldur leyfa öðrum sumarbeit fyrir búfé í heimalandi sínu, þar sem hætta væri á að íþyngt yrði óréttilega öðrum samleitarmönnum eða nágrönnum, án leyfis þeirra og hreppsnefndar, nema í sauðheldri girðingu.

9. gr.
Hreppsnefnd getur sett ákvæði um, á hvaða svæði í afrétti fjallfé skuli rekið og hversu margt megi reka á hvert svæði. Hún hefur heimild til að skipa eða samþykkja foringja fyrir hverjum rekstri. Ber honum að sjá um að reglum sé hlýtt, vel með fé farið og sérstaklega skal hann gæta þess að rekstrinum sé haganlega dreift og ær látnar taka lömb sín.

10. gr.
Nú þykir einhverjum hreppi ofsett í afrétt nágrannahrepps, og verður af þessum ástæðum fyrir tilfinnanlegum ágangi af afréttarfé. Er þeim hreppi heimilt að krefjast þess að skipuð sé þriggja manna nefnd til þess að ákveða í afréttinn. Nefndin skipist þannig: Viðkomandi hreppsnefndir kjósa sinn manninn hvor og

sýslumaður útnefnir þriðja manninn. Ber afréttareiganda að haga fjártöku í af- **157**
réttinn eftir mati slíkrar nefndar, enda náist ekki samkomulag um uslagjald. 6. júlí

11. gr.

Hreppsnefnd er skylt, þegar einstakir menn krefjast þess, að afstýra ágangi innsveitar- og utansveitarfénaðar og hrossa í heimalandi eða löndum, sem ekkert leyfi eða heimild er fyrir, og hefur í því skyni vald til að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði í sveitinni, þegar henni þykir þurfa, og reka til rétta. Það sauðfé, er fyrir kemur, má hreppsnefndin láta reka í afrétt hreppsins, og taka af utansveitarfé, sem ekki er hirt, hagatoll, allt að kr. 1.00 af kind, ef fé þetta er rekið á afrétt fyrir miðjan ágústmánuð, og sér oddviti þess hrepps, þar sem eigendur fjárins eiga heima, — eftir að hafa fengið vottaðar markaskýrslur, — um innheimtuna á því gjaldi, og stendur skil á því. Sé afrétturinn, sem á er rekið, notaður af öðrum hreppi jafnhliða, getur hagatollurinn, að því er þann hrepp snertir, fallið niður, ef hann leggur jafnt til smölunar og uppreksturs og hreppur sá, sem fyrir áganginum verður. Svo er hreppsnefndum í þeim hreppum, er engan afrétt eiga, heimilt að láta reka fé, sem þannig er smalað, til almenningsrétta í þeim hreppi, sem féð á heima í.

Þegar hreppsnefnd fyrirskipar smölun slíka og þá, er hér um ræðir, skal henni skylt, áður en smölun fer fram, að birta þá ráðstöfun sína í nágrannahreppunum, svo að búendum þar gefist kostur á að hirða fé sitt.

Skepnur, sem sérstaklega eru áleitnar í girðingar og í matjurtagarða, skal eigandi hirða, þegar tilsagðar eru, setja í örugga vörzlu eða farga þeim. Sýni hann hirðuleysi í því efni, ber honum að bæta allt það tjón, er skepna þessi eða skepnur hafa valdið eða valda.

12. gr.

Enginn má reka fénað sinn í lönd annarra án leyfis þeirra eða skilja þar eftir af rekstrum sínum. Annarra fé mega menn heldur eigi láta fara í rekstra sína til og frá afrétti og rétta með rekstrum sínum.

13. gr.

Telji einhver ábúandi jarðar sig verða fyrir óhæfilegum ágangi búfjár nágranna síns, vegna þess að sá síðarnefndi hafi girt stærra eða minna svæði af beitilandi sínu og verji það að meira eða minna leyti, með því að sleppa hlutfallslega of miklu af fénaði sínum utan girðingar í þann hluta landsins, sem liggur ógirt að landi eða löndum nágranna hans, getur sá, sem telur sig verða fyrir ágæginum, kært málið til hreppsnefndar.

Hreppsnefnd er þá skylt að rannsaka málið. Þyki henni ástæða til, getur hún fyrirskipað þeim, sem hefur nokkuð af landi sínu afgirt, að hafa ákveðinn hluta búfjárins í hinu afgirta landi.

Heimilt er hlutaðeigendum að skjóta úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndar, sem fellir endanlegan úrskurð um slík mál, en skylt er hlutaðeigendum að hlýða úrskurði hreppsnefndar, þótt málinu hafi verið vísað til sýslunefndar, unz hún hefur fellt úrskurð sinn.

157
6. júlí

III. KAFLI
Um fjallskil.

14. gr.

Skylt er hreppsnefnd að sjá um, að tvísmöluð séu afréttarlönd hreppsins á hverju hausti, og oftar ef þurfa þykir.

Öllum þeim, sem jörð hafa til ábúðar eða umráða og öllum, sem hafa sauðfé undir höndum, er skylt að taka þátt í fjallskilum eftir því og á þann hátt, sem hreppsnefnd skipar fyrir um. — Er hver húsráðandi skyldur til að inna fjallskil af hendi fyrir heimamenn.

15. gr.

Hreppsnefnd reiknar út fjallskilakostnaðinn ár hvert með því að leggja í dagsverk og meta til verðs vinnu þá og annan kostnað, er til þess þarf, að afréttur sé fullsmalaður, og það annað innt af hendi, fjallskilum tilheyrandi, sem hún telur nauðsynlegt. Þessari heildarupphæð jafnar hún svo niður á hlutaðeigendur þannig, að ⅓ komi á ábúð jarða og eyðijarða, sem nota mætti til slægna eða beitar, og ⅔ á sauðfé, jafnt á hverja kind, veturgamla og eldri, samkvæmt fjártali á fjórðungsskýrslum frá undanförnum vetri, eða framtali á vori til búnaðarskýrslna.

Niðurjöfnun á ábúð jarða skal miðast við gildandi fasteignamat á landi hennar á hverjum tíma. Þó má undanskilja hlunnindi og sérstaka verðhækkun jarða vegna óvenjulegra atvika, t. d. lóðasölu.

Hverjum hlutaðeiganda er skylt að inna af hendi fjallskil þau, er á hann hafa verið jöfnuð niður, á þeim tíma og með þeim hætti, sem hreppsnefndin hefur ákveðið, hvort sem um fjallferðir, vinnuframlög eða peningagreiðslur er að ræða. En heimilt er honum að bera upp við hreppsnefndina aðfinningar um, hvernig fjallskilum er jafnað á aðra eða sjálfan hann eða einhverjum hafi verið ranglega sleppt. Skal kæra sú koma til hreppsnefndarinnar bréflega áður fjórar vikur eru liðnar frá niðurjöfnun. Hreppsnefnd leggur síðan úrskurð á kæruna. Úrskurði hreppsnefndarinnar um fjallskilakæruna má skjóta til sýslunefndar og skal gera það skriflega innan ársloka. Sýslunefnd leggur síðan á næsta fundi sínum fullnaðarúrskurð á málið.

Enginn sá, sem fjallskil eru lögð á, getur komizt hjá því að inna þau af hendi, þótt hann hafi kært yfir þeim og lagt það mál undir úrskurði.

Leysa má hreppsnefnd mann undan fjallskilum að meira eða minna leyti, ef hún telur mjög sett í afrétt hreppsins og maður þessi hefur útvegað sér og notfært upprekstur á annan afrétt.

Við niðurjöfnun fjallskilakostnaðar er rétt að ætla nokkuð fyrir óvissum útgjöldum og leggst það fé í sérstakan sjóð, er nefnist fjallskilasjóður. — Um reikningsskil hans gilda sömu reglur og um sveitarsjóðsreikninga (sjá síðar, X. kafla).

16. gr.

Hreppsnefnd skal með fjallseðli, sem birtur sé opinberlega eða byrji að ganga um sveitina 2—3 vikur áður en fyrsta fjallleit skal hafin, boða fjallleit og hvað hverjum beri til fjallskilanna að leggja. Skulu fjallleitir gerðar svo snemma, að fjallsafni (fyrri leit) sé lokið og réttað verði: Í Landréttum og í Rangárvallaréttum föstudaginn í 23. viku sumars, Fljótshlíðarhreppi og Hvolhreppi fimmtudaginn í sömu viku og í öðrum hreppum sýslunnar næsta dag þar á undan. Smölun í Hekluhraunum má fresta þar til mánudaginn fyrir fyrstu byggðasafnsrétt.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur oddviti sýslunefndar leyft að fjallleitir séu færðar aftur eða fram um nokkra daga.

157
6. júlí

17. gr.

Hreppsnefnd tilnefnir umsjónarmann — fjallkóng — einn eða fleiri í hvern einstakan afrétt, og getur enginn skorazt undan slíku trúnaðarstarfi, nema brýn nauðsyn beri til. Fjallkóngur skal fara eftir því, sem hreppsnefnd skipar fyrir um söfnun afréttarins, en í afréttinum hefur hann öll ráð og fyrirsögn á hendi. Hann skipar í leitir, hann ræður fyrir réttarhaldi, ef rétta þarf, og sérhverju öðru, er söfnun fjárins viðvíkur, allt þangað til að safnið er komið til almenningsrétta, og er safnmönnum skylt að hlýða honum meðan á þessu stendur.

18. gr.

Sérhver fjallsafnsmaður skal vera með fullri verkgreind og heilsu og vel útbúinn að hestum, mat, fötum, skóm, tjaldrúmi og öðru því, er nauðsynlegt má teljast til fjallferða og útilegu.

Hæfan fjallsafnsmann skal álíta þann, er fjallkóngur og minnst helmingur leitarmanna taka gildan, þó aldrei yngri en 15 ára.

Nú verður einhver fjallsafnsmaður sannur að óhlýðni eða hirðuleysi og má þá álíta sem sá maður, er slíkan mann sendir til fjalls, hafi engin fjallskil gert, og má láta hann borga fyrir fjallskil sín eftir mati hreppsnefndar, og hafi hreppsnefnd ráðið manninn, þá má láta hann verða af umsömdu kaupi.

19. gr.

Ef sá, sem senda skal mann til smölunar á afrétti, hefur engan hæfan mann til þess og getur ekki útvegað sér hann, skal hann tilkynna það hreppsnefnd — eða fjallskilastjóra — bréflega sex dögum áður en fjallleitir byrja. — Taki hreppsnefnd — eða fjallskilastjóri fyrir hennar hönd — undanfærslu hans og ástæður gildar, þá borgi maður þessi fjallskil sín sektarlaust, en þó með þeirri upphæð, sem kaupa verður mann í hans stað til leitarinnar, enda þótt greiðsla til hans verði að vera eitthvað hærri heldur en fjallskilin höfðu verið metin við niðurjöfnunina.

20. gr.

Nú vanrækir einhver að senda mann á fjall eða gera þau fjallskil, sem hann hefur verið kvaddur til, og hefur ei fram að bera gildar ástæður (sbr. 18. gr.) eða tilkynnir engar ástæður fyrir vanrækslu sinni eða tilkynnir þær svo seint, að ógerningur er að útvega mann í hans stað, þá skal hann, auk borgunar fyrir fjallskilin eins og þau voru metin við niðurjöfnun, greiða aukagjald, er nemi jafnhárri upphæð. Rennur gjald þetta í fjallskilasjóð. — Heimilt er hreppsnefnd að gefa eftir að einhverju leyti aukagjald þetta, þegar alveg sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

21. gr.

Haga skal svo fjallgöngum, þar sem því verður við komið, að ekki verði misgöngur afrétta á milli. Skulu hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, bera ráð sín saman um það.

22. gr.

Önnur leit í afréttum skal gerð svo fljótt eftir fjallsafnsréttir sem unnt er og veður og ástæður leyfa, og í því sambandi við byggðasöfnun, að sem minnstar misgöngur eigi sér stað milli afrétta og heimalanda. Önnur leit í Hekluhraunum fari fram mánudaginn í 26. viku sumars.

23. gr.

Fé því, sem finnst í annarri leit og eigandi leiðir sig ekki fyrr að, skal ávallt haldið til skila af leitarmönnum til næstu byggðasafnsréttar á eftir.

157 24. gr.

6. júlí Að loknum þeim fjallleitum, sem hreppsnefndin lætur gera, eru hreppsbúum heimilar eftirleitir í afrétti, en skylt skal þeim að fá til þess samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar, ef þeir vilja eiga von um borgun fyrir fyrirhöfn sína.

Finnist fé í þessum leitum skal eigandi borga þriðjung verðs fyrir heimt og óheimt fé. Heimilt er hreppsnefnd að hækka borgun þessa, en þá skal sú hækkun greiðast úr fjallskilasjóði. Hreppstjórar virði fé til þessarar borgunar. Úr heimahögum leyfist engum að selja nokkra skepnu eins og fundna í eftirleit að afloknum lögsöfnum.

25. gr.

Hver sá, sem var verður við að fé er komið í svelti í hömrum eða annars staðar í landareign hans, eða þar í grennd, á hvaða tíma árs sem er, er skyldur að sjá um, ef eigi næst til eiganda, að fé þessu sé bjargað, ef unnt er, og ber honum borgun fyrir það af eiganda, eða af andvirði kindarinnar ef eigandi finnst ekki, eftir mati hreppsnefndar. Hver sá, sem verður var við meinakind í búfjárhögum sínum, tilkynni það eiganda sem fyrst.

IV. KAFLI

Um bygging og viðhald almenningsrétta og stjórn á réttahöldum.

26. gr.

Hreppsnefnd sér um að almenningsréttum hreppsins með tilheyrandi dilkum sé vel við haldið og að þær séu í góðu standi til notkunar.

Við sérhverjar almenningsréttir skulu vera nægir dilkar fyrir utansveitarfé og óskilafé, og nægilegt rúm í hverjum dilk, til þess að ekki þurfi að hleypa út úr þeim, fyrr en réttum er lokið og réttarstjórinn leyfir. Er honum heimilt, ef hætt er við að á milli hafi hlaupið, eða ef honum þurfa þykir, að láta rannsaka féð í dilkunum af markglöggum mönnum, áður en hann veitir leyfi til þess að því sé hleypt út.

Bygging og endurbygging almenningsrétta hvílir á fjáreigendum hreppsins og fer fram undir umsjón hreppsnefnda.

Það viðhald réttanna, sem hreppsnefnd ber að greiða, má greiða úr fjallskilasjóði.

27. gr.

Aðalréttir og aukaréttir skulu vera þær sömu og nú eru. Þyki þörf á því að færa réttir þær úr stað, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd leggja það fyrir almennan sveitarfund, og ræður meiri hluti bænda úrslitum. Sé um aðalrétt að ræða þarf samþykki sýslunefndarinnar til breytingarinnar.

28. gr.

Skyldur er hver að leggja til land undir almenningsfjárrétt og hleðsluefni í hana úr landi sínu, valdi það ekki skemmdum á yrktu landi. Sanngjarna þóknun úr fjallskilasjóði ber að greiða hlutaðeiganda fyrir jarðrask og átroðning eftir mati tveggja óvilhallra manna, er sýslumaður útnefnir, hafi samkomulag ekki náðst.

29. gr.

Hreppsnefnd skipar réttarstjóra er sér um innrekstur við réttahöld, kveður á um hvenær réttum sé lokið og gætir þess að allt fari fram í sem beztri röð og reglu. Óhlýðni og þrjózka gegn skipun réttarstjóra varðar sektum. — Hlutaðeigandi hreppstjórar skulu vera til staðar við réttahöld og gæta almennrar reglu.

V. KAFLI
Um byggðasöfn og byggðasafnsréttir.

30. gr.

Í hverjum hreppi skulu, auk fjallsafnsrétta, haldnar minnsta kosti þrjár byggðasafnsréttir og skulu þær haldnar þriðjudagana í 23. og 24. viku sumars og þriðjudaginn í 2. viku vetrar, þó með þeim undantekningum, sem hér greinir.

1. Í Rangárvalla-, Fljótshlíðar- og Vestur-Landeyjahreppum, skal halda fyrstu byggðasafnsrétt á miðvikudaginn í 23. viku sumars.
2. Í Hvolhreppi og Austur-Landeyjahreppi skal halda aðeins fyrstu byggðasafnsrétt á þriðjudaginn í 23. viku sumars, hinar aðrar byggðasafnsréttir í þeim hreppum séu haldnar á mánudögum.

Hreppsnefnd er heimilt að færa 2. byggðasafnsrétt aftur um viku þyki henni það hentara, en skylt er að tilkynna það áður í nærliggjandi hreppa. Nær ákvæði þetta aðeins til hreppanna vestan Ytri-Rangár.

31. gr.

Byggðasöfnun (smölun heimalanda) skal fram fara næsta dag á undan hverri byggðasafnsrétt nema í Austur-Landeyjahreppi að því er snertir 2., 3. og 4. rétt. Fer þar smölun fram sama dag og réttað er. Í Hvolhreppi séu heimalönd jafnan smöluð sama dag og réttað er.

Við byggðasöfnun skal hver og einn skyldur til að smala allt heimaland sitt, og hlýðnast þeim fyrirskipunum hreppsnefndar, sem miða því til tryggingar að vel sé smalað, og að almenningur sé samtaka í smöluninni bæði innbyrðis og sveita á milli. Skal síðan varðveita vel allt óskilafé og reka það til almenningsrétta í tækan tíma næsta dag.

Heimilt er hreppsnefnd, þar sem því verður við komið, að fyrirskipa þeim, er búa næst afrétti, að smala sérstaklega heimaland sitt í sambandi við fjallsöfn og koma því óskilafé, er þeir finna, í fjallsafnið.

Sérhver hreppsnefnd hefur og heimild til að fyrirskipa byggðasmölun og réttir lengur fram á vetur en tilgreinir í 29. gr. ef henni þykir þurfa, einkum ef veður falla vel, svo hætt sé við miklum samgöngum af fé.

32. gr.

Við niðurjöfnun fjallskilanna gæti hreppsnefnd þess í hvert sinn, að ákveða hverjir skuli, sveitar sinnar vegna, vera sendir í byggðasafnsréttir nágrannasveita, til þess að hirða það óskilafé úr sinni sveit, sem þar kynni að koma fyrir. Mega aldrei vera færri en tveir saman slíkra erinda í fyrstu byggðasafnsréttum. Telst þetta til fjallskila.

Þurfi að greiða ferjutoll fyrir fé, sem sótt er í réttir, borgast hann af fjallskilasjóði þess hrepps, sem rekstrarmenn eru úr, en sá hreppur hafi endurgjaldskröfu til þeirra hreppa, sem féð eiga.

33. gr.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps skal láta hirða í byggðasafnsréttum í Holtum og á Landi allt óskilafé úr öllum hreppum sýslunnar fyrir austan Eystri-Rangá, og sjá um að það komizt í fyrstu byggðasafnsrétt Rangárvallahrepps daginn eftir.

Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps hefur hins sama að gæta í byggðasafnsrétt Austur-Eyjafjallahrepps með óskilafé úr þeim hreppum sýslunnar, sem liggja fyrir utan Markarfljót, — og sömuleiðis í byggðasafnsréttum í Austur-Landeyjum um óskilafé úr Austur-Eyjafjallahreppi.

157 Hreppsnefnd Hvolhrepps skal hirða í byggðasafnsréttum á Rangárvöllum fé úr
6. júlí Eyjafjallahreppum og Landeyjahreppum, en hreppsnefnd V.-Landeyjahrepps láti hirða fé þetta í Hvolsréttum.

Óskilafé úr sömu hreppum, sem fyrir kemur í byggðasafnsrétt í Vestur-Landeyjahreppi, skal hreppsnefndin í Austur-Landeyjahreppi hirða láta. Enn fremur skal hin sama hreppsnefnd hafa hinnar sömu skyldu að gæta í Vestur-Eyjafjallahreppi um óskilafé úr hreppum sýslunnar utan og ofan Affalls.

Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skal síðan hirða allt fé úr hreppum ofan og utan Þverár, sem fyrir kemur í Austur-Landeyjaréttum.

Þeir hreppar, sem engan afrétt eiga, mega leggja tveir saman er þeir senda í byggðasafnsréttir.

Bakkabæingar veiti Vestur-Landeyjahreppi tækifæri til að hirða sitt fé á einum stað, eftir hverja lögsöfnun áður en þeir reka óskilafé til sinnar lögréttar.

Landmenn og Holtamenn láti hirða fé sitt í fjallrétt á Rangárvöllum og gagnkvæmt

Sé um innrekstrar fé að ræða úr einum hreppi í afrétt annars hrepps er eigandi skyldur að láta hirða það í réttum.

34. gr.

Skilarétt á hrossum skal haldin í hverjum hreppi þriðjudaginn í 25. viku sumars og þriðjudaginn í 4. viku vetrar, eftir að fram hefur farið smölun á þeim, er búendur skulu leysa vel af hendi.

Hver einstakur eigandi ber ábyrgð á að hross hans séu hirt í skilarétt.

35. gr.

Komi tökufénaður til rétta, hefur sá ábyrgð á, sem tekið hefur.

VI. KAFLI
Um óskilafé.

36. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fé og ómerkinga, sem lambsmæður ekki helga sér í heimaréttum, skal reka til almenningsrétta, bæði í fjallsöfnum og byggðasöfnum, og skal hreppsnefndin sjá um að slíkt fé sé dregið í dilk sér. Síðan skal leiða ær að dilkum og leyfa mönnum með því eða öðru móti að reyna að sanna eignarrétt sinn. Fjárbragð eitt sker þó ei úr um eignarrétt. Ómerkinga þá, er enginn helgar sér í lok hverrar réttar, skal selja hlutaðeigandi fjallskilasjóði til inntektar.

37. gr.

Allar óskilakindur aðrar, sem ekki tekst að finna eiganda að, eða enginn hirðir um, skulu og seldar í lok hverrar byggðasafnsréttar, svo og þær óskilakindur er fyrir kynnu að koma síðar á hausti eða vetri. Skulu hreppstjórar, að loknum öllum haustréttum, senda í hvern hrepp sýslunnar skýrslu yfir allt hið selda fé, og mega eigendur þess leiða sig að andvirðinu er tveir mánuðir eru liðnir frá söludegi, til septemberloka árið eftir, að frádregnum öllum kostnaði.

Sölu á óskilahrossum skal hreppstjóri jafnan auglýsa innanhrepps, nema þegar um lögskipaða hrossarétt er að ræða; þá skal hann senda skýrslu í hvern hrepp, eins og um annan óskilafénað.

Ómerkinga og kalineyrt má selja í fjallrétt.

38. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á sauðfé, hlýtur eigandi að hafa lögheimilt og auglýst mark.

Gefi tveir eða fleiri sig fram sem eigendur að sama marki, er hreppsnefndinni ekki skylt að svara andvirði hinnar seldu kindar fyrr en einhver þeirra hefur formlega sannað forgangsrétt sinn. 157 6. júlí

39. gr.

Hross, sem eigandi þekkist ekki að eða eigandi er utanhrepps og á engan þann að, er hirða vill gripinn eða gripina fyrir hans hönd, skulu jafnan talin í óskilum á hvaða tíma árs sem er. Vakta skal þau í viku og fara síðan með sem annað óskilafé (sbr. 11 og 36. gr.). Óskilahross má selja strax í réttarlok. Þó skal eigandi hross, sem selt hefur verið, hafa innlausnarrétt á því þrjá mánuði frá söludegi, enda ber hann þann tíma ábyrgð á því, nema það farist fyrir alveg sérstaka handvömm kaupanda.

Borga skal eigandi allan áfallinn kostnað, svo sem uppboðs-, fóður- og beitarkostnað. — Andvirðis geta eigendur vitjað innan árs frá söludegi, en að öðrum kosti færist það hlutaðeigandi fjallskilasjóði til tekna.

40. gr.

Nú kemur fyrir kind eða hross með réttu marki ákveðins manns, en sá hinn sami veit sig ekki eiganda að, skal þá með fara sem óskilafé.

41. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar næstu ár, skulu hreppstjórar senda manni, sem sýslunefndin kýs til þess, greinilegar lýsingar á öllum þeim óskilafénaði, sem seldur hefur verið og enginn hefur leitt sig að. Skal maður þessi taka lýsingar þess á skrá og senda til birtingar í Lögbirtingablaðinu.

Á sama hátt skal lýsa seldum óskilahrossum. — Hreppstjórar greiði auglýsingakostnaðinn og getur sýslunefnd ákveðið hann fyrir fram um nokkurra ára bil.

VII. KAFLI
Um vorréttir.

42. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að skipa fyrir um smölun á vorin bæði í heimalöndum og á afrétti, ákveða vorréttahöld og rekstrardaga til afréttar. — Vorréttadaga er henni skylt að auglýsa í nágrannahreppum.

43. gr.

Marka skal lömb undir óskilaám með sama marki og á þeim er.

VIII. KAFLI
Um fjármörk.

44. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á fénaði, þurfa eigendur að hafa lögheimiluð mörk á hornum. Fjármörk eru: eyrnamörk, hornamörk og brennimörk. Eyrnamörk skulu vera á öllu fé, en hornmörk og eigin brennimörk því aðeins að eigendur vilji. Ekki mega menn eiga námerkt frekar en þörf gerist og hefur sýslunefnd rétt til að kveða á um, hversu námerkt má vera.

Sá, sem tekur upp mark eða flytur inn í sveit með mark, sem er náið öðrum í

157 sama sveitarfélagi, skal breyta marki sínu ef þess er óskað. Erfðamark er rétthærra
6. júlí en ný upp tekið mark að öðru jöfnu.

Ekki má sami maður eiga fleiri en tvö fjármörk og eitt hrossamark.

Neita má börnum innan 12 ára um upptöku marks.

Ekki má prenta í markabók sauðfjármarkið afeyrt eða hlustarstýft.

Mikil særingarmörk má ekki upp taka, né heldur hafa þau mörk, sem vandhæfni er á að marka svo að eigi valdi villu eða vafa, svo sem: hvathamrað, blaðrifað, helmingrifað, þrírifað, þrístúfrifað, sýlt í hvatt, sýlt í helming, sýlt í stúf og tvísýlt í stúf.

Fleiri en tvö undirben má ekki hafa sama megin á eyra. Mörk þau, sem bann er lagt við, mega ekki ganga að erfðum, gjöfum eða kaupum og sölum. Sýslunefnd getur lagt bann við fleiri mörkum, en hér eru tilgreind, og skulu þau auglýst í markaskrá sýslunnar.

Enginn má taka upp fjármark með einu undirbeni frábrugðið löghelguðu marki nema samþykki þess, er markið á, komi til.

45. gr.

Allir fjáreigendur skulu hafa sýslu- og hreppsbrennimark á fé sínu eftir því sem sýslunefnd segir fyrir um og lætur hún prenta þau í markaskránni. Skal hver fjáreigandi hafa brennimerkt hverja þá kind, sem er með hornum, áður en henni er slept eftir hinn fyrsta vetur, sem hún er fóðruð, með brennimarki þess hrepps, sem hann býr í. Má beita sektum ef út af þessu er brugðið, renna þær í fjallskilasjóð.

46. gr.

Nú kemur fyrir í réttum eða við sundurdrátt kind, sem er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal þá sá talinn eigandi kindarinnar, sem brennimarkið eða hornamarkið á, en skyldur skal hann til, ef eigandi eyrnamarksins krefst þess, að gera grein fyrir því, hvernig hann er að kindinni kominn. Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess sem hornamarkið á. Þó skal hann, ef krafizt er, gera grein fyrir því hvernig hann hafi eignazt kindina.

47. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir sýsluna 10. hvert ár, og oftar ef þurfa þykir. Hver markeigandi skal koma marki sínu í skrána og greiða fyrir það gjald, er sýslunefnd hefur ákveðið. Hvert heimili, sem á eitt eða fleiri mörk í skránni, fær eitt eintak af henni, og skal það fylgja jörðinni eða býlinu, þegar búendaskipti verða. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, er búast má við að fé gangi saman úr.

48. gr.

Sýslunefnd kýs mann til að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka.

Kosning hans fer fram í hvert sinn og markaskrá á að prenta. Sýslunefnd ákveður honum þóknun fyrir starf sitt.

Markaumsjónarmaður sér um útgáfu markaskrár. Hann gerir sér far um að koma samræmi og festu á nöfn marka og að sammerkingar eigi sér ekki stað. — Í markaskrá skal raða nöfnum í stafrófsröð, en þó „framan“ fyrr en „aftan“.

49. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, samkvæmt ákvæðum sýslunefndar eða markaumsjónarmanns, safna mörkum í hreppnum og innheimta gjöld fyrir þau.

Hreppsnefndin, eða sá, sem hún felur framkvæmd þessa, hlutast til um, að sammerk- 157
ingar eða mjög lík mörk, sem hætt er við að valdi misdrætti, eigi sér ekki stað. 6. júlí

Mörkum hvers hrepps sé safnað í heild eftir stafrófsröð og séu merki sett við nýuppteknin mörk. Handritið liggi síðan frammi í 14 daga samkvæmt áður birtri auglýsingu, hreppsbúum til sýnis. Að því búnu sé markaumsjónarmanni sýslunnar send þessi skrá úr hverjum hreppi, ásamt gjöldunum.

50. gr.

Þegar markaumsjónarmaður hefur fengið markaskýrslur allra hreppa, ber hann þær saman sín á milli, og þær allar saman við gildandi markaskrár innan sýslu og utan þar sem búast má við fjársamgöngum.

Heimilt er honum að fella niður nýuppteknin mörk, sem of lík eru eldri mörkum, og þau sem bannað er að taka upp, ef nokkur eru á skýrslu.

Ákveði hann að fella niður mark eða breyta því, skal hann tilkynna það hlutaðeigendum og benda þeim á önnur mörk eða breytingar á marki, er komið geti í staðinn. Verði tillögum hans eigi mótmælt innan mánaðar frá því að hann sendi þær frá sér, skulu þau mörk gilda til skrásetningar.

Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir eða kröfur markeigenda, geti þær samrýmzt ákvæðum þessarar reglugerðar.

Vilji einhver taka upp mark milli þess að markaskrá er samin, ber honum fyrst að fá til þess samþykki markaumsjónarmanns. Síðan skal hann auglýsa það í Lögbirtingablaðinu og jafnframt tilkynna það bréflega öllum hreppstjórum í sýslunni. — Hreppstjórar sjái um að markið sé ritað inn í markaskrá þá, sem höfð er við sundurdrátt í almenningsréttum, hver í sinni sveit. Þeir fjáreigendur, sem inn í sýsluna flytjast, fari eins að til þess að fá lögheimild fyrir marki sínu innan fjallskilaumdæmisins.

IX. KAFLI

Um fjárrekstra.

51. gr.

Þegar sauðfé eða hross er rekið um héraðið skal þess gætt að rekstri hverjum fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði fyrir þá, er lönd þau eiga, sem um er rekið eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra að morgni fyrr en markljóst er orðið, og eigi halda áfram að kveldi eftir að mjög er orðið skuggsýnt, nema brýn nauðsyn beri til.

Allt fé í sláturfjárrekstrum skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum, er séu svo glögg að þau sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust að þau máist ekki af þó að votviðri gangi. Rekstrarmönnum ber að gæta þess vandlega, að annað fé lendi ekki saman við reksturinn, en komi það fyrir, skulu þeir, þegar þeir verða þess varir, draga það fé úr rekstrinum, og annast um, að það komist í átthaga sína, eigendum að kostnaðarlausu.

Skaða, sem hlýzt af því, að út af þessu er brugðið, ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins að greiða eiganda fjárins, en sannist það að skaðinn stafi af skeytingarleysi rekstrarmanns, skal hann auk þess sæta sektum.

Skylt er sláturhúsum að láta fara fram markaskoðun á öllu fé, sem þar er leitt til slátrunar.

157
6. júlí

X. KAFLI
Um fjallskilasjóði.

52. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að stofna fjallskilasjóð fyrir hreppinn og renna þá til hans þessar tekjur:

a. andvirði óskilafjár að frádregnum kostnaði;
b. hluti af niðurjöfnun (sbr. 14. gr.);
c. fjallskil þau, sem með peningagreiðslu eru innt af hendi;
d. sektir fyrir brot á þessari reglugerð;
e. aðrar tekjur, er hreppsnefnd eða almennur sveitarfundur samþykkir að renni í sjóðinn.

Tekjum fjallskilasjóðs má hreppsnefnd aðeins verja til þeirra hluta, er heyra undir framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar. Heimilt er þó að verja fé úr sjóðnum til eyðingar refa í umdæmi hlutaðeigandi sveitar. Sjóðurinn er í ábyrgð hreppsnefndar, sem geri reikning hans árlega og lætur fylgja sveitarreikningnum.

Meðan sjóður þessi er ekki stofnaður í einhverri sveit, kemur sveitarsjóður í hans stað.

XI. KAFLI
Almenn ákvæði.

53. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað frekar en minnst verður hjá komizt, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum eða gæzlu, fjallgöngum eða við smölun heimalanda. Brot gegn þessu varðar skaðabótum og hegningu að lögum.

54. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Sömuleiðis heyra undir hana allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum snertandi fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

55. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, 10—300 krónum, eftir málavöxtum, og renna þær í fjallskilasjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

56. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

57. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin „Reglugerð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttahöld, meðferð óskilafjár, grenjaleitir, refaveiðar o. fl." frá 8. ágúst 1921, svo og breyting á þeirri reglugerð frá 14. júlí 1936.

Bráðabirgðaákvæði.

Meðan varnir gegn sauðfjársjúkdómum í sýslunni standa yfir, og þar sem þær hafa það í för með sér, að einhverjum hreppi er að miklu eða öllu leyti meinað að nota afrétt sinn, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd heimilt að jafna öllum fjallskilakostnaði niður á ábúð jarða, sbr. 14. gr.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast gildi 15. júlí 1943 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 157 6. júlí

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júlí 1943.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKTIR 158 6. júlí

fyrir Sparisjóð Húsavíkur.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Húsavíkur. Heimili hans og varnarþing er í Húsavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru stofnfjáreigendur 38 að tölu, með samtals kr. 7600.00 innborgað stofnfé. Fé þetta skal ávaxtast í sjóðnum, þó aldrei með hærri vöxtum en 1% umfram innlánsvexti, og skal vera trygging fyrir skilum sjóðsins við viðskiptamenn hans. Varasjóður Sparisjóðs Húsavíkur h.f., sem um síðastliðin áramót var kr. 60214.50, er enn fremur trygging fyrir viðskiptamenn sjóðsins.

3. gr.

Stofnfjáreigendur skulu aldrei færri vera en 30, allir búsettir í Þingeyjarsýslu, þar af hið fæsta ⅔ þeirra, eða svipað hlutfall eftir því, sem á stendur um tölu stofnfjáreigenda á hverjum tíma, búsettir í Húsavíkurhreppi.

Stofnfjárframlag endurgreiðist ekki fyrr en við niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. grein laga nr. 69 27. júní 1941.

Ábyrgð stofnfjáreiganda fellur ekki niður nema við andlát, brottflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga eða fjárþrot með öðrum hætti.

Falli ábyrgð stofnfjáreiganda niður, skal stjórn sparisjóðsins gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að útvega stofnfjáreiganda í staðinn. Bera má ágreining um nýjan stofnfjáreiganda undir lögmætan auka- eða aðalfund og ræður afl atkvæða úrslitum.

Samþykki sparisjóðsstjórnarinnar þarf til þess, að stofnfjáreigandi geti afhent eða afsalað öðrum stofnfé sínu svo gilt sé.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skulu þrír þeirra kosnir á aðalfundi sparisjóðsins úr hópi stofnfjáreigenda til fjögurra ára í senn. Þrjá varamenn, er taki sæti í stjórninni í forföllum aðalmanna í sömu röð og þeir eru kosnir, skal kjósa á sama tíma og til sama tíma og aðalmenn.

Hlutfallskosningu skal viðhafa ef óskað er. Séu atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða.

Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum.

158 6. júlí

Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu kýs tvo menn í stjórn sparisjóðsins og tvo til vara, og gildir kosning þeirra til fjögurra ára.

Stjórnin kýs sér formann úr sínum flokki.

Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust inn í bækur sjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund stofnfjáreigenda þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt,

sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu. 158 6. júlí

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti tveir á mánuði, og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðan en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum stofnfjáreigendum 5 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 stofnfjáreigendur æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur stofnfjáreigenda mætir. Mæti eigi helmingur stofnfjáreigenda, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $^2/_3$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

Gefa má stofnfjáreigandi öðrum manni skriflegt umboð til þess að fara með atkvæði sitt á fundum, eftir því sem lög og reglugerðir um sparisjóði banna ekki, ef hann eigi getur mætt vegna veikinda eða nauðsynlegrar fjarveru. Umboð má ekki yfirfæra og enginn má fara með nema eitt atkvæði.

II. Um innlög í sjóðinn, inn og útborganir, vexti og vaxtagreiðslur og fleira.

13. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 króna í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 5000 kr.
f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir eigi í minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 500 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

158 6. júlí

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 100.00 til kr. 300.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða uppsagnarfrests er eigi skylt að borga meira en 500 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verði rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabók er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr. 158

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal 6. júlí
leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þess, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 60% (3/5) af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

158 6. júlí

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd, og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðsforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal getið nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal sundurliða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

158
6. júlí

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir stjórnarráðið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69, 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 15. febr. 1942, um sparisjóði, og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 6. júlí 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

159
13. júlí

AUGLÝSING

um sölu orlofsmerkja og afhendingu orlofsbóka.

Frá 1. ágúst 1943 verða orlofsmerki til sölu í öllum póstafgreiðslum landsins.

Frá 26. júlí 1943 verða orlofsbækur afhentar ókeypis í póstafgreiðslum í öllum kaupstöðum, og í öðrum póstafgreiðslum landsins hefst afhending þeirra í síðustu viku júlímánaðar.

Bráðabirgðaákvæði í reglugerð frá 19. maí 1943, um orlof, fellur úr gildi 1. ágúst 1943.

Frá sama tíma skal orlofsfé greitt með orlofsmerkjum.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júlí 1943.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

160
14. júlí

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Gullbringusýslu.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálmunar sé fyrir umferð.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur o. s. frv.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr sölubúða eða samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Allir, sem fara um götur og vegi sýslunnar, hvort heldur er gangandi, ríðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum fararkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi vegarins svo nærri götubrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, svo sem nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa eða hafa í frammi annan hávaða, ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjar reglu, ónáða vegfarendur eða þá, sem í nágrenninu búa.

5. gr.

Bannað er að hafast að óþörfu nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða aðhafast nokkuð það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

6. gr. 160

Á fjölförnum götum og vegum er bannað að leika nokkra þá leiki, er hindrað 14. júlí
geta umferð eða hætta getur stafað af. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þessi farartæki sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum, á eða yfir fjölfarnar götur og vegi, né heldur kveikja þar í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum. Eigi má heldur kasta á götur eða vegi glerbrotum, sorpi, slori eða nokkru öðru því, er til tjóns eða óþæginda getur orðið fyrir umfarendur. Nauðsynlegar sprengingar við eða nálægt almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, er um slíkt leyfi er sótt, tilgreina hver framkvæmi verkið og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta getur stafað af.

8. gr.

Enginn má vera dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum, eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt. Enginn má baða sig eða synda nakinn svo nærri umferð eða manna bústöðum, að hneyksli valdi.

9. gr.

Drukknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur og skulu þeir þá enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari, fyrir röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuæði sínu.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til þess að segja til nafns síns, ef lögregluvaldið krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum bæði á almannafæri og annars staðar, en heimtingu eiga þeir menn, er til slíks eru kvaddir, á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á kröfu á hendur hinum seku.

II. KAFLI

Ákvarðanir til þess að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferð.

12. gr.

Enginn ótilskyldur má slökkva né kveikja á götuljósum. Enginn má án leyfis lögregluvaldsins selja vörur eða reka aðra atvinnu á almannafæri. Börnum og unglingum er þó leyfilegt að selja þar fréttablöð, aðgöngumiða, merki og þess háttar, að fengnu samþykki barnaverndarnefndar.

160 14. júlí

13. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, er torveldar umferð frekar en nauðsyn krefur. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur eða sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til þess að fylla þá eða tæma. Hreppsnefndir hafa, í samráði við lögreglustjóra, heimild til að ákveða, hvar á götum eða torgum vagnar og bifreiðar mega standa. Geta hreppsnefndir, þegar þeim þykir ástæða til þess, sett reglur þar að lútandi.

14. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð eða gerir hana hættulega. Enginn má gera skurð í götu, alfaravegi eða torg, nema fengið sé þar til leyfi lögregluvaldsins. Þeirra varúðarráðstafana sé þá einnig gætt, að ekki geti af því slys hlotizt, enda verði tafarlaust unnið að endurbótum slíks farartálma.

15. gr.

Verði brýr á vegum í sýslunni, bryggjur eða pallar á almannafæri, svo hrörlegt og úr sér gengið, að talizt geti að vegfarendum stafi hætta af, þá ber lögreglustjóra að krefjast þess af eigendum mannvirkjanna, að úr sé bætt svo, að hættulaust sé.

16. gr.

Allir þeir, sem ríða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar, hægja ferð um vegamót eða þegar farið er fram hjá húshornum eða um skarpar vegabeygjur og einnig varast að tálma ferð annarra vegfarenda. Bifreiðarstjórum og hjólreiðamönnum ber að hafa tendruð ljós á farartækjum sínum frá því að birtu bregður að kvöldi, unz bjart er orðið að morgni, þegar þeir eru á ferð á farartækjunum á þeim tíma. Hjólreiðamönnum ber einnig að hafa bjöllu á hjólum sínum.

17. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti líkfylgdum og skrúðgöngum eða fram hjá þeim. Skal annaðhvort víkja úr vegi eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

18. gr.

Slökkviliðið er undanskilið umferðarákvæðum þessarar reglugerðar. Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir því, svo fljótt sem auðið er. Sama er um sjúkravagna.

III. KAFLI

Um friðun almenningseigna og annarra eigna í sýslunni.

19. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafmagnsáhöld, rafmagnsþræðir, ljósker, eða annað það, er ætlað er til almenningsnota. Sama gildir um loftnetjaútbúnað einstakra manna.

20. gr.

Enginn má hafast við, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, á umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

21. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar nokkuð það, er óprýði, skemmdum eða hneyksli geti valdið. Enginn má heldur skemma girð-

ingar um hús, garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Bannað er að klifra yfir girð- 160
ingar eða fara gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má 14. júlí
á nokkurn hátt spilla nokkrum eignum í sýslunni, hver sem eigandinn er. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, er af hlýzt, auk þess sem hann sæti sektum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

22. gr.

Bönnuð er öll umferð óviðkomandi manna að nauðsynjalausu um lönd í sýslunni annars staðar en þar, sem vegir liggja, nema með leyfi landráðanda. Án leyfis landráðanda má og eigi tjalda né setjast að til verzlunar í sýslunni. Girðingum má eigi spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

23. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér nokkrar nytjar í löndum né í landhelgi í sýslunni, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði fugla eða fiska, tjaldstæði eða annað, án leyfis landráðanda.

24. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vel og vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gjótu eða flytja burtu. Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

25. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilamálareglugerðar fyrir Gullbringusýslu, eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaða þann, er slíkur ágangur kann að valda, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefur valdið. Enginn má, án samþykkis hreppsnefndanna, hafa sauðfé heima í löndum hreppanna eða innan kauptúnanna á tímabilinu frá 20. maí til 20. september ár hvert, nema í fjárheldri girðingu eða svo öruggri gæzlu að ágangur á land annarra geti ekki af hlotizt.

Enginn má láta hross ganga laus í landi hreppanna, nema í gripheldri girðingu sé. Sama gildir um nautpening.

Hænsni og aðrir alifuglar skulu vera í heldum girðingum, eða vera í tryggri gæzlu á tímabilinu frá 1. apríl til 1. október ár hvert.

26. gr.

Ef búpeningur skríður eða stekkur fullgildar girðingar, skal sá er fyrir tjóni verður aðvara eiganda eða umráðamann slíks ágangspenings um að gæta hans. Ef ágangspeningur gengur þannig til skemmda á girt land oftar en tvisvar, þrátt fyrir aðvaranir til umráðamanns peningsins, má selja peninginn á opinberu uppboði, og greiðist af uppboðsandvirðinu allur kostnaður og bætur fyrir tjón, sem af ágangi hefur hlotizt samkvæmt reikningi landráðanda, en verði ágreiningur um hann, skulu úttektarmenn meta tjónið.

Gildar skulu þær girðingar teljast, sem eru styrkhæfar samkv. reglum Búnaðar-

160 félags Íslands að öllum frágangi. Ef ágreiningur rís um það, hvort girðing sé full-
14. júlí gild, skulu úttektarmenn hreppsins meta, hvort hún sé það.

Allan kostnað við handsömun og varðveizlu sauðfénaðar eða annars búpenings greiðir eigandi þess.

V. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

28. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar, og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögregluvaldsins og skal því heimill gangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Á gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

29. gr.

Sérhverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsum hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

30. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

31. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11 að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út, ekki síðan en hálfri stundu eftir að lokað var. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra manna.

32. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum sé heimilt til notkunar. Skal veitingamaður, húsráðandi eða umsjónarmaður samkomustaðarins sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

33. gr.

Vilji nokkur, einstaklingur eða félög, halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess fá leyfi hreppstjóra. Um leið og hreppstjóri veitir slíkt leyfi, ákveður hann gjald fyrir það lögum samkvæmt, er rennur í sveitarsjóð. Leyfishafa er skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða heilbrigðisfyrirmælum um ræstingu og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoma byrjar og nægileg hrákaílát til staðar.

Sé samkomu ætlað að standa fram á nótt (milli kl. 11 að kvöldi til kl. 6 að morgni) skal hreppstjóri því aðeins veita leyfið, að hann treysti umsækjanda til að gæta í hvívetna góðrar reglu og velsæmis á samkomunni, enda hafi umsækjandi á sinn kostnað tryggt sér menn, er hreppstjóra geti verið til aðstoðar við eftirlit í þessu efni allan samkomutímann.

Fari nokkuð fram, er brýtur í bága við góða reglu og velsæmi, er lögregluvald- 160
inu heimilt að slíta slíkri samkomu. 14. júlí

Almennar útisamkomur eru að öllu leyti háðar fyrirmælum þessa kafla, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

34. gr.

Sérhverjum, er sjúkling hefur á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af vegna ónæðis.

35. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni, nema með leyfi viðkomandi hreppsnefndar og lögreglustjóra og með þeim skilyrðum, sem nefndin tiltekur að því er snertir öryggisútbúnað og loftrými. Hreppsnefndin ákveður, hve mikið gjald skuli greitt í sveitarsjóð fyrir slíkt leyfi annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Leyfi til einstakra kvikmyndasýninga getur hreppsnefndin veitt og ákveður þá um leið gjald fyrir þær til sveitarsjóðs.

Um leið og leyfið yrði veitt til þess að starfrækja kvikmyndahús í sýslunni, skal í leyfinu kveða á um, á hvern hátt verði fyrirbyggt, að nokkrar þær myndir verði sýndar, er brjóta í bág við siðgæði og velsæmi, enda hefur lögregluvaldið fulla heimild til að banna sýningu slíkra mynda.

36. gr.

Í kauptúnum skulu eftirfarandi ákvæði gilda um eftirlit með börnum og útivist þeirra:

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 9 á kvöldin á tímabilinu 1. sept. til 14. maí, og ekki seinna en kl. 11 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Bannað getur lögreglustjóri börnum, sem ekki ganga þar til vinnu eða eiga erindi, að vera á bryggjum kauptúnanna.

Lögreglustjóri hefur þó heimild til að takmarka frekari útivist barna.

VI. KAFLI

Um almennt hreinlæti og þrifnað.

37. gr.

Enginn má á nokkurn hátt saurga eða spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum, í vatnsleiðslum, þróm eða brunnum. Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé ekki hellt þannig, að runnið geti að þeim.

Fatahreinsun eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum, að nokkur hætti sé á, að neyzluvatn saurgist af.

38. gr.

Þegar for og slor er flutt um götur og alfaravegi, skal það flutt í heldum ílátum eða vögnum, og skal sá, er flytur, hreinsa upp, ef niður á veginn fer. Sama máli gegnir, ef eitthvað annað slæðist eða fellur niður á alfaravegi við flutning, svo að óþrifnaður eða farartálmi geti af stafað, þá skal sá hreinsa allt slíkt burtu, er sök átti á, að niður féll.

160 39. gr.

14. júlí Ekki má kasta á almannafæri hræjum, dauðum fiski, matarleifum eða fiskúrgangi. Eigi má heldur láta standa þar stampa, tunnur né önnur ílát með for, grút, slori eða öðrum óþverra, né heldur skilja þar eftir nokkurt sorp, ösku, járnarusl, víra, bréf eða nokkuð það, er valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óprýði.

Í ræsi má ekki fleygja neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

40. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða annað því um líkt, má eigi hafa í nánd við almannafæri. Safngryfjur, forir og grútarþrær skulu vera þaktar, svo að engan ódaun leggi af þeim, og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af þeim stafað fyrir menn né skepnur. Lifrarbræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má ekki hafa á öðrum stöðum en þeim, sem viðkomandi hreppsnefnd ákveður.

41. gr.

Skylt er lóðar- og húseigendum að hafa hreinlegt og þrifalegt í kringum hús sín, hreinsa burtu sorp og skran, lagfæra rústir, svo að hvorki stafi af þeim hætta né séu til lýta, viðhalda sæmilega girðingum og ástunda í hvívetna þrifnað og góða umgengni.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að þetta berist þangað. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til þess að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

VII. KAFLI
Hundahald.

42. gr.

Hundar allir í sýslunni skulu bera merki eða mark, er glögglega sýni heimilisfang þeirra, annaðhvort á hálsbandi eða á eyrum (fjármark, ef lítið er). Allir hvatir hundar skulu vera geltir hálfs árs eða eldri, nema leyfi til undanþágu sé fengið hjá hreppsnefnd.

Ógeltir hundar skulu bera sérstakt, auðsætt merki þess leyfis. Eftir árslok 1942 skulu allir ógeltir og allir ómerktir hundar vera réttlausir í sýslunni.

VIII. KAFLI
Um hegningarákvæði, kostnað, staðgildi samþykktarinnar o. fl.

43. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

44. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglega kröfu til, skal upptækur ger og renna í hreppssjóð, auk sekta.

45. gr. 160
14. júlí

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni. Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

46. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykktinni, má lögregluvaldið láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður, er af þessu leiðir og þeim ráðstöfunum, sem lögregluvaldið gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir hreppssjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða hreppnum kostnaðinn að fullu.

47. gr.

Kostnaður, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, er eigi verður krafizt af öðrum, greiðir hreppssjóður hvers sveitarfélags sýslunnar innan takmarka þess. Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

48. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir alla hreppa Gullbringusýslu.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 14. júlí 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT 161
14. júlí

fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu.

FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kauptúna og sveita.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús, og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því, sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa og annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar, sem almenningur

161 kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til
14. júlí að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarandur, eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að aðhafast, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að ákveða, að á fjölförnum götum eða vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, megi ekki hafa leiki um hönd, gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem geta hindrað umferðina.

Bannað er að hanga á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar.

7. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

8 gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins, er það gefur til þess að halda uppi góðri reglu á almannafæri.

Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

9. gr.

Enginn má án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns láta fyrirberast á umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

10. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem eiga ekki brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni, frá kl. 20—8 á tímabilinu 1. október til 1. maí, en frá kl. 22—8, á tímabilinu 1. maí til 1. október.

11. gr. 161

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, 14. júlí
að opið viti upp. Gaddhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem hætta getur stafað af, má ekki flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

Ekki má skjóta úr byssu, rifli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi, né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágur frá ákvæðum þessum um sprengingar, ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót, og séu leyfin bundin við tiltekin svæði.

12. gr.

Á alfaraveg má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, ef þurfa þykir, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

13. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri, má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni, má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

14. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða vegi, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalda. Ef slíkt leyfi er veitt, skal hlutaðeigandi stjórnarvald setja þau skilyrði eða gera þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

15. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist innan tiltekins tíma, til þess að afstýra hættu. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur lögreglustjóri þá krafizt þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, að hættulaust sé.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt burtu, án þess að annað sé byggt í staðinn, þá er eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

161 16. gr.
14. júlí Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust. Pallar, stoðir og annar útbúnaður við húsasmíði eða aðra mannvirkjagerð, skal vera nægilega traust. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

17. gr.

Hvarvetna þar, sem girðingarhlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé hátt undir, að öruggt sé að ríðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar meðfram vegum skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

III. KAFLI

Umferð um vegi og götur.

18. gr.

Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir slökkviliði, svo fljótt sem unnt er. Sama gildir um sjúkravagna.

19. gr.

Það er bannað að aka eða ríða á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá

20. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum og götum, ef slík umferð álízt hættuleg eða er til sérstakra óþæginda fyrir umferð og svo á vorin á meðan klaka leysir úr jörðu.

21. gr.

Um ljósatíma bifreiða og reiðhjóla fer eftir ákvæðum gildandi bifreiðalaga. Heimilt skal lögreglustjóra að setja um hann nánari ákvæði, ef þurfa þykir.

22. gr.

Bifreiðastjórar bera ábyrgð á, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, eða raski næturró manna.

23. gr.

Ef gangandi eða ríðandi menn eru á leið yfir brú, er bifreið ekur að, skal bifreiðin nema staðar á veginum við brúarendann og bíða þar til mennirnir eru komnir fram hjá eða yfir brúna, enda skulu þeir ekki tefja för sína að óþörfu.

24. gr.

Ef bifreiðastjóri verður þess var að laus hross, eða annar búpeningur er á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og aka varlega þar til hann er kominn fram hjá.

25. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal

bifreiðastjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum svo fljótt sem unnt er og svigrúm leyfir. 161 14. júlí

26. gr.

Sé for eða bleyta á vegi eða götu, sem ekið er um, skal ökumaður haga svo akstrinum að eigi slettist á vegfarendur.

27. gr.

Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór.

28. gr.

Að öðru leyti fer um umferð eftir gildandi umferðalögum, vegalögum, lögum um bifreiðar og öðrum landslögum.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

29. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, eins og þau eru nú eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta, svo sem við verður komið, búpenings síns og alifugla, að ekki gangi til skemmda í varplönd, engjar, tún, akra eða matjurtagarða annarra manna. Valdi búpeningur slíku tjóni þann veg, að saknæmt þyki, skal bæta það samkvæmt ákvæðum þeim, er á hverjum tíma gilda um uslagjöld.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur úti um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá nokkurs manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá að sér.

V. KAFLI

Um friðun og vernd á eignum.

30. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka né á annan hátt spilla húsum, mannvirkjum eða öðrum eignum, hvort heldur þær eru í eigu hins opinbera eða einstakra manna.

31. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður, enda eigi þau að vera lokuð.

32. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað umfram það, er lög leyfa, án leyfis landráðanda.

161 33. gr.
14. júlí Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

Öllum er skylt að ganga vel og þriflega um áningarstaði sína og tjaldstaði,eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

34. gr.

Bannað er að festa upp auglýsingar á hús eða aðrar eignir án leyfis eiganda eða umráðamanns.

Hreppsnefnd getur ákveðið hvar festa megi upp auglýsingar og skal hún þá útvega í því skyni spjöld eða kassa svo marga, sem þurfa þykir.

35. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

36. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

37. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

38. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

39. gr.

Allir almennir veitingastaðir, borðknattstofur og aðrir samkomustaðir, skulu vera lokaðir frá klukkan 11½ að kvöldi til klukkan 6 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Fyrr nefndum tímatakmörkum getur lögreglustjóri breytt í einstökum tilfellum, þegar sérstaklega stendur á.

40. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandi láta gera salerni, vatnssalerni ef við verður komið, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

41. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slíkt leyfi, þó getur hann falið hreppstjórum að veita leyfin hverjum í sínum hreppi, og má taka fram um leið og leyfið er veitt, hvenær samkomunni skuli lokið. 161 14. júlí

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst er samkoman byrjar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess, að þeir sem fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er lögreglustjóri eða hreppstjóri tekur gilda, til eftirlits allan samkomutímann.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

42. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hvað mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri í umboði hans veitir leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

43. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft óheppileg áhrif á þau.

44. gr.

Knattborðstofur (Billiard) eða stofur, þar sem mönnum er seldur aðgangur til að kasta kúlum, teningum eða þess háttar, má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hreppsnefndar.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

45. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt að skolpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi helt þann veg að runnið geti að þeim.

46. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút, slori, mykju eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur. Bannað er að hengja fisk, þorskhausa eða fiskúrgang á girðingar eða hús meðfram vegum, svo og að láta fiskúrgang liggja á túnum eða görðum nálægt alfaraleið um maðkatímann. Slor, sem borið er í garða, skal þegar grafið eða herfað niður í moldina.

161 14. júlí

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo að engan ódaun leggi af þeim, og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

47. gr.

Bannað er að hella skolpi, sem fiskur eða annað hefur verið þvegið úr, á götu eða almannafæri, ekki má hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor, gor, mykju og annað því um líkt skal flytja í heldum ílátum ef farið er um alfaravegi, og skal sá, er á, eða sá, er flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

48. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

49. gr.

Bannað er að hafa hunda með sér að óþörfu á mannamót. Í sambandi við sláturhús skal hafa sérstaka klefa til að geyma hunda í og er öllum eigendum hunda skylt að geyma þá þar meðan þeir dvelja í kaupstaðnum í sláturtíð.

50. gr.

Heilbrigðisnefndir eða hreppsnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Í þeim hreppum, sem heilbrigðissamþykktir hafa verið settar, fer um þetta efni eftir þeim.

ANNAR ÞÁTTUR

Sérákvæði, er taka til Bolungarvíkur-, Hnífsdals- og Súðavíkurkauptúna.

VIII. KAFLI

Umferðarákvæði.

51. gr.

Án leyfis lögreglunnar má enginn setjast að á götu eða almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu.

52. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo að komizt verði hjá slysum og þannig að umferð um götur sé ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 20 kílómetrar á klukkustund. Þar, sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér og annars staðar þar, sem hætta er við slysum, má ekki aka hraðar en svo að stöðva megi bifreiðina þegar í stað.

53. gr.

Stéttir meðfram götu skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Bannað er að ríða um götur kauptúnanna hraðar en á hægu brokki. Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnsins, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar, sem staddir eru í kauptúninu, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

54. gr.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni, eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum, og komið þeim til varðveizlu á kostnað þess er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kauptúnunum, né láta þá standa úti í köldu veðri eða óhæfilega lengi að dómi lögreglunnar, þó að gott veður sé. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveizlu á kostnað umráðamanns eða eiganda.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kauptúnunum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í rétt, hús eða haga eftir tilvísun lögreglunnar nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á afgirtum lóðum einstakra manna.

IX. KAFLI
Um skepnuhald og fleira.

55. gr.

Hænsni eða aðra alifugla má ekki hafa á tímabilinu frá 1. maí til 1. október nema í afgirtu svæði eða tryggri vörzlu svo að þeir geti ekki gert öðrum óskunda.

56. gr.

Það er ábyrgð eiganda, að sauðfé, geitfé, hænsni eða aðrir gripir þeirra geri engan óskunda eða skaða í kauptúnunum eða grennd þeirra. Lögreglan eða sá, er fyrir ágangi verður, má handsama slíka gripi en tilkynna skal það hreppstjóra eða lögreglustjóra. Sérstaklega ber að hafa strangt eftirlit með þessu frá 20. maí til 20. september. Á þeim tíma má búpeningur ekki ganga laus í kauptúnunum nema maður fylgi til að gæta hans eða hann sé í öruggri vörzlu.

57. gr.

Ágangsfénað, sem handsamaður hefur verið, má selja á opinberu uppboði til ljúkningar áföllnum kostnaði og skaðabótum, ef eigandi leysir hann ekki út innan sólarhrings frá því honum barst tilkynning um handsömunina.

58. gr.

Verði almennur misbrestur á því að reglum þessum um vörzlu búfjár sé hlýtt að dómi hreppsnefndar, getur hún sett nánari reglur um vörzluna og gert þær ráðstafanir sem henni þykir þurfa til þess að varna ágangi. Skulu eigendur fjárins skyldir að hlíta þeim reglum og greiða þann kostnað, sem af ráðstöfununum leiðir samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar.

59. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagabeit í landi hreppanna, bæði hvernig hagabeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana.

Reglur um hagabeitargjöld skulu settar af hreppsnefndum.

161
14. júlí

ÞRIÐJI ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.

X. KAFLI
Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

60. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu.

61. gr.

Hreppstjórar og lögreglustjórar skulu hver í sínum hreppi hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því að brot sé framið, skal hann jafnframt kynna sér málavexti og senda lögreglustjóra skýrslu um málið.

XI. KAFLI
Um hegningarákvæði, kostnað og fleira.

62. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál

63. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er hinn seki kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna auk sekta í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

64. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrir skipunum lögreglustjóra eða hreppstjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri gerir eða lætur gera til að hindra brot á samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

65. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. mai 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 161 14. júlí

Í dómsmálaráðuneytinu, 14. júli 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

162
19. júli

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum, fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1943 til 31. júlí 1944.

1. Reykjavík:

Til fullra	4	ára	aldurs	kr.	680.00
— —	7	—	—	—	570.00
— —	15	—	—	—	680.00
— —	16	—	—	—	340.00

2. Hafnarfjörður:

Til fullra	4	ára	aldurs	kr.	570.00
— —	7	—	—	—	465.00
— —	15	—	—	—	570.00
— —	16	—	—	—	285.00

3. Gullbringusýsla:

Til fullra	4	ára	aldurs	kr.	545.00
— —	7	—	—	—	440.00
— —	15	—	—	—	545.00
— —	16	—	—	—	275.00

4. Kjósarsýsla:

Til fullra	4	ára	aldurs	kr.	410.00
— —	7	—	—	—	335.00
— —	15	—	—	—	410.00
— —	16	—	—	—	205.00

5. Borgarfjarðarsýsla:

Til fullra	4	ára	aldurs	kr.	370.00
— —	7	—	—	—	300.00
— —	15	—	—	—	370.00
— —	16	—	—	—	185.00

6. Akraneskaupstaður:

Til fullra	4	ára	aldurs	kr.	570.00
— —	7	—	—	—	465.00
— —	15	—	—	—	570.00
— —	16	—	—	—	285.00

7. Mýrasýsla:

Til fullra	4	ára	aldurs	kr.	370.00
— —	7	—	—	—	300.00
— —	15	—	—	—	370.00
— —	16	—	—	—	185.00

8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:

Til fullra	4	ára	aldurs	kr.	370.00
— —	7	—	—	—	300.00
— —	15	—	—	—	370.00
— —	16	—	—	—	185.00

9. Dalasýsla:

Til fullra	4	ára	aldurs	kr.	370.00
— —	7	—	—	—	300.00
— —	15	—	—	—	370.00
— —	16	—	—	—	185.00

10. Austur-Barðastrandarsýsla:

Til fullra	4	ára	aldurs	kr.	370.00
— —	7	—	—	—	300.00
— —	15	—	—	—	370.00
— —	16	—	—	—	185.00

11. Vestur-Barðastrandarsýsla:

Til fullra	4	ára	aldurs	kr.	370.00
— —	7	—	—	—	300.00
— —	15	—	—	—	370.00
— —	16	—	—	—	185.00

12. Norður-Ísafjarðarsýsla:

Til fullra	4	ára	aldurs	kr.	370.00
— —	7	—	—	—	300.00
— —	15	—	—	—	370.00
— —	16	—	—	—	185.00

162 19. júlí

13. Vestur-Ísafjarðarsýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 370.00
—	—	7	—	—	— 300.00
—	—	15	—	—	— 370.00
—	—	16	—	—	— 185.00

14. Ísafjarðarkaupstaður:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 570.00
—	—	7	—	—	— 465.00
—	—	15	—	—	— 570.00
—	—	16	—	—	— 285.00

15. Strandasýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 370.00
—	—	7	—	—	— 300.00
—	—	15	—	—	— 370.00
—	—	16	—	—	— 185.00

16. Vestur-Húnavatnssýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 370.00
—	—	7	—	—	— 300.00
—	—	15	—	—	— 370.00
—	—	16	—	—	— 185.00

17. Austur-Húnavatnssýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 370.00
—	—	7	—	—	— 300.00
—	—	15	—	—	— 370.00
—	—	16	—	—	— 185.00

18. Skagafjarðarsýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 370.00
—	—	7	—	—	— 300.00
—	—	15	—	—	— 370.00
—	—	16	—	—	— 185.00

19. Eyjafjarðarsýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 370.00
—	—	7	—	—	— 300.00
—	—	15	—	—	— 370.00
—	—	16	—	—	— 185.00

20. Akureyrarkaupstaður:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 480.00
—	—	7	—	—	— 410.00
—	—	15	—	—	— 480.00
—	—	16	—	—	— 240.00

21. Siglufjarðarkaupstaður:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 570.00
—	—	7	—	—	— 465.00
—	—	15	—	—	— 570.00
—	—	16	—	—	— 285.00

22. Norður-Þingeyjarsýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 370.00
—	—	7	—	—	— 300.00
—	—	15	—	—	— 370.00
—	—	16	—	—	— 185.00

23. Suður-Þingeyjarsýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 370.00
—	—	7	—	—	— 300.00
—	—	15	—	—	— 370.00
—	—	16	—	—	— 185.00

24. Norður-Múlasýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 370.00
—	—	7	—	—	— 300.00
—	—	15	—	—	— 370.00
—	—	16	—	—	— 185.00

25. Seyðisfjarðarkaupstaður:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 440.00
—	—	7	—	—	— 370.00
—	—	15	—	—	— 440.00
—	—	16	—	—	— 220.00

26. Suður-Múlasýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 370.00
—	—	7	—	—	— 300.00
—	—	15	—	—	— 370.00
—	—	16	—	—	— 185.00

27. Neskaupstaður:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 440.00
—	—	7	—	—	— 370.00
—	—	15	—	—	— 440.00
—	—	16	—	—	— 220.00

28. Austur-Skaftafellssýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 370.00
—	—	7	—	—	— 300.00
—	—	15	—	—	— 370.00
—	—	16	—	—	— 185.00

29. Vestur-Skaftafellssýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 370.00
—	—	7	—	—	— 300.00
—	—	15	—	—	— 370.00
—	—	16	—	—	— 185.00

30. Rangárvallasýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr. 370.00
—	—	7	—	—	— 300.00
—	—	15	—	—	— 370.00
—	—	16	—	—	— 185.00

31. Vestmannaeyjakaupstaður:		32. Árnessýsla:	
Til fullra 4 ára aldurs	kr. 570.00	Til fullra 4 ára aldurs	kr. 410.00
— — 7 — —	— 465.00	— — 7 — —	— 335.00
— — 15 — —	— 570.00	— — 15 — —	— 410.00
— — 16 — —	— 285.00	— — 16 — —	— 205.00

162
19. júlí

Á meðgjöf þessa skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu eins og hún verður hvern mánuð á tímabilinu ágúst 1943 til júlí 1944. Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

163
20. júlí

um viðauka við reglugerð frá 6. ágúst 1936, um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum.

1. gr.

Aftan við 19. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sérleyfishafi og umboðsmenn hans eru skyldir að selja farþegum farseðla milli ákveðinna viðkomustaða allt að viku fyrir fram, sé þess óskað, enda sé þá ritað á farseðilinn, fyrir hvaða áætlunarferð hann gildir, og er sérleyfishafi skyldur að sjá farþegunum fyrir fari með þeirri ferð. Sérleyfishafi er skyldur til að hafa farseðla til sölu á afgreiðslum sínum allan þann tíma, sem afgreiðslurnar eru opnar.

2. gr.

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer svo sem segir í lögum um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 36 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist hér með öllum hlutaðeigendum til eftirbreytni.

Samgöngumálaráðherrann, 20. júlí 1943.

Vilhjálmur Þór.

Guðmundur Hlíðdal.

164 27. júlí **Staðfesting ríkisstjóra** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ragnheiðar Bjarnadóttur á Suður-Reykjum", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. júlí 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnheiðar Bjarnadóttur á Suður-Reykjum.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Ástu Jónsdóttur og Bjarna Ásgeirssyni á Suður-Reykjum á silfurbrúðkaupsdegi þeirra 11. maí 1943, til minningar um dóttur þeirra, Ragnheiði, fædda 23. ágúst 1925 og dána 8. desember 1936.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur, og ávaxtist í Söfnunarsjóði Íslands.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að vera til styrktar og gladnings fátækum skólabörnum í Mosfells skólahverfi og má verja til þess hálfum ársvöxtum, er sé úthlutað fyrir jól ár hvert, í fyrsta skipti árið 1945. Hálfir vextir skulu jafnan leggjast við höfuðstólinn, svo og þær gjafir er honum kunna að hlotnast. Þyki stjórn sjóðsins eitthvert ár ekki vera ástæða til úthlutunar úr sjóðnum, skulu allir ársvextirnir leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, formanni skólanefndar, er sé formaður sjóðsins, skólastjóra barnaskólans og oddvita hreppsnefndar Mosfellshrepps. Gegni einn maður fleiri en einu þessara starfa, skal hreppsnefndin tilnefna mann eða menn til viðbótar, þannig að stjórn sjóðsins sé jafnan skipuð þrem mönnum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar fé úr sjóðnum samkvæmt skipulagsskránni og gétur ákveðið til hvers því skuli varið. Hún hefur reikningsfærslu hans með höndum og sé hann endurskoðaður með hreppsreikningum ár hvert.

6. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

AUGLÝSING

165
31. júlí

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6, 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvarðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts, stríðsgróðaskatts og verðlækkunarskatts árið 1943.

Í Reykjavík:

Kærufrestur til yfirskattanefndar skal vera til 13. ágúst þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 31. júlí 1943.

F. h. r.
Magnús Gíslason.

Sig. Ólason.

REGLUGERÐ

166
31. júlí

um breyting á reglugerð 4. maí 1943, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva.

1. gr.

Á eftir 1. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

Loftskeytastöðvar og talstöðvar í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum má ekki nota innan íslenzkrar landhelgi eða lofthelgi og skulu þær innsiglaðar af póst- og símamálastjórninni, þegar erlent skip kemur í íslenzka höfn eða erlend flugvél lendir á Íslandi. Þó getur póst- og símamálastjórnin, ef sérstök ástæða þykir til, veitt erlendu fiskiskipi heimild til að nota talstöð sína með svipuðum takmörkunum og í íslenzkum skipum, ef hún er að gerð og tilhögun eins og í íslenzkum skipum og bundin á tveim föstum bylgjulengdum.

2. gr.

Í stað orðanna „sbr. 10. gr.“ í lok 4. gr. reglugerðarinnar komi: sbr. 13. gr.

3. gr.

Á eftir 5. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, er verður 7. gr., svo hljóðandi:

Á höfnum inni mega skip, hvort heldur eru íslenzk eða erlend, ekki nota loftskeyta- eða talstöðvasenda né önnur radiosenditæki, nema til áríðandi viðskipta við næstu strandarstöð landssímans, sem þá er opin.

4. gr.

Í stað orðanna „sbr. 6. gr.“ í lok 7. gr. reglugerðarinnar komi: sbr. 8. gr.

5. gr.

Á eftir 9. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, er verður 12. gr., svo hljóðandi:

Kostnað við innsiglanir og eftirlit greiði hlutaðeigandi skip eða útgerðarmaður landssímanum samkvæmt gjaldskrá landssímans eða eftir reikningi fyrir það, sem gjaldskráin nær ekki til.

166 31. júlí

6. gr.

Í stað orðanna „samkv. 10. gr.“ í upphafi annarrar línu 11. gr. reglugerðarinnar komi: samkvæmt 13. gr.

7. gr.

Í stað orðanna „samkv. 11. gr.“ í lok fyrstu línu 12. gr. reglugerðarinnar komi: samkvæmt 14. gr.

Greinatala reglugerðarinnar breytist samkvæmt framangreindu.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 32 frá 17. maí 1918, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, reglugerð nr. 33 frá 17. maí 1918, um eftirlit með loftskeytasendingum til og frá íslenzkum loftskeytastöðvum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 31. júlí 1943.

Vilhjálmur Þór.

Guðmundur Hlíðdal.

167 3. ágúst

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Búlandsskólahverfi.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Búlandsskólahverfi.

1. gr.

Í umdæmi skóla- og barnaverndarnefndar Búlandshrepps er bannað að selja börnum innan 16 ára aldurs tóbak.

Bannað er og að gefa þeim tóbak eða stuðla á nokkurn hátt að því, að þau neyti þess.

2. gr.

Enn fremur er algerlega bannað, að veita eða selja börnum eða unglingum innan 17 ára aldurs eina eða aðra áfenga drykki eða á nokkurn hátt að halda slíku að þeim.

3. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum) svo og öðrum sælgætisvörum, sem að dómi barnaverndarnefndar eru óhollar börnum og unglingum.

4. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega eigi sækja skemmtanir, sem eingöngu eru dansleikir og aldrei dvelja á almennum skemmtunum lengur en til miðnættis.

Undanþágu frá þessu getur þó skólanefnd veitt.

5. gr.

Börn á skólaskyldualdri mega aldrei vera lengur úti við en til kl. 10 e. h. á tímabilinu frá 1. október til sumarmála, nema þá í för með fullorðnum, enda brjóti þetta ákvæði ekki gegn 4. grein.

6. gr. 167

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. 3. ágúst
Skal fara með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.
Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. ágúst 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

168
4. ágúst

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Suðureyrarkauptún, nr. 165 9. september 1939.

Í stað orðanna í 1. gr. reglugerðarinnar „bein lína úr Suðureyrartúnodda, yfir fjörðinn í Langodda" komi: Bein lína úr steini á Steinsengi í Kvíanesshlíð yfir fjörðinn í Ytri-Áreið milli Selárdals og Gilsbrekku.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 23 13. janúar 1938, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. ágúst 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

169
13. ágúst

um breyting á reglugerð nr. 59 30. maí 1921, um hafnargjöld í Reykjavík.

Gjöld samkvæmt reglugerð frá 30. maí 1921, um hafnargjöld í Reykjavík, skulu frá 15. ágúst 1943 innheimtast með 50% viðauka.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. ágúst 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

170
18. ágúst

REGLUGERÐ

fyrir barnaskóla S. D. Aðventista í Reykjavík.

I. Stærð skólahverfisins.

1. gr.

Skólahverfi barnaskóla S. D. Aðventista í Reykjavík nær yfir Reykjavík og nágrenni.

II. Tilgangur skólans.

2. gr.

Tilgangur skólans er:

a. að veita nemendum lögboðna fræðslu;
b. að efla líkamlegan þroska og heilbrigði nemenda, og
c. að hafa heillavænleg áhrif á skapgerð þeirra, hugsunarhátt og siðferði.

III. Skólaskylda.

3. gr.

Í skólanum er veitt inntaka skólaskyldum börnum í framangreindu skólahverfi (Reykjavík og nágrenni), enda hafi þau engan næman sjúkdóm, er geti orðið öðrum börnum að meini. Ef húsrúm og önnur skilyrði eru fyrir hendi, má og veita yngri börnum aðgang að skólanum, svo og börnum, sem heima eiga utan skólahverfisins, ef sérstök ástæða þykir til. Umsóknir um skólann skulu stílaðar til skólanefndar, og vera komnar til hennar fyrir 15. september ár hvert.

4. gr.

Forstöðumaður skólans skal í skólaársbyrjun senda viðkomandi skólanefnd skýrslu um þau börn, sem skólann sækja, og breytingar á því jafnóðum og þær verða.

IV. Kennslutími og leyfi.

5. gr.

Skólinn starfar eigi skemur en 7 mánuði ár hvert, eða frá 1. október til 30. apríl, og skulu öll skólaskyld börn, sem innritast í skólann, sækja hann þann tíma, nema lögmæt forföll hamli því.

6. gr.

Kennsla byrjar og endar dag hvern samkvæmt stundaskrá. Skólastjóri semur eða lætur semja fyrir byrjun hvers skólaárs starfsskrá fyrir skólaárið, og sendir afrit af henni til fræðslumálastjóra, þegar þess er óskað.

7. gr.

Leyfi skulu vera þessi: 1. Fyrsti desember. 2. Jólaleyfi, frá 19. desember til 6. janúar, að báðum dögum meðtöldum. 3. Öskudagur. 4. Páskaleyfi, frá Pálmasunnudegi til 3. dags páska, að báðum dögum meðtöldum. 5. Sumardagurinn fyrsti. 6. Hvítasunnuleyfi, frá laugardegi til þriðjudags, að báðum dögum meðtöldum.

V. Kennarar.

8. gr.

Skólanefnd ræður fasta kennara og ákveður starfssvið þeirra samkvæmt gildandi lögum. Hún ákveður og laun þeirra. Stundakennara og forfallakennara ræður

skólastjóri í samráði við skólanefnd. Annað starfsfólk skólans ræður skólanefnd í samráði við skólastjóra, og setur því erindisbréf ef þurfa þykir. 170 18. ágúst

9. gr.

Skólastjóri og skólanefnd bera ábyrgð á skólahaldinu og hefur skólastjóri umsjón og eftirlit með nemendum, kennurum og öðrum starfsmönnum skólans, skólanum og öllum eignum hans og áhöldum, samkvæmt sérstöku erindisbréfi.

VI. Nemendur.

10. gr.

Skólinn væntir þess af hverjum nemanda:
að hann sýni kennurunum virðingu og hlýðni;
að hann sé vingjarnlegur, hjálpsamur og kurteis við skólasystkini sín;
að hann mæti á réttum tíma í skólanum hreinn og þokkalega til fara;
að hann sé eftirtektarsamur í tímum og iðinn við námið;
að hann fari vel með bækur og áhöld, sem hann notar í skólanum, hvort sem það er eign sjálfs hans, félaga hans eða skólans;
að hann skrifi ekki á borð eða veggi skólans né geri annað það, sem veldur skemmdum eða lýtum á skólanum eða því, sem til hans telst;
að hann hagi sér prúðmannlega jafnt utan skólans sem innan.

Börnin skulu vera úti í stundahléum, þegar veður leyfir að dómi kennara.

Valdi nemandi skemmdum á skólanum eða því, sem honum er viðkomandi, er framfærendum hans skylt að bæta skaðann.

11. gr.

Börn skulu hafa með sér bækur og önnur áhöld, sem með þarf, eftir fyrirmælum kennara. Nú verður misbrestur á því þrátt fyrir ítrekuð tilmæli kennarans, skal hann þá leita til skólanefndar og er henni skylt að bæta úr þessu. Kostnaður, sem af þessu leiðir, skal greiddur úr skólasjóði, sem önnur gjöld til skólahalds, en endurkröfu á hann á hendur framfærenda barnsins, sé efnaleysi ekki um að kenna.

12. gr.

Börn, er sýkjast af næmum sjúkdómi, mega ekki sækja skólann fyrr en þau eru læknuð að fullu og öll smitunarhætta hjá liðin.

13. gr.

Geri barn sig sekt um ósæmilegt athæfi eða brjóti í bág við settar reglur skólans og fyrirskipanir og láti ekki skipast við fortölur, getur skólastjóri vísað því burt úr skólanum um stundarsakir. Nú telur skólastjóri nauðsynlegt að vísa barni burt úr skóla fyrir fullt og allt, sakir siðleysis eða einstakrar óhlýðni. Leggur skólastjóri þá málið fyrir skólanefnd, og getur hún þá ákveðið brottvikninguna í samráði við hann. Ákvörðunin skal þegar tilkynnt barnaverndarnefnd, sem ber að sjá um, að barninu verði komið fyrir á góðu heimili í sveit eða sérstöku hæli, ef þess er kostur. Geti framfærandi barnsins fyrir fátæktar sakir ekki staðizt þann kostnað, sem af þessu leiðir, skal hann að einhverju eða öllu leyti greiddur úr bæjarsjóði sem önnur útgjöld vegna fátækraframfærslu eða barnafræðslu, nema öðruvísi verði ákveðið með sérstökum lögum um meðferð vandræðabarna. Barnið er fræðsluskylt og prófskylt eftir sem áður.

VII. Próf.

14. gr.

Öll börn, sem skólann sækja og verða fullra 8 ára á árinu, eru prófskyld að vorinu og þar til þau ljúka fullnaðarprófi. Undanþágur frá prófskyldu má engar veita, nema þegar sjúkdómur, sannaður með læknisvottorði, eða aðrar knýjandi ástæður eru fyrir hendi.

15. gr.

Að jafnaði skulu börn ljúka fullnaðarprófi á því ári, er þau verða fullra 14 ára. Skólanefnd er þó heimilt í samráði við skólastjóra að veita yngri börnum fullnaðarprófsleyfi, þegar tryggt er, að þau njóti framhaldsfræðslu til 14 ára aldurs, sbr. ákvæði prófreglugerðar.

Nú nær 14 ára barn ekki fullnaðarprófi í íslenzku, skrift eða reikningi, er það þá skólaskylt og prófskylt næsta ár í öllum nefndum greinum.

16. gr.

Skólastjóri og prófdómari gefa út prófvottorð, sem afhendist hverju barni, er stenzt fullnaðarpróf. Fullnaðarprófsvottorð má þó ekki afhenda þeim börnum, sem fá aldursundanþágu, fyrr en full vissa er fengin um framhaldsnám.

VIII. Dagbækur og skýrslur.

17. gr.

Skólastjóri sér um að þessar bækur séu færðar og hefur þær í sinni vörzlu: 1. Prófbók. 2. Dagbók. 3. Bréfabók. 4. Nemendaskrá.

18. gr.

Skólastjóri varðveitir fræðslulög, reglugerðir, námsskrár, erindisbréf, dagbækur, skólaskýrslur og annað, sem fræðslu barna varðar.

19. gr.

Skólanefnd sér um eða felur skólastjóra, að semja og senda allar skýrslur um skólahald, skólahús, kennsluáhöld og hvað annað, er að skólahaldinu lýtur eftir því sem fræðslumálastjórnin mælir fyrir um.

IX. Námsgreinar.

20. gr.

Þessar námsgreinar skal kenna:

1. Íslenzku (lestur, réttritun, málfræði).
2. Skrift.
3. Reikning.
4. Átthagafræði.
5. Kristin fræði.
6. Sögu, landafræði og náttúrufræði.
7. Söng.
8. Teikningu.
9. Handavinnu.
10. Leikfimi.
11. Sund.

21. gr.

Um stundaskrár, námsefni og tilhögun prófa fer eftir námsskrá og prófreglum, sem fræðslumálastjórnin setur.

X. Heilbrigðismál. 170
18. ágúst

22. gr.

Um hollustuhætti skóla og heilsuvernd barna fer eftir reglugerð, sem heilbrigðisstjórnin setur og öðrum þeim ráðstöfunum, sem skólastjóri og skólanefnd telja þörf á og koma sér saman um á hverjum tíma.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt heimild í lögum um fræðslu barna, nr. 94 23. júní 1936, 19. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 18. ágúst 1943.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

171
20. ágúst

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. september til 31. desember 1943:

A. Fólksbifreiðir:		
1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8200	lítrar
2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutningabifreiðir	4100	—
3. Leigubifreiðir þær, sem uppfylla ákveðin skilyrði	2500	—
4. Einkabifreiðir:		
a. Læknabifreiðir	800	—
b. Almenn stærð, 5—6 manna	400	—
c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	300	—
d. Bifhjól	60	—
B. Vörubifreiðir:		
1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	2900	—
2. — 1½ tonn	2100	—
3. — ¾ til 1¼ tonn	1400	—
4. Vörubifreiðir, smábifreiðir	700	—

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmtunarhefti til annarra nota en bifreiðaaksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Benzínskömmtunarmiðar frá fyrri skömmtunartímabilum falla úr gildi 1. september þ. á.

171 20. ágúst

4. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannflutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. ágúst 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

172 23. ágúst

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Verksvið samþykktar og stjórn byggingarmála.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir alla verzlunarlóð Ísafjarðarkaupstaðar, þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, ef byggingarnefnd og bæjarstjórn mæla með því.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytingar á því, sem þegar hefur verið gert. Enn fremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skipti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

3. gr.

Stjórn byggingarmála er í höndum bæjarstjórnar. Byggingarnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um öll byggingarleyfi, og hefur umsjón með því að byggingarsamþykktinni sé fylgt.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda eða húseiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, getur hann skotið honum til ráðuneytisins.

4. gr.

1. Byggingarnefnd sé skipuð 5 mönnum samkvæmt bæjarstjórnarlögunum. Nefndin velur sér ritara og heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir, og undirskrifa allir viðstaddir fundarmenn hana í fundarlok. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.

   Gerðabókinni skal fylgja glögg skrá eða registur, svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar, um hverja einstaka eign, er til hennar tekur. Einnig skal haldin lóðabók, dagbók yfir öll bréf og bréfabók.

   Byggingarnefndarfundur er lögmætur, ef minnst þrír nefndarmenn sitja hann, auk bæjarstjóra.

2. Bæjarstjórn skal skipa byggingarfulltrúa, og setja honum erindisbréf með ráði byggingarnefndar. Ef ekki er völ á húsameistara eða verkfræðingi, skal hann vera vanur húsasmiður, eða á annan hátt fengin vissa fyrir því að hann sé starfinu vaxinn. Í erindisbréfinu má ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf, er hann leysir af hendi, sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni

þeirra. Þessi gjöld, svo og gjöld fyrir byggingarleyfi, skulu hafa lögtaksrétt, og renna þau í bæjarsjóð, en byggingarfulltrúi skal hafa þóknun fyrir starf sitt úr bæjarsjóði. Byggingarfulltrúinn skal hafa á hendi framkvæmd byggingamála, og eftirlit með þeim samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar.

Skylt er byggingarfulltrúa að sækja fundi byggingarnefndar, þótt eigi sé hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrétt á fundum hennar. Hins vegar hefur hann ávallt tillögurétt.

3. Byggingarnefnd getur heimilað þeim, sem hagsmuna hefur að gæta, að sækja fundi nefndarinnar.

4. Byggingarnefnd leitar aðstoðar sérfræðings í þeim málum er hana varða, en brestur sérþekkingu á.

5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55 27. júní 1921, ásamt viðaukalögum nr. 27 15. júní 1926 og nr. 64 11. júní 1938, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, er gerður skipulagsuppdráttur af kaupstaðnum, og fer um skipulagið samkvæmt ákvæðum þeirra laga, og uppdráttum, sem gerðir verða samkvæmt þeim.

II. KAFLI

Ákvæði um húsagerð.

Húsalínur.

6. gr.

Þar, sem húsalína er ákveðin, skal að minnsta kosti ein hæð af framhlið hússins fylgja henni.

Framskot og innskot getur byggingarnefnd leyft, ef æskilegt er vegna húsasniðsins.

Lóðagirðingar.

7. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að komið sé upp og haldið við sæmilegri girðingu um lóðir og óbyggð lönd þeim megin, er að götu veit, eða vegi innan þess svæðis, sem lög þessi ná til.

Nefndin ákveður, hvar og hvernig girðingar skuli vera.

Gaddavírsgirðingar má hvergi nota fram með götu eða vegi, og ber að nema í burtu þær gaddavírsgirðingar, er nú eru, og setja aðrar í staðinn, er byggingarnefnd samþykkir, innan eins árs frá þeim degi, er samþykkt þessi gengur í gildi.

Hornsneiðingar.

8. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, ef henni þykir nauðsynlegt vegna umferðar, að hús, sem reist eru á götuhornum og mynda hvassara horn en 135° við götu, veg eða torg, verði sniðin á horni. Sniðið sé eigi minna en 2.00 metrar, og myndi jafnstórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungumyndað, ef bungan á miðju nær ekki lengra fram úr fyrrgreindum sniðfleti en 0.50 metra.

Byggingarnefnd getur einnig veitt leyfi til, að hornsneiðing sé með öðru sniði en fyrr er greint, ef það er álitið æskilegt vegna húsasniðsins.

Framskot.

9. gr.

Grunnbrún („Sökkulband") má ekki ná lengra en 0.15 metra út í götu.

Framskot, bæði opin og lokuð, má gera út úr framhlið húss, ef æskilegt er talið vegna sniðsins.

172 23. ágúst

Ef húsalína og götulína fara saman, má ekki leyfa önnur framskot, sem byggð eru frá grundvelli, en súlur og undirstöðupalla, og mega þau eigi án leyfis byggingarnefndar, ná lengra en 0.20 metra út frá vegg. Ef hús stendur innan götulínu, má framskotið vera stærra, en þó má það eigi ná lengra fram frá húshlið en nemi helming bilsins milli húshliðar og götulínu. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

Veggsvalir og framskotsgluggar mega ekki ná lengra út frá húshlið en 0.80 metra, og eigi má skemmra vera frá stétt eða stíg upp undir slík framskot en 3.00 metrar. Standi hús innan húsalínu, fellur ákvæði þetta burtu.

Samanlögð breidd framskota má ekki fara fram úr þriðjungi af lengd húshliðar þeirrar, sem þau eru á, og ekki nær nágranna en 1½ sinnum dýpt þeirra.

Framskot mega eigi vera úr eldfimara efni en húsið, sem þau eru á. Þó getur byggingarnefnd leyft, með sérstökum skilyrðum, ef æskilegt er vegna hússniðsins, framskot, sem ekki fullnægja þessu skilyrði.

Gólf í öllum framskotum skulu vera þétt og vatni veitt frá þeim í rennu, sem frá þökum

Án leyfis byggingarnefndar mega veggbrúnir eða nokkur hluti þeirra hvergi ná lengra en 0.80 metra út frá ytri brún veggjar.

Inngöngurið og birtugrófir.

10. gr.

Inngöngurið mega ná allt að 0.20 metra út á götu. Nema skal hornin af neðsta þrepi á inngöngurið, er nær út í götu.

Birtugrófir má setja fram með hlið húsa, og mega ekki ná lengra út á gangstétt en 0.60 metra. Yfir þær skal setja þétt lok úr nægilega sterku járni eða gangstéttargleri.

Um hæð húsa.

11. gr.

1. Ef hæð húsa er ekki ákveðin á skipulagsuppdrætti, skal vegghæð húsa hvergi meiri vera en hálf götubreidd milli húsalína. Þó má hæðin aldrei fara fram úr 10.00 metrum á steinhúsum, en 8.00 metrum á timburhúsum.

   Ef götu hallar fram með húsi, skal tekin meðalhæðin. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna, en einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni, en þó eigi lengra frá horni (skurðpunkti húsalínanna) en framhlið hússins er með breiðari götunni.

2. Vegghæð húsa mælist frá gangstétt eða götu upp í skurðlínu þaks og veggflatar að utan. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næst liggja húsinu á báðar hliðar, svo fremi ekki eru miklar mishæðir á jarðvegi. Séu mishæðir miklar, skal vegghæð miðuð við jarðveginn umhverfis húsið.

   Standi hús við opið svæði, ákveður byggingarnefnd við hvaða stað vegghæðin skuli miðuð.

   Ef byggingarnefnd álítur æskilegt vegna útlits, að veggbrún haldi áfram í sömu hæð, getur hún veitt undanþágu frá ákvæði greinar þessarar um vegghæðina fyrir einstakt hús eða hluta af því.

3. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til, að byggja turna, kvisti, gafla og þess konar til skrauts. Þó má ekki samanlögð breidd slíkra útbygginga nema meiru en ⅓ hluta af lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru á.

   Gluggakvistir mega ekki vera nær nágrannamörkum en breidd þeirra nemur eða hæð, þó ekki nær en 1.50 metra. Að öðrum kosti sé eldvarnaveggur á kvist-

inum á þann veg, er veit að nágrannalóð. Stórir kvistir mega ekki vera nær lóða- 172
mörkum en 3.15 metra, nema eldvarnaveggur sé á þeirri hlið kvistsins, er veit 23. ágúst
að nágrannahúsi.

Þakhalli.

12. gr.

Rishalli á þökum þeirra húsa, sem byggð eru með þeirri vegghæð, sem frekast er leyfð (sbr. 12. gr.), má ekki meiri vera en nemi 45° horni við láréttan flöt.

Á húsum þeim, sem eru vegglægri en fyrr er nefnt, má þakhalli og lögun vera á hvern hátt sem er, ef útlitið að öðru leyti óprýðir hvorki húsið eða nágrannahúsin. Þó má enginn hluti þaksins ná lengra út frá vegg en 0.80 metra.

Byggingarnefnd getur þó ákveðið þakhalla eftir því, sem bezt þykir fara við svip götunnar eða nauðsyn þykir af öðrum ástæðum.

Íbúðarhæðir.

13. gr.

Í húsum úr steini eða steinsteypu má vera íbúð á tveimur hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) og þakhæð, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðlínu þaks og veggflatar og ekki meir en 1.25 metra fyrir neðan hana.

Í timburhúsum má íbúð vera á tveim hæðum.

Óbyggð lóð og aðgangur að baklóðum.

14. gr.

Ef ekki er sýnt á skipulagsuppdrætti hlutfallið milli lóða og bygginga, er á þeim eru reistar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbyggð lóð, eigi minni en sjálft hússtæðið. Jafnframt skal þess gætt, að 11. gr. skipulagslaganna um fjarlægð milli húshliða sé fullnægt.

   Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum:

   a. þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkun;
   b. ef um lóð er að ræða, sem áður er byggt á og liggur að tveimur götum eða nær ekki lengra inn frá húsinu en 15.00 metra;
   c. í bæjarhverfum, sem byggð eru að mestu eða öllu, ef brýnar ástæður mæla með því, þó því aðeins, að íbúðarherbergi fái nægilega birtu.
2. Bakhliðar húsa mega ekki vera hærri en tekið er fram í 11. gr. um götuhliðar. Þó getur byggingarnefnd leyft, ef hússtæðið hallast, að veggbrún götuhliðar haldi láréttri stefnu fyrir gafla og bakhlið, ef hæðarmunur götuhliðar og bakhliðar fer ekki fram úr 2.50 metrum.
3. Óþrifalega, óreglulega og þrönga stiga yfir lóðir getur byggingarnefnd bannað.
4. Bæjarstjórn getur ákveðið, að óbyggða lóðin skuli vera minni en fyrr er sagt, í þeim bæjarhlutum, þar sem eingöngu eru reist verzlunarhús, geymsluhús eða verksmiðjur.
5. Ekki má gera þak yfir óbyggða lóð nema með leyfi byggingarnefndar.
6. Að bakhúsum og hliðarhúsum skal vera greiður gangur frá götu, eigi mjórri en 1.25 metrar, ef aðeins er um gegnum gang fyrir slöngu að ræða, en 2.50 metrar ef bílfært þarf að vera. Séu fleiri bakgarðar á sömu lóð, skal að hverjum vera aðgangur, sem fyrr segir, nema þeir að öðru leyti séu í jafngreiðu sambandi hver við annan.

172
23. ágúst

Fjarlægð frá glugga að næsta húsi.

15. gr.

1. Á aðalsólarhlið húsa skal fjarlægð frá glugga í íbúðarherbergjum, skrifstofum, vinnustofum eða eldhúsi, að næsta húsi andspænis, nema að jafnaði að minnsta kosti tvöfaldri vegghæð þess húss fyrir ofan gólfhæð herbergisins, er um ræðir (sbr. 11. gr. c. skipulagslaganna). Ef næsta hús andspænis sólarhlið snýr gafli að, skal vegghæð þess talin upp í mitt ris.
2. Gæta ber þess, ef gömul hús eru hækkuð, að fullnægt verði ákvæðinu í 1. lið.

Sameiginleg, óbyggð lóð.

16. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að mjög óregluleg lóðamörk milli nágrannahúsa séu jöfnuð, svo að hverju húsi fylgi sæmilega heilleg lóð. Lóðareigendum ber að jafna á milli sín verðbreytingu þeirri, er þessi nýja lóðarskipting kann að hafa í för með sér. Ef samkomulag næst ekki, skera dómkvaddir menn úr deilumálum.

Skólpveita.

17. gr.

Ef skólpveita er í götu (sjá vatnalög nr. 15 20. júní 1923) er öllum þeim, er við götuna búa, skylt að leggja fullnægjandi skólpveitu frá húsi sínu í götuveituna, á sinn kostnað.

Undanþágu frá þessu ákvæði getur bæjarstjórn veitt, ef byggingarnefnd álítur kostnaðinn við veituna óhæfilega háan.

Ekki má veita skólpi eða þakrennsli inn á annars manns lóð, án hans samþykkis. Þó má veita skólpi eða þakrennsli í lokræsi gegnum annars manns lóð, ef byggingarnefnd telur það nauðsynlegt. Allan skaða, sem stafar af lagningu veitunnar, er húseigandi skyldur að bæta.

Skólpveita í húsum og utanhúss skal vera algerlega þétt, og þannig að gerð og efni að ekki stafi óheilnæmi frá henni. Á hana skulu settir vatnslásar, sigti og annað, sem með þarf, svo ekki komi óloft frá holræsinu, eða niður í það komist annað en rennandi vatn.

Sambygging.

18. gr.

Í sambyggðum húsaröðum skulu öll hús byggð á lóðamörkum, nema skipulagsuppdráttur sýni annað.

Byggingarnefnd getur bannað, að hús séu byggð með lágum millibyggingum.

Undirstöður.

19. gr.

Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innanhúss niður á fastan jarðveg og ekki grynna en 1.50 metra í jörð niður, þar sem föst klöpp er ekki ofar.

Ef hús er reist fast að nágrannalóð, skal grafa undirstöður eldvarnarveggs og 1 metra af hliðarveggjum, er frá honum liggja, niður fyrir væntanlega kjallaradýpt nágrannahúss.

Aðrar undirstöður grafist niður eftir þörfum. Undirstöður íbúðarhúsa og allra húsa, sem tvílyft eru, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím eða gera þær úr stein-

steypu. Undirstöður steinhúsa skal gera þannig frá föstum jarðvegi, en undirstöður timburhúsa má gera úr lausagrjóti, þó ekki hærra upp en svo, að ekki sé grynnra á lausagrjótið en 0.70 metra. 172 23. ágúst

Undirstöður úr lausagrjóti einu getur byggingarnefnd leyft undir litlum og lágum timburhúsum, eða þegar sérstaka ástæður eru fyrir hendi og næg trygging fyrir að óhult sé.

Varnarlög.

20. gr.

Rakavarnarlag skal leggja í undirstöður allra húsa, nema lítilla geymsluhúsa. Þar, sem kjallari er gerður, skulu lögin vera tvö. Skal hið neðra lagt í alla kjallaraveggi 5 sentímetrum fyrir neðan yfirborð kjallaragólfs, en hið efra í alla útveggi 10—20 sentímetra fyrir ofan jarðflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Þar, sem ekki er kjallari, nægir eitt rakavarnarlag, og má það koma ofan á undirstöður, en ávallt neðar en allir gólfviðir. Ef gólf er úr timbri og ekki nægilega varið jarðraka, skal vera minnst 0.40 metra autt bil frá jarðlagi upp að gólfi, og á múrnum vera loftop, minnst eitt á tveimur andstæðum veggjum.

Rakavarnarlög skulu gerð úr sementi og sandi til helminga og sé að þykkt 1—2 sentímetrar, eftir staðháttum, og jarðbikað að ofan, þegar steypan er orðin þurr. Í stað jarðbiks má nota þakhellur, lagðar í sement eða annað vatnshelt efni, sem byggingarnefnd samþykkir. Þar, sem neðsta gólf nemur við jörðu, eða kjallaragólf er í íbúð, skal gólfið allt varið jarðraka á þann hátt, er byggingarnefnd samþykkir.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef um „skúta" eða lítil útihús er að ræða.

Eldvarnarveggir.

21. gr.

1. Eldvarnarvegg má ekki gera að jafnaði nema þar sem ákveðið er að reisa sambyggð hús, þannig að byggt verði að honum síðar.
2. Alla útveggi, sem eru nær nágrannalóð en 3.15 metra, skal gera sem eldvarnarveggi.
3. Við hús, sem nú stendur nær nágrannalóð en 3.15 metra, skal gera eldvarnarvegg, þegar höfuðaðgerð fer fram á því.
4. Eldvarnarveggi skal gera úr steinsteypu eða grjóti, lögðu í sementsblöndu. Þeir skulu ná 0.16 metra upp fyrir þak, eða fast að yzta lagi á þaki (bárujárni, hellum o. þ. h., sjá 11. lið þessarar greinar), og mega hvergi þynnri vera en 0.20 metra, en að öðru leyti ákveður byggingarnefnd þykkt þeirra í hvert skipti. Á þeim mega hvorki vera gluggar né önnur op.
5. Eldvarnarveggur getur verið sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur við bæði húsin og tekur 0.16 metra upp fyrir þak hærra hússins.
6. Þak má ekki hallast að eldvarnarvegg, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.
7. Timburveggur að innri brún reykhafs má ekki koma nær úthlið eldvarnarveggs en að 0.23 metrar séu fyrir utan. Langbönd til að festa þakið má þó steypa í vegginn.
8. Sementsdraga ber eldvarnarveggi, er ekki verður byggt upp að um langan tíma að dómi byggingarnefndar, og ef útlit er fyrir, að eldvarnarveggur standi þannig um ófyrirsjáanlega langan tíma, ber að ganga svo frá honum, að útlit hans verði ekki lakara en útveggja úr steini.

172 23. ágúst

9. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg, skal þinglesin skuldbinding um, að hvorugur eiganda geti rifið vegginn meðan annað húsið stendur.
10. Eldvarnarveggir skulu, ef um timburhús er að ræða, bundnir við grind og þakviði, á þann hátt er byggingarnefnd tekur gilt.
11. Í sambyggðum húsaröðum skal eldvarnarveggur vera í báða enda á hverju húsi, og skulu þeir alls staðar ná fast upp að yztu húð þaksins (bárujárni, hellum o. þ. h.), en ekki þurfa þeir að ná upp fyrir þak þéttara en á 60.00 metra millibili, þegar um steypuhús með steyptum loftum er að ræða.
12. Eldvarnarveggi má ekki gera úr holsteini nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, og má samanlögð þykkt steypunnar aldrei vera minni en 0.18 metrar.

Þök.

22. gr.

1. Sperrur og skammbitar mega ekki grennri vera en 10×10 sentímetrar (4″×4″), þegar hafið er allt að 3.15 metrum. Hafið skal mælt á loftbita beint niður undan sperrum og skammbitum. Við hverja 0.32 metra, sem hafið vex, skulu þessir viðir vera 1.3 sentímetra gildari á hvern veg. Nota má viði af öðrum gildleik en hér er tiltekið, ef samur er styrkleikinn.

   Bilið á milli sperra, talið frá miðju og á miðju, má vera allt að 1.00 metra, undir málm- og pappaþök á timbursúð, en allt að 0.80 metra undir torf, hellu og steinþök.
2. Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki séu þynnri en 2½ sentímetri (1″) og þar yfir bikpappi og bárujárn, ekki þynnra en 34 B. W. G. eða annað óeldfimt efni, sem byggingarnefnd tekur gilt.
3. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakvið og studdir af þeim.
4. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

Trébitar, trégólf og milligólf.

23. gr.

1. Trébitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja skulu ekki strjálli en svo, að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sé að meðaltali ekki yfir 0,80 metra og hvergi meira en 1.05 metra.

   Þar, sem milligólf er, skulu trébitar ekki grennri vera en 0.16 metra (6″) á hæð og 0.13 metra (5″) á breidd, þegar bitahafið er allt að 3.15 metrar, og skal hæð þeirra vaxa um ekki minna en 2.5 sentímetra, og breidd um 1.3 sentímetra fyrir hverja 0.63 metra, sem hafið fer fram úr 3.15 metrum.

   Þar, sem ekki er milligólf, mega bitar vera 1.3 sentimetrum grenni en hér er ákveðið. Nota má bita með öðrum gildleik en hér er ákveðið, ef styrkleikinn er samur eða meiri, þó má hlið bita ekki vera meiri en tvöföld breidd þeirra, nema því aðeins að bitarnir séu skorðaðir hver gegn öðrum með krossböndum milli efri og neðri brúnar á víxl. Bilið milli skurðanna ákveður byggingarnefnd í hvert sinn.
2. Séu húsveggir gerðir úr steini eða steypu, skal að minnsta kosti þriðji hver biti festur við vegginn í báða enda með sterkum járnakkerum. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir með járnakkerum á þriggja metra bili inn í bitalög.
3. Timburgólf skal vera úr plægðum borðum, ekki þynnri en 3.2 sentímetra (1¼″).

   Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur. Í gólfi og lofti íbúðarherbergja skal vera milligólf úr borðum, ekki þynnri en 2

sentímetra (¾″), er fest sé annaðhvort á sterka lista, sem negldir eru á bitana, eða í mót á hlið þeirra, enda séu þeir þá að dómi byggingarnefndar þeim mun sterkari en að framan er ákveðið, sem til þess þarf. Ofan á borðin komi 5 sentímetra þykkt lag af deiglumó, móhellu, þurrum mó, steinsteypu eða öðru efni, sem ekki er lakara né veldur óheilnæmi eða fúa, og sé það þurrt áður en gólfborð eru lögð yfir. Sé gólftróðið úr efni, sem hætt er við að valdi ryki, skal leggja pappa undir tróðið. Í loftum milli íbúðarherbergja má í sömu íbúð, með samþykki byggingarnefndar, sleppa milligólfi. Að öðru leyti getur byggingarnefnd veitt ívilnanir um milligólf, þegar gild ástæða þykir til. Þar, sem milligólf er undanfelt, skal gólfið vera tvöfalt, annaðhvort þiljað neðan á bita eða á milli þeirra, eða í þess stað sett annað jafngott lag, sem byggingarnefnd tekur gilt. 172 23. ágúst

4. Þar, sem bitar ganga út í steypu- eða steinveggi, skal bera á þá rakaverjandi efni.
5. Endabitar mega ekki liggja nær útvegg en 5 sentímetra og gólf ekki nær en 2 sentímetra.

Stigar.

24. gr.

Í öllum þeim húsum, sem reist eru úr eldfimu efni og eru yfir eina hæð, skal vera óhindraður aðgangur að tveimur stigum (aðalstiga og bakstiga), ef fjarlægð frá neðri brún á glugga að jörðu er yfir 5.00 metra. Í húsum úr eldtraustu efni má hafa einn stiga, ef íbúðirnar, sem að honum liggja, eru ekki fleiri en 6, þar með taldar íbúðir á þakhæð.

Í húsum úr eldtraustu efni, sem að dómi byggingarnefndar eru aðallega notuð til verzlunarbúða, má hafa einn stiga, þó hærri séu en 2 hæðir. Ekki má hafa íbúð á lofthæð í slíkum húsum nema milliveggir og þak sé gert eldtraust.

Greiður gangur skal vera úr hverri íbúð og öllum herbergjum hennar að stiga eða báðum, ef tveir eru, án þess að þurfa að fara um nokkurt herbergi eða hluta annarrar íbúðar. Frá lögskipuðum stiga sé greiður útgangur ekki þrengri en stiginn.

Undanfarandi ákvæði um stiga taka ekki til herbergja, sem um getur í 33. gr., ef byggingarnefnd viðurkennir annan aðgang fullnægjandi.

1. Stigar skulu vera í sérstökum lokuðum stigahúsum, sem hafa nægilega birtu og loft. Gluggar mega eingöngu vera á útveggjum eða yfir forstofu eða yfir ganghurð eða á hurðinni. Byggingarnefnd getur leyft glugga á veggjum aðliggjandi herbergja, ef þeir eru úr eldtraustu gleri.

   Ef stigahúsið er úr steini eða steypu, skal setja glerið í múrgreypta járnumgerð.

   Stigi, sem tengir saman tvö herbergi í sömu íbúð, þarf ekki að vera í sérstöku stigahúsi.

   Þak og gólf í eldtraustu stigahúsi skulu vera eldtraust, eða varin með eldtraustu efni. Í slíku stigahúsi má ekki gera skápa úr tré, eða þiljur á veggjum, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar.
2. Allir tréstigar skulu hafa steinlímshúð aftan á baki og neðan á pöllum, eða eldvarðir á annan tryggilegan hátt.
3. Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, ekki þynnri en 0.20 metra, og ekki minna en ein hurð skrálæst á leiðinni frá öðrum stiganum til hins í hverri íbúð. Veggir, sem stigar úr steini eða steypu eru hlaðnir eða steyptir í, þannig, að veggurinn ber stigann, skulu svo þykkir sem sagt er í 34. gr., 3. c.
4. Aðalstigi má ekki mjórri vera en 1.00 metri, og bakstigi ekki mjórri en 0.66 metra. Þó getur byggingarnefnd leyft, að í minni húsum sé aðalstigi 0.75 metra á breidd, ef íbúðarherbergi eru aðeins á tveimur hæðum (ekki þakhæð).

172 23. ágúst

5. Á öllum stigum skulu vera handrið, um 0.80 metra há, með svo þéttum spelum, að ekki sé hætta á að barn falli niður milli þeirra.
6. Breidd stiga, sem um ræðir í samþykkt þessari, er gangbreidd milli veggjar og handriðs eða á milli handriða, ef tvö eru.

   Ef veggir eru beggja megin að stiga, má ekki mjórra vera á milli þeirra en 0.80 metra á smáum húsum og 1.00 metri í stærri húsum.

   Ganghæð stiga má að jafnaði hvergi minni vera en 2.00 metrar, og skal hafa vídd stigagata eftir því. Þó getur byggingarnefnd leyft minni ganghæð á minni húsum, ef nauðsyn þykir.
7. Stigar skulu svo gerðir, að hvert skref í þeim sé 0.63 metrar. Skref í stiga skal talið eitt framstig og tvö uppstig samanlögð. Framstig er þrepsbreidd lárétt milli brúna, mælt á ganglínu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, en þó ekki fjær ytri brún hans en 0.50 metrar, þótt stiginn sé breiðari en 1.00 metri. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig á aðalstiga má ekki vera mjórra en 0.23 metrar, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, og bakstigum ekki mjórri en 0.17 metrar.
8. Ef sérstakir örðugleikar eru á því, að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum, ef íbúunum stafar engin hætta af.
9. Ákvæði þessarar greinar ná ekki til herbergja þeirra, sem eigi eru notuð til íbúðar og ekki mikill umgangur um, t. d. vörugeymsluhús og skemmur, og ákveður þá byggingarnefnd í hvert sinn, hvernig stigum skuli hagað.

Eldtraustur umbúnaður.

25. gr.

Eldtraustur umbúnaður er það:

a. að allir veggir, loft og gólf séu úr eldtraustu efni, eða klædd efni, er ráðuneytið telur eldtraust;

   Hurðir, veggþiljur, listar og gluggaumgerðir mega vera úr tré.
b. að allir stigar og stigagöng, og göng, sem tengja íbúðir við stiga, götu, bakgarða eða akdyr, séu úr steini, steinsteypu eða öðru eldtraustu efni. Handrið og fóður á framstiga má vera úr tré;
c. að stigagöng og göng að þeim séu ekki í beinu sambandi við búð, vörugeymslu eða verkstæði.

Gluggaop, hurðaop og önnur op í útveggjum.

26. gr.

Öll op í útveggjum skulu vera lokuð með hlera, grind, hurð eða glugga, nema byggingarnefnd veiti undanþágu frá því.

Hurðir eða gluggar, sem opnast út á opið svæði eða götu, mega aldrei opnast út fyrir götulínu. Þó nær þetta ekki til glugga, sem eru hærra frá götu en 2,10 metra.

Á samkomuhúsum skulu vera nægilega margar og góðar útidyr. Allar hurðir í umferðadyrum skulu falla út og svo umbúnar, að umferð stafi enginn háski eða hindrun af.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þakgluggar.

27. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að á stórum húsum, tveggja hæða eða hærri, sé að minnsta kosti einn þakgluggi, sem má opna, að stærð ekki minni en 0.50×0.50 metra. Bæði glugginn og karmurinn sé úr járni eða klætt eldtraustu efni.

Þakrennur.

28. gr.

Á öllum húsum, sem framvegis eru reist innan þess svæðis, sem samþykkt þessi nær til, skal setja þakrennur með veggrennum svo löngum, að op þeirra sé í mesta lagi 0.16 metra fyrir ofan gangstétt eða götu.

Sé holræsi frá húsinu, skal þakvatni veitt í það neðanjarðar, nema byggingarnefnd geri aðra skipun.

Ef nauðsynlegt er vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur byggingarnefnd krafizt þess, að settar séu þak- og veggrennur á hús, sem reist eru áður en samþykkt þessi gengur í gildi.

Reykháfar og sóphurðir.

29. gr.

1. Allir reykháfar frá eldstæðum skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri undirstöðu eða á föstum jarðvegi, eða að öðrum kosti hvíla á eldtraustri múrhvelfingu eða á palli milli tveggja steinveggja, en aldrei mega þeir standa á trébitum.
2. Loftrás má aldrei setja í reykháf, nema sérstakar ástæður komi til greina og leyfi byggingarnefndar sé fengið í hvert sinn.
3. Hliðar reykháfsins skulu að minnsta kosti vera 0.12 metra á þykkt, og vídd hans að innanmáli eigi minni en 0.23 metra á hvern veg eða að þvermáli. Þó má leyfa 0.18 metra vídd, ef eldstæði eru ekki fleiri en þrjú.
4. Þar, sem reykháfur gengur í gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og eins þar sem hann gengur í gegn um þak, og skal vera að minnsta kosti 0.17 metra bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna.

   Þó má sleppa járnklæðning, ef bil er gert milli reykháfs og viða, ekki minna en 0.23 metra, og skal þá múrað eða steypt milli reykháfs og viða. Ekki má þilja reykháf utan né klæða hann borðum eða láta um hann veggfóður, sem límt er á lista. Byggingarnefnd getur aðeins leyft að láta einfalda fótlista og loftlista utan um reykháfinn.
5. Reykháfur má hvergi hallast meira en 45° frá lóðréttri línu, skal hann þá hvíla á múr eða tréskorðu, og vera múrað milli skorðu og reykháfs, svo innanmál hans sé ekki nær skorðunni en 0.23 metra.

   Reykháfur má ekki hallast fram yfir stiga. Hornin, sem myndast við beygjuna, skulu kringd.
6. Reykháfur skal ná að minnsta kosti 1 metra upp fyrir húsmæni, en komi hann upp úr þakhlið, ákveður byggingarnefnd í hvert sinn hæðina, og sé hæðin þó ekki minni en 1.50 metra upp frá þaki.

   Byggingarnefnd getur ákveðið að verksmiðjuhús og önnur hús, sem mikill reykur kemur frá, hafi hærri reykháfa.
7. Inn í 0.23 metra víðan reykháf má ekki setja reykpípu frá fleiri eldfærum en 8, og skal jafnan hafa járnkraga í reykháfnum utan um hverja pípu, þannig gerð-

172 23. ágúst

an, að pípan geti ekki ýtzt inn í reykháfinn. Reykháfur sé þeim mun víðari, sem honum er ætlað að leiða reyk frá fleiri eldstæðum en hér er talið.

8. Innanhúss má sérstæður reykháfur standa óstuddur á allt að 8 sinnum meiri hæð en breidd hans nemur að ummáli.
9. Ef svo mikill reykur á að fara um reykháf, að byggingarnefnd telji líklegt að óþægindi stafi af honum fyrir þá, er nærri búa, skal gera reykháfinn svo háan og víðan, sem byggingarnefnd ákveður. Ef byggingarnefnd álítur að hæð sú, er ákveðin hefur verið, nægi eigi framvegis, getur hún krafizt þess, að reykháfurinn sé svo gerður, að unnt sé að hækka hann síðar.

   Ef reykháfur veldur óþægindum þeim, er nærri búa, er eigandinn skyldur að hækka reykháfinn, eftir skipun byggingarnefndar, án tillits til þess hvenær reykháfurinn var gerður.
10. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgerð. Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar getur byggingarnefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina, og engin eldhætta stafar af.

Eldstæði, miðstöðvarupphitun og reykpípur.

30. gr.

1. Eldstæði má því aðeins setja í herbergi, að veggir sé þéttir (t. d. ekki rimlaveggir). Ef herbergið er lægra en 2.00 metrar, skal loft, gólf og veggir vera úr eldtraustu efni.
2. Ofna og eldavélar má ekki setja nær timburvegg en svo, að 0.21 metrar séu á milli.
3. Pípur frá ofnum og eldavélum mega ekki koma nær tré en svo, að 0.21 metrar séu á milli. Þær skulu liggja í reykháf, og mega ekki liggja um herbergi, sem eldfim efni eru geymd í.
4. Ef eldstæði eru nær trévegg en 0,21 metra, skal setja minnst 0,12 metra þykkan vegg úr steini eða steypu í staðinn fyrir trévegginn, á ekki minna svæði en svo, að hvergi sé skemmra en 0,21 metra frá eldstæði að timbri.
5. Eldavélar má setja á trégólf, ef að minnsta kosti 0.11 metrar eru frá gólfi upp að botni á eldavél og á milli séu tvö lög af tígulsteini, hlöðnum í binding og steinlím eða steypugólf jafn þykkt, eða að gólfið sé þakið járnþynnum eða öðru eldtraustu efni.
6. Ofnar skulu standa á múruðum eða steyptum fæti, eða á járnfæti, sem annað hvort er opinn eða fylltur múr eða steypu. Sé rist í botni ofnsins skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá undir skúffunni vera járnþynna, er fyllir út í holið minnst 5 millimetra frá gólfi.
7. Þar, sem ofnar eða eldavélar standa á trégólfi, skal gólfið fram undan eldstæðum þakið eldtraustu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnan eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minnsta kosti 0,32 metra fram á gólfið fram fyrir ofninn eða eldavélina, til hliðar og aftur fyrir, nema veggir séu nær.
8. Í herbergjum, sem ætluð eru fyrir katla til miðstöðvarhitunar, skulu gólf, loft og veggir gerðir úr steini eða steypu. Þó má leyfa tréloft með steinlímshúð að neðan. Ketillinn skal standa á grunnmúr eða járnbentu steingólfi, sem hvílir á traustum steinveggjum. Ef um mjög litla miðstöðvarkatla er að ræða, getur byggingarnefnd leyft, að þeir séu í herbergi með gólfi, veggjum og lofti úr tré, en ætíð skal svo um búið, að byggingarnefnd telji öruggt fyrir eldhættu frá miðstöðvarkatlinum.
9. Reykpípur mega aldrei liggja út úr útvegg, en skulu ætíð ganga í reykháfinn. Eigi má reykpípan, á leið út í reykháf, liggja gegnum annað herbergi á lengra

svæði en 4.00 metrum, og er þá bilið talið frá ofni að reykháfi. Skal pípan þá 172
ætíð vera úr steypujárni. Reykpípa má eigi vera nær tré en 0,21 metra. Ef hún 23. ágúst
liggur gegnum trévegg eða þak, skal múrað kringum hana, svo að ytri hlið hennar verði eigi nær tré en 0,21 metra.

Ef hné er á reykpípu, skal það vera með spjaldi, sem hægt er að taka af til að hreinsa pípuna.

Íbúðarherbergi.

31. gr.

Íbúðarherbergi og herbergi, sem dvalið er í mikinn hluta dagsins, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Útveggir í herbergjum skulu svo gerðir, að þeir veiti nægilega vernd gegn kulda og raka.
2. Lofthæð skal vera minnst 2,50 metrar, þó getur byggingarnefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina, allt að 0,20 metra minni lofthæð. Ef loftbitar eru sýnilegir skal lofthæð mæld upp að neðri brún þeirra.

   Í gömlum húsum má þó leyfa minni hæð, sömuleiðis í þakherbergjum, þó má hæðin aldrei minni vera en 2,15 metrar.
3. Ef herbergi er undir súð, verður að minnsta kosti helmingur af gólffleti þess, og aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2.30 metra. Byggingarnefnd getur þó veitt sömu undanþágu, sem um getur í 2. lið.
4. Ekkert herbergi má mjórra vera en 1.70 metrar, og gólfflöturinn minnst 6 fermetrar.
5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu eða opnu svæði. Ljósmál glugga má minnst vera $\frac{1}{12}$ af gólffletinum, og skal vera hægt að opna hann.
6. Byggingarnefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að koma glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að hæglega megi opna hann.

Kjallaraíbúð.

32. gr.

Um kjallaraíbúðir gilda ákvæði laga nr. 57 frá 14. júní 1929, um íbúð í kjöllurum.

Herbergi til ýmissa nota.

33. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar, skulu hafa nægilegt ljós og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu, nema byggingarnefnd telji, að ekki stafi mikil óþægindi af vatnsgufu frá því, fyrir þá er um götuna fara.

Í þvottahúsunum skal vera þétt steypugólf. Þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá því, ef nauðsyn þykir.

Hæfilega mörg vatnssalerni skulu fylgja hverju húsi, þó eigi minna en eitt fyrir hverjar tvær fjölskyldur. Gólfflötur salerna skal eigi vera minni en 0.80 × 1.00 metri. Þá skal og fylgja hverju húsi klefi með steypibaði eða kerlaug. Enn fremur nægilegt húsrúm til geymslu.

Veggir steinhúsa.

34. gr.

1. Veggir steinhúsa séu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara og einnig

172 23. ágúst

í kjöllurum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari blöndu en 1:3½:6 (þ. e. einn hluti sements móti 3½ hlutum sands og 6 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvors tveggja). Undirstöðu má gera úr steypu 1:4:8.

Ef notuð er önnur gerð steypu en fyrr er sagt, t. d. holsteinar, skal byggingarnefnd leita sér upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir að hús séu byggð úr þeim.

Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllurum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því aðeins nota, að það sé sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en nemi allt að helmingi veggþykktar. Ekki skulu steinar þéttari en svo, að auðvelt sé að þjappa steypunni á milli þeirra svo holulaus verði. Alls staðar skal vera smágerð steypa á milli steinanna, og að öðru leyti svo sterk, sem fyrr segir.

Öll steypuefni séu sterk, hrein, ófúin, ófrosin og að öllu leyti óskemmd, laus við mold og lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sé ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentímetra víðan hring.

2. Þykkt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1:3½:6, skal vera sem hér segir:

a. Þykkt hliðarveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vanalegum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0.22 metra á þykkt, á næstu hæð fyrir neðan 0.25 metra og næstu þar fyrir neðan (í kjallara) 0.32 metra á þykkt.

Ef gólf er úr timbri, skulu veggþykktir vera 0.24, 0.30 og 0.34 metrar.

Ef húsið er portbyggt, skal portið hafa sömu þykkt og veggurinn á næstu hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0.70 metrum. Sé portið hærra, skal það gert með veggþykkt sem full hæð væri.

Ef byggingarnefnd telur, að svo langt sé milli burðarveggja, eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáist nægur bindingur í húsið, getur hún krafizt þess, að burðarveggir séu gerðir svo traustir, sem hún álítur með þurfa.

Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum, t. d. samkomuhús, verzlunarhús o. þ. h., eða ef vegghæð fer fram úr 3.00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafizt, að styrkleiki allra burðarveggja sé ákveðinn af sérfróðum manni.

b. Gaflveggir, sem járnbent steypugólf hvíla á og á eru glugga- eða dyraop, skulu hafa sömu þykkt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan efsta gólf (hér með talið ris) með sömu þykkt og efsta hæð. Gaflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr tré), mega vera 0.21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0.32 metra.

c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykkt útveggja en hér segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé önnur en fyrr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Byggingarnefnd getur leyft þynnri útveggi en fyrr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eiginn þunga.

Í smá skútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggi en fyrr er sagt, þó verður byggingarnefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0.19 metra þykkir, þó þeir séu þykkari milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0.26 metra.

3. a. Burðarveggir innanhúss séu á þykkt í efstu hæð 0.16 metra, og þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins við hverja hæð um 3 sentímetra. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0.14 metra. 172 23. ágúst

Ef burðarveggir hafa, að dómi byggingarnefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé aukin eða styrkleiki veggjarins aukinn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til.

b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir né stigar hvíla á, skulu vera ekki minna en 0.12 metra þykkir. Sé hafið stutt, má þykktin þó vera allt að 0.08 metra.

c. Veggir þeir, sem stein- eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0.18 metra, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins um 3 sentímetra. Stigahúsveggir, sem liggja að tréstiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.

d. Ekki má skerða þykkt veggja, sem um getur í a, b og c-lið, á þann hátt, að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur, þó er leyfilegt að setja þaklægjur („múrlektur") undir þverbita á þaki.

e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki vera meiri en helmingur af allri lengd veggjarins. Byggingarnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en ⅓ af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðum megin við hann, né á neinn veg þynnri en samsvarar ⅛ af hæð hans, nema í honum sé járnbendingur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem byggingarnefnd er kunnugt um að sé nauðsynlegur.

4. Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþykkt en fyrr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleik þeirra. Ef þykkt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því, sem byggingarnefnd telur þurfa. Byggingarnefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu, eða steypu, sem er sterkari og þéttari en hér hefur verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið hefur verið í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sérfróðs manns og byggingarnefnd telur vegginn fullkraustan.

5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini skulu gerðir með sama styrkleika og hér er sagt um steypuveggi. Byggingarnefnd dæmir um hvort þeirri kröfu sé fullnægt.

6. Útveggi úr steini eða steypu skal slétta utan með sementshúð ofanjarðar. Þó nægir að bursta veggi utan með sementsblöndu, ef byggingarnefnd samþykkir.

7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steyptir eru eða hlaðnir úr grásteini, steyptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu, með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd tekur gilt.

8. Ekki má múra eða gera steypu í frosti eða úr frosnu efni.

Steypuloft og steypustigar.

35. gr.

Byggingarnefnd getur því aðeins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sérfróður maður hafi áður gert áætlun um styrkleika þeirra, þó getur byggingarnefnd veitt und-

172 23. ágúst anþágu frá þessu, ef um mjög lítil gólf er að ræða. Maður sá, er vinnur að verkinu, skal að dómi byggingarnefndar vera hæfur til þess.

Járnbent steypa sé blönduð 1:2:3.

Veggir timburhúsa.

36. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykkt vera ekki undir 0.24 metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0.20 metra. Ef um stærri hús er að ræða, getur byggingarnefnd aukið þykkt veggjanna frá því, sem fyrr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsbygginga, skal vera vandað og óskemmt.
   a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er allt að 3.00 metrum og herbergisdýpt allt að 4.50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10 × 10 sentímetrar (4 × 4″), á neðri hæð, 10 × 13 sentímetrar (4 × 5″) og hornstafir 13 × 13 sentímetrar (5 × 5″). Sé hæðin meiri, eða allt að 4.00 metrum, og herbergjadýpt allt að 5.50 metrum, skal þykkt stafanna út og inn aukin að minnsta kosti um 2½ sentímetra (1″). Í stærri húsum ákveður byggingarnefnd gildleika stafanna. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleika á stöfum en fyrr er sagt, ef hún álítur, að styrkleikinn verði nægur.

   Stafir skulu ekki vera strjálli en svo, að í minnsta lagi komi einn stafur á hverja 1.25 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1.60 metrar, nema byggingarnefnd leyfi sérstaklega.

   Milli allra stafa skulu vera skorður („lausholt“) og í hverjum vegg eigi minna en tvær spyrnur („skáskífur“). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en 30° við lóðrétta línu. Skorður skulu eigi vera grennri en stafir.

   Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendunum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Ofan á bitaenda komi staflægjur („undirstokkar“) jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en 6½ sentímetri (2½″). Niður undan stöfum skal fella tré á milli aurstokks og undirstokks.

   Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

   Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk, með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

   Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

   b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr plægðum borðum, 2½ sentímetra (1″) þykkur, og skal negla þau vandlega í alla viði grindarinnar.

   Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er byggingarnefnd samþykkir.

   Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, ef húsin standa sérstæð og að dómi byggingarnefndar engin eldhætta stafar af þeim. Innan á grind skal settur pappi og plægt þil, ekki þynnra en 2 sentímetrar (¾″), eða annað lag ekki lakara.

   c. Grind burðarveggja innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en 10 × 10 sentímetra (4 × 4″) á neðri hæð, og 8 × 10 sentímetra (3 × 4″) þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri viði, ef byggingarnefnd álítur að styrkleikinn sé nógur. Byggingarnefnd getur krafizt gildari viða, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staflægjur, stafi, skorður og spyrnur. 172 23. ágúst

d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr plægðum borðum tveggja sentímetra (¾″) þykkum, eða annað lag ekki lakara, sé hvorum megin, og 3.2 sentímetra (1¼″) þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggi, sem tveir stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.).
e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum („battingum").
f. Í timburveggjum sé samanlögð breidd glugga og dyraopa mæld á milli stafa ekki meira en hálf lengd veggjar, nema byggingarnefnd veiti sérstakt leyfi til.
g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

Fjarlægð húsa frá nágrannalóð.

37. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrannalóð en 3,15 metrar, nema eldvarnarveggur snúi að lóðinni (sbr. 21. gr.). Timburhús án eldvarnarveggs má eigi vera nær nágrannalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágranna veit, þó eigi nær en 5.00 metrar. Byggingarnefnd getur veitt ívilnanir niður í 4.00 metra, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Stærð timburhúsa.

38. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambyggð en svo, að flatarmál fari fram úr 350 fermetrum. Þó getur bæjarstjórn fært bæði þessi hámörk til, þegar nauðsyn þykir.

Skemmur og vörugeymsluhús.

39. gr.

Skemmur og vörugeymsluhús eru engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og þurfa þær ekki hærri að vera en 2.00 metrar, þó má vegghæð, mæld upp að skurðlínu þaks og veggjar, ekki vera yfir 8.00 metra. Ef geymd eru eldfim efni í skemmu eða vörugeymsluhúsi úr tré, skulu þau vera í sérstöku herbergi, með eldtraustum veggjum, gólfi og lofti.

Glugga- og dyraumgerð.

40. gr.

Glugga- og dyraumgerðir skulu að jafnaði vera gerðar úr plönkum, ekki þynnri en 5 sentímetrar (2″). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbónlíni, eða öðru efni ekki lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal í útveggjum, sérstaklega í steinhúsum, troða vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði utan og innan ef þörf þykir, eða gera það vatnsþétt á annan hátt.

Viðhald húsa.

41. gr.

Byggingarnefnd eða bæjarstjórn getur krafizt þess, að húsum sé haldið sæmilega við, svo eigi verði þau til lýta fyrir bæinn eða umhverfi þeirra.

172 23. ágúst

Um byggingaraðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari.

42. gr.

Ef nota skal byggingaraðferð eða byggingarefni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari, ber umsækjanda að geta þess, er hann sækir um byggingarleyfi. Einnig er hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvíkjandi, sem byggingarnefnd álítur nauðsynlegar.

Byggingarnefnd eða bæjarstjórn getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingarefni, sem hún álítur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í samþykkt þessari.

Hús, þar sem farið er með eldfim efni.

43. gr.

Öll hús, þar sem unnið er að einhverju, sem sérstök eldshætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau séu svo langt frá öðrum húsum, að engin eldshætta stafi frá þeim fyrir nágranna, þá getur byggingarnefnd og bæjarstjórn leyft, að þau séu úr timbri.

Allir veggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minnsta kosti 1.00 metra frá gólfi, enn fremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smiðahús trésmiða má aðeins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minnst 0.20 metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og er á hæð 0.30 metra frá gólfi. Loft og veggir slíkra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, þá klætt innan með járnþynnum á listum, eða öðru efni jafn eldtraustu.

Flatarmál byggðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

44. gr.

Þegar mældur er flötur byggðrar lóðar, skulu veggsvalir og önnur framskot talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

Verkpallar o. fl.

45. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíði og mannvirki skal traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni.

Byggingarfulltrúa er heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

III. KAFLI

Byggingarleyfi. Framkvæmd verksins. Eftirlit.

46. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða mannvirki, sem samþykkt þessi nær til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar, og fá samþykki hennar og bæjarstjórnar til að framkvæma verkið.

   Umsækjandi má ekki byrja á verkinu fyrr en hann hefur fengið tilkynningu frá bæjarstjórn um að leyfið sé veitt. Ekki má rífa hús, nema skrifleg tilkynning um það sé send til byggingarnefndar.
2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sé samkvæmt byggingarsamþykkt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum:

a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:500, með árituðum stærðarhlutföllum, skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim er fyrir kunna að vera á lóðinni, enn fremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal ritað á uppdráttinn. 172 23. ágúst

b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:100, með árituðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glögglega megi af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða.

Við breytingu á eldri húsum skulu upppdrættir og lýsing glögglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

Sýna skal á húsauppdráttum þykkt allra burðarveggja og gildleik mátt-arviða.

c. Áður en leyft er að byggja hús í sambyggðri húsaröð, getur byggingarnefnd krafizt, að gerður sé nauðsynlegur uppdráttur af hliðum allra sambyggðu húsanna, á kostnað lóðaeigenda.

d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð er frábrugðin almennri venju, eða verða að vera það sökum áreynzlu eða annarra orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef byggingarnefnd óskar, og eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:20.

Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í té, ef þess er krafizt.

e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulag grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða, eða gagngerða breytingu á eldra húsi, skal sýna hvernig ætlast er til, að séð verði fyrir afrennsli frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.

3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal, snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágrannaeign sé við átt.

4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingarsamþykkt og eins og uppdrættir sýna.

5. Eftir að byggingarfulltrúinn hefur kynnt sér umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingarnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingarfulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir.

Þegar byggingarnefnd hefur gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir bæjarstjórn, sem veitir byggingarleyfið.

Byggingarnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfsmánaðar frá fyrsta fundi byggingarnefndar eftir að umsóknin var afhent henni. Sé synjað um leyfið, eða breytingar gerðar að samþykktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingarleyfi skulu veitt með því skilyrði, að forstaða verksins sé í höndum manns, eða manna, sem fengið hafa löggildingu sem húsasmíðameistarar í einhverjum kaupstaða landsins. Byggingarnefnd og bæjarstjórn, getur þó í einstöku tilfellum veitt undanþágu frá þessu skilyrði, ef um smáhýsi er að ræða.

Leyfi til að veita forstöðu húsabyggingum í bænum, geta þeir einir fengið, sem unnið hafa í það minnsta tvö ár að húsabyggingum, eftir að þeir fengu sveinsbréf.

Byggingarnefnd og bæjarstjórn geta afturkallað viðurkenningu húsasmiðs, sem þrjóskast við að fara eftir fyrirmælum hennar, eða verður uppvís að broti á byggingarsamþykktinni, eða að óvönduðu eða sviksamlegu verki.

172 23. ágúst

6. Ekki má í neinu víkja frá samþykktum uppdráttum nema fengið sé leyfi byggingarnefndar til þess.
7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum, meðan á smíðinni stendur. Byggingarfulltrúa, svo og einstökum mönnum úr byggingarnefnd, sé jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.
8. Húseigandi skal tilkynna byggingarfulltrúa með tveggja daga fyrirvara:
   a. hvenær byrjað verði á undirstöðum;
   b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í veggi;
   c. hvenær þak verður reist á steinhúsi, eða grind í timburhúsi;
   d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.
9. Bæjarstjórn ákveður gjöld fyrir byggingarleyfi. Gjaldið rennur í bæjarsjóð.
10. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.
11. Öll hús og húshlutar skulu fullgerð að utan, innan tveggja ára eftir að þau eru tekin til notkunar. Þó má veita undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að dómi byggingarnefndar.

Um byggingarleyfi, sem fer í bága við samþykkt þessa.

47. gr.

Nú veitir bæjarstjórn byggingarleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþykktina, þá getur byggjandi krafizt sanngjarnra skaðabóta úr bæjarsjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við samþykktina, hafi sést ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum, og sýnilegt sé, að hann hafi farið eftir beztu vitund, enda sé hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði samþykkt og reglum samkvæmt.

Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

48. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyrr en fengið er vottorð byggingarfulltrúa, að húsið fullnægi byggingarsamþykktinni.

Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

49. gr.

Byggingarnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingaspjöld („skilti") og annað það, er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu og sé ekki til óprýði. Byggingarfulltrúi hefur eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur bæjarstjórn látið lagfæra það, sem byggingarnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda.

Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að áliti byggingarnefndar, séu óheilnæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar héraðslæknis. Sé hann á sama máli og nefndin, getur hún krafizt þess, að eigandinn lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur bæjarstjórn, eftir tillögum byggingarnefndar, úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unnt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir sæmilegt verð, ber bæjarstjórn að sjá um, að útvega íbúð jafnskjótt og hægt er.

50. gr.

Með samþykki byggingarnefndar má nota önnur efni en til eru tekin í samþykkt þessari.

172
23. ágúst

IV. KAFLI
Sektarákvæði og breyting á samþykkt.

51. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—500 krónum, og skal sekta bæði smið og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í bæjarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær, sem byggingarnefnd setur samkvæmt samþykktinni. Ella sé það rifið á hans kostnað. Sé um brot á 49. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sérstakt leyfi byggingarnefndar, hafið án þess að leyfið sé fengið, skal lögreglustjóri, undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sé haldið áfram, fyrr en fengið er leyfi byggingarnefndar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

52. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlazt gildi, þarf umræður bæjarstjórnar á tveim fundum hennar, samþykki bæjarstjórnar á breytingunni og staðfestingu ráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 67 14. nóvember 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, sbr. lög nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um sama efni.

Félagsmálaráðuneytið, 23. ágúst 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

173
1. sept.

GJALDSKRÁ
fyrir heimæðar hitaveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera kr. 25.00 — tuttugu og fimm krónur — fyrir hverja 10 rúmmetra af upphituðu rúmmáli húsa samkvæmt utanmáli án frádráttar vegna súðar.

2. gr.

Ef fullur fjórðungur og allt að ¾ hlutum hæðar er ekki hitaður, skal reikna heimæðagjaldið af hálfri hæðinni, en sleppa hæðinni ef hún er hituð að minna en ¼ hluta. Þó skal hvergi reikna lægra heimæðagjald fyrir hús, en sem svarar af hálfri hitaðri hæð.

3. gr.

Gjalddagi heimæðagjaldsins er 1. nóvember 1943. Þó má fjölga gjalddögum, þannig að þeir verði 5, hinn 1. nóvember ár hvert árin 1943—1947 og greiðist þá ⅕ hluti hverju sinni.

Greiða skal 6% ársvexti af þeim hluta gjaldsins, sem ekki er greiddur 1. nóvember 1943 og jafnframt skal húseigandi undirrita skuldarviðurkenningu til bæjarsjóðs (hitaveitunnar).

173
1. sept.

4. gr.

Ógreitt heimæðagjald hvílir sem lögveð á hinni gjaldskyldu húseign og gengur fyrir öllum samningsveðskuldum í eitt ár frá gjalddaga.

Gjaldið má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febr. 1940, um hitaveitu Reykjavíkur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. september 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

174
2. sept.

AUGLÝSING

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvarðanir samkvæmt 36. og 37. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935 skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts, stríðsgróðaskatts og verðlækkunarskatts 1943:

Utan Reykjavíkur.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera til 1. október þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 2. september 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

175
2. sept.

SAMÞYKKTIR

fyrir sparisjóð Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sparisjóður Vestur-Skaftafellssýslu og skal heimili hans og varnarþing vera í Vík í Mýrdal.

2. gr.

Til tryggingar því, að fé það, sem í sjóðinn er lagt, glatist eigi og sjóðurinn standi í skilum, ábyrgist Framfarasjóður Hvammshrepps 3000 kr. Þar að auki skal sjóðurinn hafa að minnsta kosti 12 ábyrgðarmenn, er hver um sig ábyrgist 1000 kr., með eigi skemmri en eins árs uppsagnarfresti á ábyrgðinni. Ábyrgðarbréfin skulu þinglesin og geymd hjá sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu.

Nú deyr ábyrgðarmaður eða segir upp ábyrgðinni, og er þá stjórnarnefnd sjóðsins skylt að fá annan í hans stað, en aldrei skulu færri en 5 ábyrgðarmenn sjóðsins vera búsettir í Vík.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en 1 af sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu á sama tíma og gildir

kosning þeirra til tveggja ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórn- 175
arnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, 2. sept.
er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins, svo og birta í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðist nægar sakir til. Formaður kallar þá saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

6. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

7. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

175 2. sept.

8. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

9. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti tvisvar á ári og ákveður stjórnin hvernig haga skuli daglegri starfrækslu sjóðsins.

10. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum 3 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnarinnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $^2/_3$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

11. gr.

Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef óskað er. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 5000 kr. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

12. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast í eigi minni pörtum en heilum eyri, og aðeins af heilum krónum.

Af upphæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

13. gr. 175

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá 100 kr. til 1000 kr. sé með eins mánaðar fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 2000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók. 2. sep'.

14. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun ógild orðin.

15. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

16. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

17. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

18. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir til-

175 lögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja
2. sept. í almenningsþarfir í héraðinu.

19. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegri útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

20. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignarveði, í hæsta lagi helming af virðingarverði því, sem lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

21. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregist hefur að borga fram yfir gjalddaga.

22. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að tryggt sé, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

23. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd, og hver þau séu.

24. gr. 175
Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig. 2. sept.

25. gr.
Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

26. gr.
Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:
1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

27. gr.
Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir innieign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, sem sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

28. gr.
Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

29. gr.
Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn. Skulu þeir kosnir af sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

30. gr.
Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins

31. gr.
Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

175 2. sept. Endurskoðendur eiga frjálsað aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

32. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og geta gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

33. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

34. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau triði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

35. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. september 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

176 2. sept.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Fáskrúðsfjarðar.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Fáskrúðsfjarðar, og skal heimili hans og varnarþing vera á Búðum í Búðahreppi, Fáskrúðsfirði.

2. gr.

Til tryggingar því að geymslufé sjóðsins skuli ekki vera glatað, skulu ábyrgðarmenn sjóðsins ekki vera færri en 12, og ábyrgðarfé ekki lægra en 4000 krónur. Skal stjórninni skylt að sjá um að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur ekki fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða maður verður öreigi á annan hátt.

3. gr. 176

Stjórn sjóðsins skipa þrir menn. Skulu tveir þeirra kosnir á aðalfundi úr flokki 2. sept.
ábyrgðarmanna, en einn af sýslunefnd Suður-Múlasýslu samtímis, og gildir kosning þeirra til fjögra ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu, fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður eða flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna, og kjósa annan í hans stað fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Hið sama gildir um þann stjórnarnefndarmann, sem kosinn er af sýslunefnd. Skal tafarlaust beiðast þess, að hún kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi, er komið geti í bága við starfsemi sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum.

Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans. Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeiganda skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæta þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn þess opinbera.

4. gr

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán fyrir aðra.

5. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Við sparisjóðinn skulu að minnsta kosti vera tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum. Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðist nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir því fé, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

176 8. gr.

2. sept. Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

9. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir eftir þörfum og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

10. gr.

Aðalfundur skal haldinn í aprílmánuði ár hvert, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum 14 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næst liðið almanaksár með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnarinnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafund boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst fimm ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna skal boða til fundar að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundum ræður afl atkvæði, þó má ekki gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema ⅔ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur.

11. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist í innstæðubók og fær hver innleggsmaður reikning.
c. Sem skírteini fær hver innlagsmaður viðskiptabók, með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en kr. 5000.00.
f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

12. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga. Vextir af innstæðum skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum og gjaldast vextir ekki í minni pörtum en heilum eyri. Af upphæðum, sem nema 200 kr. eða þar yfir, er sjóðnum ekki skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinni sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextir færðir í hana, og skal þess þá gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur. Finnist skekkja

í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubókina, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst. 176 2. sept.

13. gr.

Af fé því, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 100.00 til kr. 150.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en kr. 500.00 á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

14. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á hana að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu, og sé því ekki veðhæf. Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

15. gr.

Innstæðufé og vextir greiðist út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í viðskiptabókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

16. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í fimmtán ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

17. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því, er stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í. Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

18. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður ekki hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðum samanlagt. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

19. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok

176 2. sept. næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

20. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi ⅓ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingu;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

21. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

22. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst ⅒ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

23. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd, og hver þau séu.

24. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

25. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

26. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

27. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabók) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

28. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

29. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn. Skulu þeir kosnir af sýslunefnd Suður-Múlasýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

30. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins

31. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

176 2. sept. Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

32. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

33. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

34. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð 27. júní 1941, og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

35. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykkt þessi staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. september 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

177 2. sept.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Stykkishólms.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Stykkishólms og skal heimili hans og varnarþing vera Stykkishólmur.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

177
2. sept.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til fjögurra ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða vikja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

177 2. sept.

7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir þegar þörf krefur og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

11. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum tveimur dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæði. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $^2/_3$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningar og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar bókin er eyðilögð.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 10000 kr.
f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

13. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri. 177 2. sept.

Í fyrsta sinni, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

14. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 300.00 til kr. 500.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 1000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

16. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og fellfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

17. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

177 18. gr.

2. sept. Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

19. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í Stykkishólmshreppi.

20. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 60% af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

22. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregist hefur að borga fram yfir gjalddaga.

23. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna

sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síð- 177
asta lagi búið að leiðrétta það. 2. sept.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

24. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

25. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

26. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

27. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslok og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

28. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignarveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

177 **29. gr.**

2. sept. Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

30. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

31. gr.

Tilkynna skal sparisjóðaeftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

32. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

33. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

34. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 frá 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. september 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

178
2. sept.

SAMÞYKKTIR
fyrir Sparisjóð Dalasýslu.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Dalasýslu. Skal heimili hans vera á þeim stað innan sýslu, sem aðalfundur sjóðsins ákveður, en varnarþing hans skal vera í þeirri þinghá, sem skrifstofa Dalasýslu er í á hverjum tíma.

2. gr.

Til tryggingar fyrir eignum manna í sjóðnum og tjóni því, er hann kann að bíða, skal hann ávallt hafa minnst 30 ábyrgðarmenn, er ábyrgist minnst 100 krónur hver. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að sjá um að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kosnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna og 2 til vara, en 1 af sýslunefnd Dalasýslu á sama tíma og einn til vara, og gildir kosning þeirra allra til tveggja ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið fjögur ár samfleytt í stjórninni, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi.

Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, skal birta hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Ef eitthvað tapast af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Þeir mega ekki heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Stjórnarráðinu skal tafarlaust tilkynnt, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir og

25. dag nóvembermánaðar 1943. Reykjavík, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

178 riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir
2. sept. veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar

8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi, hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir strax að aflokinni kosningu í stjórnarnefndina og svo oft, sem henni þykir þörf á, enda ákveður hún, hvernig haga skuli daglegri starfrækslu sjóðsins, en skal þó í því efni fara eftir þeim tillögum, er lögmætur ábyrgðarmannafundur kann að gera.

11. gr.

Aðalfundur skal að forfallalausu haldinn eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum 8 dögum fyrir fundinn. Þar skulu lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnarinnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar 15 ábyrgðarmenn mæta. Ef 15 ábyrgðarmenn sækja eigi fundi skal boða hann að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur, hversu fáir sem mæta. Á fundum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $^2/_3$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.

c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir séu til athugunar á skrifstofu sjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti. 178 2. sept.

d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita móttöku fjár í sparisjóðinn eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í 1 ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.

e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 10 þúsund krónur.

f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

13. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samráði við aðalfund og í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 400 kr. eða þar yfir er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Ef skekkja finnst í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

14. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá 25—100 kr. sé sagt upp með viku fyrirvara og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 400 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins, að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Starfsmenn sjóðsins skulu gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að við-

178 skiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við saman-
2. sept. burð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

16. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Ef innstæða er greidd að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

17. gr.

Ef eigandi innstæðufjár eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstóli, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

18. gr.

Sparisjóðurinn getur sagt innstæðufé lausu með þriggja mánaða fyrirvara. Skal annaðhvort rita uppsögnina í viðskiptabókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

19. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

20. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins, eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi ¾ af fasteignamati eða hóflegu virðingarverði að dómi stjórnarnefndar, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

Héraðsbúar skulu ganga fyrir lánum úr sjóðnum, að öðru jöfnu.

22. gr. 178

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregist hefur að borga fram yfir gjalddaga. 2. sept.

23. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

24. gr.

Sparisjóðurinn skal, til þess að tryggt sé, að hann geti, hvenær sem er, fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í bönkum, sem ríkið ábyrgist og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum, minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sparisjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Sparisjóðurinn má eigi gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint, hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið; einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar

178 2. sept.

hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslokin.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á henni enn fremur, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla skal velja tvo endurskoðunarmenn. Þeir skulu kosnir af sýslunefnd Dalasýslu með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Þá má endurkjósa. Til vara skal kjósa á sama hátt tvo menn og koma þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Sparisjóðseftirlitinu skal tilkynnt, hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr.

Endurskoðendum er skylt að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Þeim ber að rannsaka gaumgæfilega, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Þeir skulu benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr því verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Þeir rita síðan

á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar. 178 2. sept.

36. gr.

Ef ágreiningur verður milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér ekki saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð um sparisjóði frá 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

38. gr.

Samþykktir þessar, sem gerðar eru á aðalfundi sparisjóðsins 17. maí 1943, ganga í gildi, er þær hafa hlotið staðfestingu viðskiptamálaráðuneytisins og falla þá jafnfram úr gildi „Endurskoðuð lög fyrir Sparisjóð Dalasýslu" frá 1. júlí 1914.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. september 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUR

179 3. sept.

um breyting á reglum um störf kjötmatsmanna, nr. 82 10. ágúst 1933.

1. gr.

7. gr. reglnanna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem selja á innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal metið, flokkað og merkt sem hér segir:

a. Dilkakjöt, sem selja á nýtt eða frosið, skal skoðað af lækni, merkt og metið gæðamati af kjötmatsmanni eftir sömu reglum sem gilda um freðkjöt til útflutnings, sbr. 10. gr. Undanþegið þessum ákvæðum skal þó það kjöt, sem selt er á sumarmarkaði. Enn fremur getur ráðuneytið veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, að fengnum tillögum hlutaðeigandi yfirkjötmatsmanns og kjötverðlagsnefndar.

Stórhöggvið, saltað dilkakjöt skal flokkað og merkt eftir sömu reglum sem gilda um saltkjöt til útflutnings.

Spaðsaltað dilkakjöt skal flokkað og tunnur merktar á þessa leið: Tunnur með dilkakjöti, þegar skrokkarnir vega 12 kg og þar yfir, skal merkja:

SPAÐSALTAÐ DILKAKJÖT A

Tunnur með dilkakjöti, þegar skrokkarnir vega undir 12 kg, skal merkja:

SPAÐSALTAÐ DILKAKJÖT B

Heimilt er að meta sérstaklega holdgóða skrokka, sem vega 14 kg og þar yfir, og merkja tunnurnar:

179 SPAÐSALTAÐ DILKAKJÖT ÚRVAL

3. sept. b. Kjöt af fullorðnu og veturgömlu fé, sem selja á nýtt, frosið eða saltað, skal flokkað, metið gæðamati og merkt sem hér segir: Kjöt af algeldum ám og sauðum tveggja og þriggja vetra, skal merkja S. I., ef skrokkarnir eru vel holdfylltir og feitir, en S. II., séu þeir rýrari.

Kjöt af geldum ám, sem eru eldri en þriggja vetra, skal merkja G. I., ef skrokkarnir eru vel feitir.

Kjöt af veturgömlu fé skal merkja V. I., ef skrokkarnir eru holdgóðir og vel feitir, en V. II. séu þeir rýrari.

Kjöt af mylkum ám og rýru geldfé skal merkja Æ. I., ef skrokkarnir eru sæmilega goldgóðir, en Æ. II., séu þeir rýrari, teljist þeir söluhæfir til neyzlu.

Kjöt af fullorðnum hrútum, teljist það söluhæft, skal merkt H. I., ef skrokkarnir eru holdgóðir, en H. II., séu þeir lakari. Merkin skal setja á miða, sem bundnir eru við skrokkana, eigi að selja kjötið nýtt eða frosið, en á tunnubotna, ef um saltkjöt er að ræða, og skal þá setja framan við merkin: „Spaðsaltað" eða „Stórhöggvið", eftir því sem við á.

Kjötmatsmenn skulu ekki taka í nefnda flokka annað kjöt af fullorðnu og veturgömlu fé en það, sem er vel útlítandi og sæmilega holdgott, en þó skal sérstaklega vanda til flokkanna S. I. og G. I.

Í matsvottorðum sé tilgreind kjötþyngd í hverri tunnu, þegar um saltkjöt er að ræða.

Kjötmatsmenn varðveiti merkiplöturnar og mega ekki aðrir nota þær.

2. gr.

Reglur þessar ganga í gildi þegar í stað.

Reglur þessar staðfestast hér með og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. september 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

180 4. sept.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Hofshrepps.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Hofshrepps og skal heimili hans og varnarþing vera Hofsós í Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu vera búsettir í Hofsós- og Fellshreppum, og taka þeir að sér að ábyrgjast skuldbindingar sparisjóðsins með allt að 3000 kr. alls.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 20. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnar-

umdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkv. heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941. 180 4. sept.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra vera kosnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en 1 af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu á sama tíma og gildir kosning þeirra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki taka sjálfir lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust,

180 4. sept. ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir því fé, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina, og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingan þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hafi verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti sex sinnum á ári, og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum 14 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema ⅔ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborganir, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 10 þúsund krónur.
f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr. 180

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við 4. sept.
ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikningi hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 5000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 200.00 til kr. 500.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meiri en 1000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er ekki á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

180 4. sept.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan, ásamt vöxtum, orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi ⅗ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingu;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregist hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið

ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu. 180 4 sept.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

180 4. sept.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu hans alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér ekki saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð frá 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætur eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr. 180
Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra. 4. sept.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. september 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING 181
4. sept.

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Siglufirði, frá 16. júlí 1943.

1. grein samþykktarinnar orðist svo:
Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga og heildsala, svo og ölstofum og veitingastöðum, er ekki hafa nægilegt húsrúm fyrir dans, eða ekki hafa hljómsveit, eða ekki selja heitan, fjölbreyttan mat, skal loka eftir því, er segir í 2., 3., 4. og 5. grein. Lyfjabúðir, brauðsölubúðir og mjólkurbúðir, sem verzla með varning, sem verzlunarleyfi þarf til að verzla með, mega ekki selja slíkan varning eftir lokunartíma sölubúða.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur gert, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1943.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ 182
15. sept.

fyrir Stöðvarfjörð.

I. KAFLI

1. gr.
Stöðvarfjarðarhöfn nær yfir allan Stöðvarfjörð vestan linu, sem hugsast dregin úr Kapalhaus norðanmegin fjarðarins í Skútuklöpp sunnan megin hans.

II. KAFLI

2. gr.
Hreppsnefnd Stöðvarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála, en oddviti hreppsnefndarinnar hefur á hendi framkvæmd þeirra ásamt tveimur mönnum, sem hver nýkjörin hreppsnefnd kýs honum til aðstoðar á fyrsta fundi sínum, til fjögurra ára í senn. Er hreppsnefndaroddvitinn formaður hafnarnefndar og um leið hafnarstjóri. Fyrsta hafnarnefnd skal kjörin strax eftir staðfesting þessarar reglugerðar.
Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni,

182 stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast fjárhald hafnarinnar og reikn-
15. sept. ingsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast ásamt honum.

III. KAFLI

3. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist Hafnarsjóður Stöðvarfjarðar. Í hann renna allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í þessari reglugerð. Hafnarsjóði skal, eftir ákvörðun hreppsnefndar, varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hennar, til umbóta á henni, til bygginga hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim og til kaupa á landi í þarfir hafnarinnar. Óheimilt er að nota fé hafnarinnar til annarra fyrirtækja hreppsins, eða binda það í lánum til þeirra.

IV. KAFLI

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varða sektum frá 10 til 200 krónum, og getur hafnarnefnd látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

5. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru bönnuð, og skal sérstaklega gæta þess, að skot og fugladráp úr skipum og bátum á höfninni eigi sér ekki stað.

6. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum og bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

7. gr.

Bátum, sem heima eiga á Stöðvarfirði eða eru gerðir þaðan út og liggja við sérstök legugögn á höfninni, má ekki leggja svo að tefji umferð um höfnina. Getur hafnarnefnd ákveðið hvar og hvernig legufæri báta og skipa skulu lögð. Enginn má flytja legufæri báts síns nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

8. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða skipun hafnarnefndar eða hafnarstjóra um að flytja skip sitt eða bát eða festar á höfninni og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda eða umráðamanns.

182
15. sept.

V. KAFLI

9. gr.

Öll skip, 12 smálestir brúttó eða stærri, skulu greiða hafnargjald, er þau koma í Stöðvarfjarðarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs en hafa ekkert samband við land.

Hafnargjöld greiðast af nettóstærð skipa. Hálf smálest telst sem heil, en minna broti er sleppt.

10. gr.

a. Fiskiskip, sem eru eign manna búsettra á Stöðvarfirði og eru skrásett þar, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, 50 aura af smálest hverri, með gjalddaga 1. október.
b. Önnur íslenzk fiskiskip greiða 5 aura af smálest hverri í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, og hafa samband við land, þó ekki yfir 1 kr. af smálest samtals á ári.
c. Innlend strandferðaskip og millilandaskip, sem sigla eftir föstum auglýstum áætlunum, greiða í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á Stöðvarfjarðarhöfn, 20 aura af smálest hverri í hafnargjald, en ekkert þó þau komi oftar á því ári.
d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land, greiða 5 aura af smálest hverri í hvert skipti, er þau koma á Stöðvarfjarðarhöfn.

11. gr.

Vélbátar 5—12 smálestir, sem heima eiga á Stöðvarfirði eða eru gerðir út þaðan, greiða 5 kr. árlegt gjald með gjalddaga 1. október.

12. gr.

Skip, sem lagt er við föst legugögn á höfninni, greiði árlega fyrir það aukagjald sem hér segir:

a. Ef þau eru skrásett í Stöðvarfjarðarkauptúni, og eru að öllu leyti eign manna búsettra við höfnina eða hafnarsvæðið, greiði vélbátar með þilfari 2 kr. og stærri skip 5 kr., með gjalddaga 1. október ár hvert.
b. Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

VI. KAFLI

13. gr.

Formaður hafnarnefndar sér um innheimtu hafnargjalda og skal greiða þau á skrifstofu hans.

14. gr.

Skipstjóri eða formaður bera ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi fyrir hafnargjöldum, unz þau eru greidd að fullu. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt af staðnum.

15. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari hafa lögtaksrétt.

182 15. sept.

16. gr.

Enginn, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í hafnarsjóð Stöðvarfjarðar.

18. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. október 1943 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

183 15. sept.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Arnarstapahöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Arnarstapahöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Flögutá í stefnu á Búðatanga, að sunnan, en að austan af beinni línu, sem hugsast dregin úr Látrasnoppu í stefnu á Gölt, þar til hún sker hina fyrrnefndu línu.

II. KAFLI

Um stjórn hafnarinanr.

2. gr.

Hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps kýs þrjá menn í hafnarnefnd til fjögurra ára í senn, og skal einn þeirra vera hreppsnefndarmaður og formaður nefndarinnar.

Hafnarnefnd skal ætíð kjósa að loknum hreppsnefndarkosningum.

Hafnarnefnd sér um að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt, og sér um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs, bæði bátagjöldum og vörugjaldi, gegn innheimtulaunum þeim eða kaupi, sem um semur.

Hafnarnefnd ber að sjá um reikningsskil fyrir hafnarsjóð og stjórnar sjóðnum undir yfirumsjón hreppsnefndar.

Hafnarsjóði skal eingöngu varið til að standast kostnað af mannvirkjum, sem við höfnina eru eða verða gerð, viðhaldi þeirra og frekari umbótum.

Hreppsnefnd veitir fé úr hafnarsjóði til verklegra framkvæmda og skal hún leita álits hafnarnefndar um það.

Hreppsnefnd ákveður hvernig hafnarsjóðinn skuli ávaxta og ber ábyrgð á innstæðum hans og reikningsskilum eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningnum og úrskurðast ásamt honum.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta. 183 15. sept.

III. KAFLI
Almennar reglur.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar.

Öllum er skylt að hlýða boði hennar og banni. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært fyrir lögreglustjóra, en skipun hafnarnefndar ber að hlýða tafarlaust, og varðar sektum ef út af er brugðið.

4. gr.

Skylt er að gæta varúðar um allt það er getur valdið bruna.

Ekki má skjóta eða bera skotvopn á hafnarsvæðinu nema með leyfi hafnarnefndar.

5. gr.

Hafnarnefnd ber að gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI
Um notkun hafnarinnar.

6. gr.

Heimilt skal bátum að leggjast að bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þeir koma að, en skylt er þeim að fara frá bryggju er þeir hafa lokið erindi sínu, ef aðrir þurfa að komast að, og sama gildir um upp- og útskipun á vörum.

V. KAFLI
Um hafnargjöld.

7. gr.

Fyrir uppskipunarskip skal árlega greiða kr. 25.00.

8. gr.

V ö r u g j ö l d .

Af vörum, sem fluttar eru í land eða skipað út innan takmarka hafnarinnar, sem greinir í 1. grein reglugerðar þessarar, skal greiða gjöld þau sem hér segir:

1. Af salti, kolum, sementi og útlendum áburði kr. 3.00 fyrir hverja smálest.
2. Eigendur fiskibáta, sem aðsetur hafa á Arnarstapa, skulu greiða af afla bátanna kr. 4.00 af hverri smál. af hausuðum og slægðum fiski.
3. Af óverkuðum saltfiski og þurrum fiskbeinum kr. 3.00 fyrir hverja smál.
4. Af verkuðum saltfiski og frystri síld kr. 4.00 fyrir hverja smál.
5. Af heilfötum (olíufötum) kr. 1.00 fyrir hvert.
6. Af hálffötum og tómum tunnum kr. 0.50 fyrir hvert.
7. Af kjöttunnum (heilum) kr. 0.70 fyrir hverja.
8. Af kjöttunnum (hálfum) kr. 0.35 fyrir hverja.
9. Af kindaskrokkum kr. 0.50 fyrir hvern.
10. Af lifandi sauðfé kr. 0.80 fyrir hverja kind.
11. Af stórgripum (lifandi) kr. 5.00 fyrir hvern grip.
12. Af trjávið og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli kr. 0.12 fyrir rúm.fet.
13. Af bátum kr. 10.00.

183 15. sept.

14. Af öllum öðrum vörum kr. 0.50 fyrir hver 100 kg.

Um gjald af vikri fer eftir sérstökum samningi.

Póst- og farþegaflutningur er undanþeginn gjaldi þessu, einnig vistir og aðrar nauðsynjar, fluttar úr landi til skipa og báta, sem liggja á höfn, og nota til eigin þarfa.

Vörugjald skal reiknast eftir máli eða þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining.

Gjaldið skal ákveðið eftir farmskrám skipa, þegar um slík skjöl er að ræða, og er öllum skipaafgreiðslum skylt að láta hafnarnefnd í té afrit af öllum farmskrám yfir vörur, sem skipað er upp eða út á hafnarsvæðinu, þegar eftir komu eða burtför skipanna.

Hafnarnefnd ber að innheimta öll hafnargjöld af þeim vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

10. gr.

Um skaðabótaskyldu út af skemmdum á höfninni eða mannvirkjum hennar fer eftir almennum lagareglum.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektarfé rennur í hafnarsjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til að öðlast gildi 1. október 1943 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

184 17. sept.

REGLUGERÐ
fyrir lendingarsjóð Stokkseyrar.

1. gr.

Takmörk lendingarinnar eru að utan skerjagarðurinn, að austan bein lína frá Knararósvita í vestur út í skerjagarðinn, að vestan bein lína eftir mörkum Stokkseyrarhrepps og Eyrarbakkahrepps út í skerjagarðinn.

2. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur á hendi stjórn lendingarinnar undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

184
17. sept.

3. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við lendingarbæturnar og viðhaldi þeirra, og til árlegs rekstrarkostnaðar skal stofna lendingarsjóð, og tekur hann við eignum og skuldum fyrri lendingarsjóðs Stokkseyrar og bryggjufélags útgerðarmanna á Stokkseyri.

4. gr.

Framkvæmd lendingarmálanna og eftirlit með þeim hafa á hendi 3 menn, er hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir í hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndar.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur á lendingarbótunum, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta, annast fjárhald lendingarsjóðs og reikningshald fyrir hönd hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér enn fremur um innheimtu á gjöldum lendingarsjóðs samkvæmt 5. og 9. gr. Hún hefur umsjón með því, að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórnar lendingarsjóðnum með umsjón hreppsnefndar.

Fyrir 1. des. ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fram frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld lendingarsjóðsins á komandi ári. Áætlun þessi sendist hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum. Við lok reikningsársins, sem er almanaksárið, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd semja reikning yfir tekjur og gjöld lendingarsjóðs á hinu liðna ári, og enn fremur reikning um eignir og skuldir hans í árslok. Reikningarnir skulu endurskoðaðir á sama hátt og hreppsreikningurinn.

5. gr.

Tekjur lendingarsjóðs eru þessar:

A. Skipagjöld.

1. Hvert aðkomuskip, sem fermir eða affermir, greiðir í hvert skipti, er það hafnar sig, af hverri brúttó smálest kr. 0.30.
2. Allir heimilisfastir bátar á Stokkseyri greiða árlega af hverri brúttó smálest kr. 8.00, enn fremur 1½% af brúttó afla.

B. Vörugjald.

1. Fyrir hverja smál. af fiski, salti, kolum, sementi og öðrum þungavörum kr. 2.00.
2. Fyrir hverja tunnu kr. 0.50.
3. Fyrir hesta og nautgripi kr. 5.00.
4. Fyrir sauðfé kr. 0.25.
5. Fyrir bifreiðar kr. 10.00.
6. Fyrir hvert teningsfet timburs kr. 0.05.
7. Fyrir hvert stykki af venjulegum vörum allt að 50 kg kr. 0.25.
8. Hvert stykki allt að 100 kg kr. 0.50.
9. Fyrir hvern heyhest kr. 0.25.

6. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

a. Vistir og aðrar nauðsynjar báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
b. Póstflutningur og farangur ferðamanna allt að 25 kg.
c. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi (varðskipi) og í herskip.
d. Umbúðir, sem eru endursendar.

7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í

184 17. sept

té eftirrit af farmskrá skips. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal reikna af. Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem gjaldskrá tiltekur og reiknast eins og þar segir. Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má skjóta til hreppsnefndar.

8. gr.

Vörugjald greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður og ber formaður báts ábyrgð á greiðslunni. Lendingarsjóður hefur haldsrétt á vörunni unz gjaldið er greitt. Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem lagðar eru á land, fellur í gjalddaga strax og varan er komin í land, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr landi, fellur í gjalddaga þegar varan er komin í skip.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

10. gr.

Á hafnarsvæðinu má ekki gera nein mannvirki né breyta þeim mannvirkjum, sem þar eru, og heldur ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

11. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki og áhöld lendingarsjóðs, eru skyldir til að greiða að fullu kostnað við að lagfæra það.

12. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 5 aura fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim.

Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður eftir samningi.

13. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á lendingarbótunum, mannvirkjum eða áhöldum, fer eftir almennum lagafyrirmælum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á lendingarbótunum, mannvirkjum hennar eða áhöldum, má ákveða það af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, og gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í lendingarsjóð Stokkseyrar. 184 17. sept.

15. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 22 20. maí 1942, um lendingarbætur á Stokkseyri, til að öðlast gildi 1. október 1943. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um lendingarsjóð í Stokkseyrarveiðistöð, nr. 5 23. febr. 1924.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

185 21. sept.

fyrir Veiði- og fiskræktarfélag Rangæinga.

1. gr.

Félagið heitir Veiði- og fiskræktarfélag Rangæinga. Heimili þess og varnarþing er að þingstað Hvolhrepps að Stórólfshvoli.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka og koma á lax- og silungsveiði á félagssvæðinu og auka arð af henni með því:

1. að gera fiskveg upp yfir fossa þá, sem nú tálma fiskför í ám á félagssvæðinu;
2. að stunda lax- og silungsklak;
3. að reka lax- og silungsveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefur eitt umráð yfir öllum veiðirétti í þessum vötnum: Ytri-Rangá, Eystri-Rangá, Þverá og Hólsá, og öllum þverám og lækjum sem í þau falla.

Félagsmenn eru allir eigendur eða ábúendur þeirra jarða, sem land eiga að nefndum vötnum.

Jarðirnar eru:

Djúpárhreppsdeild: Unhóll I, Unhóll II, Eystra-Tobbakot, Vestra-Tobbakot, Bali (með Gvendarkoti), Húnakot, Hraukur, Litla-Rimakot, Stóra-Rimakot, Suður-Nýibæ, Vatnskot I, Vatnskot II, Hái-Rimi, Norður-Nýibær, Melur, Miðkot, Jaðar, Hábær, Skinnar, Brekka, Búð I, Búð II, Hávarðarkot, Dísukot m. Hákoti, Vesturholt m. Stöðulkoti, Oddspartur, Önnupartur, Skarð, Borgartún I, Borgartún II, Bjóluhjáleiga I, Bjóluhjáleiga II, Hrafntóftir I, Hrafntóftir II, Rangá, Ægissíða I, Ægissíða II, Bjarg (ekkert land að á), Árbæjarhjáleiga, Árbær, Árbæjarhellir, Eystri-Hóll, Grímsstaðir, Ytri-Hóll I, Ytri-Hóll II, Hemla m. Skeiði, Hvítanes, Ey I, Ey II, Ey III, Ártún m. Ártúnakoti, Bakkakot, Fróðholt, Fróðholtshjáleiga, Uxahryggur I, Uxahryggur II, Móeiðarhvolshjáleiga, Móeiðarhvoll I, Móeiðarhvoll II, Djúpidalur, Dufþaksholt I, Dufþaksholt II, Eystri Garðsauki með Moshvol, Litli-Moshvoll, Bjóla I, Bjóla II, Stórólfshvoll, Gata m. Ormsvelli, Króktún, Þinghóll, Miðhús, Efri-Hvoll, Völlur I, Völlur II, Bakkavöllur, Markarskarð, Árgilsstaðir I, Árgilsstaðir II, Reynifell I, Reynifell II, Þorleifsstaðir, Rauðnefsstaðir, Foss, Hróarslækur, Ketilhúshagi, Kirkjubær vestri, Kirkjubær eystri, Gunnarsholt, Reyðarvatn,

185 Keldur, Stokkalækur, Minna-Hof, Stóra-Hof, Lambhagi, Oddhóll, Kragi, Vindás, Sól-
21. sept. vellir, Langagerði, Brekkur, Uppsalir, Nes, Hella, Fljótsdalur, Barkarstaðir, Hái-Múli, Árkvörn, Eyvindarmúli, Múlakot I, Múlakot II, Hliðarendakot, Nikulásarhús, Hliðarendi, Hallskot, Neðri-Þverá, Efri-Þverá, Deild, Heylækur I, Heylækur II, Teigur I, Teigur II, Butra, Ámundakot, Miðkot, Bollakot, Hellishólar, Kirkjulækur I, Kirkjulækur II, Kirkjulækur III, Kirkjulækjarkot, Kollabær I, Kollabær II, Langekra, Oddi, Varmidalur, Helluvað, Gaddstaðir, Selalækur, Kotmúli, Bjargarkot, Aurasel, Breiðabólsstaður m. Hákoti, Núpur I, Núpur II, Eystri-Torfastaðir I, Eystri-Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir I, Vestri-Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir III, Fagrahlíð, Sámsstaðir I, Sámsstaðir II, Sámsstaðir III, Flókastaðir, Vatnsdalur I, Vatnsdalur II.

4. gr.

Óheimilt er öllum öðrum en félaginu að stunda veiði í vötnum þeim, sem talin eru í 3. gr., nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma, veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum, til stangaveiði, ef sýnilegt þykir að hagur sé að því fyrir félagið. Þó má það ekki vera til lengri tíma en eins árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og að tekið sé fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi sé til umræðu.

6. gr.

Félagið starfrækir laxa- og silungsklak á þeim stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við klakið skal jafna niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Klekja skal út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

7. gr.

Stjórn skipa 5 menn: formaður og 4 meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, 2 meðstjórnendur eftir tvö ár eftir hlutkesti. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu nema lögleg forföll hamli, eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

8. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum milli aðalfunda. Hún hefur eftirlit með því að lögum félagsins sé hlýtt. Hún ræður fasta starfsmenn og gerir við þá samninga um kaup og kjör, enda samþykki lögmætur aðalfundur þá samninga. Hún má ráða menn sér til aðstoðar, þó án þess að til kostnaðar sé fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með störfum þess öllum og fjárreiðum.

9. gr.

Aðalfund heldur félagið fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er boðaður hverjum félagsmanni með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá leggur hún þar fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður 185
og á um laun til stjórnarmeðlima og annarra starfsmanna félagsins. 21. sept.
Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum, nema um breytingar á samþykktum félagsins sé að ræða eða félagsslit.

10. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til eða ef einn fjórði félagsmanna óskar þess og tilgreinir fundarefni.

11. gr.

Reikningsár er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

12. gr.

Arði af sameiginlegri veiði og svo öllum gjöldum, er af starfsemi félagsins leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af ⅔ félagsmanna. Gildir hún til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla skráin áfram. Þó geta þeir, sem telja sig vanhaldna um skipting arðs, krafizt, að skorið sé úr ágreiningi með mati.

13. gr.

Félagsmenn skulu greiða kostnað af starfsemi félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Eigi má úthluta arði öllum skv. 12. gr. fyrr en eftir aðalfund, enda sé tekjuafgangur á ársreikningi félagsins.

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 500.00 og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í félagssjóð.

15. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema tveir þriðju félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna og hafi þess verið getið í fundarboði, að umræða og ákvörðun um breyting hennar fari fram á fundinum.

16. gr.

Félaginu má slíta, ef tveir þriðju félagsmanna samþykkja það á löglega boðuðum aðalfundi.
Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal þá jafnað niður á félagsmenn eftir gildandi arðskrá.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. september 1943.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

186
24. sept.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld á Dalvík.

1. gr.

Þar sem hreppurinn hefur látið byggja á sinn kostnað holræsi í götu, veg eða um opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda, byggðra húsa og þeirra, sem byggð verða, svo og hverjum eiganda vinnustöðvar, sem fráræslu þarf að dómi heilbrigðisnefndar, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu (vinnustöðinni), er flytji allt skólp og annað afrennsli, úr því og frá, út í aðalræsið.

Vanræki húseigandi (atvinnurekandi) að leggja ræsi þetta innan frests, er hreppsnefnd ákveður, er henni heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Ræsi þau, sem um getur í 1. gr., skulu ekki vera af lakari gerð en aðalræsi, og hafa hlutfallslegt rúmfang við það, og skulu þau gerð eftir fyrirsögn og undir umsjón nefndar eða manns, er hreppsnefnd felur umsjón með holræsum og gerð þeirra.

Húseigendum er skylt að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu, er að gerð og frágangi ræsanna lýtur, enda skal öllum vera óheimilt að leggja ræsi eða veita afrennsli á annan hátt í aðalholræsakerfið, nema samþykki umsjónarmanns komi til.

3. gr.

Til þess að standast kostnað við holræsagerð hreppsins, skal árlega greiða holræsagjald af öllum húsum (vinnustöðvum), sem standa við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, og fer gjaldið eftir gjaldskrá eins og hér segir:

Af skattskyldum fasteignum greiðist eftir fasteignamatsverði:

Af húsum (fasteignum), virtum allt að				2000 kr.	greiðist	16. kr.
—	—	—	—	2000—3000	—	8 ‰
—	—	—	—	3000—5000	—	7½ ‰
—	—	—	—	5000—7000	—	7 ‰
—	—	—	—	7000–10000	—	6½ ‰
—	—	—	—	yfir 10000	—	6 ‰

Auk þess skal vera heimilt að krefjast allt að 10 kr. fasts árlegs gjalds af hverri íbúð í gjaldskyldu húsi og af hverri vinnustöð.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 50%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda (atvinnurekanda) og ber hann einn ábyrgð á greiðslu þess. Lögtaksréttur fylgir öllum kröfum, sem hreppsnefnd öðlast á hendur húseigendum (fasteignaeigendum) samkvæmt reglugerð þessari, og er hann tryggður með lögveðrétti í viðkomandi húsum og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. maí og 1. október ár hvert, og greiðist helmingur gjaldsins á hvorum gjalddaga.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 kr. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 186 24. sept.

Félagsmálaráðuneytið, 24. september 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING 187 25. sept.

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvarðanir samkvæmt 36. og 37. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts, stríðsgróðaskatts og verðlækkunarskatts 1943:

Í Reykjavík.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera til 10. október þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 25. september 1943.

F. h. r.
Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóhönnu Einarsdóttur í Ási", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. september 1943. 188 27. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Einarsdóttur í Ási.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhönnu Einarsdóttur í Ási, og má aldrei breyta nafninu. Hann er stofnaður á áttugasta fæðingardegi manns hennar, Guðmundar Ólafssonar frá Ási, 10. júlí 1943, af Guðmundi, börnum hans og fósturbörnum, með fjárframlagi þeirra, að upphæð kr. 2000.00.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja konur, ógiftar sem giftar, fullra 16 ára að aldri, til þess að nema húsmæðrafræðslu. Skulu styrkþegar vera búsettir innan Rípurhrepps, og afkomendur Jóhönnu jafnan sitja fyrir styrk úr sjóðnum að öðru jöfnu.

188 27. sept.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Sauðárkróks, eða á öðrum jafntryggum stað, eftir því sem arðvænlegt þykir.

Þegar árlegir vextir sjóðsins, sem ávallt skal leggja við höfuðstólinn, eru orðnir 200 kr. að upphæð, má úthluta ¾ hlutum þeirra samkvæmt ofangreindum tilgangi sjóðsins, en ¼ hluti vaxtanna skal jafnan lagður við höfuðstólinn í lok hvers reikningsárs.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Hreppstjórinn í Rípurhreppi, sem er formaður sjóðsins, oddviti hreppsnefndar Rípurhrepps og sóknarpresturinn í Rípursókn.

5. gr.

Sjóðstjórnin ræður styrkveitingum úr sjóðnum þegar til kemur, samkvæmt skipulagsskrá þessari. Þegar úthluta ber styrk úr sjóðnum skal formaður sjóðstjórnar auglýsa um það á þingstað hreppsins, með hæfilegum fyrirvara, umsækjendum til leiðbeiningar.

Sjóðstjórninni ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, nöfn umsækjenda um styrk og annað það, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að bóka þar um eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa inn ársreikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjá sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu, er annast árlega endurskoðun á reikningum sjóðsins, sem jafnan skulu lagðir fyrir aðalfund sýslunefndar, sem úrskurðar þá og sér um að úrskurði hennar sé framfylgt.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og óskast hún birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Sauðárkróki, 1. sept. 1943.

Guðmundur Ólafsson.

189 28. sept.

REGLUGERÐ

um holræsi á Seyðisfirði.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða um opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji allt skólp frá húsinu út í aðalræsið. Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórn tiltekur, eða veganefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi, skal hann skýra verkstjóra bæjarins eða þeim, sem veganefnd felur umsjón með lagningu holræsanna í bænum, frá því, og fá samþykki þar til. Lega, halli, stærð og gerð pípna, brunna, vatnslása og yfir höfuð alls þess, sem skólplögninni innan og utan húss tilheyrir, skal ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón með verkinu, og

er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, sem að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur. Sé um stórt hús að ræða, eða mikla lögn, má umsjónarmaður veganefndar krefjast uppdráttar, sem sýni glögglega alla tilhögun lagnarinnar. Rísi ágreiningur á milli umsjónarmanns og húseiganda út af holræsalögn, skal bæjarstjórn skera úr. 189 28. sept.

3. gr.

Bæjarstjórn getur löggilt menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði utanhúss og innan, enda sýni þeir eða sanni fyrir veganefnd, að þeir séu til þess færir. Þeir einir, sem bæjarstjórn löggildir til holræsalagninga, skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá skólpræsum, sem standa í sambandi við holræsakerfi bæjarins.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í að greiða árlega til bæjarsjóðs 4 af þúsundi af fasteignamatsverði húss og lóðar, og enn fremur 2 krónur fyrir hvern metra lóðar meðfram götu, vegi eða opnu svæði húsræsismegin, hvort heldur er um framlóð eða baklóð að ræða. Húseigandi greiðir jafnan metragjaldið af þeirri hlið lóðar sinnar, sem hann leggur húsræsi sitt út frá. Undanþágu eða ívilnun má þó veita, ef lóð er svo háttað, að auðveldara er að koma skólpi eða afrennsli frá henni á annan hátt en í aðalræsið, eða erfiðara að koma því í aðalræsið en frá öðrum lóðum yfirleitt. Aukagjald má leggja á, ef skólp frá einhverri lóð er þannig, að telja má meiri útgjöld stafa af að koma því í burt, en öðru skólpi.

Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 25 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

5. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að undanþiggja þá hús- og lóðareigendur, sem sjálfir hafa lagt holræsi frá húsi sínu og talið er viðunandi, að dómi bæjarstjórnar, frá þeirri skyldu að greiða holræsagjald og leggja nýtt ræsi í holræsi bæjarins.

6. gr.

Eigandi lóðar ábyrgist holræsagjald, en heimilt er honum að hækka leigu eftir lóð eða mannvirki á henni, sem gjaldi eða gjaldauka svarar, þótt leiga hafi áður verið ákveðin. Gjaldið hefur lögtaksrétt, og er það tryggt með lögveði í húsi og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. apríl.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 krónum, sem renna í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. september 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

190

29. sept. **Staðfesting ríkisstjóra** á skipulagsskrá fyrir „Det Danske Selskabs Studenterlegat", útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 29. september 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Det Danske Selskabs Studenterlegat.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Det Danske Selskabs Studenterlegat", og er stofnaður af félaginu „Det Danske Selskab" í Reykjavík, til styrktar þeim stúdent, er á hverjum tíma býr í herbergi því í Nýja stúdentagarðinum, er kallast „Danmarks Værelse".

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er ísl. kr. 10000.00, og skal það jafnan standa í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða öðrum ríkistryggðum verðbréfum, nafnskráðum á nafn sjóðsins. Sjóðinn má auka með frekari framlögum og gjöfum, er einnig skal varið í sams konar verðbréf og nafnskráð. Stofnféð og það, sem verður lagt til sjóðsins síðar, má aldrei skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stúdent sá, danskur eða íslenzkur, er býr í herberginu „Danmarks Værelse" á Nýja stúdentagarðinum, skuli í byrjun hvers semesters fá útborgaða hálfa vexti af sjóðeigninni. Fari svo, að vextirnir verði ekki greiddir, eitthvert tímabil eða fleiri, sökum þess að ekki séu útborgunarskilyrði fyrir hendi, leggjast þeir vextir við höfuðstól sjóðsins.

4. gr.

Alla stjórn sjóðsins annast Háskóli Íslands.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 23. september 1943.

Fr. de Fontenay,
sendiherra,
heiðursforseti.

O. Kornerup-Hansen,
formaður.

K. A. Bruun,
varaformaður.

J. Lundegaard,
ritari.

A. Herskind,
gjaldkeri.

A. P. Nielsen.

191
5. okt.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hafnarfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn felur bæjarráði öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi bæjarins, sem metin eru fasteignamati og standa á lóð, er liggur að götu, vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn veitt úr vatnsveitu bæjarins.

3. gr.

Af íbúðarhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum, sem þannig er háttað, er segir í 2. gr., skal árlega greiða vatnsskatt er nemi 5‰ — fimm af þúsundi — af fasteignamatsverði húsanna, en af fasteignamatsverði annarra húsa skal greiða 2½‰ — tvo og hálfan af þúsundi.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, greiðist aukagjald 1‰ — einn af þúsundi — af fasteignamati árlega, ef aukagjaldið er ekki ákveðið sérstaklega samkvæmt 4. gr.

4. gr.

Ákveða skal með gjaldskrá vatnsskatt fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyrirtæki og aðra slíka vatnsnotkun og enn fremur gjald fyrir vatn til skipa.

5. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti er 1. júlí ár hvert, en vatn til skipa greiðist um leið og afhending fer fram.

Vatnsskattur hefur lögtaksrétt og nýtur lögveðréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Húseigendum ber að greiða kostnað við lagningu vatnsæða úr götuæðum bæjarins að húsum sínum og í þau. Bæjarstjórn löggildir menn, er hún telur hæfa og svo marga, er henni þurfa þykir, til þess að leggja vatnsæðar, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og séu þeir skyldir að hlíta þeim reglum, er bæjarstjórn setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá vatnsveitunni í hús eða um þau, eða gera breytingar á vatnsæðunum.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett kunna að vera í samband við þær.

191 9. gr.
5. okt. Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitu bæjarins og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

10. gr.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum í húsum eða hverfum, þyki þess þörf vegna viðgerða á vatnsveitukerfinu. Þá er og heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem í sambandi eru við þær, eða eyða vatni að óþörfu, svo og þeim, sem ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu, eða annað sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir, á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

11. gr.

Engum er heimilt án leyfis bæjarráðs eða þess, er bæjarráð felur umsjá með vatnsveitunni, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um vatnsveitu í Hafnarfirði, nr. 19 11. apríl 1918.

Félagsmálaráðuneytið, 5. október 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

192 **Staðfesting ríkisstjóra** á skipulagsskrá fyrir „Skógræktarsjóð Landbrots í
5. okt. Vestur-Skaftafellssýslu", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. október 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skógræktarsjóð Landbrots í Vestur-Skaftafellsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Skógræktarsjóður Landbrots", og er stofnaður af Valgerði Helgadóttur í Hólmi í Landbroti, með 10000 — tíu þúsund — krónum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að efla og styrkja skógrækt í Kirkjubæjarhreppi í V.-Skaftafellssýslu, eftir þeim reglum, sem settar eru í þessari skiplagsskrá.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í umsjón og vörzlu sýslunefndar V.-Skaftafellssýslu, sem ávaxtar sjóðinn á tryggan hátt og annast útborganir. Halda skal sérstaka gerðabók

og reikningabók fyrir sjóðinn og birta árlega opinberlega reikninga hans, endur- 192
skoðaða af endurskoðendum sýslusjóðsreikninga V.-Skaftafellssýslu. Enn fremur 5. okt.
skal færa inn í gerðabókina nöfn þeirra manna og býla, er styrks njóta.

4. gr.

Þá er vextir sjóðsins eru orðnir samtals 1200 — eitt þúsund og tvö hundruð — krónur skal verja 1000 — eitt þúsund — krónum til að koma upp vandaðri girðingu, svo og til plöntukaupa og gróðursetningar, á einu býli í Kirkjubæjarhreppi. Það er skilyrði fyrir styrkveitingu, að ábúandi eða eigandi leggi til vinnu við girðingu og viðhald hennar. Stærð þess lands, sem tekið er fyrir í senn á hverju býli, skal vera a. m. k. 3000 fermetrar, og valið eftir tillögum skógræktarstjóra ríkisins eða umboðsmanns hans.

5. gr.

Eftirstöðvar vaxta, skv. 4. gr., 200 kr., skal leggja við höfuðstólinn, þar til hann verður 25 þúsund krónur. Úr því má verja öllum vöxtum til skógræktar samkvæmt skipulagsskrá þessari. Höfuðstólinn má eldrei skerða.

6. gr.

Býlið Hólmar í Landbroti skal eiga rétt á fyrstu styrkveitingu til skógræktar. Annað býlið í röðinni skal vera efra býlið Þykkvibær í Landbroti. Að öðru leyti fara styrkveitingar eftir tillögum skógræktarstjóra ríkisins eða umboðsmanns hans.

7. gr.

Þá er öll býli í Kirkjubæjarhreppi hafa átt kost á, eða hlotið styrk úr sjóði þessum til skógræktar, skal hafin önnur umferð eftir sömu reglum. Hafi ábúandi einhvers býlis vanrækt viðhald girðingar, eða sýnt vanhirðu við skógrækt sína, skal býlið færast aftur í styrkröðinni þar til úr hefur verið bætt að fullu, að mati skógræktarstjóra ríkisins. Þó að fleiri býli séu á einni jörð, skal það talið sem eitt býli að því er styrkveitingu snertir.

8. gr.

Þrjóti verkefni fyrir sjóð þennan í Kirkjubæjarhreppi, annað hvort fyrir áhugaleysi ábúenda jarða þar, eða að meira land þyki eigi henta að taka til skógræktar, má verja vöxtum sjóðsins til skógræktar í öðrum sveitum V.-Skaftafellssýslu, en á sama grundvelli og til er tekið í þessari skipulagsskrá.

9. gr.

Nú breytast hættir svo, að framkvæmd skipulagsskrár þessarar samkvæmt framansögðu, verður talin að verulegu leyti óheppileg og nauðsyn talin á að breyta henni, og skal það þá heimilt sýslunefnd V.-Skaftafellssýslu, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, enda gert á þann hátt sem bezt samræmist tilgangi gefanda, skv. skipulagsskrá þessari.

10. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari hjá æðstu stjórnarvöldum Íslands.

Hólmi í Landbroti, 10. ágúst 1943.

193
7. okt.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjald fyrir Selfosskauptún.

1. gr.

Þar, sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði, á kostnað sveitarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, er hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjá alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsanet þorpsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.

3. gr.

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamati og vera 10 — tíu — pro mille af fasteignamati hvers húss, enda sé lágmarksgjald fyrir hvert hús 60 — sextíu — krónur.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðsrétti í húsi og öðrum mannvirkjum húseiganda, svo og lóð húseiganda, ef hún er eignarlóð hans, næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjalds er 1. október ár hvert, en kostnaður við lagningu holræsa greiðist að lögn lokinni.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. október 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

194
7. okt.

REGLUGERÐ

um holræsi fyrir Sauðárkrókshrepp.

1. gr.

Þar, sem hreppurinn hefur látið leggja á sinn kostnað holræsi í götu eða um óbyggð svæði, eða þar, sem hreppurinn hefur keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda byggðra húsa og þeirra, sem byggð verða, skylt að grafa fyrir og leggja á sinn kostnað í hús sitt ræsi, er flytji allt skólp frá húsinu út í aðalræsi.

Þar sem svo hagar til, að holræsi eru lögð annars vegar við aðalgötu, eru húseigendur þeir, sem þeim megin eru við götuna, sem holræsið liggur, skyldir að greiða holræsagerðinni aukagjald, sem svarar þeim kostnaði, sem þeir sleppa við með því að þurfa ekki að fara út í miðja götu vegna þess að holræsið liggur utan við götuna, og skal holræsagerðin verja þeim peningum, sem þannig innheimtast, til þess að styrkja þá húseigendur, sem þurfa að grafa ræsin frá húsum sínum alla leið yfir götuna, til þess að komast í aðalholræsið.

Regnvatn af húsum og lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í holræsið. Veganefnd hreppsins eða maður, sem hreppsnefnd felur það, hefur umsjón með að ræsin séu ekki af lakari gerð en göturæsin, og að þau hafi rétta legu eftir staðháttum á hverjum stað. Vanræki nokkur að gera þetta innan þess tíma, sem hreppsnefnd setur, er henni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hlutaðeigandi húseiganda.

2. gr.

Allur kostnaður við holræsi hreppsins greiðist af holræsagerðinni, en til þess að standast kostnað við holræsin og viðhald þeirra, ber hverjum húseiganda, sem hefur fengið hús sitt tengt við holræsakerfi hreppsins, eða átt kost á því, sbr. 1. gr., að greiða til holræsagerðarinnar árlegt gjald, sem nefnist holræsagjald og ákveðst þannig:

a. Fast gjald á hvert hús ..... kr. 40.00
b. Fast gjald á hverja íbúð umfram eina í húsi .. kr. 10.00
c. 4‰ af fasteignamatsverði húseigna.

Af hverju húsi, sem kemst í samband við holræsakerfið eða á kost á því, skal greiða sérstakt stofngjald, er nemi tvöföldu ársgjaldi.

3. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda, og hefur hann einn ábyrgð á greiðslu þess, en fyrir öllum kröfum, sem holræsagerðin öðlast á hendur húseigendum, samkvæmt 1. og 2. gr., hefur holræsagerðin lögtaksrétt, sem er tryggður með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum og húsum lóðareiganda á henni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgönguveðrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Árlegur gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júní. Gjalddagi stofngjalds er 1. júní og 31. desember næst á eftir að húsið kemst í samband við holræsakerfið eða á kost á því. Gjaldið greiðist á skrifstofu hreppsins.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

194 7. okt. Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. október 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

195 11. okt. **Staðfesting ríkisstjóra** á skipulagsskrá fyrir „Framfarasjóð Akraness", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. október 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framfarasjóð Akraness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður Akraness og er eign Akraneskaupstaðar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. hluti bæjarins af stríðsgróðaskatti fyrir 1941;
2. árlegt framlag frá bæjarsjóði Akraness, er nema allt að 5% — fimm af hundraði — af árlegum álögðum útsvörum, þó aldrei minna en 5000 — fimm þúsund — krónur á ári þar til sjóðurinn er orðinn ein milljón krónur;
3. vaxtatekjur, gjafir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kann að áskotnast, þar á meðal hluti af óvissum tekjum bæjarsjóðs, eftir ákvörðun bæjarstjórnar í desembermánuði ár hvert.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri jafntryggri stofnun, í bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða öðrum jafntryggum verðbréfum, að svo miklu leyti, sem hann verður ekki ávaxtaður samkv. 4. gr.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja og efla framfarir á þann hátt, sem hér segir:

1. Bæjarstjórn má í janúaðarmánuði ár hvert, í fyrsta sinn í janúarmánuði 1943, taka lán allt að ⅗ — þrem fimmtu — hlutum sjóðsins til þeirra framkvæmda, er hér greinir: til hafna- og lendingarbóta, sjóvarnargarða, sjúkrahúsbygginga, vatnsleiðslu, vatnsaflsvirkjunar, gistihúsbyggingar, skólpræsagerðar, skólahúsbyggingar, landa- og jarðakaupa, vegalagninga, jarðræktar, girðinga um ræktunarland eða beitiland, bæjarhúsbyggingar, fjósbyggingar til sameiginlegra afnota fyrir bæjarbúa, trjáræktar og skrúðgarðs.

   Lán samkvæmt þessum lið má veita til allt að 25 ára. Vextir skulu vera sem hér greinir: Þar til sjóðurinn er orðinn 500000 kr. skulu vextir vera 5% — fimm af hundraði — en úr því 4% — fjórir af hundraði —. Þegar sjóðurinn er orðinn ein milljón krónur má lækka vexta í 3% — þrjá af hundraði —, en þegar hann er orðinn fimm milljónir í 2% — tvo af hundraði —.
2. Heimilt er sjóðstjórninni að veita lán allt að ⅖ — tveim fimmtu — hlutum sjóðsins:

a. til skipabygginga allt að 75% af vátryggingarmatsverði gegn fyrsta og eða öðrum veðrétti skipsins eða skipanna, og eða öðrum tryggingum, sem sjóðsstjórnin metur gildar. Lán þessi má veita til allt að 15 ára með sömu ársvöxtum og Fiskveiðasjóður Íslands lánar á sama tíma. Við eigendaskipti hafi Akraneskaupstaður forkaupsrétt að þeim skipum, sem standa að veði fyrir lánum úr sjóðnum; 195 11. okt.
b. til verkamannabústaða allt að fasteignaverði hússins eða húsanna út á fyrsta og eða annan veðrétt. Lán þessi má veita til 25 ára gegn 3% — þremur af hundraði — ársvöxtum.

5. gr.

Ekki má veita bæjarsjóði lán úr sjóðnum, nema bæjarstjórn hafi árlega lagt í sjóðinn 5000 — fimm þúsund — krónur hið minnsta, samanber þó niðurlag 2. greinar. Ekki má heldur veita lán úr sjóðnum nema sá, sem lán er veitt, sé skuldlaus við sjóðinn með vaxta- og afborgunargreiðslur.

6. gr.

Sjóðsstjórnin skal skipuð þremur mönnum búsettum á Akranesi, er bæjarstjóra kýs til fjögurra ára í senn, í fyrsta sinn til 6 ára. Skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu, og skal ávallt a. m. k. einn þeirra vera utan bæjarstjórnar. Þrjá varamenn í stjórn skal kjósa samtímis og á sama hátt.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir hann og færa inn í hana skipulagsskrá þessa, umsóknir um lán úr sjóðnum, lánveitingar og annað, er varðar hag og rekstur hans. Henni ber að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning hans.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal stjórnin birta ársreikning hans í Lögbirtingablaðinu. Bæjarstjórn kýs endurskoðendur.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

10. gr.

Skipulagsskrá þessa skal birta í B-deild stjórnartíðindanna.

AUGLÝSING

196 12. okt.

um breyting á reglugerð nr. 111 10. sept. 1936, um gosdrykki.

1. gr.

Aftan við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gosdrykki, sem í er koffein, skal auðkenna með tilliti til þess og skrá koffeinmagnið í mg á hverja flösku.

2. gr.

Upphaf 6. greinar reglugerðarinnar skal orða svo:

Sérstaklega er óheimilt að búa til þær vörur, sem nefndar eru í 1.—4. gr. þessarar reglugerðar, á þann hátt, að í þeim sé:

196 12. okt.

1. a. arsen, blý, zink, antimón, kadmium, kopar eða amýlnitrít,
b. koffein, er nemi meira en 250 mg í 1000 cm^3.

3. gr.

Aftan við 12. tölulið 8. gr. bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

13. Gosdrykkir, sem í er koffein, enda séu þeir ekki auðkenndir með orðunum: Inniheldur koffein ..... mg í flöskunni.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi gengur í gildi 1. desember 1943.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 12. október 1943.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

197 12. okt.

AUGLÝSING

um bann við veiði göngusilungs við Fnjóskárósa.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, er öll veiði göngusilungs bönnuð í sjó, fyrir strandlengjunni út frá Fnjóskárósi, frá Sæbóli að Kljáströnd að báðum jörðum meðtöldum.

Bann þetta gengur í gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

198 25. okt.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 40 króna árlegt gjald til lögreglustjóra, þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett. Gjald þetta greiðist í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár sem bifreiðaskatturinn.

Hafi bifreið eða bifhjól aðeins verið skrásett hluta úr gjaldárinu, þá skal gjaldið þeim mun lægra, að það verði 10 kr. fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi.

2. gr.

Fyrir próf bifreiðarstjóra greiði umsækjandi kr. 40.00.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld bráðabirgðareglugerð nr. 50 frá 8. júní 1942, um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra. 198 25. okt.

Í dómsmálaráðuneytinu, 25. október 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þórarins Kristjánssonar hafnarstjóra", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. október 1943. 199 28. okt.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þórarins Kristjánssonar hafnarstjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þórarins Kristjánssonar hafnarstjóra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 19635 krónur, er starfsmenn Reykjavíkurhafnar og nokkrir aðrir vinir Þórarins Kristjánssonar hafnarstjóra gáfu til minningar um hann við fráfall hans.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunasjóði Íslands eða í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs. Handbært fé sjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal jafnan leggja við hann ekki minna en ⅕ — einn fimmta hluta — af vöxtum hans ár hvert, en hinum ⅘ — fjórum fimmtu hlutum — vaxtanna má úthluta samkv. 5. gr.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja bágstadda starfsmenn Reykjavíkurhafnar, ekkjur þeirra og munaðarlaus börn. Til starfsmanna hafnarinnar teljast einnig verkamenn og iðnaðarmenn, sem hafa aðalatvinnu sína hjá Reykjavíkurhöfn, þótt ráðnir séu með tímakaupi.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal falin þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hafnarstjórn Reykjavíkur, annar af starfsmönnum hafnarinnar og hinn þriðji af ekkjunni, og að henni látinni, af börnum hennar meðan þeirra nýtur við, en síðan skal stjórnarmaður þessi tilnefndur af bæjarráði Reykjavíkur. Stjórnarmenn skulu skipaðir til þriggja ára. Þeir skipti sjálfir með sér verkum og skulu þeir sjá um ávöxtun sjóðsins, hafa með höndum úthlutun styrkja úr honum og gera árlega reikning um tekjur hans og gjöld á árinu og efnahag hans í árslok. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hafnarsjóðs.

7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

200
4. nóv.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Hafnarfjarðar.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Hafnarfjarðar, og skal heimili hans og varnarþing vera í Hafnarfirði.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 20. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Sérhver ábyrgðarmaður ábyrgist með allt að fjögur hundruð krónum, að sjóðurinn standi í skilum. Ef ábyrgðarmaður hefur orðið að greiða nokkuð fyrir sjóðinn, á hann rétt til hlutfallslegs endurgjalds frá meðábyrgðarmönnum sínum, samkvæmt reglum þeim, er gilda þegar fleiri eru en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla, sjálfskuldarábyrgðarmenn fyrir sömu upphæð. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðsamninga eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en hinir 2 af bæjarstjórn Hafnarfjarðar á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að bæjarstjórn kjósi annan í hans stað.

Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnarinnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

6. gr. 200

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari. 4. nóv.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðist nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hver breyting hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti tvisvar á viku og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

11. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum 7 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema ⅔ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

200 4. nóv.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 50 þúsund kr.
f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

13. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 10 þúsund kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

14. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 1000.00 til kr. 5000.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 5000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins. Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft

löglega heimild frá hendi eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskipta- 200
bókin hljóðar um, eða eitthvað af því. 4. nóv.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueigenda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

16. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

17. gr.

Ef eigandi innstæðufjár eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

18. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

19. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

20. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $^{4}/_{10}$ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða

200 4. nóv.

gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;

c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;

d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

22. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

23. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minni en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

24. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

25. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

26. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

27. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;

2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins; 209 4. nóv.
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

28. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þeirri. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

29. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

30. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af bæjarstjórn Hafnarfjarðar með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

31. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

32. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

33. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir-

200 4. nóv. mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

34. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver atriði, er tilhögun reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð frá 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. nóvember 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

201 4. nóv.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Mýrhreppinga.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Mýrhreppinga og skal heimili hans og varnarþing vera í Mýrahreppi.

2. gr.

Til tryggingar því, að geymslufé sjóðsins glatist ekki og að sjóðurinn standi í skilum, skal hann hafa ábyrgðarmenn fyrir ekki minni upphæð en kr. 3000.00 — þrjú þúsund — krónum.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 15. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en 1 af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu á sama tíma og gildir kosn-

ing þeirra allra til fjögurra ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins. 201 4. nóv.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar. Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum

201 4. nóv. skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft, sem þörf krefur, og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Stjórnin ákveður hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum 7 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema ⅔ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerð um sparisjóði, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti. Sé í hana skráður útdráttur úr samþykktum sjóðsins.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 10000 kr.
f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, af 5 kr. minnst og reiknast þeir frá 1. degi næsta mánaðar eftir að inn er lagt og til 1. dags þess mánaðar, er út er tekið. Eigi gjaldast vextir í minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 500 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum. 201 4. nóv.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 100 til kr. 200 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en kr. 200 á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana,

201 er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.
4. nóv. Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins, eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi ⅗ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga.

   Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfénu, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn

tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það. 201 4. nóv.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar greint hver sjóðurinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hvaða lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir þá víxla, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántak-

201 4. nóv.

anda, svo og einkennistölu. Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn.

Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor fyrir sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins.

Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð frá 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr. 201
Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra. 4. nóv.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. nóvember 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Geiradalshrepps. 202 4. nóv.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Geiradalshrepps og skal heimili hans og varnarþing vera Geiradalshreppur, Króksfjarðarnesþinghá.

2. gr.

Til tryggingar gegn því tjóni, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir, og getur ekki sjálfur greitt af eigin eignum, er ábyrgð minnst 12 manna, sem ábyrgjast sameiginlega 3000 krónur.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en 1 af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins

202 4. nóv. fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur krafizt tryggingar af féhirði fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir þegar stjórnin telur þess þörf og ákveður hún hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr. 202

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður 4. nóv.
hann öllum ábyrgðarmönnum. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema ⅔ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
e. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 500 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 100.00 til kr. 500.00 sé með mánaðarfyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 500 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

202 4. nóv.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina eða tilkynna það hlutaðeiganda í ábyrgðarbréfi.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á

undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna 202
ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma 4. nóv.
því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi ⅔ af fasteignamatsverði, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lagt aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

202
4. nóv.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins.
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr. 202

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en 4. nóv.
einu sinni á ári og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð frá 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. nóvember 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKTIR 203

4. nóv.

fyrir Sparisjóð Rangárvallasýslu.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Rangárvallasýslu og skal heimili hans og varnarþing vera í Eystri-Garðsauka.

2. gr.

Sparisjóðurinn hefur að minnsta kosti 12 ábyrgðarmenn, búsetta í Hvol-, Fljótshlíðar-, Rangárvalla- og Landeyjahreppum. Þeir ábyrgjast það tjón, er sjóðurinn kann að bíða og getur ekki sjálfur staðizt, allt að 250 kr. hver.

203 3. gr.

4. nóv. Skylt er stjórninni að gera það sem í hennar valdi stendur til að sjá um að ábyrgðarmenn verði aldrei færri en 12. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða að maður verður öreigi á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af sýslunefnd Rangárvallasýslu á sama tíma og gildir kosning þeirra til fjögurra ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burtu úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan löglegan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komi í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust,

ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna 203
þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið. 4. nóv.

8. gr.

Sérhver greiðsla í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skráð í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, er greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti einu sinni á ári og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

11. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum 14 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafund boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins nema ⅔ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 5000 kr.
f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

203 13. gr.

4. nóv. Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 100 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

14. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá 500 kr. til 1000 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 1000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittunin sé ógild orðin.

16. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

17. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

18. gr. 203

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita upsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í. 4. nóv.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

19. gr.

Ársarð allan af rekstri sjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

20. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum, auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en að nema 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 60% af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórnin álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

22. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

23. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma

203 4. nóv. því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar samþykki.

24. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það. Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hver bréfin séu geymd og hver þau séu.

25. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

26. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

27. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver úrgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

28. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu. 203 4. nóv.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

29. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

30. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Rangárvallasýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

31. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

32. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

33. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

34. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð um sparisjóði 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

203 4. nóv.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. nóvember 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

204 5. nóv.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hvammstangakauptún, nr. 161 5. september 1939.

Gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu innheimtast frá og með 1. janúar 1944 og út það ár með 50% viðauka.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

205 6. nóv.

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerð 29. marz 1941, um iðnaðarnám, og reglugerð 3. júlí 1942, um breyting á sömu reglugerð.

1. gr.

1. gr. reglugerðar 29. marz 1941 breytist þannig, að á eftir orðinu „gaslagningu" í A-lið komi: glerslípun og speglagerð, og á eftir orðunum „leturgrefti" komi: ljósprentun.

Á eftir orðinu „hattasaumara" í B-lið sömu greinar komi: kjólasaumara, kvennaklæðskera.

2. gr.

Í 12. gr. sömu reglugerðar, 2. málsgr., komi á eftir orðinu „feldskurði": glerslípun og speglagerð, — og á eftir orðinu „klæðskurði" komi: kjólasaum, kvennaklæðskurði.

3. gr.

Á eftir 6. (upphaflega 5.) lið 13. greinar komi nýr 7. liður, svo hljóðandi:

7. **Glerslípun og speglagerð.**
Nemandi skal:
   a. skera, kantslípa og bora glerplötu í innbú verzlunar. Skal glerplatan vera 60 × 125 cm hið minnsta og ekki þynnri en 6 mm;
   b. skera og slípa 25 mm snið (facet) á spegil úr 6 til 8 mm þykku gleri og sé hann ekki minni en hálfur fermetri að stærð;

c. skera, kantslípa og skáslípa 5 mm breiðan kant á kringlótta glerplötu úr 6 til 8 mm þykku gleri, og sé glerplatan ekki minni en 80 cm í þvermál; 205 6. nóv.
d. skera, kantslípa og slípa handgróp í glerhurð úr 6 til 8 mm þykku gleri og sé hún ekki minni en 100 cm á hæð og 60 cm breið;
e. gera spegil úr 3 mm gleri, og sé hann ekki minni en 25 × 40 cm að stærð.

Í 12. (upphaflega 11.) lið sömu greinar, sem verður 13. liður, komi tveir nýir stafliðir, svo hljóðandi:

c. **Í kjólasaum** skal nemandinn teikna, sníða og sauma:
1. síðdegiskjól;
2. kvöldkjól;
3. samkvæmiskjól;
eða
1. upphlut;
2. peysuföt (treyju og pils).

d. Í kvennaklæðskurði skal nemandinn teikna, sníða og sauma:
1. vetrarkápu með skinni;
2. frakka (Ulster, swagger);
3. skinnlausa kápu;
4. peysufatafrakka;
5. jakka og pils (dragt).

Á eftir 13. (upphaflega 12.) lið sömu greinar komi nýr liður, sem verður 15. liður, svo hljóðandi:

15. **Ljósprentun.**
Nemandinn skal:
a. taka strikmynd og netmynd af góðri fyrirmynd og framkalla þær. Enn fremur stækka mynd og minka;
b. undirbúa filmur undir gegnumlýsingu;
c. undirbúa plöturnar með sýrum;
d. gera plöturnar ljósnæmar með tilheyrandi efnum;
e. gegnumlýsa filmurnar á plötu;
f. framkalla plöturnar með tilheyrandi efnum;
g. undirbúa plötu fyrir prentun eða til þess að geymast án þess að hún ryðgi:
h. stemma plötu við pappír;
i. jafna svertu eða liti og stilla hlutfall á milli svertu og vatnskefla;
j. prenta myndirnar í 100 eintökum.

4. gr.

Í stað tölunnar 3. á undan orðinu „Bifreiðasmíði“ í 2. línu 3. gr. reglugerðar 3. júlí 1942, um breyting á reglugerð um iðnaðarnám, komi talan 2.

Orðin „Tölusetning iðngreina .... veggfóðrun“ í sömu grein falli niður.

Liðatala 13. gr. iðnaðarnámsreglugerðar 29. marz 1941 breytist samkvæmt þessu og téðri reglugerð 3. júlí 1942 og verður síðasti liður: 32. Veggfóðrun.

5. gr.

Í kaflann um teikningu í 25. gr. reglugerðarinnar bætist:

Í 3. lið, 3. mgr., á eftir orðinu „feldskerar“: kjólasaumarar og kvennaklæðskerar.

Í 4. lið, g., bætist á eftir orðinu „leturgrafar“: ljósprentarar, glerfágarar og speglagerðarmenn.

Í 4. lið, k., bætist á eftir orðinu „feldskerar“: kjólasaumarar, kvennaklæðskerar.

205 6. nóv. Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

206 6. nóv.

SAMÞYKKT

fyrir Sparisjóð Hríseyjar.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Hríseyjar og skal heimili hans og varnarþing vera Hrísey.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Hríseyjarhrepps og ábyrgist hreppurinn innstæður manna í sjóðnum og aðrar skuldbindingar hans.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á miðsvetrarhreppsfundi og 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og gildir kosning þeirra allra til fjögurra ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af miðsvetrarhreppsfundi, flytji burt úr héraðinu, eða forfallist á annan hátt, skal hreppsnefnd skipa annan í hans stað, fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman stjórnarfund þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti tvisvar á ári hverju og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

11. gr.

Reikningar sparisjóðsins skulu lagðir, endurskoðaðir, fyrir miðsvetrarhreppsfund ár hvert, skulu mál sparisjóðsins þar tekin til umræðu, og telst það aðalfundur sparisjóðsins. Bóka skal þann hluta af gerðum miðsvetrarhreppsfundar, sem snertir sparisjóðinn, í fundargerðabók sjóðsins. Tillögur til lagabreytinga verða eigi teknar fyrir nema þeirra hafi verið getið í miðsvetrarfundarboði. Lagabreytingar ná eigi fram að ganga nema ⅔ fundarmanna, er á hreppsfundi eru, samþykki þær.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.

206 6. nóv.

c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.

d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.

e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 10000 kr.

f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

13. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá 100 kr. til 500 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 500 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á

hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að við- 206
skiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við saman- 6. nóv.
burð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

16. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

17. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

18. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

19. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

20. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 40% af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;

206 c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álítur trygga;
6. nóv. d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

22. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiðir skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

23. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þess fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

24. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

25. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

26. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

27. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;

3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslok og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok. 206 6. nóv.

28. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

29. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

30. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

31. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

32. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

33. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

206 6. nóv.

34. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð dags. 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 6. nóvember 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

207 9. nóv.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveituna á Akranesi, nr. 89 21. september 1926.

1. málsgrein 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Verð á rafmagni skal fyrst um sinn vera sem hér segir: Til ljósa kr. 1.30 fyrir hverja kílówattstund, til iðnaðar 80 aurar fyrir hverja kílówattstund, og kr. 1.00 á mánuði fyrir hvern rafmagnsmæli yfir starfstímann.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akraness hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum um raforkuvirki, nr. 83 frá 1932, sbr. vatnalög nr. 15 frá 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

208
16. nóv.

AUGLÝSING

um framlengingu reglugerðar um fasteignaskatt í Reykjavík, nr. 117 22. nóvember 1938.

Reglugerð um fasteignaskatt í Reykjavík, nr. 117 22. nóvember 1938, framlengist til þess að gilda áfram um næstu fimm ár frá og með 1. janúar 1944 að telja.

Ákvörðun þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Námssjóð Thors Jensen", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. nóvember 1943. 209
22. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Námssjóð Thors Jensen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Námssjóður Thors Jensen.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, sem stofnað var 1891, og er sjóðurinn afhentur félaginu með gjafabréfi Thors Jensen, dags. 17. september 1943, og er að upphæð 50000 krónur.

Sjóðurinn tekur nú þegar til starfa.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilegt verzlunarfólk, menn eða konur, til náms í verzlunarfræðum hér á landi eða erlendis.

Félagar í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur hafa forgangsrétt til styrks, en meðal félagsmanna skulu þeir að öðru jöfnu ganga fyrir, sem lokið hafa burtfararprófi úr Verzlunarskóla Íslands.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af fimm manna stjórnarnefnd. Gefandi sjóðsins, Thor Jensen, tilnefnir einn mann í hina fyrstu stjórn, og skal sá vera formaður hennar.

Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur kýs þrjá menn og stjórn Verzlunarráðs Íslands einn, og skipta þeir með sér verkum með þeirri takmörkun, sem á undan getur, að gefandi sjóðsins tilnefnir formann stjórnarnefndarinnar.

Þessir fyrstu stjórnendur sjóðsins skulu allir í sameiningu velja fimm varamenn, og sé tiltekið hver er varamaður hvers hinna fyrstu stjórnenda.

209 22. nóv.

Þegar einhver hinna fyrstu stjórnenda fer úr stjórn sjóðsins, hvort sem það er vegna dauða eða af öðrum ástæðum, tekur varamaður hans sæti í stjórninni og verður þá aðalmaður, en varamann í hans stað skal þá þegar tilnefna eftir sömu reglum og hinir upprunalegu varamenn voru valdir.

Engan má tilnefna varamann nema samþykki hans liggi fyrir, um að hann vilji taka starfið að sér. Á þennan hátt skal jafnan farið þegar autt verður sæti aðalmanns eða varamanns í stjórninni, svo að hún sé jafnan skipuð 5 aðalmönnum og 5 varamönnum. Í forföllum aðalmanns um stundarsakir tekur varamaður þess eða þeirra, sem forföll hafa, sæti í stjórninni, enda sé ekki ágreiningur um að forföll hamli. Skipta má um varamenn, ef allir stjórnendur sjóðsins samþykkja.

Nú verður, vegna fráfalls stjórnenda, veikinda eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, eigi mögulegt að ná samþykki allra að því er snertir kjör aðalstjórnanda eða varastjórnenda svo sem gert er ráð fyrir hér að framan, og skulu þá hinir framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til þess að stjórn og varastjórn verði fullskipuð samkvæmt því, sem ætlast er til með framanrituðum reglum.

Í stjórn sjóðsins ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í skipulagsskrá þessari.

5. gr.

Gerðabók fyrir sjóðinn skal stjórn hans löggilda. Skal færa í gerðabókina allt um sjóðinn, sem máli þykir skipta, þar á meðal fundargerðir sjóðstjórnarinnar og sérstaklega allar ákvarðanir hennar um málefni sjóðsins. Enn fremur skal bóka í gerðabókina kjör varamanna, og allar breytingar, sem verða á stjórn sjóðsins. Varamenn skulu og rita í gerðabókina samþykki um kjör sitt.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta með því að kaupa fyrir fé hans bankavaxtabréf veðdeildar Landsbanka Íslands, hliðstæð verðbréf tryggð með öruggu fasteignaveði eða verðbréf með ríkisábyrgð, og peningar sem kunna að liggja fyrir, skulu ávaxtaðir á tryggum stað, enda samþykki allir stjórnendur hvernig fénu skuli komið á vöxtu.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og árlega skal leggja ⅕ — einn fimmta — af vöxtum við höfuðstólinn. Að öðru leyti skal vöxtunum varið samkvæmt tilgangi sjóðsins. Sjóðstjórnin ræður þó að hve miklu leyti vöxtunum er varið í þessum tilgangi ár hvert eða hvort þeir verða lagðir við höfuðstól, frekar en gert er ráð fyrir að framan, eða geymdir til síðari ára til úthlutunar þá.

Nú hlotnast sjóðnum gjafir eða honum er aflað fjár á einn eða annan hátt, og skal þá leggja þær upphæðir við höfuðstól sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa árlega með hæfilegum fyrirvara eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum og úthluta síðan þeirri styrkupphæð, sem hún vill úthluta hverju sinni, samkvæmt tilgangi sjóðsins og í samræmi við ákvæði skipulagsskrár þessarar. Stjórnin skal þó gæta þess að hver einstök styrkupphæð sé ekki lægri en svo, að hún geti talizt til verulegrar styrktar fyrir þann, sem hana hlýtur. Sama námsmanni má veita styrk oftar en einu sinni, en þó ekki lengur en í 3 ár. Gera má styrkþega að skilyrði, að hann, að loknu framhaldsnámi í verzlunarfræðum, haldi fyrirlestra eða hafi æfingar með nemendum í Verzlunarskóla Íslands, í samráði við skólastjóra þess skóla.

9. gr. 209

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Hið fyrsta reikningsár sjóðsins telst frá stofnun hans til ársloka 1944. Sjóðstjórn ber að færa bók um eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld. 22. nóv.

Stjórn sjóðsins semur við lok hvers reikningsárs reikning fyrir sjóðinn og skal hann síðan staðfestur af löggiltum endurskoðanda. Reikningurinn skal innfærður í efnahagsbók sjóðsins og auglýstur í Lögbirtingablaðinu í síðasta lagi fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

10. gr.

Leita skal samþykkis Verzlunarráðs Íslands á skipulagsskrá þessari og að því fengnu skal leita staðfestingar ríkisstjóra. Skipulagsskrá þessari má ekki breyta, nema allir stjórnarmenn sjóðsins samþykki, svo og stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Verzlunarráð Íslands. Þó má aldrei breyta fyrirmælum um tilgang sjóðsins né reglum 4. gr. um skipan sjóðstjórnar.

Reykjavík, 31. okt. 1943

Í stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:

Hjörtur Hansson, form **St. G. Björnsson.** **Adolf Björnsson.** **B. E. Þorvaldsson.**

Konráð Gíslason. **Egill Guttormsson.** **Lárus Bl. Guðmundsson.** **Sveinn Helgason.**

Verzlunarráð Íslands er samþykkt ofanritaðri skipulagsskrá.

Reykjavík, 31. okt. 1943.

F. h. Verzlunarráðs Íslands,
H. Benediktsson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Aðalsteins Sigmundssonar kennara", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. nóv. 1943. 210 23. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Sigmundssonar kennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Aðalsteins Sigmundssonar kennara.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Ungmennafélagi Íslands, með framlagi frá því, svo og héraðssamböndum, einstökum félögum og vinum Aðalsteins. Alls að upphæð 10000 — tíu þúsund — krónur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja til náms efnilega, en fátæka unglinga, er sýnt hafa þroska og hæfni til félagslegra starfa innan U. M. F. Í.

210 4. gr.
23. nóv. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Gjafir til sjóðsins skulu ávallt lagðir við höfuðstólinn og vextir allir, þar til sjóðurinn er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur, þá skal heimilt að úthluta samkvæmt 3. gr. ⅗ hlutum vaxtanna, en ⅖ skulu leggjast við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund — krónur. Eftir þann tíma leggist ⅕ vaxtanna við höfuðstólinn unz hann er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur, en að þeim tíma liðnum má verja öllum vöxtum sjóðsins samkvæmt 3. gr. Fé það, sem ekki úthlutast samkvæmt framansögðu, leggst við höfuðstólinn.

5. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum skulu auglýstar í Skinfaxa. Umsóknir um styrk skulu sendar sjóðstjórninni fyrir 1. maí ár hvert og fylgi þeim meðmæli frá viðkomandi héraðssambandsstjórn. Styrkurinn veitist á afmælisdegi Aðalsteins Sigmundssonar, 10. júlí.

6. gr.

Sjóðurinn er eign U. M. F. Í. Stjórn hans skipa 3 menn: Fræðslumálastjóri og tveir menn, er stjórn U. M. F. Í. kýs til þriggja ára í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld hans, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

8. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í tryggum lánsstofnunum, í bankavaxtabréfum eða á annan öruggan hátt. Reikning sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaðinu, endurskoðaðan af endurskoðendum U. M. F. Í. Hann skal og lagður fram á sambandsþingi með öðrum reikningum sambandsins. Reikningsár sjóðsins sé almanaksárið.

9. gr.

Heimilt er að endurskoða skipulagsskrá þessa á 15 ára fresti, ef knýjandi ástæður verða fyrir hendi, að dómi sambandsstjórnarinnar, svo sem breytt fyrirkomulag U. M. F. Í. eða annað.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild stjórnartíðindanna.

211 # AUGLÝSING
20. nóv. **um breyting á bráðabirgðareglugerð um notkun bryggju í Flatey á Breiðafirði, nr. 76 12. júní 1935.**

Öll bryggjugjöld samkvæmt bráðabirgðareglugerðinni skulu frá í dag hækka um 150% þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Ákvæði þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, og birtast til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

REIKNINGUR 212

styrktar- og sjúkrasjóðs vitavarða Íslands 1942.

Tekjur:

1.	Í sjóði frá fyrra ári		kr. 10061.75
2.	Gestafé	kr. 751.35	
3.	Tillög vitavarða	— 1555.47	
4.	Vextir	— 1492.36	
5.	Ríkissjóðsstyrkur með verðlagsuppbót	— 2055.83	— 5855.01
6.	Útdregin skuldabréf Bæjarsjóð Rvíkur 1923	kr. 500.00	
7.	Útdregin skuldabréf Bæjarsjóðs Rvíkur 1931	— 1000.00	
8.	Útdregin ríkisskuldabréf (4½%)	— 5000.00	— 6500.00
			Kr. 22416.76

Gjöld:

1.	Veittir styrkir	kr. 2132.00
2.	Inneign í sparisjóði Landsbankans	— 20284.76
		Kr. 22416.76

Eignir:

	6% skuldabréf Bæjarsjóðs Reykjavíkur 1931	kr. 1000.00
	4. fl. bankavaxtabréf Landsbanka Íslands	— 1000.00
	8. — — — —	— 1000.00
	9. — — — —	— 1000.00
	10. — — — —	— 8700.00
	Verðbréf Mjólkurfél. Reykjavíkur	— 2000.00
	Hlutabréf Eimskipafél. Íslands	— 25.00
	4½% ríkisskuldabréf	— 5000.00
		kr. 19725.00
	Inneign í sparisjóði Landsbankans	— 20284.76
		kr. 40009.76

Vitamálastjórinn,
Emil Jónsson.

REIKNINGUR 213

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs Vestur-Skaftafellsprófastsdæmis árið 1942.

Tekjur:

1.	Hörgslandshreppsdeild:		
	Í sjóði 31. des. 1941	kr. 1720.18	
	Vextir 1942	— 86.00	kr. 1806.18
2.	Kirkjubæjarhreppsdeild:		
	Í sjóði 31. des. 1941	kr. 788.94	
	Vextir 1942	— 39.44	— 828.38
		Flyt	kr. 2634.56

213

3. Leiðvallarhreppsdeild:			Flutt	kr. 2634.56
Í sjóði 31. des. 1941	kr.	702.52		
Vextir 1942	—	35.12	—	737.64
4. Skaftártunguhreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1941	kr.	506.99		
Vextir 1942	—	25.34	—	532.33
5. Álftavershreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1941	kr.	854.39		
Vextir 1942	—	42.71	—	897.10
6. Hvammshreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1941	kr.	654.67		
Vextir 1942	—	32.73	—	687.40
7. Dyrhólahreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1941	kr.	315.45		
Vextir 1942	—	15.77	—	331.22
				Kr. 5820.25

Gjöld:

1. Hörgslandshreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1942			kr. 1806.18
2. Kirkjubæjarhreppsdeild:			
Styrkur veittur af ársvöxtum 1942	kr.	29.58	
Í sjóði 31. des. 1942	—	798.80	— 828.38
3. Leiðvallarhreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1942			— 737.64
4. Skaftártunguhreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1942			— 532.33
5. Álftavershreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1942			— 897.10
6. Hvammshreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1942			— 687.40
7. Dyrhólahreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1942			— 331.22
			Kr. 5820.25

Sjóðurinn er ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

Vík, 28. september 1943.

Jón Þorvarðsson. **Gísli Sveinsson.**

Reikning þennan höfum við endurskoðað án athugasemda.

Vík, 1. október 1943.

Jón Þorsteinsson. *Sigurjón Kjartansson.*

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1943.

Auglýsing um lækkun verðtolls af farmgjöldum, undirskrifuð í fjármálaráðuneytinu 25. maí 1943, nr. 131.

Ríkisstjórabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 1. september 1943, undirskrifað af ríkisstjóra 12. ágúst 1943, nr. 68.

Lög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, undirskrifuð af ríkisstjóra 7. september 1943, nr. 69.

Auglýsing um staðfestingu ríkisstjóra á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942, undirskrifuð af kennslumálaráðherra 22. september 1943, nr. 70.

Auglýsing um staðfestingu ríkisstjóra á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942, undirskrifuð af kennslumálaráðherra 30. september 1943, nr. 71.

Lög um breyting á lögum nr. 64 4. júlí 1942, um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum, undirskrifuð af ríkisstjóra 27. október 1943, nr. 72.

Auglýsing um viðskiptasamning, er gerður var í Reykjavík hinn 27. ágúst 1943 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku, undirskrifuð af utanríkismálaráðherra 22. október 1943, nr. 73.

Auglýsing um lækkun aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum, undirskrifuð af fjármálaráðherra 6. nóvember 1943, nr. 74.

Lög um breyting á lögum nr. 3 13. febrúar 1943, um verðlag, undirskrifuð af ríksstjóra 10. nóvember 1943, nr. 75.

Lög um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 76.

Lög um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar vinning í happdrætti Hallgrímskirkju, undirskrifuð af ríkisstjóra 7. desember 1943, nr. 77.

Lög um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar vinning í happdrætti Laugarneskirkju, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 78.

Lög um breyting á lögum nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð í Dalvík, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 79.

Lög um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 80.

Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 81.

Lög um birtingu laga og stjórnarvaldaerinda, undirskrifuð af ríkisstjóra 16. desember 1943, nr. 64.

Lög um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 65.

Tilskipun um starfsreglur ríkisráðs, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 82.

Ríkisstjórabréf um þinglausnir, undirskrifað af ríkisstjóra sama dag, nr. 83.

Lög um breyting á lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingarsamþykktir, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 84.

Lög um ítölu, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 85.

Lög um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 86.

Lög um breyting á lögum nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 87.

31. dag desembermánaðar 1943. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lög um lendingarbætur í Stöðvarfirði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 88.

Lög um lendingarbætur í Hnífsdal, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 89.

Lög um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 90.

Lög um breyting á lögum nr. 97 9. júlí 1941, um ófriðartryggingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 91.

Lög um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 92.

Lög um hafnarbótasjóð, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 93.

Lög um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 94.

Lög um viðauka við lög nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 95.

Lög um eyðingu svartbaks, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 96.

Lög um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 97.

Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 98.

Lög um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 99.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1944, undirskrifuð af ríkisstjóra 30. desember 1943, nr. 66.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1944 með viðauka, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 67.

Lög um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 100.

Lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 101.

Lög um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 102.

Lög um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 103.

Lög um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 104.

Lög um breyting á lögum nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 105.

Lög um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 106.

Lög um breytingar á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um Fiskveiðasjóð Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 107.

Lög um heilsuhæli fyrir drykkjumenn, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 108.

Lög um hlutatryggingafélög, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 109.

Lög um olíugeyma o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 110.

Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 111.

Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 112.

Lög um lendingarbætur í Grindavík, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 113.

Lög um breyting á lögum nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 114.

Lög um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 115.

Lög um ættaróðal og erfðaábúð, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 116.

Lög um viðauka við lög nr. 56/1933, um viðauka við og breyting á lögum nr. 68/1917, um áveitu á Flóann, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 117.

Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 118.

Lög um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 119.

Lög um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir og lögum nr. 75 1942, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 120.

Fjáraukalög fyrir árið 1940, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 121.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir að greiða eftirlaun, er sérstaklega stendur á um, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 122.

Lög um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 123.

Lög um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 124.

Lög um breyting á lögum nr. 81 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 125.

Lög um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 126.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1940, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 127.

Lög um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 128.

Ríkisstjórabréf, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar mánudaginn 10. jan. 1944, undirskrifað af ríkisstjóra sama dag, nr. 129.

Fjárlög fyrir árið 1944, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 130.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 69. tbl. Lögbirtingablaðsins 1943, **um endurnýjun ferðaskírteina skipa samkvæmt fyrirmælum brezku flotastjórnarinnar.** 214 18. nóv.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslenzku ríkisstjórninni að nauðsynlegt sé að öll íslenzk skip, 10 til 750 smálestir að stærð, fái endurnýjuð, eins fljótt og unnt er eftir 1. desember 1943, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir:

Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.

215
10. nóv.

REGLUR

um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með sett sérstök ákvæði um útbúnað skipa, sem eru í siglingum um yfirlýst ófriðar- eða hættusvæði o. fl.

I. KAFLI
Farþega- og vöruflutningaskip og togarar.

1. gr.

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli landa um yfirlýst ófriðar- og hættusvæði, skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og enn fremur skulu farþegaskip fullnægja alþjóðasamþykktinni frá 29. maí 1929.

Enn fremur skal skipið fullnægja eftirgreindum fyrirmælum vegna ófriðarhættunnar.

1. Loftskeytastöðvar eða talstöðvar skulu hafðar á tveim stöðum í skipinu. Loftskeytastöðinni skulu fylgja að minnsta kosti tveir góðir móttakarar, svo að samtímis sé hægt að hlusta á 600 og 182 metrum.
2. Varðtunnu skal komið fyrir á framsiglu eða varðskýli á stýrishúsþaki.
3. Skip, sem hafa loftskeytamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum.
4. Flóka-björgunarvesti skulu vera handa allri skipshöfninni, og enn fremur gúmmíbúningur með ljósbúnaði handa skipshöfn og farþegum.
5. Engu má koma fyrir á bátaþilfari, er hindrað geti greiðan aðgang að bjargbátunum.
6. Stýrishús og loftskeytaklefi skulu varin gegn skotum eða sprengjubrotum eins og bezt verður, með tilliti til stærðar skipsins, tölu varðmanna, stöðugleika (stabilitet) skipsins, og annarra atriða, er máli skipta.

   Sé ekki unnt að koma fyrir skotvörn á stýrishúsið og loftskeytaklefa, skal skotbyrgi komið fyrir í eða við stýrishúsið, og annarri talstöðinni, ef tvær eru, skal þá komið fyrir á góðum stað undir þilfari.
7. Koma skal fyrir neyðarlýsingu hjá bjargbátunum, og ef unnt er hjá bjargflekunum líka. Aflgjafa neyðarljósanna skal komið fyrir eins ofarlega og verða má í skipinu.
8. Farþegaskip skal hafa minnst 1 kaðalnet á hvorri hlið, 10 feta breitt, til þess að létta skipshöfn og farþegum að komast í bátana.

2. gr.

Fyrirskipaður búnaður bjargbáta.

Bátsfesti. Árar í öll ræði og 3 varaárar, ræði fyrir hverja ár, sem róið er með, og vararæði fyrir hver tvö ræði. Stýri með sveif eða taumum, 2 bátshakar, 2 neglur, bundnar við hvert neglugat, 1 austurtrog, 1 skjóla, 2 axir, ljósker, fullt af eldsneyti og tiltækt.

Sigla með seglum og reiða, kompás, bjargstrengur meðfram hliðum bátsins, rekakkeri með 30 faðma kaðli.

Bárufleygur með 4½ lítra af olíu eða lýsi, þannig gerður, að festa megi hann við rekakkerið.

Lofthelt hylki með 1,5 kg af brauði á hvern mann, ½ og ¼ dósir af kjöti 1 kg á mann, 400 g mjólkurtöflur, 400 g súkkulaðitöflur og 400 g Pemican, og boxaopnara,

vatnskvartil með 1 lítra af vatni á hvern mann og drykkjarílát, 12 sjálfvirk „rauðblys“ og stormeldspýtur, hvort tveggja í vatnsheldu hylki, 5 bjargbelti. Hæfilega stór skápur til að geyma í smámuni. 215 10. nóv.

Sérhver bjargbátur skal, auk hins fyrirskipaða útbúnaðar, hafa:

1. Kork- eða kapokpúða meðfram báðum hliðum bátsins, og skulu þeir ná stafna á milli. Þeir skulu vera 15—20 cm í þvermál um miðjuna og mjókka til endanna, og skulu vera vel festir við bátinn.
2. Skjólsegl úr léttum og lituðum segldúk. Það skal falla vel við stefni og borðstokk bátsins og ná yfir ½—⅔ hluta af lengd hans. Enn fremur skal fyrir aftan skjólseglið, með borðstokk bátsins vera strengdur segldúkur 30—40 cm á hæð og falla vel að borðstokknum.

   Segl bátsins skulu börkuð eða máluð rauð.
3. 6 eldflaugar, 6 bláljós, 10 eldspýtustokkar af stormeldspýtum, allt í vatnsheldum umbúðum. Í stað eldflauganna má hafa skammbyssu með 6—12 merkjaskotum. Enn fremur 6 olíufatnaðir, 6 peysur, sáraumbúðir og tvö vasaljós, allt í vatnsheldum kassa. Þá skal einnig vera segldúkur 2 × 2 metrar til að safna í regnvatni.
4. Farþega- og vöruflutningaskip skulu hafa suðuáhald af viðurkenndri gerð.
5. Einn af bjargbátum skipsins skal vera vélbátur, búinn öllum fleytigögnum og búnaði, sem aðrir bjargbátar skipsins, og auk þess fleytigögnum, sem svara til þunga vélarinnar og annarra áhalda, sem vélbátur þarf að hafa. Enginn vélbátur má vera minni en 3.5 $m.^3$

   Í vélbátum skal vera hæfilega langur og gildur dráttarkaðall, og festartæki í bátnum til að festa hann við. Í hverjum vélbát skal vera eldneytisforði í 48 klst. með fullhraða.

   Sé í vélbátnum benzínvél, skal henni fylgja varakveikja, geymd í vatnsheldu íláti, eða svo um vélina búið, að sjór geti alls ekki að henni komizt, enda þótt sjór komi í bátinn, svo að hálf fyllist.
6. Einn af bjargbátum skipsins skal vera með loftskeytatækjum, er dragi að minnsta kosti 100 sjómílur. Undanskyldir þessu ákvæði eru skip, sem ekki hafa mann sem kann að morsa.
7. Á botni bjargbátanna að utan verðu, skal vera handlisti til beggja hliða á húfnum.
8. Í hverjum bjargbát skal vera útbúnaður til að þétta bátinn, til dæmis trétappar af mismunandi stærð, blýþynna og eirsaumur, blýhvíta, málning eða kítti, smá fjalir úr lævirkjatré eða önnur trétegund, sem ekki rifnar, skrúfur og segldúkur.
9. Ef þess er kostur, skulu bátarnir búnir fallkrókum (Sliphager).
10. Í öllum skipum, sem fara á milli landa, skal hafa aukabyrgðir af drykkjarvatni. Aukavatnsbyrgðum þessum skal þannig komið fyrir, að þær fljóti upp þótt skipið sökkvi, og komið fyrir hjá bátunum eða flekum.

3. gr.

Bjargflekar eða bjargbátar með hleypisúð.

Auk bjargbáta þeirra, sem skipið á að hafa, skal það einnig hafa bjargfleka eða bjargbáta með hleypisúð, nægilega stóra til að geta tekið alla á skipinu.

Bjargbátar þessir eða bjargflekar skulu um gerð, útbúnað og fólkstölu fullnægja alþjóðaákvæðum, en þurfa þó ekki að hafa varaárar eða varahluta.

Tala þeirra, sem flekinn tekur, skal ákveðinn samkvæmt alþjóðareglum og mörkuð á hann ásamt nafni skipsins, en útbúnaður flekans skal vera þessi:

1. Sem fleytigagn skal ekki eingöngu nota loftkassa eða tunnur, heldur sé einnig haft í fleytigögnum, sem hér eftir verða búin til, hæfilega mikið af korki eða kapok.

215 10. nóv.

2. Á sérhverjum fleka skal vera vatnskvartil fullt af góðu drykkjarvatni, 2 lítrar á mann í skipum í Evrópusiglingum, en 3 lítrar á mann í Ameríkusiglingum, brauðkassi með hörðu brauði, 1 kg á mann, 3 dósir af mjólk og 1 kg haframjöl á mann, 1 kg af niðursoðnu kjöti í ½ eða ¼ kg dósum, er nemi 1 kg á mann, og 400 g á mann af súkkulaðitöflum, mjólkurtöflum og Pemican. Vatnsmál og emaillemál með merkjum, til takmörkunar á drykkjarvatni, og boxaopnari.

Segldúkshlíf rauðmáluð, sem nota megi sem tjald eða hlífðarsegl og til þess að safna vatni. Enn fremur vatnsheldur dúkur með sárabindum, 2 góðir vasalampar, merkjaskammbyssa (Signalpistol) með 6 skotum, eða 6 flugeldar, 6 eldspýtustokkar af stormeldspýtum, flugeldastengur, 6 olíufatnaðir, 6 peysur eða heitar flíkur í olíupoka og fáni.

3. Á flekanum skal vera skjólsegl, vel fest við hann, 40 cm á hæð, 2 árar, 3 áragafflar, krókstjaki og öxi, 60 faðma færi, sakka og 2 önglar.

4. Kassarnir á flekunum skulu þannig gerðir, að þeir koma að fullum notum, hvor hlið flekans sem upp snýr.

Skipaskoðunarstjóri ákveður, í samráði við skipstjóra, stað fyrir björgunarfleka á skipum og hvernig þeim skuli komið fyrir á því.

Flekarnir skulu vera á rennibraut þar sem því verður við komið.

Við bjargflekann skal festa sjálfkveikjandi blys, er kvikni á um leið og bjargflekinn kemur í sjó.

4. gr.

Bjargtækjum þeim, sem nefnd eru í 3. gr. og sem ekki eru á rennibraut, þarf ekki að koma fyrir undir bátsuglum, en þá skulu þau höfð á þeim stað á skipinu og þannig komið fyrir, að þau fljóti upp ef skipið sekkur.

II. KAFLI

Fiskiskip, önnur en togarar.

5. gr.

Útbúnaður fiskiskipa, annarra en togara, sem eru í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skal vera sá, er greinir í þessum kafla.

Sérhvert fiskiskip, sem er í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skal fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim, en auk þess skal skipið fullnægja fyrirmælum þeim er hér greinir:

1. Skotbyrgi skal komið fyrir í eða við stýrishúsið, eða það sjálft varið skotum og sprengjubrotum, eins og bezt má verða, þegar tillit er tekið til stærðar skipsins, fyrirkomulags á því, haffæri o. fl.
2. Varðskýli skal vera á stýrishúsþaki, með greiðum aðgangi.
3. Í skipinu skal vera góð talstöð, og skal hún reynd í hvert sinn áður en skipið fer í utanlandsferð, af umboðsmanni landssímans.
4. Skip, sem hafa loftskeytamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum.
5. Skipið skal hafa bjargbát eða bjargbáta samkvæmt áðurnefndri tilskipun og reglugerðum, og auk þess fullnægja ákvæðum 1., 2., 3., 6., 7., 8. og 10. liðs 2. gr. hér að framan.
6. Skipið skal hafa bjargfleka fyrir alla á skipinu og skal allur útbúnaður hans vera eins og sjá má á 3. gr. hér að framan.

III. KAFLI
Strandferðaskip og varðskip.

6. gr.

Farþegaskip og vöruflutningaskip í strandsiglingu og varðskip ríkisins skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og auk þess fullnægja eftirgreindum fyrirmælum:

1. Öll farþega- og vöruflutningaskip í strandsiglingu, og varðskip ríkisins, séu þau 400 rúmlestir eða stærri, skulu fullnægja 1., 2. og 3. gr. hér að framan, en með þessum undantekningum:
   a. Fyrir skipshöfn og farþega þessara skipa er ekki krafizt gúmmíbúninga, en þau skulu hafa rautt ljós við bjargvesti skipshafnarinnar.
   b. Vistir í bjargbátum og bjargflekum skulu vera samkvæmt tilskipun nr. 43 20. nóvember 1922.
   c. Suðuáhalds í bjargbátum, og segldúks til að safna regni, er ekki krafizt.
   d. Eldsneytisforði vélbátsins skal vera í 24 klst. með fullhraða
   e. Bjargfleka samkv. 3. gr. er krafizt fyrir alla skipshöfnina og farþega, að svo miklu leyti, sem það vegna framkominna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt, með tilliti til stærðar skipsins og farþegatölu þeirrar, sem skipið má alls flytja. Skipaskoðunarstjóri ákveður tölu bjargfleka og mannfjölda þann, sem þeim er ætlað að bera.

7. gr.

Farþega- og vöruflutningaskip í strandsiglingu og varðskip ríkisins minni en 400 rúmlestir, skulu fullnægja ákvæðum áðurgreindra laga, tilskipun og reglugerða og auk þess eftirgreindum fyrirmælum:

1. Skipið skal hafa kapok-björgunarvesti með rauðu ljósi við fyrir skipshöfnina.
2. Skipið skal hafa annað hvort varðskýli ofan á stýrishúsi eða varðtunnu á framsiglu.
3. Skip, sem hafa loftskeytamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum.
4. Utan á öllum bjargbátum og bátum í skipum yfir 100 rúmlestir, skulu vera korkpúðar eða kapokpúðar, eins og segir í 1. lið 2. gr.
5. Á botni bjargbátanna og annarra báta í skipum yfir 100 rúmlestir, skulu vera handlistar.
6. Í öllum bátum sé útbúnaður til að þétta leka, sjá 8. lið 2. gr.
7. Skipið skal hafa bjargfleka með öllum útbúnaði, eins og tekið er fram í e-lið 6. gr., svo að þeir ásamt bátum skipsins geti rúmað alla á skipinu, miðað við hina mestu farþegatölu, sem skipið má flytja. Skip, sem ekki eru farþegaskip, skulu hafa bjargfleka, sem rúmað geti alla skipverja.
8. Skipum, sem vegna smæðar sinnar geta ekki að áliti skipaskoðunarmanns haft bjargfleka samkvæmt 3. gr., er í stað hans heimilt að hafa kork- eða málmfleka, enda sé áður fengið samþykki skipaskoðunarstjóra til þess. Útbúnaður þessara fleka skal á þessum skipum vera sem hér segir: Tvær litlar árar, lítið vatnskvartil, korkdufl með veifu, og sé stöngin 2 m á lengd, bátsfesti og tvö góð vasaljós í vatnsheldum umbúðum.
9. Skipum, sem eru í innfjarðarsiglingu eða förum milli hafna innan landhelgi, getur skipaskoðunarstjóri, þegar ástæða þykir til, og það vegna framkominna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt að gera vægari kröfur en gerðar eru í þessari grein, að einu eða öllu leyti veitt tilslakanir frá þeim.

215 10. nóv.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um skip þau, sem um ræðir í I., II. og III. kafla.

8. gr.

Hægt skal vera að stöðva aðalvélina, bæði frá vélarúmi og efsta þilfari, með því að loka fyrir gufuna eða eldsneytið til mótorsins.

9. gr.

Auk hins venjulega eftirlits, sem skipstjóra er skylt að hafa með bjargtækjum skipsins, skal hann, áður en hann fer inn á svæði, þar sem ófriðarhætta er, láta eftirlíta öll bjargtæki skipsins, vatnsheldar hurðir og hlera, spjaldloka o. fl., og sjá um að allt sé í lagi. Skipaeftirlit ríkisins skal hafa stöðugt eftirlit með því, að fyrirmælum þessara reglna sé fram fylgt til hins ýtrasta og má ekkert skip láta úr höfn til útlanda, nema vottorð skipaskoðunar ríkisins sé fyrir hendi um að öll björgunartæki séu í lagi.

Skipstjóra ber, eftir því sem frekast verður við komið, að æfa skipshöfnina í að nota bátana og bjargtækin. Allir gallar, sem koma í ljós við æfingar, skulu lagfærðir og árangurinn skráður í eftirlitsbókina.

10. gr.

Þegar venjuleg skoðun á skipi fer fram, hvort heldur er aðal- eða aukaskoðun, skulu skoðunarmenn gæta þess, að ákvæðum þessara reglna sé fullnægt.

11. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur veitt tilslakanir frá ákvæðum þessara reglna, þegar ástæða þykir til, og það vegna framkominna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt.

Skipaskoðunarstjóra er heimilt að veita frest til fullnægingar á ákvæðum þessara reglna, þegar hann telur gildar ástæður fyrir hendi.

12. gr.

Þegar skip fer um ófriðarsvæði, eða þar sem tundurduflahætta er, skulu sérstakar ráðstafanir gerðar til öryggis skipshöfn og farþegum.

Af slíkum öryggisráðstöfunum má nefna:

1. Lokað sé öllum vatnsheldum hurðum og ljórum.
2. Bátahlífarnar skulu teknar af og bátarnir skulu, hvenær sem er, hafðir tilbúnir til að síga í sjó.
3. Allir bátar og flekar, sem eru undir bátsuglum, skulu hafðir eins tiltækir og frekast er unnt.
4. Bjargbelti fyrir alla á skipinu skulu, hvenær sem er, vera tiltæk.

13. gr.

Skipseiganda, útgerðarmanni eða skipstjóra skips, sem er í innanlandssiglingum og er stærra en 200 rúmlestir, eða skips, sem fer til annarra landa, skal skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að útbúa skipið með tveimur P A C rakettubyssum og rakettum. Sé þess enginn kostur, skal umráðamaður skipsins eða skipstjóri þess þegar í stað tilkynna það skriflega skipaskoðun ríkisins, er þá getur undanþegið skipið frá þessu ákvæði, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

V. KAFLI
Um hleðslumerki.

14. gr.

Öll farþega- og vöruflutningaskip, sem ekki eru skyldug til að hafa hleðslumerkjaskírteini samkvæmt alþjóðalögum, svo og fiskiskip, er sigla milli landa, skulu hafa hleðslumerki og hleðslumerkjaskírteini samkvæmt hleðslumerkjareglugerð 12. marz 1943.

VI. KAFLI
Um flutning á benzíni og öðrum eldfimum efnum.

15. gr.

1. Farþegaskipum í utan- og innanlandssiglingum skal óheimilt að flytja benzín eða önnur eldfim efni, sem geta valdið sprengingu.
2. Öðrum skipum skal leyft að flytja benzín eða önnur eldfim efni á þilfari, enda sé svo um farminn búið, að sem minnst hætta stafi af.

   Þegar sérstaklega stendur á er þessum skipum leyft að flytja allt að 10 farþegum jafnframt benzínflutningnum, enda fullnægi skipið öllum öðrum ákvæðum um flutning á farþegum með skipum, sem ekki eru farþegaskip.
3. Undir þilfari má ekki flytja benzín eða efni, sem eldfimar lofttegundir geta myndazt af og geta valdið sprengingu, nema í sérstökum þar til gerðum rúmum eða geymum.

   Skipaskoðunarstjóri setur ákvæði um það, hvernig þessi sérstöku rúm skulu gerð og loftræst í öðrum skipum en þeim, sem beinlínis eru smíðuð í þeim tilgangi að flytja eldfim efni og hlotið hafa viðurkenningu skipaflokkunarfélaga eða stjórnarvalda til þess.
4. Reykingar og umferð með ljós, sem íkveikjuhætta getur stafað af, er algerlega bönnuð á þilfari eða þeim stöðum, sem benzín eða eldfim efni eru á.
5. Skip, sem samkvæmt 2. lið þessa kafla er leyft að flytja nokkra farþega, skulu fullnægja þessum ákvæðum:
   a. Greinileg auglýsing um eldhættu skal fest upp á þeim stað eða stöðum, þar sem eldfim efni eru geymd.
   b. Eldfim efni, sem flutt eru á þilfari, skulu varin með segldúk, sem í er borin óeldfimur áburður.
   c. Þar, sem eldfim efni eru geymd, skulu ávallt vera tiltæk tæki til að slökkva með eld.
   d. Greiður aðgangur skal vera um þilfar, þar sem eldfim efni eru geymd, að íbúðum skipverja.

VII. KAFLI
Um útbúnað á síldveiðiskipum.

16. gr.

Skip, sem stunda síldveiðar með herpinót, skulu hafa eftirgreindan útbúnað:

Farmrúmið skal hólfað með skiljum milli traustra stoða, vel festum ofan og neðan. Á milli stoðanna skal vera sem næst einn metri á lengdina og ekki yfir 2 m á breiddina. Skiljuborð skulu vera úr 3—5 cm þykkum borðum, eftir stærð skipsins og bilsins milli stoðanna, borðin skulu falla vel í djúpar raufir í stoðunum. Skiljur farmrúmsins framan og aftan skulu vera fulltraustar.

Lestarop. Á öllum nýjum skipum skulu lestarkarmar smíðaðir samkv. 32. gr.

215 reglugerðar um smíði tréskipa. Sé lestarkörmum á öðrum skipum breytt, skal það
10. nóv. gert samkvæmt ákvæðum áður nefndrar greinar.

Gæta skal þess, að lestarhlerar séu hæfilega þykkir (sem næst þilfarsþykktinni) og falli vel, og ávallt skal rígbyrgja lestarop, áður en farmur er látinn á þilfarið.

Ruðningsop. Op, með hlerum fyrir á hjörum, skulu vera tvö á hvorri hlið og þannig frá þeim gengið, að fljótlega verði hægt að opna þau, svo að farmur á þilfari geti runnið út. Opin skulu vera á þeim stöðum, að sem fljótast sé að létta skipið. Enn fremur skulu vera venjuleg austurop, framan við fremstu og aftan við öftustu síldarsíu. Enn fremur skal vera frárás frá þeim rúmum á þilfari, sem síld er látin í.

Bjarglínur og handrið. Á öllum skipum, sem eru með farm á þilfari, sem aftrar greiðri umferð um skipið, svo og á öllum mótorbátum þegar þeir eru á ferð, hvort heldur þeir hafa farm á þilfari eða ekki, skulu vera bjarglínur, strengdar meðfram hliðum skipsins fyrir ofan öldustokk. Bjarglínur þessar skulu ná frá reiða á framsiglu og eins langt aftur og þilfarsfarmurinn er, en á mótorbátum hæfilega langt aftur fyrir reiða á aftursiglu, þar sem siglur eru tvær, ella aftur að skúta.

Handrið skulu vera á stýrishúsi og vélarúmi, þar sem því verður við komið.

Tveir bátar eða fleiri um nót. Þar, sem fleiri bátar en einn eru saman um nót, skulu þeir hver um sig hafa með sér bát þegar þeir fara til lands með afla.

VIII. KAFLI

Um fólksflutninga á skipum, sem ekki eru farþegaskip.

17. gr.

Opnum bátum er óheimilt að flytja fleiri en 3 farþega auk formanns og vélamanns, nema hafa áður fengið leyfi til þess af skipaskoðunarmanni, sýslumanni eða hreppstjóra, enda fullnægi þá báturinn ákvæðum reglugerðar frá 17. september 1937, um skoðun á opnum bátum, enda bótt hann sé styttri en 6 metrar á lengd.

Sé slíkt leyfi veitt, skal liggja fyrir vottorð um skoðun á bátnum, og tekið skal tillit til stærðar hans, styrkleika og annarra atriða, er máli skipta. Leyfið skal aðeins gilda í eitt ár.

18. gr.

Þilfarsskipum í innfjarðarsiglingu er leyft að flytja nokkra farþega, en til þess skal fengið leyfi skipaskoðunarmanns, sem ákveður farþegatöluna, sem miðuð skal við stærð skipsins, útbúnað og farsvið.

Farþegatölunni skal haldið innan þeirra takmarka, sem sett eru með 22. gr. tilskipunar nr. 43 20. nóvember 1922, um stað og flatarmál á þilfari fyrir farþegana.

Bjargbelti skulu vera fyrir alla á skipinu, og skulu þau höfð á þeim stað, er fljótlega verður til þeirra gripið.

Skip, sem fara út fyrir takmörk innfjarðarsiglinga, skulu fullnægja ákvæðum þeim, sem sett eru um skip í strandsiglingu, með þeim takmörkunum sem þau heimila

19. gr.

Þegar svo stendur á, að ekki er unnt að koma fólki á mannfundi nema á skipi, skal leyft að flytja fleiri farþega en um getur í 16. og 17. gr. hér að framan, en fengið skal þá samþykki skipaskoðunarstjóra til þess, eða þess manns, er hann tilnefnir.

Skipaskoðunarstjóri setur öll nánari skilyrði fyrir slíkum farþegaflutningi, eftir stærð skipsins, útbúnaði og leið þeirri, sem fara á um.

20. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 50—5000 kr.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr. 215
Með reglum þessum eru úr gildi numdar: 10. nóv.
Reglur um útbúnað á síldveiðiskipum, nr. 22 6. apríl 1938.
Reglur um flutning á benzíni og öðrum eldfimum efnum frá 30. maí 1941 og 21. október 1942.
Reglur um hleðslu og eldneytisforða skipa, er flytja ísvarinn fisk til Bretlands á ófriðartímum, nr. 10 9. janúar 1941.
Reglur um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum, nr. 13 10. febrúar 1943.
Reglur um fólksflutninga á skipum, sem ekki eru farþegaskip, nr. 46 13. marz 1943.
Auglýsing um breyting á reglum frá 10. febrúar 1943, um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum, frá 15. maí 1943.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT 216
27. nóv.

um breyting á samþykkt nr. 94 6. nóvember 1929, um sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr. orðist svo:
Sýsluvegir eru þessir:

I. flokkur.
1. **Hrútafjarðarvegur:** af þjóðvegi fyrir ofan Reykjastapa að Mýrum.
2. **Heggstaðavegur:** af þjóðvegi við Miðfjarðarárbrú að Söndum.
3. **Vesturárdalsvegur:** af þjóðvegi við Vesturárbrú um Kollafoss yfir Hrútafjarðarháls á þjóðveg hjá Brandagili.
4. **Austursíðuvegur:** af þjóðvegi hjá Saurum fram Austursíðu, um brú á Urriðaá og væntanlega brú á Austurá, að Hnausakoti.
5. **Núpsdalsvegur:** af þjóðvegi hjá Litlutungu fram Núpsdal að Efra-Núpi.
6. **Fitjárvegur:** af þjóðvegi fyrir sunnan Stórhól um Hrísa að Fremri-Fitjum.
7. **Víðidalsvegur:** af þjóðvegi hjá Deildarhól um brú á Fitjá og væntanlega brú á Víðidalsá að Hrappsstöðum.
8. **Vatnsnesvegur:** af þjóðvegi hjá Hvammstanga út Vatnsnes um brú á Hamarsá og væntanlega brú á Tjarnará að Hindisvík.
9. **Ásabæjavegur:** af þjóðvegi í Vesturhópi fyrir vestan Reyðarlæk um Litlu-Borgarkatla að Stóru-Borg.

II. flokkur.
1. **Ásgeirsárvegur:** af þjóðvegi hjá Lækjamóti að Stóru-Ásgeirsá.
2. **Breiðabólstaðarvegur:** af þjóðvegi sunnan Grundarár að Breiðabólstað.
3. **Dalavegur:** af sýsluvegi hjá Tjörn um Tungu fram á móts við Ásbjarnarstaði.
4. **Hlíðardalsvegur:** af sýsluvegi sunnan Hamarsár að Hlíð.

216 27. nóv.

5. **Bessastaðavegur:** af sýsluvegi hjá Söndum að Bessastöðum.
6. **Búrfellsvegur:** af þjóðvegi fyrir ofan Staðarbakka um Skarfhól að Búrfelli.
7. **Austurárdalsvegur:** af sýsluvegi við Hnausakot að Bjargarstöðum.
8. **Óspaksstaðavegur:** af þjóðvegi austan Hrútafjarðarár að Óspaksstöðum.
9. **Síkárvegur:** af þjóðvegi hjá Bálkastöðum fram með Síká að Fossi.

Til nýbygginga og viðhalds sýsluvega í II. flokki veitist allt að hálft framlag úr sýsluvegasjóði móti framlagi frá einstaklingum eða sveitarfélögum. Þó má framlag til II. flokks sýsluvega aldrei nema meiru en 10% af heildartekjum sýsluvegasjóðs.

7. gr. orðist svo:

Sýslunefndin hefur á hendi alla stjórn sýsluvegasjóðsins og yfirumsjón með vegagerðum og viðhaldi vega og ákveður framlag til nýbygginga hinna einstöku sýsluvega. Sýslunefndinni er skylt að hlíta tillögum vegamálastjóra um legu og gerð veganna og val verkstjóra.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 102 19. júlí 1933, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

217 27. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 55 3. júní 1930, um hafnargjöld í Hafnarfirði.

Gjöld samkvæmt reglugerð frá 3. júní 1930, um hafnargjöld í Hafnarfirði, skulu frá 1. desember 1943 hækka um 100%.

Ákvæði þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 30 14. júní 1929, og birtast til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

218 29. nóv.

AUGLÝSING

um bráðabirgðabreytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur 12. desember 1940.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt eftirfarandi ákvæði um bráðabirgðabreytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur 12. desember 1940:

Kaflinn I. Raforka, breytist svo sem hér fer á eftir:

I. Stafliður A. Lýsing, breytist þannig:

1. Töluliður 2. Seinni setning síðustu málsgreinar: „Þó má selja“ o. s. frv., falli niður.

2. Töluliður 3. Síðasta málsgrein töluliðsins, sem byrjar með A 3 D., falli niður. 218
3. Töluliður 4. Í fyrstu málsgrein töluliðsins komi í stað 12 aura verðs utan ljósa- 29. nóv.
tíma 25 aura verð.
4. Töluliður 5. Síðari hluti liðsins „er samsvarar 600 stunda notkunartíma“ o. s. frv., falli niður.

II. Stafliður B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar, breytist svo sem hér fer á eftir:

1. Töluliður 2. 5 aura verð á kwh. fyrir umframnotkun rafmagns breytist í 12 aura verð.
2. Töluliður 3. Fyrsta málsgrein töluliðsins orðist svo: Um einn kwh.-mæli fyrir alla notkun í heimilinu, er greiðist með 8 aurum á kwh., reiknað eins og undir gjaldskrárlið B 2, en öll notkun umfram greiðist með 12 aurum á hverja kwh., og auk þess skal greiða fastagjald kr. 18.00 á ári á hvert íbúðarherbergi heimilisins.

   Önnur málsgr. liðsins orðist svo: Selja má rafmagn til suðu, til veitingahúsa, gistihúsa og annarra slíkra staða, sem ekki verða taldir heimili, á 8 aura hverja kwh, enda sé þá rafmagnið selt um sérmæli fyrir suðuna og engin herbergjahitun notuð. Leiga skal goldin af mælinum, en herbergjagjald ekki reiknað.
3. Töluliður 4. 1. málsgrein breytist þannig, að í stað „9 aura á kwh.“ komi 18 aura á kwh. 2. málsgrein liðsins: „Þar sem veruleg upphitun“ o. s. frv., fellur niður.

III. Stafliður D. Hitun, breytist svo sem hér segir:

1. Töluliður 3. Skilyrði b. síðast í liðnum breytist þannig: Í stað „kl. 10.45 fm. til 12.00 á hádegi (1¼ kl.) og 2 klst. á eftirmiðdaginn á tímabilinu 3—7“, komi: kl. 10 f. m. til kl. 12¼ e. h. (2¼ klst) og 3 klst. síðdegis á tímabilinu 3—8.
2. Töluliður 4. a. orðist þannig: Um tvígjaldsmæla á 12 aura á kwh. frá kl. 8 að morgni til kl. 11 að kvöldi, en 2 aura á kwh. frá kl. 11 að kvöldi til kl. 8 að morgni.
3. Töluliður 4. c. orðist þannig: Um venjulegan mæli á 7 aura á kwh. allan sólarhringinn og má sameina hitanotkunina heimilistaxta B 2 á sama hátt og undir lið b. Eftir þessum lið verði ekki seld raforka öðrum en þeim, sem þegar hafa hana.
4. Aftan við stafliðinn D bætist: Heimilt er rafmagnsstjóra að banna upphitun með raforku, þar sem annars konar hitunartæki eru fyrir og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að því banni verði framfylgt.

IV. Stafliður H. breytist þannig:

Í stað orðanna „frá því sem nú er“ í 1. og 2. línu fyrri málsgreinar komi: frá því sem var, er síðasta gjaldskrárbreyting var samþykkt þ. 7. nóv. 1940.

Í stað orðanna „sem nú er í þriðja flokki“ í næstsíðustu línu síðari málsgreinar komi: sem voru í 3. flokki, þegar síðasta gjaldskrárbreyting var samþykkt þ. 7. nóvember 1940.

Aftan við gjaldskrána komi svohljóðandi málsgrein:

Breytingar þær, er gerðar eru á gjaldskránni frá því sem samþykkt var þ. 7. nóvember 1943, eru bráðabirgðaákvæði, sett vegna skorts á vélaafli og rafmagni. Meðan þessi bráðabirgðaákvæði gilda, er óheimil öll færsla milli gjaldskrárliða, sem stafa kunna af breytingunum sjálfum.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15. 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi og skal verðlag á rafmagni samkvæmt ákvæðum hennar gilda um notkun rafmagns frá aflestri rafmagnsmæla á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur um mánaðamótin nóvember—desember 1943. Stendur það

218 verðlag til fyrsta aflesturs rafmagnsmæla eftir að lokið verður þeirri aukningu Sogs-
29. nóv. virkjunarinnar, sem nú stendur yfir, en þá öðlast aftur gildi þau ákvæði gjaldskrár Rafmagnsveitu Reykjavíkur 12. desember 1940, sem með þessari auglýsingu er breytt eða felld úr gildi um stundarsakir.

Birtist gjaldskrárbreytingin til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1943.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Torfi Þórðarson.

219 # AUGLÝSING
6. des.

bann gegn flutningi jurta o. fl. milli landshluta innanlands.

Það hefur komið í ljós, að garðar í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og héruðunum þaðan sunnanlands að Mýrdalssandi, svo og garðar í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað og Suður-Þingeyjarsýslu, eru víðast sýktir af kálmaðki. Er því, samkvæmt lögum nr. 17 13. maí 1927, bannaður allur flutningur á innlendum jurtum með rótum og garðmold frá hinum sýktu svæðum til annarra landshluta, þar á meðal til Grímseyjar og Vestmannaeyja.

Brot gegn ákvæðum þessum varða 100—5000 króna sektum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. desember 1943.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

220 # AUGLÝSING
8. des.

um breytingar á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurkauptún, nr. 121 7. des. 1935.

1. gr.

32. gr. orðist svo:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg: Kol, salt, sement.
2. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg: Korn- og mjölvörur, garðávextir, sykur, kjöt, saltfiskur, ísaður fiskur, síldarmjöl, fiskimjöl, lýsi, freðsíld, óunnið járn, eldavélar, bárujárn, saumur, timbur, sem reiknast eftir þyngd, legsteinar, eldfastir steinar og leir, gólf- og veggflísar, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, heyvinnsluvélar, plógar, herfi, blý, vír, vírnet, akkeri, kalk, fræ, fóðurbætir, hey, tilbúinn áburður, saltaðar gærur og saltaðar húðir.
3. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg: Olíur, benzín, feiti, smjörlíki, bifreiðar, strigapokar, hessian, tvistur, bindigarn, net, línur, önglar, olíufatnaður

og útgerðarvörur, ótaldar annars staðar, ull, hert skinn, hertur sundmagi, hraðfrystur fiskur. 220 8. des.

4. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hver 10 kg: Málningarvörur og efni til málninga, lakk, kítti, lím, gibs, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, brennisteinn o. þ. h., korkur, korkvörur, brauðvörur alls konar, gólfdúkur, gúmmí, gúmmívörur, pappír, pappírsvörur, bækur, blek, baðlyf, ljósaefni, plöntur, ávextir, niðursuðuvörur, blikkvörur, hjólhestar og varahlutar í þá, tin, zink, seglgarn, ger, gerefni, smíðatól, skóflur, hakar og þess háttar, vörur úr kopar, eir, messing, bronse, emailleraðar vörur, glervörur, leirvörur, leðurvörur, smávélar alls konar, smáiðnaðarvélar, hreinlætisvörur, skó-, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, ölgerðarvörur og efni til ölgerðar, öl, gosdrykkir, ávaxtadrykkir, burstavörur, smájárnvörur, eldhúsáhöld, barnavagnar, bökunarvörur, kaffi, kaffibætir.
5. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 10 kg: Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, lyfjavörur, snyrtivörur, eldspýtur, viðtæki, smá-hljóðfæri, hljómvélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, skófatnaður úr öðru en gúmmí, fatnaður alls konar, klukkur, mælar, símar, áttavitar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, súkkulaði, sælgæti, kakaóduft, te, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn og glysvarningur, ótalinn annars staðar.
6. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hver 10 kg: Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus.
7. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir stykki: Kindaskrokkar, tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
8. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir teningsfet: Trjáviður.
9. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir teningsfet: Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
10. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir tunnu: Saltsíld.
11. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hvert stykki: Stórgripir, sauðkindur, geitur, loðdýr.

Þó skal lægsta gjald af aðfluttum og brottfluttum vörum aldrei vera minna en 20 aurar, en ekki skal taka tvisvar gjald af sömu vöru, enda sé þess getið á farmskrá, sé um vöru að ræða, sem vörugjald hefur áður verið tekið af.

2. gr.

37. gr. orðist svo:

Vélbátar, minni en 12 smálestir brúttó, greiði í hafnar-, bryggju og ljósgjald 10 krónur í hvert sinn, er þeir koma til hafnar eða 25 krónur í eitt skipti fyrir öll á ári.

Vélbátar með þilfari, sem heima eiga á staðnum, greiði frá 75 til 150 krónur árlegt gjald. Opnir vélbátar 50 til 100 krónur. Róðrarbátar 10 krónur.

3. gr.

Öll önnur gjöld samkv. 32. og 37. gr. skulu fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, innheimt með 50 til 100% álagi, eftir ákvörðun hafnarnefndar, fyrir ár í senn. Þó skulu strandferðaskip ríkisins og skip Eimskipafélags Íslands aðeins greiða 50% hækkun.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 19. júní 1933, um hafnargerð á Húsavík, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1944, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

221
8. des.

AUGLÝSING
um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhending benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl 1944:

A. Fólksbifreiðir:		
1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8000	lítrar
2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutningabifreiðir	4000	—
3. Leigubifreiðir, þær sem uppfylla ákveðin skilyrði	2500	—
4. Einkabifreiðir:		
a. Læknabifreiðir	800	—
b. Almenn stærð, 5—6 manna	400	—
c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	250	—
d. Bifhjól	50	—
B. Vörubifreiðir:		
1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	2900	—
2. —— 1½ tonn	1800	—
3. —— ¾—1¼ tonn	1300	—
4. —— smábifreiðir	600	—

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmtunarhefti til annarra nota en bifreiðaaksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Benzínskömmtunarmiðar frá árinu 1943 falla úr gildi 1. janúar 1944.

4. gr.

Benzínskömmtunarmiðar, sem menn kunna að eiga ónotaða frá 1. skömmtunartímabili ársins 1944, skulu gilda áfram á 2. skömmtunartímabili 1944.

5. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannflutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

222
9. des.

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Selá.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Selá. Heimili þess og varnarþing er á Bólstað.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka lax- og silungsveiði á félagssvæðinu og arð af henni, með því:

1. að stunda lax- og silungsklak,
2. að reka lax- og silungsveiði fyrir alla félagsmenn, sameiginlega á einum eða fleiri stöðum ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í þessum vötnum: Selá og þeim vötnum, sem í hana falla. Félagsmenn eru allir eigendur og ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum, en þær eru þessar: Bassastaðir, Bólstaður, Geirmundarstaðir, Gilsstaðir, Grananes og Kolbjarnarstaðir.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax og silung í vötnum þessum nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum, til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Nú tekur félagið upp sameiginlega veiði, og ræður það þá mann til að standa fyrir veiðinni. Hann nefnist veiðistjóri.

Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni, og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

7. gr.

Félagið starfrækir laxa- og silungaklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur.

8. gr.

Stjórnina skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir 2 ár. Síðan helst sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið 3 ár í stjórn.

222 9. gr.
9. des. Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður veiðistjóra og klakstjóra og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þá samninga. Hún hefur eftirlit með því að samþykkt félagsins sé hlýtt, og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum.

10. gr.

Aðalfund heldur félagið í janúarmánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur:

a. ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði;
b. sé meiri hluti stjórnar mættur á fundinum og helmingur félagsmanna.
c. Nú er aðalfundur ekki lögmætur og skal þá boða til hans á ný með minnst þriggja daga fyrirvara, og er þá fundurinn ávallt lögmætur.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

11. gr.

Aukafundi heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

13. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af ⅔ félagsmanna. Gildir hún til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá, að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram.

14. gr.

Eigi má úthluta arði samkv. 13. gr. fyrr en eftir aðalfund, enda sé tekjuafgangur á ársreikningi. Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskrá ákveður.

15. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100—500 kr. og veiði eða andvirði hennar gert upptæk og renni í félagssjóð.

16. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt, nema ⅔ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna, og ¾ félagsmanna eru mættir.

17. gr. 222
Félaginu má slíta ef ⅔ félagsmanna samþykkja það. 9. des.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

SAMÞYKKT 223
13. des.

fyrir Sparisjóð Vestur-Húnavatnssýslu á Hvammstanga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Vestur-Húnavatnssýslu, og skal heimili hans og varnarþing vera á Hvammstanga.

2. gr.

Sparisjóðurinn er eign Vestur-Húnavatnssýslu, og stendur undir umsjón sýslunefndar.

Sýslunefndin hefur fyrir hönd sýslufélagsins ábyrgð á sjóðnum og er það, auk varasjóðs sparisjóðsins, trygging fyrir því að sjóðurinn standi í skilum.

3. gr.

Sýslunefndin kýs 3 menn í stjórn sparisjóðsins, og semur um þóknun til þeirra. Kosið skal til eins árs í senn, og gildir kosningin frá 1. júní til jafnlengdar næsta ár.

Enn fremur ræður sýslunefndin starfsmenn sparisjóðsins, bókara og gjaldkera og semur um laun þeirra.

Heimilt er að meðstjórnendur stjórnarinnar og starfsmenn sjóðsins séu sömu menn.

Deyi stjórnarnefndarmaður, eða verði á löglegan hátt óhæfur til að gegna starfinu, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Þó er sýslumanni heimilt, í samráði við endurskoðendur, að skipa mann til starfsins, fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu.

4. gr.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnarinnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

223
13. des.

6. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins, og ráðning starfsmanna hans.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Heimilt er að meðstjórnendur hafi þessi störf með höndum. Sýslunefnd er heimilt að segja starfsmönnunum upp, eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef nægar sakir virðast til, að fengnu áliti endurskoðenda.

Skal þá tafarlaust kalla saman sýslufund, er í samráði við endurskoðendur, leggur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir því fé, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Formaður skal boða stjórnina á fund, minnst einu sinni í mánuði og oftar ef meðstjórnendur hans, starfsmenn sjóðsins, eða endurskoðendur æskja þess.

Fundargerðirnar skulu færðar í gerðabók stjórnarinnar, og undirskrifaðar af stjórninni.

12. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist í innstæðubók og fær hver innleggsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innleggsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skulu starfsmennirnir vera þar á einu máli.
e. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

13. gr. 223

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við 13. des.
ákvæði gildandi laga. Heimilt er sýslunefnd að gera tillögur um þetta.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hver sárs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

14. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar starfsmenn sjá sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 500.00 til kr. 1000.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 1000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Sýslunefnd er, í samráði við stjórn og endurskoðendur, heimilt að láta sjóðinn reka sparisjóðsávísanaviðskipti, ef hún telur það hagkvæmt fyrir sjóðinn og viðskiptamenn hans.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

16. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

223 13. des.

17. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

18. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

19. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og sýslunefndar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

20. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 4/5 af fasteignamati eignarinnar, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðurinn álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

Stjórn sparisjóðsins ákveður upphæð útlánsvaxta.

22. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, er stjórninni heimilt að ákveða dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

23. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema starfsmennirnir eða meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar. Óvenjulega há lán má þó eigi veita, nema samþykki stjórnarinnar allrar komi til.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið

ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu. 223 13. des.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

24. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin eru geymd, og hver þau séu.

25. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

26. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

27. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok

28. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrá þessari skulu fylgja listar yfir ógreidda vexti af lánum og fyrir fram greidda vexti.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

223 13. des.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

29. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

30. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd, til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

31. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

32. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins og verðbréfacign svo oft, er þeir telja þess þörf.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

33. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

34. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir sýslufund til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér ekki saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

36. gr. 223

Endurskoðendum greiðist þóknun fyrir störf sín, samkvæmt reikningi sam- 13. des.
þykktum af sýslunefnd.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 13. desember 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ 224

15. des.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hnífsdalsverzlunarstað, nr. 34 frá 10. apríl 1935.

1. gr.

Í stað „65 aura“ í 8. gr. komi: 2.00 kr.

2. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Hver bátur, sem gerður er út frá bryggjunni, greiði kr. 40.00 árlega fyrir vatnsnotkun og skal gjald þetta greiðast 1. júlí ár hvert.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT 225

15. des.

um lokunartíma sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir í Seyðisfjarðarkaupstað skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga skulu sölubúðir ekki opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis, og lokaðar ekki síðan en kl. 6 síðdegis.
Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu skal öllum búðum lokað ekki síðar en kl. 4 síðdegis.
Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 að kvöldi.
Á tímabilinu frá 15. maí til 15. sept. skal á laugardögum loka sölubúðum ekki síðar en kl. 3 síðd.

225 15. des.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, frídag verzlunarmanna og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar. Ákvæði þetta nær ekki til lyfjabúða.

Enn fremur eru undanskildar ákvæði þessu þær búðir, sem aðallega verzla með brauð og mjólk, að því er þessar vörur snertir. Þær mega hafa opið frá kl. 9 árdegis til kl. 1 e. h. áðurtalda daga.

4. gr.

Eftir lokunartíma er óheimilt að selja í verzlunum, á strætum og torgum, eða annars staðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og aðrar nauðsynjar handa skipum.

5. gr.

Menn, sem komnir eru í verzlanir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum og renna þær í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld samþykkt nr. 71 19. maí 1939, um lokunartíma sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

226 16. des.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Korta- og bókasafnssjóð Stýrimannaskólans", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. desember 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Korta- og bókasafnssjóð Stýrimannaskólans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Korta- og bókasafnssjóður stýrimannaskólans og er eign Stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Viggo Emil Þorgilsson, nemanda skólans, er lézt af slysförum í júní 1941.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru ársvextir af höfuðstól hans, eins og hann er á hverjum tíma, ásamt fé því, er sjóðnum kann að áskotnast í gjöfum eða áheitum. Allt slíkt fé og hálfar vaxtatekjur leggst við höfuðstólinn. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta á sem tryggilegastan hátt, helzt í skuldabréfum veðdeildar, ríkis eða Reykjavíkurbæjar, og svo í sparisjóði Landsbanka Íslands.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa fundargerðabók, er í séu skráðar fundargerðir hennar og ársreikningar sjóðsins. Reikningsár hans er almanaksárið.

7. gr.

Tilgangur sjóðsins er einkum að stuðla að því, að Stýrimannaskólinn í Reykjavík eignist sem fullkomnast sjókorta- og bókasafn, en einnig er ætlast til þess, að keypt verði, ef ástæður leyfa, nokkur eintök af hinum dýrustu námsbókum, sem notaðar eru við skólann á hverjum tíma, og verði þær lánaðar ókeypis fátækum nemendum skólans, meðan á námi stendur, eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar. Helmingi árlegra vaxta sjóðsins má verja til korta- og bókakaupa.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, og eru tveir sjálfkjörnir: skólastjóri stýrimannaskólans, sem er formaður hennar og hefur undir höndum verðmæti sjóðsins, og formaður prófnefndar skólans. Hinir 3 skulu kosnir af nemendum skólans, til eins árs í senn í byrjun námstímans, og séu tveir úr fiskimannadeild, en einn úr farmannadeild skólans. Kýs hvor deildin fulltrúa í stjórnina án íhlutunar hinnar.

Falli stjórnarmeðlimur úr hópi nemenda frá eða fari úr stjórn af einhverjum ástæðum, skal kjósa mann í hans stað við fyrstu hentugleika.

9. gr.

Í janúarmánuði ár hvert heldur sjóðstjórnin aðalfund, og ákveður hvernig verja skuli þeim helmingi vaxtatekna sjóðsins, sem það ár falla til útborgunar úr sjóðnum. Verði afgangur af því fé, leggst hann við höfuðstólinn. Formaður prófnefndar er ritari stjórnarinnar og ritar gerðabók sjóðsins, en formaður semur ársreikning hans. Allir fundarmenn undirrita fundargerðir. Meiri hluti atkvæða stjórnarmeðlima, sem allir hafa jafnan atkvæðisrétt, ræður úrslitum á stjórnarfundum. Formaður boðar stjórnarfundi þegar hann telur það nauðsynlegt, og ákveður fundartíma, en fundarstaður er stýrimannaskólinn.

Fundur er lögmætur ef þrír stjórnarmeðlimir sitja hann, enda sé formaður einn þeirra.

10. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins nemur kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund — krónum er heimilt að endurskoða skipulagsskrá þessa og breyta tilgangi sjóðsins og víkka starfsvið hans, ef ástæða þykir til, og má úr því nota allar tekjur sjóðsins í þeim tilgangi, sem skipulagsskráin þá ákveður. Fyrsta grein, önnur grein, þriðja grein, tólfta grein og 2. málsgrein fjórðu greinar þessarar skipulagsskrár, eru í gildi eftir sem áður.

226 16. des. Verði breytingar gerðar á skipulagsskránni, samkvæmt því, sem áður segir, skal og gæta eftirfarandi fyrirmæla:

a. Tekjur, sem ekki eru notaðar eitthvert árið, skulu leggjast við höfuðstólinn, nema um einhver kaup sé að ræða, sem krefjast meira fjár en fallið hefur til útborgunar á árinu. Má þá geyma árstekjurnar og verja þeim til kaupanna ásamt tekjum næsta árs á eftir.

b. Þáverandi stjórn sjóðsins skal semja hina nýju skipulagsskrá og samþykkja hana með meiri hluta atkvæða á ársfundi sjóðsins eða öðrum sérstökum fundi, sem til er stofnað í því skyni, en nemendur skólans skulu þá, áður en skipulagsskráin er endursamin, kjósa sameiginlega (fiskimannadeild og farmannadeild) 2 menn til viðbótar í stjórnina, er eigi sæti í henni og atkvæðisrétt, meðan breytingin fer fram. Skal annar þeirra vera úr kennaraliði skólans, en hinn gamall nemandi, sem ekki er að neinu leyti í þjónustu hans.

11. gr.

Skipulagsskrá þessa skal færa inn í fundargerðabók sjóðsins á undan fyrstu fundargerð hans, dagsetta og undirritaða af fyrstu stjórn sjóðsins, en gjafabréf það, er hún byggist á, skal fest inn fremst í bókina.

12. gr.

Skipulagsskrá þessi er sett af stjórn sjóðsins í samræmi við ákvæði gjafabréfs hjónanna Ágústínu Viggósdóttur og Þorgils Ingvarssonar, dagsett 2. marz 1942, og skal leitað staðfestingar ríkisstjórnar Íslands á henni.

13. gr.

Skipulagsskrána skal prenta eða fjölrita, og skal henni útbýtt meðal nýrra nemenda skólans í byrjun hvers skólaárs.

227 16. des. **Staðfesting ríkisstjóra** á skipulagsskrá fyrir „Verðlauna- og styrktarsjóð Páls Halldórssonar skólastjóra“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. desember 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlauna- og styrktarsjóð Páls Halldórssonar skólastjóra.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af frjálsum samskotum nemenda og samkennara Páls Halldórssonar, fyrrverandi stýrimannaskólastjóra, í minningu um 40 ára starf hans við skólann. Stofnfé er kr. 20000.00.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er þessi:

1. að örva nemendur stýrimannaskólans til reglusemi, ástundunar og skyldurækni við námið, með því að veita þeim opinberan viðurkenningarvott skólans;
2. að gera föstum kennurum skólans fært að fara utan með hæfilegu millibili, til þess að geta fylgzt með öllum nýjum og nýtum framförum í kennslugreinum þeirra, svo að öll þróun á því sviði geti sem fyrst borizt hingað og orðið þjóð vorri til nytsemdar;

3. að veita efnilegum nemendum stýrimannaskólans í Reykjavík svo mikinn styrk til framhaldsnáms erlendis, að á þann hátt megi fá úrval vel menntaðra kennara í siglingafræði eða öðrum námsgreinum skólans. 227 16. des.

3. gr.

Skilyrði fyrir verðlaunum eru þau, **að** nemandinn hafi hlotið ágætiseinkunn í lögskipuðu farmannaprófi eða meira fiskimannaprófi eða öðrum jafngildum prófum við stýrimannaskólann í Reykjavík, **að** hann sé reglusamur, **að** hann hafi verið iðinn og ástundunarsamur við námið, tekið óvenju miklum framförum, og öll hegðun og stundvísi verið með ágætum.

Nú hefur nemandi ekki hlotið nema 1. einkunn við burtfararprófið, en fullnægir að öðru leyti verðlaunaskilyrðunum, má þá veita honum verðlaun, fái hann eindregin meðmæli prófdómenda og kennara sinna.

4. gr.

Verðlaun mega vera þessi: Helmingur ársvaxta af stofnfé sjóðsins, þangað til hann er orðinn 25000 kr. Eftir það:

Ársvextir	1000 til 2000 kr.	Verðlaun	500 kr.
—	2000 til 4000 —	—	600 —
—	4000 og þar yfir	—	700 —

5. gr.

Prófdómendur og fastir kennarar skólans ákveða, samkvæmt 3. gr., hverjir hljóta skulu verðlaun, er veita má í peningum, bókum eða öðrum eigulegum munum.

6. gr.

Hverjum verðlaunum skal fylgja prentað verðlaunavottorð, undirritað af úthlutunarnefndinni, er annast útgáfu vandaðra og smekklegra verðlaunaeyðublaða. Í þeim skal tekið fram allt það, sem máli skiptir um þá, er verðlaun hljóta.

7. gr.

Föstum kennurum stýrimannaskólans í Reykjavík má veita utanfararstyrk úr sjóðnum, þegar hann hefur aukizt svo að hann er því hlutverki vaxinn. Má þá veita slíkan styrk fjórða hvert ár, einum kennara í senn. Styrkupphæðina ákveður stjórn sjóðsins, en lágmark hennar skal þó vera 1000 kr.

8. gr.

Þegar sjóður þessi er orðinn það stór, að unnt sé að greiða af ársvöxtum hans verðlaun samkv. 4. gr. og styrk samkv. 7. gr., þá skal jafnan, þegar fyrirsjáanlegt er að skólanum sé þörf á fastakennara og fjárhagur sjóðsins leyfir, veita efnilegum manni, sem lokið hefur námi við stýrimannaskólann í Reykjavík, styrk til framhaldsnáms erlendis, svo að hann geti fengið næga menntun til þess að taka að sér kennslu við skólann. Ef með þarf, má veita sama manni styrkinn tvö ár í röð.

9. gr.

Forstöðumaður stýrimannaskólans auglýsir á sínum tíma styrk þann, er um getur í 8. gr., og veitir umsóknum móttöku. Umsækjendur skulu helzt eigi hafa útskrifazt fyrir meira en 5 árum. Stjórn sjóðs þessa og fastir kennarar skólans ákveða, hver styrkinn skuli hljóta, svo og upphæð hans, er eigi má vera minni en 2000 kr. ársstyrkur. Ef atkvæði verða jöfn með og móti, ræður atkvæði forseta.

227 16. des.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Í henni eru: Forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík, og er hann forseti hennar. Yfirkennari í siglingafræði við stýrimannaskólann, elzti (fasti) tungumálakennari hans, formaður elzta starfandi skipstjórafélags í Reykjavík og einn maður, tilnefndur til fimm ára af kennslumálaráðherra Íslands.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ber að sjá um, að ávaxta fé hans á sem tryggastan og hagkvæmastan hátt, svo sem í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri jafn tryggri stofnun. Stjórnin hefur á hendi reikningshald sjóðsins og færir allt nauðsynlegt bókhald hans.

12. gr.

Sjóðurinn tekur við öllum þeim gjöfum, er stuðla að vexti hans, svo sem áheitum, dánargjöfum, afmælisgjöfum, minningargjöfum o. s. frv.

13. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal ársreikningur hans, ásamt fylgiskjölum og efnahagsreikningi, sendur stjórnarráði Íslands til endurskoðunar, og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

14. gr.

Eiga skal sjóður þessi bók, er nefnist Dröfn. Skal bók þessi vera hin vandaðasta, blaðsíðutölusett og gegnumdregin. Í bókina skal rita eftir þessari flokkun:

1. ávarp um sjóðstofnun þessa, undirrituð af þeim mönnum, er út gáfu ávarpið, og skipulagsskrá þessa, ritaða af höfundi hennar;
2. allar gjafir ásamt eiginhandar nafni hvers gefanda, ef mögulegt er;
3. efnahagsreikning sjóðsins hvert ár og fundargerðir um styrkveitingar og annað, er þykir hlýða, að þar sé skráð;
4. nöfn þeirra, er verðlaun og styrk hljóta, og það, er þykir við eiga að skráð sé um slíkt.

15. gr.

Stjórn sjóðsins skal rita gerðabók og skrá í hana allt það, er hún telur rétt að bókað sé, annað en það, sem fyrir er mælt í 14. gr.

16. gr.

Þegar sjóður þessi er orðinn það stór, að honum er vel fært að veita nægilega styrki samkv. 7. gr. og 8. gr., auk verðlauna, skal það gert, en þess þá gætt, að eigi minna en 1/10 hluti af árstekjum sjóðsins leggist við höfuðstólinn. Því ákvæði má aldrei breyta.

17. gr.

Sýni reynslan, er fram líða stundir, að sjóði þessum sé vel fært að hafa víðtækara starfsvið heldur en það, sem tekið er fram í 2. gr., þá má árlega eða með vissu árabili veita fé úr sjóðnum til styrktar almennri stofnun í þágu sjómannastéttarinnar. Stjórnin skal þá ákveða upphæð styrksins.

18. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjórnar Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, Sólvallagötu 61, 3. marz 1943.

Páll Halldórsson.

SAMÞYKKTIR

228
18. des.

fyrir Sparisjóð Svarfdæla í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Svarfdæla. Skal heimili hans og varnarþing vera í Svarfaðardalshreppi.

2. gr.

Til tryggingar því að sjóðurinn standi í skilum er varasjóður, má hann aldrei vera minni en 10% af sparisjóðsinnstæðum samanlögðum.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12 og ábyrgjast þeir hver fyrir sig allt að 500 krónum. Skal stjórninni skylt að sjá um að ábyrgðarmenn verði ekki færri. Þeir halda með sér fund í janúarmánuði ár hvert, skal það vera aðalfundur. Leggjast þar fram endurskoðaðir reikningar sjóðsins fyrir næstliðið ár til úrskurðar. Þá kjósa ábyrgðarmenn úr sínum flokki tvo menn í stjórn sjóðsins til næstu þriggja ára og skal viðhafa hlutfallskosningu ef óskað er, en sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu kýs einn mann í stjórnina til sama tíma. Stjórnin kýs sér formann og skiptir með sér verkum. Aðalfundur ákveður laun starfsmanna og þóknun endurskoðenda. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Enginn ábyrgðarmanna getur skorazt undan kosningu í stjórn þrjú ár í senn.

4. gr.

Formaður kveður ábyrgðarmenn til funda, stjórnar þeim og sér um að fundargerðir og allar ákvarðanir fundanna séu rétt bókaðar og ályktanir þeirra framkvæmdar. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna er mættur. Formaður hefur aðalumsjón með fé sjóðsins, annast öll útlán í samráði við gjaldkera og geymir öll skjöl og bækur, sem gjaldkeri ekki daglega þarf með.

5. gr.

Gjaldkeri annast allar útborganir sjóðsins í samráði við formann. Geymir hann peninga sjóðsins og eftirrit skuldabréfa.

6. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir, kosnir af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu til eins árs í senn. Þeir hafa eftirlit með störfum stjórnarinnar og endurskoða reikninga sjóðsins, samkvæmt því sem reglugerð um sparisjóði, 15. febr. 1942, mælir fyrir.

7. gr.

Formanni og gjaldkera er skylt að halda þær bækur, sem nauðsynlegar eru samkvæmt reglugerð um sparisjóði, 15. febr. 1942.

8. gr.

Þeim, sem í fyrsta sinni leggur fé í sjóðinn, er fengin viðskiptabók, fyrir innlögum og útborgunum, kvittar gjaldkeri eða formaður í viðskiptabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni. Það er ekki á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi ekki haft löglega heimild frá eiganda hennar til þess að fá útborgað fé það, er hún hljóðar um. Í hvert skipti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr sparisjóðnum, skal það um leið vera ritað í viðskiptabókina. Vexti skal innfæra í

228 18. des. viðskiptabækurnar þegar þær í næsta skipti eftir aðalfund ár hvert eru sýndar í sparisjóðnum. Formaður og gjaldkeri sjóðsins löggilda viðskiptabækurnar með undirskrift sinni. Glatist viðskiptabók, ber eiganda hennar að snúa sér til stjórnar sparisjóðsins. Getur þá stjórn sjóðsins, eftir ósk eiganda og á hans kostnað, innkallað handhafa viðskiptabókarinnar og ógilt hana á þann hátt, sem segir í lögum um sparisjóði frá 27. júní 1941.

9. gr.

Af fé því, sem sparisjóðurinn ávaxtar, verður greitt það, er menn óska eftir, án uppsagnarfrests, sjái stjórnin sér það fært. En heimta má, að upphæðum sem nema 100 kr. eða meira, sé sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig er stjórn sparisjóðsins heimilt að segja lausu fé, sem er á vöxtum í sparisjóðnum, eftir sömu reglu. Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af fé því, sem upp er sagt. Sá, sem tekið hefur allt úr viðskiptabók sinni, eða þegar hún er útskrifuð, skal skila henni í sparisjóðinn.

10. gr.

Sjóðurinn veitir lán gegn fasteignaveði, ábyrgð sveitarfélaga, sjálfskuldarábyrgð, handveði og öðrum jafntryggum ábyrgðum og veðum, og kaupir víxla. Þarf meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar að vera því samþykkur og hafa ákveðið tryggingu lánsins og hámark lánsupphæðar.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður í samráði við lögmætan sparisjóðsfund, hve háa vexti skuli greiða af innlögðu og útlánuðu fé við sjóðinn. Starfsmenn sjóðsins eru skyldir til þess að halda leyndum ástæðum manna við sjóðinn, samkvæmt því sem lög mæla fyrir.

12. gr.

Leggist sparisjóðurinn niður, skal varasjóður hans og aðrar eignir verða eign Svarfaðardalshrepps, en ábyrgðarmenn, sem þá eru við sjóðinn, skulu hafa rétt til þess að ráðstafa því fé nánar, með samþykki stjórnarráðsins.

13. gr.

Í þeim atriðum, sem ekki eru tilgreind í samþykktum þessum, skal farið samkvæmt lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, og reglugerð fyrir sparisjóði frá 15. febr. 1942.

14. gr.

Samþykktum þessum má breyta á aðalfundi ef ⅔ mættra ábyrgðarmanna eru með breytingunni og hún staðfest af stjórnarráðinu.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 18. desember 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

229
18. des.

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 106 frá 31. október 1931.

4. gr. verði þannig:

Markaskrá fyrir sýsluna skal endurprenta á 5—10 ára fresti. Sýslunefndin skipar fyrir um undirbúning og samning á markaskránni og lætur prenta hana.

Sýslunefndin ákveður í hvert sinn, sem markaskrá er prentuð, hvað greiða skuli fyrir hvert eyrnamark og brennimark, sem birt verður í skránni. Hrökkvi það gjald ekki fyrir kostnaðinum, greiðist það, sem til vantar, úr sýslusjóði.

Skylt er hverjum markeiganda að láta prenta mörk sín þegar markaskrá er prentuð.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

230
18. des.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, samanber reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski skal vera 2 kr. af hverjum 100 kg frá og með 1. janúar 1944 og til ársloka það ár. Frá þeim tíma gilda aftur óbreytt ákvæði reglugerðar nr. 73 13. maí 1942, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 30. ágúst 1926, samanber reglugerð nr. 9 4. janúar 1941.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóvember 1913, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

231
28. des.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Búðakauptún, nr. 117 20. desember 1931, samanber reglugerðir nr. 3 19. janúar 1937 og nr. 90 20. júlí 1938.

Öll gjöld samkvæmt 8., 9. og 14. gr. hafnarreglugerðarinnar skulu frá og með 1. janúar 1944 innheimtast með 100% viðauka, þar til annað kynni að verða ákveðið.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

232
30. des.

REGLUR

um breyting á reglum um störf kjötmatsmanna, nr. 82 10. ágúst 1933.

1. gr.

7. gr. reglnanna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem selja á innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal metið, flokkað og merkt, sem hér segir:

a. Dilkakjöt, sem selja á nýtt eða frosið, skal skoðað af lækni, merkt og metið gæðamati af kjötmatsmanni eftir sömu reglum, sem gilda um freðkjöt til útflutnings, sbr. 10. gr. Undanþegið þessum ákvæðum skal þó það kjöt, sem selt er á sumarmarkaði. Enn fremur getur ráðuneytið veitt undanþágu frá þessum ákvæðum að fengnum tillögum hlutaðeigandi yfirkjötmatsmanns og kjötverðlagsnefndar.

Stórhöggvið saltað dilkakjöt skal flokkað og merkt eftir sömu reglum, sem gilda um saltkjöt til útflutnings.

Spaðsaltað dilkakjöt skal flokkað og tunnur merktar á þessa leið:

Tunnur með dilkakjöti, þegar skrokkarnir vega 12 kg og þar yfir, skal merkja:

SPAÐSALTAÐ DILKAKJÖT A

Tunnur með dilkakjöti, þegar skrokkarnir vega undir 12 kg, skal merkja:

SPAÐSALTAÐ DILKAKJÖT B

Heimilt er að meta sérstaklega holdgóða skrokka, sem vega 14 kg og þar yfir og merkja tunnurnar:

SPAÐSALTAÐ DILKAKJÖT ÚRVAL

b. Kjöt af fullorðnu og veturgömlu fé, sem selja á nýtt, frosið eða saltað, skal flokkað, metið gæðamati og merkt, sem hér segir:

Kjöt af algeldum ám og sauðum tveggja og þriggja vetra, skal merkja S.I., ef skrokkarnir eru vel holdfylltir og feitir, en S.II., séu þeir rýrari.

Kjöt af geldum ám, sem eru eldri en þriggja vetra, skal merkja G.I., ef skrokkarnir eru vel feitir.

Kjöt af veturgömlu fé skal merkja V.I. ef skrokkarnir eru holdgóðir og vel feitir, en V.II. séu þeir rýrari.

Kjöt af mylkum ám og rýru geldfé skal merkja Æ.I., ef skrokkarnir eru sæmilega holdgóðir, en Æ.II. séu þeir rýrari, teljist þeir söluhæfir til neyzlu. 232 30. des.

Kjöt af fullorðnum hrútum, teljist það söluhæft, skal merkt H.I. ef skrokkarnir eru holdgóðir, en H.II., séu þeir lakari.

Merkin skal setja á miða, sem bundnir eru við skrokkana, eigi að selja kjötið nýtt eða frosið, en á tunnubotna, ef um saltkjöt er að ræða, og skal þá setja framan við merkin: „Spaðsaltað" eða „Stórhöggvið", eftir því sem við á.

Kjötmatsmenn skulu ekki taka í nefnda flokka annað kjöt af fullorðnu og veturgömlu fé en það, sem er vel útlítandi og sæmilega holdgott, en þó skal sérstaklega vanda til flokkanna S.I. og G.I.

Í matsvottorðum sé tilgreind kjötþyngd í hverri tunnu, þegar um saltkjöt er að ræða.

Kjötmatsmenn varðveiti merkiplöturnar og mega ekki aðrir nota þær.

2. gr.

Reglur þessar ganga í gildi þegar í stað.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt lögum frá 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1932, um kjötmat o. fl., og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ 233 30. des.

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu í allt að 15 C stiga frosti, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins reiknast þannig:

a. Af hverju húsi skal greitt fast gjald, miðað við hitaþörf hússins samkvæmt ákvörðun Hitaveitunnar. Nemur gjald þetta kr. 4.64 á mánuði fyrir hverjar 1000 hitaeiningar, sem talið er að hitaþörfin sé á klst.

b. Auk þess greiðist fyrir vatnsnotkunina samkvæmt vatnsmæli kr. 0.68 — sextíu og átta aurar — fyrir hvern rúmmetra vatns.

4. gr.

Í 4½ mánuð að sumri til ber þó aðeins að greiða helming þeirra gjalda, sem ákveðin eru samkvæmt 3. gr., og miðast það tímabil við álestur á vatnsmæla, sem næst 14. maí og 30. september.

233 30. des.

5. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæla skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotin og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a. Fyrir mæla allt að ¾″ kr. 3.00.
b. Fyrir mæla 1″ og þar yfir kr. 10.00.

6. gr.

Hitaveitugjöld, samkv. 3.—5., gr. verða krafin mánaðarlega þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra, og fækka gjalddögum að sumri til.

7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningu um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

8. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð þess viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 15.00 hverju sinni.

9. gr.

Hitaveitan getur krafizt þess, að lokað verði fyrir rafmagn hjá þeim, sem veldur vanskilum á hitaveitugjöldum, hvort sem vanskilin eru beint við hitaveituna eða óbeint.

Á sama hátt getur Rafmagnsveitan krafizt þess, að lokað verði fyrir heitt vatn hjá þeim, sem skulda afnotagjöld rafmagns.

Fyrirætlanir um lokanir samkv. þessari grein skal tilkynna með 5 daga fyrirvara.

10. gr.

Húseigendum er skylt að tilkynna Hitaveitunni þegar í stað, ef þeir auka tölu hitaðra herbergja í húsum sínum.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

234
31. des.

AUGLÝSING

um breyting á reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar, nr. 222 21. febrúar 1939.

1. gr.

Iðgjöld til iðntryggingarinnar skulu frá 1. janúar 1944 vera fimmföld þau gjöld, sem ákveðin voru í reglum nr. 222 21. febrúar 1939.

2. gr.

Iðgjöld til sjómannatryggingarinnar skulu vera kr. 12.00 fyrir hvern mann á viku frá og með 1. janúar 1944. Auk þess skal krafið sérstakt aukaiðgjald, kr. 65.00, fyrir hvern sjómann á skipum, er sigla milli landa, fyrir hverja ferð.

Iðgjald fyrir bjargsig skulu vera hin sömu og ákveðin voru fyrir árið 1943.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt II. kafla laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni, nr. 206 31. des. 1942.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

235

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1942.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári			kr. 5085930.49
2.	Bætt við innstæður vaxtaeigenda:			
	a. Innlög á árinu	kr.	202965.24	
	b. Vextir lagðir við höfuðstól	—	208937.35	
	c. Verðlaun úr Minningarsjóði Eiríks Briem	—	178.58	
	d. Verðlaun úr „Vaxtabæti" Söfnunarsjóðsins	—	1799.41	
				— 413880.58
3.	Vextir af lánum			— 266011.25
4.	Lántökugjöld, dráttarvextir, viðskiptabækur o. fl.			— 6183.24
5.	Vextir 1942, geymdir til útborgunar			— 31582.60
6.	Höfuðstóll, geymdur til útborgunar			— 1627.02
7.	Vaxtavísir útborgunard. nr. 205			— 13.97
				Kr. 5805229.15

Gjöld:

1.	Vextir vaxtaeigenda fyrir árið 1942:			
	a. Ársvextir 5%	kr.	238126.86	
	b. Dagvextir 4,5%	—	2393.09	
				kr. 240519.95
2.	Kostnaður			— 20124.88
3.	Vextir 1941, er biðu útborgunar			— 31060.59
			Flyt	kr. 291705.42

235

		Flutt kr.	291705.42
4. Höfuðstóll:			
a. er beið útborgunar frá fyrra ári	kr. 1627.02		
b. er féll á árinu til útborgunar	— 105961.35		
		—	107588.37
5. Sjóður í árslok:			
a. Veðskuldabréf	kr. 3390038.54		
b. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	— 867105.93		
c. Veðdeildarbréf	— 556700.00		
d. Skuldabréf Kreppulánasjóðs	— 440040.00		
e. Jarðræktarbréf	— 1000.00		
f. Innanríkislán	— 91000.00		
g. Skuldabréf ríkissjóðs	— 13033.33		
Verðbréf alls	kr. 5359017.80		
h. Vextir óinnheimtir	— 33622.37		
i. Skrifstofugögn	— 4500.00		
j. Vaxtavísir útborgunard. nr. 205	— 13.97		
k. Inneign í bönkum kr. 2093.66			
l. Sjóður hjá féhirði — 6687.56	— 8781.22		
		—	5405935.36
		Kr.	5805229.15

Söfnunarsjóður Íslands.

Reykjavík, 20. febrúar 1943.

Vilhj. Briem. Sig. Ólafsson. Bjarni Ásgeirsson.

Efnahagsyfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1942.

Eignir:

1. Veðskuldabréf og verðbréf	kr.	5359017.80
2. Óinnheimtir vextir	—	33622.37
3. Skrifstofugögn	—	4500.00
4. Vaxtavísir útborgunardeildar nr. 205	—	13.97
5. Innstæður í bönkum	—	2093.66
6. Sjóður hjá féhirði	—	6687.56
	Kr.	5405935.36

Skuldir:

1. Innstæður vaxtaeigenda:			
a. Aðaldeild	kr. 2566595.11		
b. Erfingjarentudeild	— 108762.63		
c. Útborgunardeild	— 2490489.59		
d. Bústofnsdeild	— 10667.82		
		kr.	5176515.15
2. Vextir frá 1942, geymdir til útborgunar		—	31582.60
3. Höfuðstóll, geymdur til útborgunar		—	1627.02
4. Varasjóður		—	196210.59
		Kr.	5405935.36

Söfnunarsjóður Íslands.

Reykjavík, 20. febrúar 1943.

Vilhj. Briem. Sig. Ólafsson. Bjarni Ásgeirsson.

REIKNINGAR LANDSBANKA ÍSLANDS 236
árið 1942.

I. Seðlabankinn.

Efnahagur seðlabankans 31. desember 1942.

Eignir:

1.	Gullmynt	kr.	5736922.65
2.	Gjaldeyrisvarasjóður	—	12000000.00
3.	Inneign hjá erlendum bönkum	—	131359429.00
4.	Víxlar innlendir og ávísanir	—	759500.00
5.	Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis	—	4031814.07
6.	Lán í hlaupareikningi	—	17554392.25
7.	Reikningslán	—	798798.96
8.	Bankabyggingar með húsbúnaði	—	500000.00
9.	Erlend verðbréf	—	134228312.66
10.	Innlend verðbréf	—	1980649.51
11.	Innlendir bankar	—	2890304.47
12.	Ýmsir skuldunautar	—	32661.57
13.	Erlend mynt (seðlar og málmpeningar)	—	151356.17
14.	Ógreiddir vextir	—	253121.88
15.	Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	20431480.01
16.	Peningar í sjóði	—	310107.18
		Kr.	333018850.38

Skuldir:

1.	Seðlar í umferð		kr.	108000000.00
2.	Stofnfé		—	4800000.00
3.	Varasjóður		—	3200000.00
4.	Afskriftareikningur		—	1000689.50
5.	Gengisreikningur		—	2620939.38
6.	Innstæðufé í hlaupareikningi		—	109608537.13
7.	Innstæðufé í reikningslánum		—	2138370.17
8.	Inneign sparisjóðsdeildarinnar		—	63686526.50
9.	Innheimt fé ekki útborgað		—	238123.86
10.	Skuld við erlenda banka		—	8437254.91
11.	Tilkynntir tékkar		—	651831.90
12.	Ýmsir skuldheimtumenn		—	639662.15
13.	Fyrir fram greiddir vextir		—	102757.50
14.	Inneign erlendra viðskiptamanna í erlendum gjaldeyri		—	7159810.00
15.	Ábyrgðir vegna viðskiptamanna		—	20431480.01
16.	Tekjuafgangur óráðstafaður:			
	a. Frá árinu 1941	kr. 328726.82		
	b. Samkv. rekstursreikningi 1942	— 2004140.55		
		kr. 2332867.37		
	Flyt	kr. 2332867.37	kr.	332715983.01

			Flutt kr. 2332867.37	kr. 332715983.01
236	Frá dregst:			
	a. Húseignir bankans lækkaðar í verði	kr. 150000.00		
	b. Vextir af stofnfé	— 180000.00		
	c. Lagt í varasjóð	— 1700000.00		
			— 2030000.00	— 302867.37
				Kr. 333018850.38

LANDSBANKI ÍSLANDS, Reykjavík, 11. janúar 1943.

Framkvæmdarstjórnin:

Magnús Sigurðsson. **Pétur Magnússon.** **Jón G. Maríasson,** settur.

Höskuldur Ólafsson, aðstoðarbókari.

Framanritaðan reikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

Jón Kjartansson. *Guðbrandur Magnússon.*

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda, kvittar Landsbankanefndin fyrir reikninginn.

Reykjavík, 2. febrúar 1943.

Gísli Sveinsson,
1. varaforseti.

Rekstursreikningur seðlabankans árið 1942.

Gjöld:

1.	Útborgaðir vextir		kr. 1106367.14
2.	Kostnaður við rekstur bankans		— 1026347.82
3.	Kostnaður við seðlagerð		— 231297.35
4.	Rekstursbagnaður		— 2004140.55
			Kr. 4368152.86

Tekjur:

1.	Vaxtayfirfærsla frá fyrra ári		kr. 13031.07	
	Innborgaðir vextir og forvextir á árinu	kr. 2411031.00		
	Þar af tilheyrandi næsta ári ..	— 102757.50		
			— 2308273.50	
	Ógreiddir vextir		— 253121.88	
				kr. 2574426.45
2.	Ýmsar tekjur			— 1793726.41
				Kr. 4368152.86

II. Sparisjóðsdeildin. 236

Efnahagur sparisjóðsdeildarinnar ásamt útibúum bankans 31. desember 1942.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Fasteignaveðslán	kr. 2935194.70		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 2516851.70		
	c. Handveðslán	— 89337.50		
	d. Lán gegn ábyrgð ríkissjóðs, sveitar- og bæjarfélaga	— 263702.00		
	e. Búnaðarlánadeildarlán	— 19162.00		
	f. Reikningslán	— 899693.16		
	g. Viðskiptalán	— 539285.99	kr.	7263227.05
2.	Víxlar innlendir og ávísanir		—	54341419.81
3.	Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis		—	977.17
4.	Lán í hlaupareikningi		—	42312.17
5.	Bankavaxtabréf		—	4416611.00
6.	Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf		—	15178700.78
7.	Erlend verðbréf		—	1718865.28
8.	Fasteignir:			
	a. Bankabyggingar með húsbúnaði	kr. 49340.78		
	b. Aðrar fasteignir	— 105860.66	—	155201.44
9.	Inneign hjá erlendum bönkum		—	267325.37
10.	Inneign hjá seðlabankanum		—	63686526.50
11.	Inneign hjá öðrum bönkum		—	673029.29
12.	Erlend mynt (seðlar og málmpeningar)		—	12404.69
13.	Ýmsir skuldunautar		—	439444.96
14.	Ógreiddir vextir		—	266303.22
15.	Peningar í sjóði		—	233830.81
			Kr.	148696179.54

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð (brezka lánið frá 1921)	kr.	1160174.69
2.	Brezkt lán tekið 1924	—	524400.00
3.	Varasjóður	—	2400000.00
4.	Afskriftareikningur	—	1000000.00
5.	Innstæðufé í hlaupareikningi	—	11333501.96
6.	Innstæðufé í reikningslánum	—	393714.14
7.	Innstæðufé í viðskiptalánum	—	105519.51
8.	Innstæðufé í sparisjóði	—	118094138.67
9.	Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum	—	4039569.02
10.	Inneign veðdeildarinnar	—	7947103.86
11.	Skuld við erlenda banka	—	140666.14
12.	Veðskuldir á fasteignum	—	2090.11
13.	Ýmsir skuldheimtumenn o. fl.	—	134043.85
14.	Fyrir fram greiddir vextir	—	758212.74
	Flyt	kr.	148033134.69

236

		Flutt	kr. 148033134.69
15.	Tekjuafgangur óráðstafaður:		
	a. Frá árinu 1941	kr. 678569.20	
	b. Samkv. rekstursreikningi 1942	— 1464604.49	
		kr. 2143173.69	
	Frá drgst:		
	a. Fært á afskriftareikning . kr. 80128.84		
	b. Lagt í varasjóð ..... — 1400000.00		
		— 1480128.84	
			— 663044.85
			Kr. 148696179.54

LANDSBANKI ÍSLANDS, Reykjavík, 11. janúar 1943.

Framkvæmdarstjórnin:

Magnús Sigurðsson. **Pétur Magnússon.** **Jón G. Maríasson,** settur.

Höskuldur Ólafsson, aðstoðarbókari.

Framanritaðan reikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Enn fremur höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir bankans og útibúa hans eru fyrir hendi.

Jón Kjartansson. *Guðbrandur Magnússon.*

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda, kvittar Landsbankanefndin fyrir reikninginn.

Reykjavík, 2. febrúar 1943.

Gísli Sveinsson,
1. varaforseti.

Rekstursreikningur sparisjóðsdeildarinnar ásamt útibúum bankans árið 1942.

Gjöld:

1.	Útborgaðir vextir		kr. 2164354.62
2.	Kostnaður við rekstur		— 754073.79
3.	Rekstursbagnaður		— 1464604.49
			Kr. 4383032.90

Tekjur:

1.	Vaxtayfirfærsla frá fyrra ári	kr. 282903.97	
	Innborgaðir vextir og forvextir á árinu ..... kr. 4034740.57		
	Þar af tilheyrandi næsta ári ... — 758212.74		
		— 3276527.83	
	Ógreiddir vextir	— 266303.22	
			kr. 3825735.02
2.	Greitt upp í áður afskrifaðar skuldir		— 10985.84
3.	Hagnaður á fasteignarekstri		— 5059.75
4.	Ýmsar tekjur		— 541252.29
			Kr. 4383032.90

Efnahagur sparisjóðsdeildarinnar 31. desember 1942. 236

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Fasteignaveðslán	kr. 1233487.70		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 1531630.00		
	c. Handveðslán	— 88737.50		
	d. Lán gegn ábyrgð ríkissjóðs, sveitar- og bæjarfélaga	— 238902.00		
	e. Búnaðarlánadeildarlán	— 19162.00		
	f. Viðskiptalán	— 539285.99	kr	3651205.19
2.	Víxlar innlendir og ávísanir		—	44124244.07
3.	Bankavaxtabréf		—	4287440.50
4.	Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf		—	13272403.62
5.	Erlend verðbréf		—	1718865.28
6.	Fasteignir		—	44860.66
7.	Innlendir bankar		—	574303.16
8.	Ýmsir skuldunautar		—	423873.37
9.	Ógreiddir vextir		—	246446.52
10.	Inneign hjá seðlabankanum		—	63686526.50
11.	Peningar í sjóði		—	96440.25
			Kr.	132126609.12

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð (brezka lánið frá 1921)		kr.	1160174.69
2.	Brezkt lán tekið 1924		—	524400.00
3.	Varasjóður		—	2400000.00
4.	Afskriftareikningur		—	1000000.00
5.	Innstæðufé í hlaupareikningi		—	2783035.89
6.	Innstæðufé í viðskiptalánum		—	105519.51
7.	Innstæðufé í sparisjóði		—	97719967.98
8.	Instæðufé gegn viðtökuskírteinum		—	2803306.45
9.	Inneign veðdeildarinnar		—	7947103.86
10.	Útibúið á Ísafirði		—	3490417.37
11.	Útibúið á Akureyri		—	3880278.60
12.	Útibúið á Eskifirði		—	2356061.79
13.	Útibúið á Selfossi		—	5099244.16
14.	Veðskuldir á fasteignum		—	2090.11
15.	Ýmsir skuldheimtumenn o. fl.		—	120687.04
16.	Fyrir fram greiddir vextir		—	589020.16
17.	Tekjuafgangur óráðstafaður:			
	a. Frá árinu 1941	kr. 227435.79		
	b. Samkv. rekstursreikningi 1942	— 1397994.56		
		kr. 1625430.35		
	Frá dregst:			
	a. Fært á afskriftareikning . kr. 80128.84			
	b. Lagt í varasjóð ..... — 1400000.00			
		— 1480128.84	—	145301.51
			Kr.	132126609.12

236 Rekstursreikningur sparisjóðsdeildarinnar árið 1942.

Gjöld:

1.	Útborgaðir vextir		kr. 1773614.78
2.	Kostnaður við rekstur sparisjóðsdeildarinnar og Austurb.útibús		— 382810.61
3.	Rekstursbagnaður		— 1397994.56
			Kr. 3554419.95

Tekjur:

1.	Vaxtayfirfærsla frá fyrra ári		kr. 149268.14	
	Innborgaðir vextir og forvextir á árinu	kr. 3063393.49		
	Þar af tilheyrandi næsta ári	— 589020.16		
			— 2474373.33	
	Ógreiddir vextir		— 246446.52	
				kr. 2870087.99
2.	Hagnaður á fasteignarekstri			— 4558.94
3.	Ágóði af rekstri útibúsins á Ísafirði			— 59326.26
4.	Ágóði af rekstri útibúsins á Akureyri			— 223901.43
5.	Ýmsar tekjur			— 396545.33
				Kr. 3554419.95

Efnahagur útibúsins á Ísafirði 31. desember 1942.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Fasteignaveðslán		kr. 341935.00	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán		— 65280.00	
	c. Reikningslán		— 198729.76	
				kr. 605944.76
2.	Víxlar innlendir og ávísanir			— 3017788.38
3.	Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf			— 265766.80
4.	Fasteignir			— 31000.00
5.	Húsbúnaður og áhöld			— 16165.78
6.	Inneign hjá erlendum bönkum			— 21480.20
7.	Inneign hjá Landsbanka Íslands			— 3490417.37
8.	Ýmsir skuldunautar			— 11.06
9.	Ógreiddir vextir			— 1290.20
10.	Peningar í sjóði			— 13965.43
				Kr. 7463829.98

Skuldir:

1.	Skuld við erlenda banka	kr. 58045.64
2.	Innstæðufé í hlaupareikningi	— 751913.51
3.	Innstæðufé í reikningslánum	— 114835.29
4.	Innstæðufé í sparisjóði	— 6212501.94
5.	Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum	— 269557.80
6.	Fyrir fram greiddir vextir	— 56975.80
		Kr. 7463829.98

Tekjur og gjöld útibúsins á Ísafirði á árinu 1942. 236

Tekjur:

1.	Flutt frá fyrra ári	kr.	52624.90
2.	Innborgaðir vextir	—	110619.44
3.	Forvextir af víxlum og ávísunum	—	143610.85
4.	Ýmsar tekjur	—	15511.97
5.	Greitt upp í áður afskrifaðar skuldir	—	1800.00
		Kr.	324167.16

Gjöld:

1.	Útborgaðir vextir		kr.	112702.34
2.	Kostnaður við rekstur		—	96452.96
3.	Ágóði af rekstri, færður Landsbankanum til tekna		—	59326.26
4.	Flutt til næsta árs:			
	Fyrir fram greiddir vextir	kr. 56975.80		
	Að frádregnum ógreiddum vöxtum	— 1290.20	—	55685.60
			Kr.	324167.16

Efnahagur útibúsins á Akureyri 31. desember 1942.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Fasteignaveðslán	kr. 581556.00		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 627774.70		
	c. Handveðslán	— 600.00		
	d. Lán gegn ábyrgð sveitar- og bæjarfélaga	— 24800.00		
	e. Reikingslán	— 700771.00	kr.	1935501.70
2.	Víxlar innlendir og ávísanir		—	5515723.51
3.	Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis		—	977.17
4.	Lán í hlaupareikningi		—	12013.07
5.	Bankavaxtabréf		—	118790.50
6.	Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf		—	747841.71
7.	Fasteignir		—	15000.00
8.	Húsbúnaður og áhöld		—	11175.00
9.	Inneign hjá erlendum bönkum		—	235155.66
10.	Inneign hjá Landsbanka Íslands		—	3880278.60
11.	Ýmsir skuldunautar		—	319.60
12.	Ógreiddir vextir		—	11236.47
13.	Erlend mynt (seðlar og málmpeningar)		—	12404.69
14.	Peningar í sjóði		—	30223.31
			Kr.	12526640.99

Skuldir:

1.	Skuld við erlenda banka	kr.	63256.79
2.	Innstæða í hlaupareikningi	—	4325835.86
3.	Innstæðufé í reikningslánum	—	127449.78
4.	Innstæðufé í sparisjóði	—	6843661.91
5.	Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum	—	623307.23
	Flyt	kr.	11983511.57

236

		Flutt	kr. 11983511.57
6.	Ýmsir skuldheimtumenn	—	9856.81
7.	Fyrirfram greiddir vextir	—	82139.20
8.	Tekjuafgangur óráðstafaður	—	451133.41
		Kr.	12526640.99

Tekjur og gjöld útibúsins á Akureyri á árinu 1942.

Tekjur:

1.	Flutt frá fyrra ári	kr.	505704.69
2.	Innborgaðir vextir	—	181265.29
3.	Forvextir af víxlum og ávísunum	—	268320.24
4.	Ýmsar tekjur	—	62984.14
5.	Greitt upp í áður afskrifaðar skuldir	—	2000.00
		Kr.	1020274.36

Gjöld:

1.	Útborgaðir vextir			kr.	136404.32
2.	Kostnaður við rekstur			—	137932.47
3.	Ágóði af rekstri, færður Landsbankanum til tekna			—	223901.43
4.	Flutt til næsta árs:				
	a. Fyrirfram greiddir vextir	kr.	82139.20		
	Að frádregnum ógreiddum vöxtum	—	11236.47		
		kr.	70902.73		
	b. Tekjuafgangur óráðstafaður	—	451133.41	—	522036.14
				Kr.	1020274.36

Efnahagur útibúsins á Eskifirði 31. desember 1942.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:				
	a. Fasteignaveðslán	kr.	469676.00		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	43805.00	kr.	513481.00
2.	Víxlar innlendir og ávísanir			—	1027590.25
3.	Lán í hlaupareikningi			—	30299.10
4.	Bankavaxtabréf			—	10380.00
5.	Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf			—	187337.50
6.	Fasteignir:				
	a. Bankahúsið með húsbúnaði	kr.	15000.00		
	b. Aðrar fasteignir	—	7000.00	—	22000.00
7.	Inneign hjá erlendum bönkum			—	10689.51
8.	Inneign hjá öðrum bönkum			—	98726.13
9.	Inneign hjá Landsbanka Íslands			—	2356061.79
10.	Ýmsir skuldunautar			—	11663.17
11.	Ógreiddir vextir			—	3620.66
12.	Peningar í sjóði			—	70083.50
				Kr.	4341932.61

Skuldir: 236

1.	Skuld við erlenda banka	kr.	19363.71
2.	Innstæðufé í hlaupareikningi	—	2448781.40
3.	Innstæðufé í sparisjóði	—	1741241.57
4.	Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum	—	65725.08
5.	Fyrirfram greiddir vextir	—	8897.62
6.	Tekjuafgangur óráðstafaður	—	57923.23
		Kr.	4341932.61

Tekjur og gjöld útibúsins á Eskifirði á árinu 1942.

Tekjur:

1.	Flutt frá fyrra ári (vaxtayfirfærsla)	kr.	10058.57
2.	Innborgaðir vextir	—	73833.74
3.	Forvextir af víxlum og ávísunum	—	51699.28
4.	Ýmsar tekjur	—	38637.88
5.	Greitt upp í áður afskrifaðar skuldir	—	1095.84
6.	Tekjur af rekstri fasteigna	—	500.81
		Kr.	175826.12

Gjöld:

1.	Útborgaðir vextir			—	34244.70
2.	Kostnaður við rekstur			—	78381.23
3.	Flutt til næsta árs:				
	a. Fyrirfram greiddir vextir	kr.	8897.62		
	Að frádregnum ógreiddum vöxtum	—	3620.66		
		kr.	5276.96		
	b. Tekjuafgangur óráðstafaður	—	57923.23		
				—	63200.19
				Kr.	175826.12

Efnahagur útibúsins á Selfossi 31. desember 1942.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:				
	a. Fasteignaveðslán	kr.	308540.00		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	248362.00		
	c. Reikningslán	—	192.40		
				kr.	557094.40
2.	Víxlar innlendir og ávísanir			—	656073.60
3.	Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf			—	705351.15
4.	Fasteignir			—	8000.00
5.	Húsbúnaður og áhöld			—	7000.00
6.	Inneign hjá Landsbanka Íslands			—	5099244.16
7.	Ýmsir skuldunautar			—	3577.76
8.	Ógreiddir vextir			—	3709.37
9.	Peningar í sjóði			—	23118.32
				Kr.	7063168.76

236

Skuldir:

1. Innstæðufé í hlaupareikningi	kr.	1023935.30
2. Innstæðufé í reikningslánum	—	151429.07
3. Innstæðufé í sparisjóði	—	5576765.27
4. Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum	—	277672.46
5. Ýmsir skuldheimtumenn	—	3500.00
6. Fyrirfram greiddir vextir	—	21179.96
7. Tekjuafgangur óráðstafaður	—	8686.70
	Kr.	7063168.76

Tekjur og gjöld útibúsins á Selfossi á árinu 1942.

Tekjur:

1. Flutt frá fyrra ári	kr.	16381.08
2. Innborgaðir vextir	—	108001.24
3. Forvextir af víxlum og ávísunum	—	33997.00
4. Ýmsar tekjur	—	27572.97
5. Greitt upp í áður afskrifaðar skuldir	—	6090.00
	Kr.	192042.29

Gjöld:

1. Útborgaðir vextir		kr.	107388.48
2. Kostnaður við rekstur		—	58496.52
3. Flutt til næsta árs:			
a. Fyrirfram greiddir vextir	kr. 21179.96		
Að frádregnum ógreiddum vöxtum	— 3709.37		
	kr. 17470.59		
b. Tekjuafgangur óráðstafaður	— 8686.70	—	26157.29
		Kr.	192042.29

Efnahagur Sparisjóðs Árnessýslu 31. desember 1942.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Fasteignaveðslán	kr. 37766.00		
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 43527.00	kr.	81293.00
2. Víxlar innlendir og ávísanir		—	5700.00
3. Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf		—	105650.00
4. Inneign hjá öðrum bönkum		—	153956.10
5. Ógreiddir vextir		—	579.25
		Kr.	347178.35

Skuldir:

1. Innstæðufé í sparisjóði	kr.	325733.57
2. Fyrirfram greiddir vextir	—	1749.50
3. Tekjuafgangur óráðstafaður	—	19695.28
	Kr.	347178.35

Tekjur og gjöld Sparisjóðs Árnessýslu á árinu 1942. 236

Tekjur:

1. Flutt frá fyrra ári		kr. 25151.84
2. Innborgaðir vextir		— 12294.21
3. Greitt upp í áður afskrifaðar skuldir		— 120.00
		Kr. 37566.05

Gjöld:

1. Útborgaðir vextir		kr. 9467.62
2. Kostnaður við rekstur		— 7232.90
3. Flutt til næsta árs:		
a. Fyrirfram greiddir vextir	kr. 1749.50	
Að frádregnum ógreiddum vöxtum	— 579.25	
	kr. 1170.25	
b. Tekjuafgangur óráðstafaður	— 19695.28	
		— 20865.53
		Kr. 37566.05

III. Veðdeildin.

Efnahagur veðdeildarinnar 31. desember 1942.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
1. flokkur	kr. 1401.59	
2. —	— 31203.48	
3. —	— 66057.76	
4. —	— 1756177.40	
5. —	— 1592049.79	
6. —	— 1666746.11	
7. —	— 2305415.77	
8. —	— 2546288.35	
9. —	— 2565692.48	
10. —	— 4680457.95	
11. —	— 4969386.49	
12. —	— 5300514.21	
13. —	— 3434444.07	
		kr. 30915835.45
2. Ógoldnir vextir og varasjóðstekjur:		
a. Ekki fallið í gjalddaga:		
1. flokkur	kr. 32.69	
2. —	— 367.78	
3. —	— 791.40	
4. —	— 21576.85	
5. —	— 21733.29	
6. —	— 22703.20	
7. —	— 31455.79	
8. —	— 34815.26	
Flyt	kr. 133476.26	kr. 30915835.45

236

	Flutt	kr. 133476.26			kr. 30915835.45
9. flokkur		— 35090.22			
10. —		— 64046.75			
11. —		— 68095.63			
12. —		— 72568.96			
13. —		— 32021.12			
			kr. 405298.94		
b. Fallið í gjalddaga:					
1. flokkur		kr. 31.57			
2. —		— 255.75			
3. —		— 545.13			
4. —		— 21473.57			
5. —		— 10038.08			
6. —		— 14138.24			
7. —		— 19680.51			
8. —		— 18261.99			
9. —		— 18749.03			
10. —		— 48704.90			
11. —		— 33731.17			
12. —		— 50761.07			
13. —		— 3745.87			
			— 240116.88	—	645415.82
3. Ýmsir skuldunautar:					
2. flokkur			kr. 2701.84		
6. —			— 10000.00		
7. —			— 365.52		
10. —			— 1053.75		
13. —			— 3342.11		
				—	17463.22
4. Verðbréfareikningur:					
4. flokkur			kr. 67500.00		
5. —			— 4813.19		
7. —			— 2452.37		
8. —			— 2500.00		
9. —			— 2500.00		
				—	79765.56
5. Vextir af verðbréfum:					
4. flokkur			kr. 4050.00		
8. —			— 150.00		
9. —			— 150.00		
				—	4350.00
6. Inneign hjá Landsbanka Íslands:					
